35. Að sauma saman stórt sár og binda um í fyrsta sinn . . . . . — 5.00

4
14. febr.

36. Að setja á meiri háttar fastar umbúðir, eða teygingarumbúðir, í hvert sinn . . . . . kr. 3.00
37. Að binda fyrir meiri háttar æð, eitt um sig, eða gera við útæðarhnút (aneurisma) . . . . . — 8.00
38. Að skera sundur sin . . . . . — 3.00
39. Að sauma saman sin . . . . . — 5.00
40. Taug losuð, eða skorin sundur, eða teygð, eða saumuð saman . . — 6.00
41. Að ná út aðskotahlutum (corpora aliena):
    a) úr opum líkamans, án skurðar . . . . . — 2.00
    b) úr barkakýli eða vælinda án skurðar . . . . . — 4.00
    c) úr holdi, með skurði . . . . . kr. 1.00—5.00
42. Að ná aðskotahlutum eða beinflísum úr skotsári . . . . . kr 3.00
43. Að ná út vökva með ástungu:
    a) úr vatnshaulvi (hydrocoele) . . . . . — 2.00
    b) úr brjóstholi, kviðarholi, blöðru eða eggjastokk . . . . . — 3.00
44. Tekin af lítil, auðveld æxli, eða sullir, sem eru utan á líkamanum — 2.00
45. Að taka af stór og erfið æxli eða sulli, er vaxið hafa utan á líkamanum . . . . . — 8.00
46. Að setja legg í nefgang eyrans (tuba Eustachii) og blása inn lofti eða þrýsta inn vökva . . . . . — 1.00
    Ef oft er gert, þá fult gjald þrjú fyrstu skiftin, en hálft úr því.
47. Að stífla nefið . . . . . — 1.00
48. Að brenna innan nefið eða taka innan úr því með galvanbrennara — 3.00
49. Smáaðgerðir á hljóðhimnu og hljóðholu . . . . . — 2.00
50. Erfið aðgerð á miðeyranu, inn um hlustina . . . . . — 6.00
51. Að bora inn í klettbeinið (proc. mastoideus) eða meitla . . . . — 7.00
52. Að taka burt:
    a) tungukirtil . . . . . — 2.00
    b) beræxli (polyp) úr nefi eða koki . . . . . — 4.00
    c) kirtilauka úr koki . . . . . — 4.00
53. Smáaðgerðir á barkakýlinu, lyf sett inn í það o. þ. h. . . . . — 2.00
54. Stórar aðgerðir innan í barkakýli, æxli tekin úr því . . . . . — 15.00
55. Að laga beinbrot og binda um:
    a) einn eða fleiri fingur eða tær, brotið andlitsbein eða viðbein eða herðarblað, eða rif, eitt eða fleiri; brotið bein í mjaðmagrind, í úlflið, þarmeð talinn úlfliðsendi geislabeinsins (fractura Collesii), eða ristarkrók, í handarbaki eða rist . . . . . — 2.00
    b) upphandleggur, framhandleggur, fótleggur . . . . . — 3.00
    c) lærleggur, lærbeinsháls . . . . . — 6.00
    d) hnjeskel . . . . . — 3.00
    e) hnjeskel saumuð saman . . . . . — 8.00
56. Ef bein er brotið og standa brotin út úr húðinni, hækka gjöldin í 55. lið um . . . . . kr. 1.00—5.00

4 14. febr.

57. Að taka af limi um liðamót, eða millum þeirra:
a) lærleggur, upphandleggur . . . . . kr. 10.00
b) fótleggur, framhandleggur . . . . . — 8.00
c) fótur eða hönd . . . . . — 6.00
d) fingur eða tá eða einstakir kögglar . . . . . — 2.00

58. Að taka nögl af fingri eða tá . . . . . — 2.00
Ef 2 eða fleiri neglur eru teknar í senn, þá er fult gjald fyrir þá fyrstu, en hálft fyrir hverja hinna.

59. Að skilja samvaxna fingur eða tær . . . . . — 4.00

60. Að miðhluta leggi (resectio) . . . . . — 10.00

61. Að miðhluta liði eða efri kjálka, eða neðri . . . . . — 15.00

62. Að miðhluta rif . . . . . — 5.00

63. Höfuðskelin opnuð . . . . . — 10.00

64. Opnuð kjálkaholan . . . . . — 4.00

65. Að þrautrjetta kreptan lim, eða brjóta upp aftur ranggróið bein . — 6.00

66. Að opna lið til útræslu eða til að ná út aðskotahlut . . . . . — 6.00

67. Bein meitlað til mergjar . . . . . — 8.00

68. Bein skorið sundur (osteotomi) . . . . . — 7.00

69. Ef það er í mjöðminni . . . . . — 10.00

70. Aðgerð á njórafæti (pes varoequinus) . . . . . — 8.00

71. Aðgerð á liðhlaupi og fyrstu umbúðir:
a) kjálkaliður . . . . . — 1.00
b) axlarliður . . . . . — 2.00
c) augnakarlar . . . . . — 4.00
d) ölnbogaliður, hnjáliður, öklaliður, eða úlfliður . . . . . — 3.00
e) fingurliður, táliður . . . . . — 1 00

72. Ef liðhlaupið er gamalt, er gjaldið tvöfalt á við það, sem til er tekið í 71. lið.

73. Hinar meiri sköpulagsaðgerðir: gert augnalok, nef, vör eða gómur; gert við margbrotið skarð í vör . . . . . — 10.00

74. Gert við einfalt skarð í vör . . . . . — 6.00

75. Að stýfa af tungunni eða tunguna af . . . . . — 8.00

76. Að opna barkakýlið eða barkann . . . . . — 8.00

77. Að skera stykkí úr barkakýlinu . . . . . — 15.00

78. Að opna kokið eða vælindið . . . . . — 15.00

79. Að skera til graftar í lungnasekknum . . . . . — 8.00

80. Að opna þarfagang, þvaggang eða leggang, ef luktir eru að utan — 3.00

81. Að opna, ef lukt er inni fyrir í þarfagangi, þvaggangi, leggangi eða legopi . . . . . — 7.00

82. Aðgerð á innýflum í kviðarholi, skorin út æxli, sullir skornir úr kviðarholi eða brjóstholi . . . . . — 20,00

83. Að ýta inn hræranlegu kviðsliti eða þarfagangssigi . . . . . — 2.00

84. Að þrýsta kviðsliti úr sjálfheldu . . . . . — 6.00

85.	Aðgerð á sjálfheldu kviðsliti, fullnaðarviðgerð á kviðsliti, gerður þarfagangur, eða lokað skökkum þarfagangi (anus præternat.) .	kr. 15.00	4 14. febr.
86.	Aðgerð á þarfagangsfistli, eða þarfagangssigi, eða gylliniæð . .	— 6.00	
87.	Tekinn út þarfagangurinn	— 15.00	
88.	Tekið þvag af manni	— 2.00	
89.	Tekið þvag af konu	— 1.00	
90.	Ef aðgerðir þær, sem um getur í 88. og 89. lið, eru iðkaðar um langan tíma, þá er fult gjald í fyrsta skifti, en hálft úr því.		
91.	Skorin »phimosis« eða »paraphimosis«	— 3.00	
92.	Löguð »paraphimosis«, án skurðar	— 1.00	
93.	Þvaggangsskurður	— 6.00	
94.	Aðgerð á þvaggangsfistli	— 6.00	
95.	Að taka »penis« af	— 6.00	
96.	Að spegla blöðruna, það eitt	— 5.00	
97.	Að skola blöðruna, það eitt	— 1.00	
98.	Að skera til steins, eða mylja stein (í einni eða fleiri lotum) . .	— 20.00	
99.	Aðgerð á æðahaulvi (varicocoele)	— 5.00	
100.	Að vefja heftiplástri um eista	— 1.00	
101.	Að skera í vatnshaul	— 6.00	
102.	Að taka úr annað eða bæði eistu	— 8.00	
103.	Blóðgjöf (transfusio)	— 8.00	
104.	Skift umbúðum eftir hinar meiri aðgerðir, þar sem þörf er á fullri sóttkveikjuvarúð	— 2.00	
105.	Sama eftir hinar minni aðgerðir	— 1.00	
106.	Ef oft er skift umbúðum eftir sömu aðgerð, þá er fult gjald fyrir 3 fyrstu skiftin, en hálft úr því.		

Augnlæknisverk.

107.	Að rannsaka sjónina	— 2.00	
	Ef vottorð er veitt	— 3.00	
108.	Aðgerð á of þröngri hvarmagátt, eða of víðri, eða samvaxinni .	— 4.00	
109.	Aðgerð á augnaloki, ef vaxið er við augað	— 8.00	
110.	Aðgerð á úthverfðu augnaloki	— 6.00	
111.	Að skera af augnaloksfellingu, ef augahimnan er bólgin	— 2.00	
112.	Aðgerð á innhverfðu eða lafandi augnaloki (ptosis) í einni eða fleiri lotum	— 6.00	
113.	Að kanna táragöngin	— 1.00	
	Ef oft er gert, þá er fult gjald fyrir 3 fyrstu skiftin, en hálft úr því.		
114.	Aðgerðir á tárasekksfistli, eða tekinn úr tárasekkur, eða gert við fistil frá tárakirtli	— 7.00	

4 115. Tekinn úr tárakirtill . . . . . kr. 7.00
14. febr. 116. Tekið vængský (pterygium) af auga . . . . . — 6.00
117. Að taka út aðskotahluti:
a) úr augahimnu (conjunctiva) . . . . . — 1.00
b) úr sjáaldri (cornea) . . . . . — 2.00
c) úr augnatótt . . . . . — 4.00
d) úr miðju auga . . . . . — 8.00
118. Aðgerð á rangeygð . . . . . — 10.00
119. Að galvanbrenna augahimnu eða sjáaldur . . . . . — 3.00
120. Að lita vagl á auga (macula corneæ), í einni eða fleiri lotum. . — 7.00
121. Skorið inn í fremra augnahólf . . . . . — 4.00
122. Skarð skorið í lithimnu (iris), gert ljósop í auga . . . . . — 10.00
123. Aðgerð á stari (cataracta) eða dreri (glaucoma) . . . . . — 15.00
124. Að skera starleifar úr auga, í einni eða fleiri lotum . . . . . — 10.00
125. Að taka auga úr manni . . . . . — 10.00
126. Að velja gervíauga og setja í . . . . . — 1.00
127. Að setja á gerviblóðsugur . . . . . — 2.00

Hjálp í barnsnauð og aðgerðir við kvensjúkdómum.

128. Að rannsaka hvort kona er barnshafandi, hvort hún hefir alið barn, hvort getnaðarfærin eru heilbrigð . . . . . — 2.00
129. Að sitja yfir konu við eðlilegan barnsburð . . . . . — 4.00
130. Þegar tvíburar fæðast, þriðjungi hærra gjald.
131. Ef lengur stendur á fæðingu en 2 tíma, skal greiða fyrir hverja hálfa stund upp frá því 25 aura.
132. Að taka barn:
a) með höndunum . . . . . — 3.00
b) venda barni eða taka það með töngum . . . . . — 4.00
c) vending, útdráttur og töng í einu; eða höfuðstunga með eða án þess að kremja höfuðið á eftir (kranioklasi); eða sundurlimun; eða nárabeinsskurður (symphyseotomi) . . . . . — 8.00
d) þegar fylgjuna ber að, í viðbót . . . . . — 3.00
133. Að hjálpa þegar konu leysist höfn . . . . . — 4.00
134. Að koma á stað fæðingu fyrir tímann, eða fósturláti . . . . . — 6.00
135. Keisaraskurður á lifandi konu . . . . . — 20.00
136. Keisaraskurður á andaðri konu . . . . . — 5.00
137. Að taka fylgju, en hafa ekki hjálpað þegar barnið fæddist . . — 4.00
138. Að stöðva blóðlát eftir barnsburð, en hafa ekki tekið barnið . . — 4.00
139. Aðgerð á nýrri klofrifu . . . . . — 2.00
140. Aðgerð á gamalli klofrifu . . . . . — 8.00
141. Ef rifan nær aftur að þarfaganginum . . . . . — 10.00

142.	Aðgerð á fistli milli þarfagangs og leggangs, milli þvagblöðru og leggangs, þvagstokks og leggangs, eða því um likt	kr. 15.00	4 14. febr.
143.	Að setja lyfstauta (bacilli) inn í legið, eða skola það, eða brenna innan legháls eða legbol	— 2.00	
144.	Að setja inn leghring og laga legið	— 2.00	
145.	Að laga umhverft leg	— 5.00	
146.	Óblóðug víkkun á legopi og leghálsi	— 3.00	
147.	Blóðug víkkun á legopi	— 4.00	
148.	Saumuð saman gömul leghálsrifa	— 7.00	
149.	Að skafa innan legið	— 4.00	
150.	Að stýfa af legi út um legganginn	— 8.00	
151.	Að taka úr legið alt	— 20.00	
152.	Að rannsaka barnfóstru	— 2.00	

Tannlæknisverk.

153.	Að hreinsa allar tennur	— 1.00	
154.	Að draga úr tönn eða rót	— 1.00	
	Ef margar tennur eða rætur eru dregnar úr í sama sinni, þá er fult gjald fyrir fyrstu tönn, en hálft fyrir hverja hinna.		
155.	Að fylla holu í tönn:		
	a) brætt í holuna	— 2.00	
	b) gull í holuna	— 5.00	
	c) tin og gull í holuna	— 3.00	
156.	Að hylja bert hold í tönn, eða taka úr, eða deyða	— 1.00	
	Ef hold er deytt í mörgum tönnum í senn, þá er fult gjald fyrir fyrstu tönn, en hálft úr því.		
157.	Öll sóttkveikjuhreinsun á holri tönn eða tannfari	— 1.00	
158.	Að opna ígerð inni í munni og aðrar einfaldar, blóðgar aðgerðir	— 1.00	
159.	Meiri háttar, blóðgar aðgerðir í munninum	— 3.00	
160.	Sorfnar randir af tönn	— 1.00	
	Ef margar eru sorfnar í senn, fult gjald fyrir hina fyrstu, en hálft úr því.		
161.	Að deyfa tannhold, þá er gert er að tönn	— 1.00	
162.	Að stilla mikla blóðrás eftir tannaðgerð	— 1.00	
163.	Að gera gervitannaflögu úr kássúki	— 5.00	
164.	Viðgerð á tannflögu, hálft gjald.		
165.	Fyrir hverja tönn, sem fest er í flöguna (163)	— 3.00	
	Fyrir hvern jaxl, í viðbót kr. 3.00.		
166.	Krókar eða spengur úr dýrum málmi, til þess að festa eða styrkja flöguna	— 3.00	

4 14. febr.

167.	Tannflaga úr dýrum málmi, auk málmverðs	kr. 7.00
168.	Hver tönn fest á þá flögu (167)	— 5.00
169.	Fyrir stingtönn	— 5.00
170.	Fjaðrir og fjaðrahöld úr gulli á heilan tanngarð	— 7.00

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14 febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

5 14. febr.

Reglugjörð

um

breyting à prófreglugjörð 18. apríl 1907 fyrir gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

Í stað 7. gr. prófreglugjörðar 18. apríl 1907 kemur ný (7.) grein, er orðast þannig:

Við gagnfræðapróf skal gefa þessar einkunnir 8, 6, 4, 2, 0. Við samlagning á þessum einkunnum geta komið fram millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1. Einkunnina 8 skal aðeins gefa þá er frammistaða nemanda er óvenjulega góð, en einkunnina 0 aftur á móti, er frammistaðan er afar aumleg. Fyrtaldar einkunnir: 8, 6, 4, 2, 0, skal og gefa á skólaárinu og reikna árseinkunnina út eftir þeim. Við þann útreikning geta komið fram síðartaldar einkunnir (millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1). Sleppa skal öllum brotum, en halda einungis heilu tölunum, eigi aðeins þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru á skólaárinu, heldur einnig þegar meðaltal er tekið af árseinkunninni og prófseinkunninni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem allir kennarar í námsgreinum þessum hafa gefið á skólaárinu, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna; komi út meira brot en $^1/_2$, sje það hækkað upp í heilan, en $^1/_2$ broti og þaðan af minna sje slept.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Prófreglugjörð

6
14. febr.

fyrir

gagnfræðaskólann á Akureyri.

Samkvæmt 11. gr. í auglýsingu 11. nóvbr. 1905, um reglugjörð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um það, hvernig hagað skuli gagnfræðaprófi við tjeðan skóla.

1. kafli.

Um skólanemendur.

1. gr.

Burtfararpróf gagnfræðaskólans á Akureyri nefnist gagnfræðapróf. Þeir, sem undir það ganga, skulu reyndir í því, sem þeir hafa lesið í gagnfræðadeildinni, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvörðunum þeim, er hjer fara á eftir. Skólameistari ákveður í samráði við kennara og með samþykki stjórnarráðs, að hve miklu leyti sleppa megi ýmsum köflum úr því, sem lesið hefir verið í allri deildinni.

2. gr.

Ekkert gagnfræðapróf skal halda í:
1) teiknun,
2) handavinnu,
3) leikfimi,
4) söng.

En leggja skal fram teikningar þær og handavinnu, sem nemendur hafa leyst af hendi í skólanum síðasta skólaár, og skal gefa einkunn fyrir hvort um sig, Sýna skal og í lok skólaársins leikni í líkamsæfingum og söng þeirra nemenda, er gagnfræðapróf eiga að taka. Hinir skipuðu prófdómendur skulu ásamt kennara dæma um teikningar og handavinnu.

3. gr.

Gagnfræðaprófinu skal haga þannig:

I. Islenska.

a. Munnleg. Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 200 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum; skal það bæði vera bundið mál og óbundið, valið úr fornbókmentunum, og einkum bókmentum síðari alda,

6 ýmislegs efnis. Hver nemandi skal látinn lesa kafla úr óbundnu máli, er hann
14. febr. hefir ekki lesið áður í skólanum; má kaflinn eigi vera þyngri að efni nje máli en það, sem lesið hefir verið í skólanum; hann skal og látinn lesa kafla í ljóðum. Gera skal hann grein fyrir efni þess, sem hann er látinn lesa. Ennfremur skal kennarinn taka til meðferðar hæfilega langan kafla af því, sem til prófs hefir verið ætlað, láta nemandann segja frá efni hans með eigin orðum, og gera nokkra grein fyrir einstökum orðum og setningum. Við einkunnagjöfina skal taka sjerstakt tillit til þess, hvernig lesið er.

b. Skrifleg. Nemendur skulu skrifa endursagnarstíl og ritgerð, annaðhvort frásögulegs efnis, eða lýsingu á einhverju, er þeir þekkja, eða hafa fyrir augunum. Eigi skal verkefnið vera mjög umfangsmikið.

II. Danska.

a. Munnleg. Nemendurnir skulu hafa til prófsins að minsta kosti 100 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum. Skal reyna þá í kafla úr þessu og í stuttum ólesnum kafla auðveldum. Prófið fari fram sumpart með samtali á dönsku um kaflann eða endursögn hans, sumpart með því að þýtt sje á íslensku svo mikið sem þurfa þykir til þess að ganga úr skugga um, að nemandinn skilji kaflann. Í málfræði sje nemandinn aðallega reyndur á þann hátt, að hann sje látinn setja saman óflóknar smásetningar, er sem mest sjeu leiddar út úr kaflanum, sem prófað er í.

b. Skrifleg. Nemendur skulu snúa hæfilegum kafla úr íslensku á dönsku.

III. Enska.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt, og skal haga því á sama hátt og prófinu í dönsku.

IV. Saga.

Prófið er munnlegt, og skal láta nemandann segja frá kafla í samhengi og sömuleiðis svara einstökum spurningum, sem fyrir hann eru lagðar.

V. Landafræði.

Prófið er munnlegt, og á að styðjast við uppdrætti landa, myndir eða önnur áhöld við landafræðiskenslu.

VI. Náttúrusaga.

Prófið er munnlegt, og skal leggja aðaláherslu á það, að nemendur geti glögglega lýst náttúrugripum eða myndum, sem þeim eru sýndar, og kunni að gera grein fyrir líffærum, gerð þeirra og störfum. Spurningar úr heilsu-

fræði þarf ekki að leggja fyrir alla nemendur, og eigi skal velja aðalspurninguna handa nokkrum nemanda úr henni. 6 14. febr.

VII. Eðlisfræði.

Prófið er munnlegt, og skal nota myndir eða önnur kensluáhöld við það eftir föngum. Hverjum nemanda skal fá eitt eða tvö verkefni, eftir því hve yfirgripsmikil þau eru. Sjeu þau tvö, má annað þeirra vera efnafræðislegs efnis, en eigi skal það vera aðalúrlausnarefnið.

VIII. Stærðfræði.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt.

a. Reikningur. Munnlega prófinu skal þannig haga, að það sýni hve vel nemendur skilji reikningsreglurnar og leikni þeirra í að hagnýta sjer þær.

Við skriflega prófið skulu nemendum fengin til úrlausnar að minsta kosti tvö dæmi. Skal velja þau þannig, að þeir geti beint hagnýtt sjer þær reikningsreglur, sem þeir hafa lært.

b. og c. Talnafræði og flatarmálsfræði. Við munnlega prófið skal einkum reyna nemendur í flatarmálsfræði, og ber vld prófdóminn að taka sjerstaklega tillit til þess, hvort nemandinn getur gert nákvæma og skýra grein fyrir því, sem hann hefir lært.

Við skriflega prófið skal fá nemendum tvö verkefni til úrlausnar. Þau skal þannig velja, að hægt sje beint að hagnýta sjer við úrlausnina einhverja þá setningu, eða aðferð, sem þeim hefir verið kend í skólanum. Skal annað dæmið vera uppdráttardæmi (Konstruktion), en hitt reikningsdæmi, eða líking. Við prófdóminn skal hafa hliðsjón af því, hvernig teikningin er af hendi leyst.

4. gr.

Þrír prófdómendur skulu dæma um hina skriflegu og munnlegu frammistöðu í hverri grein. Skal einn þeirra vera kennarinn í þeirri námsgrein, sem prófið er í, en af hinum tveim velur stjórnarráðið annan, en hinn skólameistari.

5. gr.

Allar einkunnir hafa sama gildi. Einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir á ekki að leggja saman við einkunnir fyrir munnlega frammistöðu í sömu námsgrein. Aðeins eina einkunn skal gefa fyrir alla hina munnlegu frammistöðu í heild sinni í hverri námsgrein, og aðra einkunn fyrir skriflega; og það eins þótt lagt sje fyrir nemandann fleiri en eitt verkefni til úrlausnar, eða þótt námsgreinir skiftist í fleiri deildir.

6
14. febr.

6. gr.

Einkunnir eru þrennskonar:

1. Prófseinkunnir eru þær einkunnir, sem gefnar eru fyrir munnlega eða skriflega frammistöðu við gagnfræðapróf í hverri einstakri námsgrein. Sömuleiðis einkunnir þær, sem gefnar eru við gagnfræðaprófið fyrir teikningu og handavinnu.

Við munnlegt próf eiga prófdómendurnir, að afloknu prófi í hverri námsgrein, að bera saman einkunnirnar, sem þeir hafa gefið, og kveða upp að því loknu prófseinkunn hvers nemanda í námsgreininni.

2. Árseinkunnir eru meðaltal þeirra þriggja einkunna, er hver kennari gefur í sinni kenslugrein, eða sínum kenslugreinum, til þess að láta í ljósi álit sitt um ástundun og kunnáttu nemanda í þeim námsgreinum, sem hann kennir. Skulu þær einkunnir ritaðar í bók, sem til þess er ætluð, og meðaltal þeirra reiknað út við lok kensluársins og fært inn í bók þessa.

3. Fullnaðareinkunnir. Fullnaðareinkunn er sú einkunn, sem kemur út, þegar lögð er saman prófseinkunn, sem gefin hefir verið fyrir munnlega frammistöðu í námsgrein, eða fyrir skólavinnu þá, sem lögð hefir verið fram til þess að um hana sje dæmt, og árseinkunn í námsgreininni, og því, sem út kemur, síðan deilt með 2.

Prófseinkunn fyrir skriflega úrlausn í námsgrein er fullnaðareinkunn í henni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum (ritleikni), söng og leikfimi, skal vera fullnaðareinkunn í greinum þessum.

Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf er haldið í, skal fullnaðareinkunn gefin eftir framanrituðum reglum.

Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf fellur burt í samkvæmt ákvæðum þeim, sem um það kunna að verða gerð, skal árseinkunnin vera fullnaðareinkunn.

Skólameistari sjer um samlagning árseinkunna og fullnaðareinkunna, og að allar árseinkunnir, prófseinkunnir og fullnaðareinkunnir sjeu ritaðar í sjerstaka bók.

7. gr.

Við gagnfræðapróf skal gefa þessar einkunnir: 8, 6, 4, 0. Við samlagning á þessum einkunnum geta komið fram millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1. Einkunnina 8 skal aðeins gefa þá er frammistaða nemanda er óvenjulega góð, en einkunnina 0 afturámóti, er frammistaðan er afaraumleg. Fyrtaldar einkunnir: 8, 6, 4, 2 og 0, skal og gefa á skólaárinu og reikna árseinkunnina út eftir þeim. Við þann útreikning geta komið fram síðartaldar einkunnir (millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1). Sleppa skal öllum brotum, en halda einungis heilu tölunum, þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru á skólaárinu, og sömuleiðis þegar meðaltal er tekið af árseinkunninni og prófseinkunninni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem allir kennarar í námsgreinum þessum hafa gefið á skólaárinu, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna; komi út meira brot en $^1/_2$, sje það hækkað upp í heilan, en $^1/_2$ og þaðan af minna broti sje slept. 6 14. febr.

8. gr.

Til þess að standast gagnfræðapróf má meðaleinkunn í íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði, landafræði, náttúrusögu, eðlisfræði, stærðfræði, teiknun og frágangi á skriflegum úrlausnum eigi vera lægri en 3, 5, reiknað eftir framanskráðum reglum. Þó skal nemanda þeim, sem við munnlegt eða skriflegt próf fær prófseinkunnina 0 tvisvar sinnum, vísað frá prófi.

2. kafli.

Um utanskólanemendur.

9. gr.

Foreldrar eða vandamenn utanskólanemenda, sem ætlað er að ganga undir burtfararpróf gagnfræðaskólans, skulu senda skólameistara umsókn um það fyrir 15. dag aprílmánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa burtfararprófum við gagnfræðaskólann eða hinn almenna mentaskóla eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið.

10. gr.

Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið alt það, er lesið er og numið í allri gagnfræðadeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í því öllu, svo og í teiknun og handavinnu. Er kennurum skylt að haga svo prófinu í samráði við prófdómendur, að nægileg vissa fáist um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska. Prófseinkunn utanskólanemenda er fullnaðareinkunn þeirra.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

7
14. febr.

Reglugjörð

um

afnot geðveikrahælisins à Kleppi.

Samkvæmt 4. gr. laga 20. oktbr. 1905 um stofnun geðveikrahælis og eftir tillögum yfirstjórnar hælisins hafa verið samdar og settar eftirgreindar reglur um afnot þess:

1. gr.

Yfirstjórn hælisins hafa á hendi, undir eftirliti stjórnarráðsins, tveir menn, landlæknir og annar maður, er stjórnarráðið skipar til þess. Læknir hælisins er forstöðumaður þess; hann nefnist geðveikralæknir, og hefir á hendi, auk læknisþjónustunnar, framkvæmdarstjórn hælisins, alt eftir því sem nánara er ákveðið í erindisbrjefi hans.

2. gr.

Að undanteknum a) fábjánum, þ. e. mönnum, sem vitskertir hafa verið frá fæðingu og b) mönnum, sem eru svo aðfram komnir af öðrum sjúkdómum, að auðsætt er að þeir eigi ekki langt eftir ólifað, tekur geðveikrahælið til lækningar og hjúkrunar geðveika menn hjerlenda, eftir því sem rúm leyfir, gegn 50 aura meðgjöf á dag með hverjum manni, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

Verði aðsókn svo mikil að hælinu, að eigi sje unt að veita viðtöku öllum, sem þörf er á að taka, skal haga svo til, að öllum hjeruðum landsins sje eftir því sem atvik leyfa gjört jafnt undir höfði. Að öðru jöfnu skulu geðveikir þurfamenn ganga fyrir.

3. gr.

Umsóknir um inntöku á hælið skulu vera skriflegar og undirskrifaðar af viðkomandi sveitarstjórn, ef um þurfamenn er að ræða, annars af nánasta vandamanni eða fjárhaldsmanni geðveiklingsins. Með umsókn hverri skulu fylgja þessi skilríki: a) Vottorð og skýrsla læknis, annars en geðveikralæknisins, um sjúkdóminn; b) trygging, sem yfirstjórn hælisins tekur gilda, fyrir greiðslu á meðgjöfinni með geðveiklingnum, og kostnaði við útför hans, ef til kemur.

4. gr.

Meðgjöfin greiðist fyrirfram fyrir hvert misseri. Ef geðveiklingurinn fer burt úr hælinu áður en misserið er liðið, endurgreiðist meðgjöfin frá burtfarardegi, sem þó eigi telst með.

Geðveiklingar skulu hafa hreinan og nýjan alfatnað, er þeir koma til hælisins, og auk þess tvenn ný nærföt, ferna sokka. Ef eitthvað vantar í fatnað

geðveiklings eða áliti geðveikralæknirinn eitthvað af fatnaðinum miður nýtilegt, þá ber að útvega það sem á vantar á kostnað geðveiklingsins eða aðstandanda hans. 7 14. febr.

Deyi geðveiklingur á hælinu, skal hælið greiða fyrirfram kostnaðinn við útförina, ef aðstandendur hans eru ekki nógu nærri til þess að sjá um hana, en á heimting á endurgreiðslu þess fjár hjá ábyrgðarmönnum geðveiklingsins.

5. gr.

Engan má taka í hælið (sbr. þó 7. gr.), nema hann hafi rannsakaður verið og skýrsla hafi verið um hann gefin af lækni, öðrum en geðveikralækninum, eftir fyrirmyndum, sem yfirstjórn hælisins hefir samið. Læknisrannsókn sú, sem er skilyrði fyrir upptöku sjúklings í hælið, má ekki vera eldri en nemi 8 vikum á undan upptökunni. Í skýrslu læknis skal það tekið beint fram, hver sjúkdómseinkenni hann sjálfur hefir fundið Eyðublöð undir skýrslur þessar fást hjá geðveikralækninum og allar aðrar nauðsynlegar leiðbeiningar um það, hvernig að skuli fara, er menn vilja koma sjúklingi í hælið.

6. gr.

Geðveikralæknirinn einn saman sker úr því, hvort geðveikir menn, sem beðið er um að teknir sjeu í hælið, sjeu tækir eftir framkomnum skýrslum. Þegar sjerstaklega stendur á og bráðan ber að, má geðveikralæknirinn taka við sjúklingi, þótt eigi sje fullnægt öllum skilyrðunum fyrir upptökunni; en þá má það þó ekki dragast lengur en þrjá sólarhringa, að fengið sje vottorð læknis, utan hælisins, um heilsufar sjúklingsins.

Nú er sjúklingi neitað um inntöku í hælið, og aðstandandi hans vill ekki una við úrskurð geðveikralæknisins, og má hann þá skjóta úrskurðinum til yfirstjórnar hælisins.

7. gr.

Ef grunur leikur á um að maður sje geðveikur, en það er ekki fullljóst, hvort svo er eða eigi, þá skal hælið veita honum móttöku til rannsóknar, eftir úrskurði stjórnarráðsins samkvæmt tillögum landlæknis, og skal maðurinn þá dvelja þar svo lengi sem geðveikralæknirinn telur nauðsynlegt vera.

8. gr.

Geðveikralæknirinn kveður einn á um það, hvort heilsufar sjúklingsins leyfi, að hann fari burt af hælinu, og er það á hans ábyrgð, að engum sje haldið þar lengur en nauðsyn krefur. Leyfa má geðveikralæknirinn sjúklingi að dvelja utan hælisins um stundarsakir til reynslu, en skal þá fá skýrslu um heilsufar hans á ákveðnum tímum.

7
14. febr.

9. gr.

Enn geta sjúklingar farið af hælinu, þótt þeim sje ekki batnað: 1) þegar rjettur aðili krefst þess; 2) þegar yfirstjórn hælisins krefst þess sakir vanskila á meðgjöfinni; 3) þegar geðveikralæknirinn telur það haganlegt fyrir sjúklinginn að hann dvelji utan hælisins, enda þurfi ekki að óttast, að af því stafi hætta fyrir geðvelklinginn sjálfan eða aðra, og loks 4) ef það kemur í ljós, að svo hefir verið ástatt um sjúklinginn, sem segir í upphafi 2. gr.

10. gr.

Nú er ábyrgðarmönnum geðveiklings tilkynt, að hann sje albata eða eigi af öðrum ástæðum að fara úr hælinu, og sækja þeir hann ekki í tæka tíð, og skal þá koma honum til átthaga hans, en ábyrgðarmenn tilskyldir að greiða allan flutningskostnað. Geðveikralæknirinn kveður jafnan á um, hvernig heimflutningi skuli háttað, svo að engum stafi mein af, hvorki geðveiklingnum nje öðrum mönnum.

11. gr.

Enginn af þjónustufólki hælisins má heimta eða þiggja gjafir af sjúklingunum og ekki án leyfis geðveikralæknisins hleypa aðkomumönnum inn í hús hælisins.

12. gr.

Geðveiklingarnir skulu vinna alla þá vinnu, sem geðveikralæknirinn telur þá færa um og hælinu má að gagni koma, hvort er utan húss eða innan. Nú gerir geðveiklingur hælinu sjerstaklega mikið gagn með vinnu sinni, og getur þá yfirstjórn spítalans látið greiða honum einhverja þóknun fyrir vinnu hans, eftir tillögu geðveikralæknisins.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Heimilisboðorð

8
14. febr.

handa geðveikrahælinu à Kleppi.

1. gr.

Sjúklingarnir skulu vera komnir á fætur og hafa þvegið sjer í síðasta lagi kl. 7 árdegis á sumrum og kl. 8 á vetrum. Geðveikralæknirinn kveður jafnan á um, hverjir megi vera undanþegnir þessari skipun.

2. gr.

Sjúklingarnir skulu jafnan koma í borðstofuna á hinum tilteknu matmálstímum og án þess að vekja hávaða; geðveikralæknirinn kveður á um, hverjir skuli vera undanþegnir því að sækja máltíðir sínar þangað. Án leyfis hans eða yfirhjúkrunarkonunnar má enginn hafa mat með sjer út úr borðstofunum, nje heldur geyma af mat sínum til næstu máltíðar.

Sjúklingarnir mega ekki hafa matabýtti innbyrðis eða við aðra útífrá.

3. gr.

Þessir eru matmálstímar:

Morgunverður	á sumrum	kl. 8 árdegis
——	á vetrum	kl. $8^1/_2$ árdegis
miðdegisverður		kl. $12^1/_2$ síðdegis
kvöldverður		kl. 7 síðdegis.

4. gr.

Sjúklingarnir skulu vera háttaðir á sumrum kl. 9 og á vetrum kl. $8^1/_2$ síðdegis, nema geðveikralæknirinn veiti undanþágu einstökum sjúklingi.

5. gr.

Ekki má reykja neinstaðar í hælinu.

6. gr.

Sjúklingarnir mega ekki fara út úr hælinu eða girðingum þess nema með leyfi geðveikralæknisins.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

9
14. febr.

Erindisbrjef

handa lækni og forstöðumanni geðveikrahælisins à Kleppi.

1. gr.

Læknir hælisins er forstöðumaður þess og nefnist geðveikralæknir. Hann skal búa í hælinu.

2. gr.

Undir umsjón yfirstjórnarinnar hefir hann á hendi alla framkvæmdarstjórn hælisins, sjer um læknisþjónustu og sjúkraþjónustu alla, svo og öll fjármál þess og búskap yfirleitt.

3. gr.

Hann ræður alla starfsmenn og alt þjónustufólk hælisins, nema yfirhjúkrunarkonu og ráðskonu. Þær ræður yfirstjórn hælisins eftir tillögum hans.

4. gr.

Hann hefir ábyrgð á því, að stöðugt sje viðhöfð hin mesta reglusemi, sparsemi og hirðusemi í hvívetna í hælinu.

5. gr.

Hann sjer um viðhald á húsum hælisins og öllum eignum þess öðrum.

6. gr.

Hann útvegar og kaupir alt það, er hælið með þarf.

7. gr.

Hann sjer um að hinir geðveiku vinni alla þá vinnu, er þeir eru færir um og hælinu má að gagni koma.

Þyki honum rjett að veita geðveikum manni, er sjerstaklega stendur á, þóknun fyrir vinnu sína, gerir hann um það tillögu til yfirstjórnar.

8. gr.

Einu sinni á hverju ári skal hann í viðurvist yfirstjórnarinnar skoða alla muni hælisins. Það sem í ljós kemur er borið saman við búshlutaskrána; þá er alt er borið saman og þeir munir skráðir, sem vanta og einhverjir af fólkinu

bera ábyrgð á, ritar hann og yfirstjórnarmennirnir undir skoðunargjörðina. Yfir- 9
stjórnin kveður um leið á um slitna eða ónýtta muni, hvort þeim skuli eytt eða 14. febr.
þeir teknir til annars.

9. gr.

Hann tekur til geymslu peninga eða aðra þá muni, sem geðveikir menn hafa með sjer er þeir koma á hælið, ef þess er óskað eða nauðsyn krefur.

10. gr.

Hann semur matskrá fyrir hvern dag, og afhendir ráðskonu hælisins eigi síðar en kl. 12 á hádegi daginn áður.

11. gr.

Hann hefir á hendi alla reikningsfærslu hælisins, inn- og útborganir.

Hann hagar reikningsfærslu sinni eftir því sem yfirstjórn hælisins segir fyrir um, þannig, að jafnan sje hægt að fá glögt sundurliðað yfirlit yfir tekjur og gjöld.

12. gr.

Hann tekur við öllum tekjum hælisins og gætir þess að hafa ávalt svo mikið fje í höndum, að hann geti jafnan tafarlaust goldið aðvífandi reikninga hælisins. Hann semur í byrjun hvers mánaðar lauslega áætlun um tekjur og gjöld hælisins; samkvæmt þessari áætlun útvegar yfirstjórn hælisins honum fje það sem til vantar úr landssjóði.

13. gr.

Hann semur á ári hverju fyrir lok janúar nákvæman höfuðreikning með fullnægjandi skilríkjum og búshlutalista fyrir liðna árið; fara reikningar þessir frá honum til yfirstjórnarinnar og þaðan til stjórnarráðsins. Með höfuðreikningi hverjum skal fylgja yfirlit yfir efnahag hælisins.

14. gr.

Hann skal sýna yfirstjórn hælisins allar bækur sínar með fylgiskjölum og peninga þá, er hann hefir í höndum, hvenær sem þess er krafist, og ber honum einnig, hvenær sem er, að láta í tje það sem af honum verður heimtað sem reikningshaldara.

15. gr.

Hann bókfærir alla þá geðveika menn, sem í hælið koma, og fyrverandi heimili þeirra, skráir komudag þeirra, brottfarardag eða dánardag. Einnig lýsir hann meðferð þeirra.

9
14. febr.

16. gr.

Hann úrskurðar um inntöku á hælið og tilkynnir hlutaðeigendum rjettum.

17. gr.

Hann veitir læknishjálp alla geðveikum mönnum í hælinu og annars öllum íbúum þess, eða starfsmönnum, þegar sjúkdóma ber að höndum.

18. gr.

Honum ber að gæta alls sparnaðar, þá er um sjúkrafæði og lyf er að ræða. Hann annast um að lyfin sjeu sem flest sett saman og vegin út í hælinu, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

19. gr.

Honum ber að halda:

dagbók
brjefabók
kassabók
höfuðbók
búshlutabók
skrá yfir geðveika menn.

Bækur þessar löggildir yfirstjórnin og segir að öðru leyti fyrir um þær.

20. gr.

Honum ber að sætta sig við breytingar þær, er gjörðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

Með leyfi yfirstjórnar hælisins má læknir hælisins á sína ábyrgð fá nokkuð af störfum sínum að því er snertir búskap hælisins í hendur ráðsmanni. Um afstöðu ráðsmanns fer eftir því, sem yfirstjórnin ákveður.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Erindisbrjef

10
14. febr.

fyrir yfirhjúkrunarkonuna í geðveikrahœlinu à Kleppi.

1. gr.

Undir umsjón og eftirliti geðveikralæknisins segir hún hjúkrunarkonum, þvottastúlkunum, þjónustu- og vökukonu fyrir verkum. Hún sjer um að fyrirskipunum geðveikralæknisins um meðferð alla á sjúklingum hælisins sje fylgt. Hún á að umgangast sjúklingana vingjarnlega og sjá um að hjúkrunarfólkið geri hið sama.

Hún gætir þess af fremsta megni að sjúklingunum sje nákvæmur gaumur gefinn, svo að þeir fari hvorki sjálfum sjer að voða nje öðrum, eða skemmi muni hælisins.

2. gr.

Hún veitir forstöðu þvottahúsinu, tekur við öllum óhreinum fatnaði o. s. frv., sem hjúhrunarkonurnar færa henni, og fær þeim aftur annað hreint í staðinn. Hún setur alt á skrá, sem hún tekur við eða lætur úti.

3. gr.

Hún tekur jafnan úr þvottinum alt það, sem viðgerðar þarf eða ónýtt er. Hún sjer um viðgerðina en geymir hitt, sem ónýtt er, þangað til geðveikralæknirinn hefir leyft að ónýta megi.

4. gr.

Henni ber að sjá um ræstingu og hreinlæti í öllum sjúkrastofum og öllum göngum hælisins og íbúðarhússins.

5. gr.

Hún ber ábyrgð á öllum búsgögnum og fatnaði, sem ráðsmaður fær henni í hendur, og hefir það alt á einni skrá; á þessa skrá setur hún svo það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur, og sömuleiðis hitt, sem lagt er niður.

6. gr.

Hún skal sjá um að heimilisboðorðum hælisins sje hlýtt.

7. gr.

Hún má ekki fara burtu af heimilinu án vitundar geðveikralæknisins og ber henni yfirleitt að framkvæma alt það, er læknir segir henni fyrir um.

8. gr.

Yfirstjórn hælisins ræður hana í samráði við lækni þess og segir henni upp. Uppsagnarfrestur frá báðum hliðum er 6 mánuðir.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

11
14. febr.

Erindisbrjef

handa ráðskonu geðveikrahælisins á Kleppi.

1. gr.

Hún tekur við öllum vistum þeim, er geðveikralæknirinn kaupir handa hælinu, vegur þær eða mælir og lætur honum í tje viðtökuskírteini fyrir.

2. gr.

Hún gerir dag hvern mat handa hinum geðveiku mönnum og starfsmönnum hælisins eftir matskrá þeirri, er hún fær frá geðveikralækninum, svo og sjúkramat eftir því sem læknir ákveður; henni ber að hafa matinn algerðan, útveginn eða mældan á hinum tilteknu matmálstímum.

3. gr.

Hún sjer um að eldhús, búr eða önnur matgeymsluherbergi sjeu jafnan þrifaleg.

4. gr.

Hún skal gæta alls sparnaðar að því er mat og matvæli snertir; allar matleifar skal hún geyma á tilteknum stað, og ekki má hún fleygja eða farga neinu matarkyns öðru vísi en með leyfi geðveikralæknisins.

Nú skemmast matvæli fyrir handvömm hennar eða eftirlitsleysi, og skal hún þá bæta að fullu.

5. gr.

Hún má ekki fara af heimilinu án vitundar geðveikralæknisins.

6. gr.

Hún gerir tillögur um ráðning eldastúlkna hælisins.

7. gr.

Henni ber að sætta sig við breytingar, sem gerðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

8. gr.

Yfirstjórn hælisins ræður ráðskonuna eftir tillögum geðveikralæknisins, og getur vikið henni frá með 6 mánaða fyrirvara. Hún getur og sagt af sjer starfi sínu með sama fyrirvara.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

12
15. febr.

Auglýsing

um

staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykt fyrir Eyrarbakkahrepp í Árnessýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir Eyrarbakkahrepp í Árnessýslu, er samin hefir verið af hlutaðeigandi sýslunefnd.

Heilbrigðissamþykt

fyrir

Eyrarbakkahrepp í Arnessýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykt þessi hefir gildi fyrir allan Eyrarbakkahrepp.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og einn, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins til jafn langs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeraðslæknir, óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári; í maí og október; hann ákveður fundatíma og fundastað, ritar í fundabók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til úrskurðar sýslumanns. Hjeraðslæknir á heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett. Formaður skal boða honum fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað er hlýst af brjefaskriftum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

12
15. febr.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin, og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það er um ræðir í samþykt þessari, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á svæði því, sem samþyktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta starfi þessu milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni hennar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt samþykt þessari, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþyktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd, og fara fram á að fjeð sje veitt. Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

II. Um fráræslu.

6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má eigi láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist; skal veita öllu skolpinu burt frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum, eða bera það burt svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skolpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign eða umráðalóð, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim, og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim. Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á því, að vatnsheldur kotn sje gerður í eitthvert ræsi, þá er heimilt að heimta slíka aðgerð.

7. gr.

Ef ræsi er gert meðfram alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gera skolpræsi hver frá húsi sínu út í göturæsið, og skulu þau ræsi eigi lakara gerð en göturæsið sjálft.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau, eða nærri þeim neins konar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim, eða fast við þau, hvorki fatnað, ull, fisk eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið. Bannað er að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 15 til 20 álnir. Nú vill einhver gera nýjan brunn, eða breyta gömlum brunni, og skal tilkynna það heilbrigðisnefndinni, er segir fyrir hvernig brunninum skuli vera háttað, og er hlutaðeigandi skyldur að fara eftir fyrirsögn hennar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unt að gera við brunninn svo, að vatnið verði ósaknæmt; þá skal heilbrigðisnefndin skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum, eða kjöllurum undir þeim.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for, haugstæði eða haughús, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar á verkinu, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum.

Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 20 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $^1/_4$ álnar eða meira upp úr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje, að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlími eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

12
15. febr.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en samþykt þessi, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns. Sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð í málinu, svo fljótt sem verða má.

V. *Um salerni.*

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni, og skal það ekki vera nær vatnsbóli en nemi 20 álnum. Hafa skal í salernum saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni. Í hverju salerni skal vera bakþil, en þau eigi bygð fast upp að húshliðum eða göflum. Undantekningar má gera með W. C.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera hrein, og saurílátin skal tæma áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til hvar láta megi saurindi úr salernum.

16. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en samþykt þessi, eða þau ein, sem illa eru gerð og mikill óþrifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt, sem segir í 14. gr.

VI. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum eða alfaravegi en nemi 15 álnum, og ekki nær vatnsbólum en nemi 20 álnum. Flytja skal alt sorpið burtu að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í ílát og flutt burtu áður en þau fyllast.

18. gr.

Það er skylda sjómanna, að fleygja öllu slori í sjóinn, svo að út taki, ef því er eigi safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir Formenn bera ábyrgð á því, að ákvæði þessu sje hlýtt.

19. gr. 12

15. febr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús manna, svo að fýluloft eða daunilt rensli fer út á alfaraveg, eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, sem óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin burtu tafarlaust.

VII. Um iðnað.

20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir, eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir bæði utan húss og innan.

VIII. Um matvöru.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem er svikin, skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst, með samþykki hreppsnefndar, að taka í búðum, fyrir gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að svikin sje, skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana. Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er ekki nýtileg til manneldis, og skal þá á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

IX. Um íbúðarhús.

22. gr.

Öll hús, þau er leigð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum. Að minsta kosti einn gluggi skal vera á hjörum í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álítur íbúum hættu búna.

23. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur hún bannað íbúðina.

12 15. febr Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er eigi bætt á þeim tíma, svo nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið, svo fljótt sem verða má.

24. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar. Undir íbúðarhúsum, sem reist verða hjer eftir, má eigi hafa kjallara svo gerða, að nokkurn tíma standi í þeim vatn.

X. Um skóla.

25. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju. Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

26. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Gluggar skulu á hjörum vera. Gólf skal ekki sópa, en þvo svo oft, sem heilbrigðisnefnd álítur þess þurfa.

27. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt, og læknir álítur að um sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þartil sóttnæmishættan er um garð gengin, að læknis dómi.

Holdsveik börn mega ekki í skóla ganga, og holdsveikir menn ekki fást við barnakenslu.

XI. Um samkomuhús.

28. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í hreppnum og sjá um að þau sjeu ræstuð hvenær, sem hún álítur þess þörf. Vilji eigendur ekki sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

XII. Um næma sjúkdóma.

29. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á svæði því, sem samþyktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja, í samráði við hjeraðslækninn, um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast, um hreinlæti, utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um sektir.

30. gr.

Ef menn brjóta samþykt þessa, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 króna sekt, sem rennur í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

31. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. maí 1908.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 15. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

13

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Norðurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maí mánaðar 1908 til jafnlengdar 1909.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr. 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	118	33	118	33	99
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar í fardögum . . . . . hver á	18	68	112	08	93
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . hver á	19	64	117	84	98
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti . . . hver á	16	42	131	36	109
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti . . hver á	12	67	152	04	127
6.	— 8 ær geldar . . . . . hver á	14	71	117	68	98
7.	— 10 ær mylkar . . . . . hver á	11	42	114	20	95
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	77	67	77	67	65
9.	— 1 $^1/_3$ hryssu, á sama aldri . . . . . á	73	17	97	56	81
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr. 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, pd. á	»	99	118	80	99
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni, pd. á	»	65	78	»	65
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu, . . . pd. á	»	75	90	»	75
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri, ... pd. á	»	30	36	»	30
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr. 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði . . . . . pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka . . . . . parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka . . . parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga . . . . . parið á	»	41	73	80	61
18.	— 20 eingirnispeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	1	12	134	40	112
21.	— 120 áln. einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar, 1 al. á	»	86	103	20	86
Brjefasendingar, peningabrjef, bögglar, póstàvísanir og póstkröfur. Útbúningur þessara sendinga.

5. gr.

Brjefasendingar.

Almenn brjef skulu vera flöt að lögun og eigi yfir 39 sentimetra á lengd, 26 sentimetra á breidd og $2^1/_2$ sentimetra á þykt. — Þau mega eigi vera þyngri en 250 grömm og hvorki má skrifa á þau verð eða að aðrir munir fylgi þeim. Munir þeir, sem eigi fullnægja þeim skilyrðum, skulu fluttir, ef á annað borð má flytja þá með póstum, eftir þeim reglum, sem gilda fyrir þær sendingar, sem þeir eftir eðli sínu verða að teljast til, þótt þeir hafi verið settir á póst sem almenn brjef.

Spjaldbrjef eru opin spjaldblöð, sem póststjórnin gefur út með áprentuðu frímerki.

Einstakir menn geta líka gefið út spjaldbrjef, en þau verða þá bæði að lögun, stærð og efni að vera eins og spjaldbrjef þau, sem póststjórnin gefur út. Frímerki má eigi prenta á þau, og að öðru leyti má eigi utanáskriftarmegin prenta á þau neitt verulegt annað en utanáskriftina og það, sem prentað er á spjaldbrjef póststjórnarinnar.

Engin önnur sending má fylgja spjaldbrjefum, og eigi má líma á þau neitt annað en frímerkin og seðil með kveðjunni, alt að 5 sentimetrum á lengd en 2 á breidd. Utanáskriftarhliðina á spjaldbrjefum má aðeins nota fyrir kveðjuna og nafn og heimili sendanda. Þó má á myndaspjaldbrjefum skifta utanáskriftarhliðinni í tvent með beinu striki upp og ofan, og nota vinstri helminginn fyrir skrifað mál, en hinn hægri fyrir utanáskriftina.

Spjaldbrjef, sem ekki uppfylla sett skilyrði, skal fara með sem brjef.

Brjefasendingar, sem 11. gr. a. i póstlögunum ræðir um, eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi eða aðeins samanbrotið eða opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið. Um sýnishorn af vöru og snið gildir sama og um almenn brjef, að þesskonar sendingar mega ekki vera yfir 250 grömm, en prentað mál, sem sett er á póst frá 15. apríl til 14. október, má vega alt að 2 kílógrömmum, en frá 15. október til 14. apríl alt að $^3/_4$ kílógrams. Á sendingar þessar má hvorki skrifa verð eða að aðrir munir fylgi þeim. Þessar

sendingar má flytja með póstum, þótt þær að lögun, stærð og þykt, sjeu öðru- 47
vísi en sagt er um almenn brjef, þó verða þær að vera þannig lagaðar, að 7. mars
þær sjeu hentugar til flutnings með öðrum brjefasendingum.

I. *Prentað mál.* Þar undir má telja: Alt sem prentað er á pappír, skinn eða pappa, hvort sem letrið eða myndirnar, sem prentað er með, eru úr steini, málmi eða trje; auk þess má senda sem prentað mál annað, sem fjölritað er með vjelum, og auðvelt er að ákveða, hvernig er gjört, þó ekki það, sem ritað er með endurritvjel, skrifvjel eða gegnumskrift; það sem ritað er með hektógraf eða trypógraf, má þó senda sem prentað mál, ef 20 samhljóða eintök af því eru afhent í einu á pósthúsið.

Sem dæmi uppá prentað mál má nefna: Blöð og tímarit, bækur, nótur, nafnseðla, prófarkir, upphleypt prent fyrir blinda, myndir, landabrjef, áskriftartilboð, auglýsingar o. s. frv.

Til þess að munir þeir, sem að framan eru nefndir, verði teknir til meðferðar með póstum sem prentað mál, verða þeir að fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:

1. Fyrir utan utanáskriftina má eigi skrifa á þá neitt annað en það, er hjer segir:

   Nafn sendanda og stöðu, staðinn, sem það er sent frá, mánaðardag, verðið á verðskrár og áskriftartilboð. Á bókum stutt tileinkun frá höfundinum. Með prentuðu máli mega fylgja reikningar, sem snerta það. Með próförk má fylgja tilheyrandi handrit og mega í próförkinni vera leiðrjettingar á prentvillum, breytingar og viðbót, sem lýtur að texta ritsins, og athugasemd um, hvort ný próförk sje nauðsynleg eða ekki, en engin orðsending til prófarkalesarans.

   Sömuleiðis má setja þar strik, tölur og merki, en eigi má setja þau þannig, að þarmeð sje móttakanda gefin vísbending um eitthvað.
2. Prentað mál verður að vera þannig útbúið, að auðvelt sje að rannsaka innihaldið, og skal í því efni þetta tekið fram: Prentað mál, sem aðeins er einföld eða samanlögð spjaldblöð, seðlar eða því um líkt, má senda umbúðalaust, en sjeu munir þessir lagðir saman, má þeim eigi vera lokað með lakki, oflátu eða á líkan hátt.

   Annað prentað mál verður að vera í umbúðum annaðhvort samanbundið, þó svo, að hægt sje að leysa utan af því eða í umslagi, sem auðvelt er að taka af og láta á aftur. Utanáskriftarmegin á prentuðu máli skal ætíð standa: *prentað mál.*
3. Eigi mega vera í því munir til ýmissa eða frá ýmsum, nema um blöð sje að ræða, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. f. í póstlögunum.

II. *Sýnishorn af vöru og snið* (uppdrættir).

Til þess að munir þeir, sem eftir eðli sínu má telja undir sýnishorn af vöru og snið, sem þó mega eigi vera handteiknuð, verði teknir til flutnings með póstum, skulu þeir fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:

47 7. mars

1. Fyrir utan utanáskriftina má eigi skrifa á þá annað en nafn sendanda, eða merki, tölu, verð, þyngd, mál, stærð og hve mikið sje til sölu af vörunnni.
2. Þeir skulu vera í umbúðum þannig, að auðvelt sje að rannsaka þá, bæði að opna umbúðirnar og loka þeim.
3. Þeir mega eigi hafa verð til verslunar þannig, að hægt sje að selja þá út af fyrir sig.
4. Þeir mega eigi innihalda hluti frá ýmsum eða til ýmissa. Utilokað frá að flytjast með póstum sem prentað mál, sýnishorn af vöru og snið, eru frímerki bæði innlend og útlend, hvort sem þau eru ónýtt eða ekki, spjaldbrjef og allir aðrir prentaðir munir, sem eru notaðir til að tákna verð.

Ef prentað mál, sýnishorn af varningi og snið, fullnægja ekki skilyrðum þeim, sem talin eru í I. 1—2 og II. 1—2, fer um muni þessa sem almenn brjef, sjeu þeir ekki hver um sig þyngri en 250 grömm; annars skal eigi flytja þá með pósti.

Ef skilyrðum í I.3 og II.4 eigi er fullnægt, skal hver einstakur hlutur í sendingunni skoðaður sem sending út af fyrir sig, og með hann farið þar eftir.

Hafi sýnishorn af vöru eða snið verslunarverð, skal með þesskonar sendingar farið sem brjef eða böggul.

Reglur þær, er nú skal greina, gilda um allar brjefasendingar (almenn brjef, spjaldbrjef, prentað mál, sýnishorn og snið) sameiginlega.

Til þess að geta komist hjá drætti, skulu þær hafa nákvæma utanáskrift, sem segi til um nafn móttakanda, heimili og nafnið á pósthúsi því, þar sem sendingin á að afhendast. Auk þess er ráðlegt að tilfæra á umslagið eða umbúðirnar nafn sendanda og heimili, til þess að sendingunni verði fyrr skilað aptur, ef eigi er hægt að koma henni til móttakanda.

Til þess að brjef til Reykjavíkur verði borin út í fyrstu ferð brjefberans, eftir að þau koma á pósthúsið, verður götunafn og húsnúmer að standa á brjefunum, og til þess að þeim verði raðað í box við fyrstu röðun, skal boxnúmer sett á þau.

Æski sá, sem sendir brjefasending, að hún sje flutt með ábyrgð, verður utanáskriftarmegin greinilega að skrifa *NB*, eða *mælt með* eða *recommanderað*. Krefjist sendandi ábyrgðarsendingar kvittunar móttakanda fyrir henni, skal skrifað framan á brjefið: »kvittunar er æskt fyrir móttökuna« eða A. R.

Með því að skrifa framan á brjefasendingar undir staðarnafnið »poste restante« eða »verður sótt«, getur sendandi ákveðið, að þær geymist á pósthúsinu þangað til þær verða sóttar, þó ekki fram yfir 3 mánuði frá því þær komu á póststaðinn. Þegar brjefasendingar eru eigi með ábyrgð, má í staðinn fyrir nafn móttakanda tilfæra bókstafi, tölur eða merki, en þá ábyrgist póststjórnin ekki að sendingin komist í rjettar hendur.

Ef þess er óskað, að brjef sje borið út með hraðboða, verður ósk um það að vera skrifuð utanáskriftarmegin á brjefið.

6. gr.

Peningabrjef.

47
7. mars

Til þess að sending verði tekin til flutnings sem peningabrjef, verður hún að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 5. gr. um almenn brjef, að því er snertir lögun, stærð, þykkt og þyngd; auk þess verða í henni að vera peningar eða verðbrjef og á hana skrifað ákveðið verð. Eigi má rita á hana athugasemd um að nokkur annar hlutur fylgi henni. Þegar sjerstaklega stendur á, má þyktin þó vera lítið eitt yfir $2^1/_2$ sentimetra.

Af mótuðum peningum má ekki í nokkru peningabrjefi vera meira en
50 kr. í gulli,
9 — í ein- eða tvíkrónum,
90 aurar í smásilfri,
9 — í kopar.

Yfir höfuð er engin takmörk fyrir verðupphæð peningabrjefa.

Verðupphæð skal tiltekin í íslenskum peningum, og má hún ekki vera yfirstrykuð eða henni breytt, nema sendandi hafi á umslaginu endurtekið hina rjettu upphæð með bókstöfum, og skrifað nafn sitt undir.

Þegar sagt er til verðupphæðar á peningabrjefum, skal það orðað þannig: Innlagðar N. N. kr., eða á líkan hátt.

Aptur á móti verður eigi álitið, að sagt sje til verðs á peningabrjefi, þótt skrifað sje á sending, sem skuldabrjef með nafni eða slík brjef eru í: Innlögð skuldabrjef að upphæð N. N. kr., innlögð ávísun að upphæð N. N. kr.

Þegar telja skal í peningabrjefi, sem inniheldur útlenda peninga, sem eigi eru gjaldgengir hjer á landi, og talning getur farið fram, af því að hlutaðeigandi póstmaður getur staðfest innihaldið samkvæmt því, sem sagt er til um verðið, verður að framkvæma hana þannig, að upplýslng sje gefin um, hve mikið sje í innlendum og hve mikið í útlendum peningum, t. d.: Innlagt N. N. kr. í íslenskum seðlum og N. N. frankar í frönskum seðlum. Verð N. N. kr.

Þar að auki skal búa um peningabrjef og lakka, svo sem hjer segir:

Umbúðir.

Áður en umslagið er látið utan um peningana eða verðbrjefin, skulu þeir vera sveiptir inn í umbúðapappír eða annað jafnsterkt, og skal þessu vera komið svo fyrir, að það haldi fast að innihaldinu á allar hliðar, svo að það færist eigi til að mun á leiðinni; sjer í lagi verður að gæta þess, að mótaðir peningar eigi geti skrölt lausir í umslaginu. Það er því ráðlegt, þegar í peningabrjefi eru mótaðir peningar, að innsigla hinar innri umbúðir líka.

Umslagið.

Umslög um peningabrjef eiga að vera úr sterkum umbúðapappír, þau eiga að vera í lögun, áður en þau eru brotin saman, eins og uppdrættirnir I og II sýna.

Þó má nota venjuleg brjefaumslög um seðla, en eigi fleiri en 4 í hverju brjefi (mótaða peninga má eigi senda í slíkum umslögum).

Auk þess verður að innsigla þau eftir sjerstökum reglum, er síðar verður getið.

47
7. mars

Innsiglun.

Þegar sendandi notar umslagið I og krefst eigi tölu í peningabrjefinu, á hann að lakka það með tveim lökkum þannig, að innsiglið þeki hornin á umslagslokinu og snerti það af umslaginu, sem liggur undir, eins og myndin III

I II III IV



sýnir; þó getur pósthúsið heimtað, að fleiri lökk sjeu á brjefinu, þegar stærð umslagsins gefur tilefni til þess.

Sje umslagið að lögun eins og myndin II sýnir, eða sjeu peningar sendir í venjulegum umslögum, þá skal lakka peningabrjefið með 5 lökkum eins og mynd IV sýnir.

Sje talið í peningabrjefi með umslagi I, skal setja á það tvö póstinnsigli eins og mynd III, og innsigli sendanda á milli þeirra.

Ef öðruvísi umslög eru notuð, eiga tvö af fimm innsiglum að vera póstinnsigli.

Til innsiglunarinnar ber að nota haldgott lakk og reglulegt signet, en mótaða peninga, hnappa eða því um líkt má ekki nota í þess stað. Sendandi verður að viðhafa sama signetið á öllum lökkum, sem hann setur á sama peningabrjefið. Nafn og heimili móttakanda skal skrifað með bleki á hvert peningabrjef, og eigi það að fara út fyrir umdæmi þess pósthúss, þar sem það er afhent, skal og skrifa nafn þess pósthúss, sem ætlast er til að afhendi brjefið.

Sendandi getur heimtað, að brjefið liggi á pósthúsi því, sem það er sent til, þangað til móttakandi sækir það, með því að skrifa á brjefið »poste restante« eða »verður sótt«, þó eigi yfir 3 mánuði eftir að það kom þangað.

Óski sendandi að fá kvittun móttakanda fyrir því, skal hann rita athugasemd um það á brjefið utanáskriftarmegin.

7. gr.

Böggulsendingar.

Munir þeir, sem að einhverju leyti fara út fyrir takmörk þau, sem sett eru um brjefasendingar og peningabrjef, að því er snertir lögun, stærð og vigt, skulu teljast undir böggulsendingar.

Fyrir flutning böggulsendinga með póstum gilda reglur þær, sem nú skal greina:

Ummál.

47
7. mars

Böggulsendingar, sem eiga að fara með landpóstum, mega eigi vera yfir 46 sentimetra á lengd og 24 sentimetra á breidd og þykkt, auk þess verða sendingar, sem eiga að flytjast með gangandi póstum, að vera þannig lagaðar, að hægt sje að flytja þær í burðartöskum. Böggulsendingar, sem að eins á að senda með skipum, mega vera alt að 1 metri á hvern veg. Hvort leyft sje, þegar sjerstaklega stendur á, að farið sje fram yfir nefnd takmörk, ákveður pósthúsið, þó því að eins, að stærð sendingarinnar eigi gjöri nauðsynlegar sjerstakar ráðstafanir við flutning hennar.

Viktin má eigi fara fram yfir:

5 kílógrömm með skipum,
$2^1/_2$ kílógramm — landpóstum,
1 — — gangandi póstum,

þó því að eins, að pósttaskan með innihaldi vegi eigi yfir 20 kílógrömm.

Mótaðir peningar mega vega 8 kílógrömm með skipum og landpóstum og $2^1/_2$ kílógramm með gangandi póstum.

Móttökupósthúsið getur þó, þegar sjerstaklega stendur á, leyft að þyngd böggla fari lítið eitt fram úr því, sem hjer er sagt.

Umbúðir.

Um allar böggulsendingar skal vera vel og vandlega búið, og verða umbúðirnar að loka um innihald sendingarinnar fulltryggilega. Þær verða að eiga vel við eðli þess hlutar, sem sendur er, og því laga sig eftir innihaldi sendingarinnar, vikt, stærð, árstíma og vegalengd, og eptir því, hvort sendingin er flutt á sjó eða landi.

Auk þess skal þess gætt, að um sendingar sje bundið fast og rammlega, nema þær sjeu mjög litlar og ljettar.

Lagarkendar vörur, eða vörur, sem væta getur komir úr, svo sem epli, smjör og önnur feiti, skulu vera í sterkum, þjettum ílátum, og brothættir hlutir, eins og gler og þesskonar, skulu sendir í kössum úr trjé, pjátri eða líku efni.

Verði vörur þessar fluttar í öðrum umbúðum af því að póststjórninni var eigi kunnugt um eðli innihaldsins eða umbúðanna, skal sendandi bæta allan skaða, sem af því hlýst.

Án umbúða má senda trje eða járnvöru og líka hluti, ef eigi er hætt við að munir þessir skaddist eða skemmi aðrar sendingar.

Lagarkendum vörum og vörum, sem væta getur komið úr, svo og peningabögglum, sem síðar skal getið, skal eigi veitt móttaka, nema umbúðirnar sjeu eins og fyrir er mælt; aðrar sendingar getur sendandi heimtað að sendar sjeu á hans ábyrgð, þótt eigi sje um þær búið, eins og segir í reglugjörð þessari, þegar hann eða umboðsmaður hans undirskrifar eftirfylgjandi áteiknun á fylgibrjefið »á ábyrgð sendanda« og pósthúsið álítur, að aðrar sendingar þurfi eigi að skemmast, þótt umbúðirnar á þessari sendingu sjeu í ólagi.

47
7. mars

Merki.

Á hverri böggulsendingu skal vera greinilegt merki.

Þetta merki á ætíð að tilfæra fulla utanáskrift móttakanda og þar að auki nafn póstafgreiðslustaðarins, sem sendingin á að fara til, ef hún á að fara út fyrir umdæmi móttökupósthússins.

Á hvern böggul skal setja: *poste restante* eða *verður sótt*, eða *landveg* sje um þess konar sendingar að ræða. Sje um verðsending að ræða, skal verðupphæðin sett hjá utanáskriftinni.

Merkið skal vera skrifað með bleki, svertu eða öðru haldgóðu efni (en ekki með krít, ritblýi, blekblýant, eða því líku) og, ef unnt er, á sjálfa sendinguna eða umbúðirnar eða þá á pappa eða brjefspjald eða þess konar, sem bundið er við böggulinn. Pappírsmerki ætti aldrei að nota og verða aðeins tekin gild, þegar þau eru saumuð, límd eða negld á sjálfan hlutinn eða umbúðirnar. Eldri merki mega ekki vera á sendingunni nje leifar af þeim.

Fylgibrjef.

Hverjum böggli skal fylgja fylgibrjef, sem póststjórnin gefur út eyðublöð undir. Þau skulu vera til sölu á öllum pósthúsum á 1 eyri hvert.

Þegar 25 eintök eru keyft í einu, fást þau fyrir 20 aura á póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum, en á brjefhirðingarstöðum eftir pöntun.

Fylgibrjefið er eins og venjulegt brjefumslag, og má leggja í það almennt brjef, verðlaust og ábyrgðarlaust, ef það þá vegur eigi yfir 20 grömm.

Lykil að sendingunni skal eigi telja með í viktinni.

Hverjum verðböggli skal fylgja sjerstakt fylgibrjef, aftur á móti má senda 3 verðlausa böggla með sama fylgibrjefi, frá sama sendanda til sama móttakanda.

Fylgibréfið skal tilgreina nafn móttakanda, heimili eða bústað, og nafn póstafgreiðslustaðar þess, sem sendingin á að fara til, ef hún á að fara út fyrir umdæmi móttökupósthússins.

Á fylgibrjefinu skal þess getið, að sendingin fylgi, og skal þess vandlega gætt, að nefna hana því nafni, sem hún venjulega hefir, svo sem böggul, kassa, körfu, poka o. s. frv.

Óski sá, er sendir böggul, að hann geymist á pósthúsi því, sem hann er sendur til, þangað til móttakandi sækir hann, verður hann að skrifa á fylgibrjefið »poste restante« eða »verður sótt«, og geymist hann þá á pósthúsinu alltað 3 mánuðum frá því hann kom þangað. Vilji sendandi, að böggull sé fluttur með landpósti, þótt hann sé ekki nægilega frímerktur til þess, skal sett á fylgibréfið »*landveg*«. Sendandi verður að geta þess á fylgibréfinu, ef hann óskar þess að gefin sé út móttökukvittun, til þess að fá viðurkenning móttakanda fyrir að hafa fengið sendinguna með skilum.

Reglur þær, sem að framan eru settar, gilda fyrir alla almenna böggla, hvort sem verð er tilgreint eða ekki, aftur á móti skal búa um eiginlegar pen-

ingasendingar, sem verða að teljast böggulsendingar og loka þeim svo sem hér segir: 47 7. mars

Peningabögglar (seðlabögglar).

Það eru bögglar með tilgreindu verði, sem hafa inni að halda brjefpeninga eða handhafa skuldabrjef. Mótaða peninga má leggja inn í peningaböggla, en eigi meir af þeim en fyr er sagt um peningabrjef.

Fyrst skal sveipa um sendingar þessar sterkum pappír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið, síðan skal láta utan um þær sterkan umbúðapappír og brjóta þannig, að pappírinn leggist saman aftan á bögglinum.

Böggulinn skal reyra með sterku snæri eða bandi, sem ekki er hnýtt saman, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum fyrst utanáskriftarmegin og svo aftan á bögglinum; skal hafa endana svo langa, að sett verði á þá innsigli. Þegar ekki er talið í bögglinum, skulu innsiglin vera að minsta kosti 2 og þannig fyrir komið, að þau festi bandið, sem reyrt er utanum böggulinn, og endana á því og brotið á pappírsumbúðunum við sjálfar umbúðirnar. Álíti póstþjónn sá, sem tekur á móti sendingunni, að nauðsynlegt sje, til þess að henni sje vel lokað, að fleiri lökk sjeu sett á hana, skal það gjört.

Sje þess krafist, að talið sje í peningaböggli, skal þar að auki setja á sendinguna 2 póstinnsigli, þannig að bandið og endar þess sjeu með þeim festir við það, sem brotið er upp á, af pappírsumbúðunum á bakhlið inni, eins og sýnt er á þessari mynd (V), þar sem sendandi á að setja á peninga- böggul, sem talið er í, þau tvö innsigli, sem eru í miðjunni.

V



Myntsendingar.

Það eru bögglar með ákveðnu verði, sem innihalda mótaða peninga, eða gull og silfur í stöngum; pappírspeninga og verðbrjef má einnig láta í þessar sendingar. Þessar sendingar skal búa um í bögglum, strönglum eða pokum.

Myntströnglar eða bögglar.

I hverjum böggli eða strönglí má ekki vera meir af mótuðum peningum en að hann vegi 8 kilógrömm. Fyrst skal hlaða peningunum fast saman, sveipa um þá á alla vegu sterkum pappír og reyra svo um. Umbúðirnar um bögglana eða strönglana að utan skulu vera úr leðri, skinni, vaxdúki eða sterku ljerefti, sem að minnsta kosti er vafið tvisvar um; skal brotið saman við endana og allstaðar saumað fyrir. Auk þess skal böggullinn eða strönglullinn vera reyrður snæri, sem ekki er hnýtt saman, og skal því að minnsta kosti á tveim stöðum vera brugðið í kross; skal festa endana á snærinu með innsigli sendanda við böggulinn, þar sem brotnir eru saman endarnir á umbúðunum. Ef póstmaður telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki láta tvö póstinnsigli á böggulinn.

47
7. mars

Myntpokar.

Í hverjum poka má eigi vera meir af mótuðum peningum en svo að hann vegi 8 kílógrömm. Peningapokarnir skulu vera úr leðri, skinni eða tvöföldu ljerefti, eða hafðir 2 pokar hvor utanum annan á þann hátt, að saumarnir á þeim liggi eigi saman. Saumar á peningapokum skulu ætíð snúa inn, og skal vera fast bundið fyrir þá, rjett fyrir ofan það, sem í þeim er, með sterku snæri, sem eigi er hnýtt saman, og skal festa endana rjett hjá hnútnum við pokann sjálfan með innsigli þess, sem sendir. Ef póstmaður telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki setja 1 póstinnsigli á pokann.

Það gildir um peningaböggla alla og verðböggla, þegar þeir eru lakkaðir, eins og segir um peningabrjef, að lakk það, sem notað er, á að vera haldgott og það verður að viðhafa reglulegt signet, en ekki peninga, hnappa eða því líkt. Sendandi verður að nota sama signetið á öll lökkin á sama böggli.

Verð á bögglum skal talið í innlendum peningum, og skal það skrifað bæði á fylgibrjeflð, þar sem því er ætlað rúm, og á merki sendingarinnar eða umbúðirnar.

Tölurnar í verðupphæðinni má hvorki strika yfir nje breyta þeim, nema sendandi eða sendimaður hans, með eiginhandar undirskrift, endurtaki hina rjettu upphæð bæði á fylgibrjefinu og á sendingunni.

Fylgibrjefið segir sjálft til, hvernig eigi að skrifa verðupphæðina, og á almennum verðbögglum skal það gjört eins, en á peningasendingum skal verðupphæð tilgreind eins og á peningabrjefum (6. gr.) t. d.: Innlagt N. N. krónur.

Það er ekki hægt að heimta, að talið sje í almennum verðböggli, en þegar beiðst er, að talið sje í peningaböggli og hann hefir inni að halda útlenda peninga, sem eigi eru gjaldgengir hjer á landi, skal verðið tilgreint eins og segir um peningabrjef, þegar eins er ástatt (6. gr.).

8. gr.

Póstávísanir.

Það eru ávísanir á peningaupphæðir allt að 720 kr., sem eru borgaðar inn á einu pósthúsi, en eiga að borgast út á öðru. Póstávísanir verða því að ganga í gegnum tvö pósthús. Póststofan í Reykjavík og allar póstafgreiðslur gefa út og borga út póstávísanir.

Undir póstávísanir má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út, og eru þau til sölu á pósthúsunum á 1 eyri hvert, og 20 aura hver 25 eintök. Á brjefhirðingastöðum er þó eigi hægt að fá keypt nema eitt og eitt eyðublað í einu, nema þau sjeu pöntuð fyrir fram. Eyðublaðið skal útfylla með bleki (þó má nafn og heimili viðtakanda vera prentað) og skal það gjört nákvæmlega eftir því, sem það sjálft gefur leiðbeining um.

Nafn viðtakanda og heimili og pósthús það, sem á að borga ávísunina, verður að vera greinilega tiltekið á henni; upphæðin á að vera í innlendum peningum og skrifuð bæði með tölum og bókstöfum, er sje nákvæmlega sam-

hljóða og komi heim við upphæðina á afklippingi eyðublaðsins. Engar útstrikanir eða leiðrjettingar mega eiga sjer stað að því, er upphæðina snertir. 47 7. mars

Með því að skrifa »poste restante« eða »verður sótt« utan á póstávísunina hjá pósthúsnafninu, getur sendandi ráðið því, að ávísunin sje geymd á pósthúsinu, þangað til hún er sótt, þó ekki yfir mánuð frá því hún kom þangað.

Sendandi getur einnig, með því að skrifa athugasemd um það á póstávísunina, krafist þess, að móttökukvittun sje gefin út, til þess að fá viðurkenning viðtakanda fyrir því, að hann hafi tekið á móti upphæðinni.

Afklippinginn má klippa frá og afhenda viðtakanda; sendandi getur skrifað á hann eða prentað á hann orðsendingar og fest á hann prentaðan miða, sem þó eigi má vera stærri en afklippingurinn, enda verður að falla alveg saman við hann, svo meðferð póstávísunarinnar verði engu erfiðari. Það er eigi skylda að skrifa upphæðina á afklippinginn, en sje það gjört, verður hún að vera samhljóða við upphæð ávísunarinnar, það er heldur eigi skylda að skrifa nafn og heimili sendanda á afklippinginn, en það er ráðlegt, til þess að geta fengið ávísunina endursenda, ef hún kemst eigi til skila.

Símapóstávísanir má senda milli sömu pósthúsa og aðrar póstávísanir.

Pósthús það, sem tekur á móti símapóstávísun, skal fyrir venjulega borgun útbúa hana að öllu leyti fyrir sendanda, og nota til þess eyðublöð, sem til þess eru ætluð. Sendandi verður skriflega eða munnlega að skýra nákvæmlega frá nafni viðtakanda, stöðu og heimili, upphæð ávísunarinnar og nafninu á pósthúsi því, sem á að borga hana.

Þegar símapóstávísunin er skrifuð og frímerkt, skal leggja hana í umslag og loka því með innsigli póstafgreiðslunnar, og skrifa utan á til símastöðvarinnar þar á staðnum eða þeirrar, sem sendandi óskar, en hann flytur umslagið til símastöðvarinnar og greiðir símagjaldið, sem er 2 kr. án tillits til orðafjölda.

Símastöð, sem tekur á móti símapóstávísun, getur afhent símskeytið næsta pósthúsi, og eigi það að fara lengra, skal pósthúsið senda það ákvörðunarpósthúsinu, eins og þjónustusending, sem mælt er með.

9. gr.

Póstkröfur.

Póstkröfur eru kröfur um innheimta á peningaupphæð alt að 720 kr., sem póststjórnin annast. Innheimtu á póstkröfum hefir póststofan í Reykjavík og póstafgreiðslur allar, en þær verða að koma frá öðru pósthúsi en því, sem annast innheimtuna. Póstkröfur verða því að ganga í gegnum tvö pósthús.

Póstkröfur mega fylgja almennum brjefum, meðmælingarbrjefum, peningabrjefum og bögglum, og má þá eigi afhenda muni þessa, nema að upphæð póstkröfunnar sje að fullu borguð.

Póstkröfur má einnig innheimta þó engin sending fylgi, aðeins samkvæmt póstkröfublaði.

Póstkröfur er eigi hægt að legga á fylgibrjef, nema bögglarnir fylgi.

47 Póststjórnin gefur út eyðublöð undir póstkröfur, sem verða til sölu á
7. mars póstafgreiðslustöðum á 1 eyrir hvert og 20 aura hver 25 eintök.

Póstkröfur má afhenda á póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum öllum. Eigi má nota undir þau önnur eyðublöð, en þau sem póststjórnin gefur út.

Finnist póstkröfusending í póstbrjefakassa, og sje hún löglega útbúin, má afgreiða hana sem slíka, en póststjórnin hefir enga ábyrgð á, þótt henni sje eigi veitt eftirtekt.

Hafi brjefhirðing tekið á móti póstkröfusendingu, sem eigi er löglega útbúin af hálfu sendanda, má gjöra hana afturreka.

Nafn viðtakanda og heimili og pósthús það, sem á innheimta póstkröfuna, verður að vera greinilega tiltekið á henni; upphæðin á að vera í innlendum peningum og skrifuð bæði með tölum og bókstöfum, er sje nákvæmlega samhljóða og komi heim við upphæðina á afklippingi eyðublaðsins.

Engar útstrikanir eða leiðrjettingar mega eiga sjer stað að því er upphæðina snertir.

Auk þess skal standa á henni nafn sendanda og heimili, eftir því sem eyðublaðið segir til, annaðhvort prentað eða skrifað. Afklippinginn á fremri helming eyðublaðsins má sendandi nota, eins og hann sjálfur gefur leiðbeining um, og má klippa hann frá þegar upphæðin er útborguð. Póstkröfur skulu innleystar innan hálfsmánaðar frá því þær komu á ákvörðunarpósthúsið; þó getur sendandi ákveðið sjerstakan frest fyrir borguninni, alt að 30 dögum, en eyðublaðið verður þá að hafa greinilega áteiknun um það.

Á póstkröfueyðublaðið má skrifa »poste restante« eða »verður sótt« og skal þá geyma póstkröfuna í mánuð, áður en hún er endursend. Þegar póstkrafa fylgir sendingu, má eigi nota þann dálk eyðublaðsins, sem ætlaður er fyrir frímerki, heldur aðeins þegar póstkrafan fylgir eyðublaðinu einu. Aftari helming eyðublaðsins skal ætið klippa frá og afhenda viðtakanda, þegar póstkrafan er borguð. Sendandi má nota aftari helminginn alveg eins og afklipping á póstávísun.

Sendingar, sem póstkröfur hvíla á, skulu vera útbúnar eftir venjulegum reglum, og auk þess verður að skrifa á þær, að póstkrafa hvíli á þeim og upphæð póstkröfunnar. Engar útstrikanir eða leiðrjettingar mega eiga sjer stað, að því er upphæðina snertir. Áteiknun þessi skal, þegar um böggla er að ræða, skrifuð bæði á fylgibrjefið og böggulinn, við hliðina á utanáskriftinni.

10. gr.

Hlutir, sem eigi má flytja með pósti.

Hvaða hlutir það eru, sem bannað er að breiða út og sem að ytra áliti bera með sjer eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi, er komið undir hinum gildandi lögum, en hverjir hinir aðrir hlutir eru, sem samkvæmt 5. gr. póstlaganna eigi má flytja með pósti, verður oft að vera komið undir áliti og sjerstökum atvikum. Hjer skulu tilfærð nokkur dæmi upp á hluti, sem hætta er búin af að flytja.

Sprenghættir hlutir: Púður, skotbaðmull, nitroglycerin, dynamit, hvellsilfur og þess konar, og allir hlutir, sem þessi efni eru í, eins og skothylki, hvellhettur, efni til flugelda, hlaðin skotvopn o. fl. 47 7. mars

Eldfimir hlutir: Fosfór, nafta, steinolía, eter klórsúr sölt og slíkt, enn fremur allir þeir hlutir og samsetningar, sem þessi efni eru í, eins og eldspítur, bensín, ljósvökvi o. fl.

Etandi hlutir: Saltsýra, Saltpjeturssýra, skeiðvatn, brennisteinssýra, vitriololía og þess konar.

Lifandi dýr má eigi flytja með póstum.

Póstþjónar geta krafist þess, að sendandi gefi skriflega skýrslu um innihald sendingar og opni hana, ef ástæða þykir til, svo að sannað verði, að engin hætta sje búin af að flytja hana. Neiti sendandi þessu, er pósthúsínu heimilt að færast undan að taka sendinguna til flutnings.

Hafi hlutir þeir, sem eigi má flytja með póstum, verið teknir til flutnings, getur póststjórnin krafist þess, að sendandi sæki þá þegar í stað, ef eigi ber nauðsyn til að eyða þeim þá þegar. Verði sendandi eigi fundinn, eða leiði hann hjá sjer að verða við áskorun póststjórnarinnar um að sækja hlutina, skal annaðhvort selja þá eða eyða þeim. Þegar svo er ástatt, er sendandi skyldur til að greiða fullt burðargjald fyrir sendinguna að svo miklu leyti, sem andvirði það, sem fæst fyrir hlutina við söluna, eigi hrekkur til.

Ákvæði um burðargjald og aðrar póstgreiðslur.

11. gr.

Burðargjald fyrir utansveitar og utanbæjarsendingar.

Burðargjald fyrir sendingar þær, sem fara um fleiri en eitt pósthús, er ákveðið í 11. gr. póstlaganna og sama burðargjald gildir fyrir brjefasendingar, sem settar eru í brjefakassa á skipum og vögnum.

12. gr.

Burðargjald fyrir innansveitar og innanbæjarsendingar.

Það eru sendingar, sem látnar eru á pósthús, til þess að þeim verði skilað þar móttökumönnum, sem eiga heima í sjálfu umdæmi þess pósthúss og sem sækja þangað.

Burðargjaldið fyrir þær er sem hjer segir:

Brjefasendingar:

a. almenn brjef, alt að 250 grömm á þyngd, þegar borgað er undir fyrir fram . . . . . 4 aurar
óborgað brjef . . . . , ... 8 —

47 b. spjaldbrjef . . . . . 3 aurar
7. marz spjaldbrjef með borguðu svari . . . . . 6 —
c. prentað mál og sýnishorn af vöru alt að 250 grömm . . 3 —

Ábyrgðargjald fyrir sendingar þær, sem nefndar eru undir a., b. og c. er 15 aurar.

Peningabrjef:

Burðargjald . . . . . 4 aurar

Ábyrgðargjald og gjald fyrir talning, eins og segir í 11. gr. í póstlögunum.

Bögglar:

5 aurar fyrir hvern böggul og að auki 5 aurar fyrir hvert $^1/_2$ kilógramm, sem böggullinn vegur. Undir rúmfreka böggla skal borga 50% meira.

Ábyrgðargjald og gjald fyrir talningu er hið sama og fyrir peningabrjef.

Fyrir fylgibrjef borgast ekkert sjerstaklega, en undir þau skal nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

Fyrir sama burðargjald er í Reykjavík borið til móttakanda almenn brjef og fylgibrjef, en tilkynningar um krossbandssendingar, ábyrgðarbrjef og peningabrjef.

Að öðru leyti skulu reglur þær, sem póstlögin og reglugjörð þessi setja, einnig gilda um sendingar þessar, þar sem eigi er annars getið.

13. gr.

Reglur um notkun á aukaburðargjaldi.

Aukaburðargjald það, sem 11. gr. í póstlögunum síðasta lið tiltekur, um peningabrjef og böggla, skal tekið:

Þegar munir þessir eru endursendir, af því að þeim verður ekki komið til skila.

Þegar þeir endursendast eða sendast lengri veg, af því að sendandi óskar þess, áður en þeir eru afhentir móttakanda.

Þegar þeir eru sendir lengri veg, af því að hlutaðeigendur á hinum fyrsta ákvörðunarstað óska þess, og bæta við utanáskriftina nafni á öðru pósthúsi.

Þegar þeir, eftir að vera endursendir og áður en þeir eru fengnir sendanda í hendur, eru sendir að nýju samkvæmt ósk hans.

Aukaburðargjald legst á peningabrjef og böggla, þegar breytingin á utanáskriftinni er einungis í því fólgin, að annað pósthús er gjört að ákvörðunarstað, aftur á móti er eigi hægt að senda böggla og peningabrjef lengri veg með aukaburðargjaldi, þegar breytt er um móttakanda.

Aukaburðargjald skal heimta í hvert skifti, sem böggull eða peningabrjef er endursent eða sent lengri veg.

Brjefasendingar, sem endursendast eða afgreiðast til annars staðar, eru eigi aukaburðagjaldi undirorpnar. Til þess að geta notið þessara hlunninda,

verður að skila sendingum þessum aftur á hlutaðeigandi pósthús, hafi þær verið afhentar, en það má ekki kasta þeim í póstbrjefakassa, og sje það gjört, skal skoða þær sem settar á pósthús að nýju. 47 7. mars

Þegar brjefasendingar, peningabrjef og bögglar eru afgreiddir á ný, og fara yfir svæði þar sem hærra burðargjald skal taka en á því svæði, sem sendingunni upphafiega var ætlað að fara um, skal telja burðargjaldið, jafnt mismuninum þar á milli og því bætt við aukaburðargjaldið, ef sendingin er þess eðlis (peningabrjef eða böggull) að það á að leggjast á hana. Þessari reglu skal beitt þannig, að þegar borgað hefir verið undir sendinguna að fullu fyrirfram fyrir það svæði, sem hún upphaflega átti að fara um, skal heimta mismuninn á milli þess burðargjalds, sem þegar hefir verið borgað og þess burðargjalds, sem á að borga fyrir fyririrframborgaðar sendingar frá móttökupósthúsinu til hins nýja pósthúss, sem hún síðar er send til. Hafi sendingin upprunalega verið send óborguð eða ónóg borguð, þá skal heimta burðargjaldið, eins og fyrir óborgaðar sendingar milli þessara staða, auðvitað að frádregnu andvirði þeirra frímerkja, sem notuð hafa verið.

Bæði þetta burðargjald og aukaburðargjaldið, þegar sendingin er send á nýjan ákvörðunarstað, skal heimtað af móttakanda, hafi það ekki verið borgað fyrirfram af þeim, sem óskaði að sendingin væri afgreidd á annan stað. Burðargjald þetta skal þó gefið upp, þegar um ábyrgðarbrjef er að ræða.

13. gr.

Borgun á burðargjaldi.

Sendingar þær, sem samkvæmt 12. gr. póstlaganna skal borgað undir fyrirfram, má eigi taka til flutnings með póstum, nema það sje gjört. Hafi slíkar sendingar komist í hendur póststjórnarinnar, skal með þær farið sem sendingar, sem eigi hafa komist til skila (21. gr.).

Hafi sending verið afhent á einhverju pósthúsi og hún er eigi nægilega frímerkt, af því að póstþjónn sá, sem tekið hefir á móti henni, hefir reiknað burðargjaldið skakt, þá má eigi heimta það, er á vantar, af móttakanda.

Ákvæðið í 12. gr. póstlaganna um að brjef, sem eitthvað er ritað utaná, svo að móttakandi geti ályktað af því, hvað þau hafa að innihalda, skuli borga undir fyrirfram, skal beitt þannig, að sjerhver áteiknun, fram yfir kveðjuna, nafn sendanda, stöðu og bústað, skal álitið ritað, svo að móttakandi geti ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Skyldan til að borga eftirá ógoldna póstpeninga, er getur um í 12. gr. póstlaganna síðasta lið, hvílir á öllum öðrum en konungi og konungsættingjum stjórnarvöldum og sveitastjórnum þeim, sem getur um í 1. og 8. gr. í reglugjörð um meðferð á sendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitarstjórnum.

Skylda þessi kemur til greina, þegar sendingin hefir eigi komist til skila og er endursend óskemd að utanverðu, og sendanda er gefinn kostur á að taka við henni aftur.

47 7. mars

Hann getur ekki komist hjá borgunarskyldunni með því að breyta um utanáskrift á sendingunni, og póststjórnin er heldur ekki skyldug til að selja sendinguna, til að taka borgunina af andvirðinu.

15. gr.

Frímerki.

Fyrir flutning með póstum á munum þeim, sem ræðir um í þessum kafla, er einungis hægt að borga fyrirfram með frímerkjum eða spjaldbrjefum, sem póststjórnin gefur út, en eigi með dönskum eða útlendum frímerkjum.

Allar aðrar póstgreiðslur, sem 11. gr. í póstlögunum ræðir um, nema vanborgað burðargjald, skal borga í peningum. Hin gildandi frímerki eiga að vera til sölu á póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum öllum, bæði einstök og í hundruðum.

Á brjefhirðingastöðum eiga að vera til sölu að minsta kosti 3, 4 og 5 aura frímerki; brjefhirðingamenn eru og skyldir til, þegar þess er krafist og borgað er fyrirfram, að útvega með fyrsta pósti frímerki þau, sem þeir hafa ekki til, annaðhvort hjá póststofunni eða póstafgreiðslustað.

Það, sem goldið hefir verið fyrir frímerki, borgar póststjórnin ekki aftur gegn því, að frímerkjunum sje skilað aftur; en ef frímerkin hafa ekki verið notuð og þau eru ósködduð og alveg hrein, má heimta, að höfð sjeu skifti á þeim og öðrum frímerkjum, sem hafa sama verð. Fyrir slík skifti skal borga 5% af verði frímerkjanna; brot úr eyri telst sem heill eyrir.

Frímerki verða ekki tekin gild, ef þau eru óhrein eða líta út, eins og þau hafi verið brúkuð.

Sá, sem vill fá skift óbrúkuðum en óhreinum eða skemdum frímerkjum, verður að sækja um það til póststjórnarinnar.

Frímerki má klippa út úr spjaldbrjefum og nota eins og önnur frímerki, sömuleiðis má líma frímerki á spjaldbrjef, til þess að borga undir þau meira, en þau upphaflega hafa verið gefin út fyrir.

Póststjórnin greiðir ekkert endurgjald fyrir frímerki, sem um of eru límd á sendingu, en verði því viðkomið, skal eigi ónýta þau.

Frímerki skal setja á brjefasendingar að framanverðu (utanáskriftarmegin) í efra hornið hægra megin; samt verða þau frímerki tekin gild, sem sett eru annarsstaðar á sendingarnar að framanverðu. Einstöku sinnum má þó breyta út af þessu, ef rúm vantar á framhliðina, og taka einnig gild frímerki, sem límd eru á bakhlið sendingarinnar, þegar póstafgreiðslumaður sá, sem sendir hana á stað, tekur eftir þeim, þó eigi, sjeu þau límd á afklippinga á póstávísunum eða línur þær, sem póstmenn eiga að skrifa í, og sama gildir um póstkröfueyðublöðin; auk þess skal það sjerstaklega athugað, að frímerki má alls ekki líma á póst-kröfueyðublöð þegar sending fylgir þeim, heldur á sendinguna eftir venjulegum reglum, sbr. 9. gr.

Póstmenn skulu segja almenningi til um notkun frímerkjanna og um það, hvernig þeim skuli koma fyrir, en eigi eru þeir skyldir til að líma frímerki á sendinguna fyrir þá, sem senda. 47 7. mars

16. gr.

Ýmsar póstgreiðslur.

Póstkvittanir.

Pósthúsin fá eyðublöð undir þær og fylla þau út nákvæmlega eins og þau sjálf gefa leiðbeining um. Samkvæmt því á að taka fram á kvittuninni nafn móttakanda og ákvörðunarstað, tegund sendingarinnar og verðið, ef um verðsending er að ræða, viktina (þó aðeins á bögglum og peningabrjefum), hvort í peningasending hafi verið talið, verð álímdra frímerkja, það sem borgað er í peningum, og daginn, sem kvittunin er útgefin. Auk þess skal tilfæra nafn sendandanda á kvittunina, ef hann óskar þess.

Sje óskað eftir kvittun í póstkvittanabækur, sem 15. gr. póstlaganna getur um að póststjórnin fyrirskipi, á sendandi að skrifa í dálkana fyrir hverja einstaka sendingu, eins og leiðarvísir í bókunum sjálfir mælir fyrir, þannig að á upphæðinni sjeu engar breytingar gjörðar.

Hafi þetta eigi verið gjört, skal póstþjónn sá, er veitir sendingunni móttöku, bæta úr því, sem á vantar, og má þá heimta venjulegt póstkvittunargjald fyrir hverja sendingu, nema sendandi vilji gjöra það sjálfur. Póstkvittanabækur gegnumdregnar og innsiglaðar eiga að vera til sölu á póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum.

Brjefhirðar eiga að útvega þessar bækur frá næstu póstafgreiðslu, ef þess er óskað.

Póstkvittanabækur, sem gefnar eru út af einstökum mönnum eða í útlöndum, verða eigi teknar gildar.

Pósthúsin eru skyld til að gefa póstkvittanir á eyðublöð þau, sem til þess eru ætluð, gegn því, að gjald það, sem ákveðið er í 15. gr. póstlaganna, sje borgað fyrirfram. Þau eru og skyld til að gefa út fleiri samrit af kvittunum þessum sje þess óskað, gegn ákveðinni borgun fyrir hvert.

Póstkvittanir má heimta fyrir sendingar, sem hafa verið afhentar áður, en þá verður sendandi að gefa fullnægjandi upplýsingar um sendinguna og utanáskriftina, og um það, hvenær sendingin var afhent til flutnings.

Pósthúsin geta gefið kvittanir fyrir fleiru, svo sem frímerkjakaupum og öðru gegn 5 aura gjaldi fyrir hverja.

Ýmislegt, sem pósthúsin gjöra til þess að sendingar, sem afhentar eru til flutnings með póstum, verði svo útbúnar, sem fyrirskipað er.

Til þess má einkum telja það, sem hjer segir:

að skrifa utan á póstsendingar að nokkru eða öllu leyti,

47 7. marz *að* leggja til lakk, sem þarf, til þess að setja á böggla og peningabrjef fyrirskipuð innsigli,

að slá utanum peningabrjef og skal þarmeð talið að skrifa utan á það og setja lökkin fyrir, en umslag borgar sendandi þar að auki, ef hann ekki leggur það til sjálfur.

Þetta, sem hjer er talið, skulu póstþjónar því að eins gjöra, að sendandi óski þess.

Borgunin skal talin fyrir hverja sendingu (sbr. póstlög 15. gr.) og skal greidd fyrirfram í peningum, en má þó heimta eftir á af móttakanda fyrir sendingar þær, sem finnast í brjefakössum eða sem þurfa lagfæringar við á leiðinni. Breyting sú á utanáskriftinni, sem verður nauðsynleg, þegar sending skal senda lengra, skal gjörð ókeypis.

Útburður brjefa með hraðboða.

Frá póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum er hægt að fá brjef borin til móttakanda með hraðboða, ef eigi þarf yfir vötn að fara, gegn 30 aura gjaldi fyrir hvern kílómetra frá pósthúsinu að telja.

Borgunin gengur til þess pósthúss, sem sendir hraðboðann. Borgun þessa má greiða í frímerkjum. Þegar pósthús, sem tekur við hraðboðabrjefi, getur ekki ákveðið upphæðina, má það heimta trygging af sendanda fyrir greiðslu hennar.

Ýmislegt annað, er pósthúsin geta tekið að sjer að gjöra.

Má þar á meðal telja:

að búa um böggla og leggja til efni i umbúðirnar;

að breyta böggulsendingum í krossbandssendingar;

að leggja mönnum til box og raða póstsendingum í þau;

að setja póstsendingar í sjerstakar töskur, sem hlutaðeigandi leggur til, og taka þær úr þeim og geyma lykil að töskunum;

að senda brjef til móttakanda á kostnað hans;

að lána frímerki, óborgað burðargjald á sendingum og aðrar próstgreiðslur og halda reikning yfir það.

Borgun fyrir þessi störf og hin nánari skilyrði fyrir framkvæmd þeirra, er komin undir samningum milli pósthússins og hlutaðeigenda.

Meðferð þeirra póstsendinga, sem taldar eru í þessum kafla, meðan þær eru í vörzlum póststjórnarinnar.

17. gr.

Hvernig póstsendingum skal koma á póst.

Brjefasendingar.

Munum þeim, sem teljast undir laus brjef, má koma á póst með því, að afhenda þá á pósthús og setja þá i póstbrjefakassa.

Frá þessari reglu eru þó tvær undantekningar. 47

1. Brjefasendingar, sem hafa verið afhentar, en síðar eiga annaðhvort að endursendast eða afgreiðast á annan stað, skal afhenda á pósthúsum, til þess að þær verði fluttar ókeypis. Finnist slíkar sendingar í póstbrjefakassa, skal með þær farið, eins og þær hafi verið sendar með pósti að nýju (13. gr.). 7. mars
2. Endurrit gjörð með hektógraf, trýpógraf og á líkan hátt, skal afhenda á pósthúsum í 20 samhljóða eintökum í einu minst, til þess að þau verði flutt sem prentað mál (5. gr.).

Brjefasendingar, sem á að flytja með ábyrgð eða bera út með hraðboða, skal afhenda á pósthúsi á löglegan hátt. Finnist brjefasendingar í póstbrjefakössum með meðmælingaráteiknun, án þoss að vera með nógum frímerkjum, skal eigi taka neitt tillit til áteiknunarinnar, heldur skal með þær farið sem almenn brjef laus; sjeu brjef þessi nægilega frímerkt, verður farið með þau sem ábyrgðarbrjef, ef þeim er veitt eftirtekt, annars leggst engin ábyrgð á póststjórnina, þótt þær verði fluttar, eins og almenn brjef.

Brjef með hraðboðaáteiknun (express), sem finnast í póstbrjefakössum, skal farið með sem almenn brjef, ef þau eru eigi nægilega frímerkt, til að borga lægsta stig af hraðboðagjaldi, 30 aura.

Annars skal senda það sem hraðboðabrjef til ákvörðunarpósthússins, sem sker úr, hvort brjefið sje nægilega frímerkt, til þess það sje flutt með hraðboða, og sje það ekki, skal með það farið sem alment brjef.

Peningabrjef og bögglar.

Þessar sendingar skal ætíð afhenda á pósthúsi. Með gangandi póstum verður eigi, með ábyrgð fyrir póstsjóð, fluttar peningasendingar yfir 500 kr. virði, og eigi bögglar yfir 1 kilógramm.

Finnist peningabrjef í póstbrjefakassa og sje í því ástandi, að það verði flutt með póstum, skal með það farið sem peningabrjef. Sje því að einhverju leyti ábótavant, t. d. að utanáskrift og innsiglun, skulu póstþjónar bæta úr því, en borgun fyrir það skal heimta af móttakanda. Póststjórnin ábyrgist ekki, að sendingar, sem eru þannig ólöglega afgreiddar af sendanda, verði fluttar með póstum eftir sömu reglum og peningabrjef.

Finnist smábögglar í póstbrjefakössum nægilega frímerktir, skal flytja þá sem böggulsendingar, og að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og fyr er sagt um peningabrjef. Sjeu þeir aftur á móti annaðhvort ófrímerktir eða ónóg frímerktir, skulu þeir eigi fluttir með pósti, heldur farið með þá eins og sendingar, sem eigi verður komið til skila.

Hafi bögglar verið ranglega afgreiddir sem brjef, skal það pósthús, sem fyrst tekur þá til meðferðar sem böggla, gefa út fylgibrjef o. s. frv., en móttakandi borgar.

Hið sama gildir um ábyrgð póstsjóðs á bögglum, sem komast í hendur

47 póststjórnarinnar á þennan hátt, eins og segir um peningabrjef, sem finnast í
7. mars póstkössum.

Hvenær peningabrjef og bögglar skulu afhentir, skal skírskotað til þess sem segir í I. kafla.

Í 6. og 7. gr. í þessum kafla er það tekið fram, hvernig bögglar og peningabrjef skulu úr garði gjörð, til þess að þau verði flutt með pósti; þar er þess og getið, að böggla megi flytja á ábyrgð sendanda, þótt eigi fullnægi þeir settum skilyrðum; það gildir þó eigi um peningasendingar.

Því skal hjer bætt við, að þótt brjefhirðingarstaður hafi tekið við peningabrjefi eða böggli, þá getur póststofan í Reykjavík eða póstafgreiðslur gjört hvorttveggja afturreka, sje það eigi afgreitt af sendanda hálfu, svo sem fyrirskipað er.

Talning sú á innihaldi í peningabrjefum og verðbögglum, sem 11. gr. b. og c. í póstlögunum ræðir um, verður því að eins heimtuð, að innihaldið sje í dönskum eða íslenzkum peningum eða peningaígildi o. fl. og sendandi hafi tilfært fulla upphæð innihaldsins á peningabrjefið eða böggulinn og fylgibrjefið. Hafi sendingin inni að halda útlenda peninga, og peningaígildi eða verðbrjef, sem hljóða á útlenda peninga, eru póstþjónar eigi skyldugir að telja, en mega gjöra það, ef þeir geta dæmt um, að hið tilgreinda verð sje samhljóða innihaldinu.

Hvernig verðið skuli tilfært, þegar svo stendur á, skal skírskotað til þess, sem sagt er í 6. og 7. gr. í þessum kafla.

Sá, sem heimtar talið í peningabrjefi eða böggli, þegar hann afhendir það, getur heimtað, að talningin fari fram á þann hátt, að hann geti sjeð alt, sem gjört er við sendinguna, þó getur enginn heimtað, að honum sje hleypt inn í sjálft afgreiðsluherbergið eða inn fyrir disk í því.

Póstávísunum verður að skila á póststofunni í Reykjavík eða póstafgreiðslustað, og verða þær alls eigi fluttar með póstum, þegar þær finnast í póst brjefakassa. Hvenær póstávísunum skal skilað, vísast til þess, sem sagt er í 2. gr., en í 8. gr. er sagt, hvernig þær skuli úr garði gjörðar.

Í 9. gr. er skýrt frá, hvernig póstkröfum skal koma á póst.

Allar sendingar, sem taldar eru í þessum kafla, skulu, sje þeim skilað á pósthúsi, afhentar í herbergi því, sem sjerstaklega er ætlað til afgreiðslunnar, í hendur einhvers póstþjóna þeirra, sem viðstaddir eru. Sje beðið um kvittun fyrir sending, sem afhent er á póst, má sendandi krefjast þess, að honum sje gefin upplýsing um heimild póstþjónsins til að undirskrifa kvittunina. Krefjist sendandi eigi póstkvittunar fyrir sending, sem kvittun má gefa fyrir, skal skrifa sendinguna í dagbókina, þegar hann óskar þess, að honum ásjáandi, verði því við komið.

18. gr.

Hvernig póstsendingum skal leiðbeint.

Póstsendingar skal flytja frá þeim stað, þar sem þeim er skilað til flutnings, með fyrsta pósti (á landi eða sjó), sem hægt er, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um það, hvenær þeim skuli skilað í síðasta lagi og hvenær póst-

brjefakassar eru tæmdir og eftir því, hverskonar sendingar má senda með þeim pósti. 47 7. mars

Þegar nefndur er fyrsti póstur, skal taka tillit til þess, með hvaða pósti sendingar koma fyrst til pósthúss þess, sem þær eiga að fara til.

Hið sama gildir venjulega einnig um sendingar, sem koma frá öðrum pósthúsum, að þær eiga að fara með fyrsta pósti eða sama pósti áleiðis.

Útaf þessum reglum verður þó að bregða um sumar tegundir sendinga, þegar ísár eru og ófærð á vetrum (3. gr.).

Póstsendingar skal flytja þá leið, sem póststjórnin leggur pósthúsunum fyrir, nema því að eins að sá, sem sendir, riti á sendinguna, að hún skuli fara aðra leið, og skal þá þessu fylgt, svo sem unt er.

Ófrímerktir bögglar og bögglar, sem eigi eru nægilega frímerktir, til að sendast með landpósti, verða fluttir með póstskipum á næsta viðkomustað við heimili móttakanda, en ekkert með landpóstum, nema á fylgibrjefinu og bögglinum standi: *landveg* (7. gr.).

19. gr.

Breytingar á því, sem sendandi hefir ákveðið um flutning póstsendinga.

Meðan sending, sem skilað er til flutnings, er í vörslum póststjórnarinnar, getur sendandi gjört breytingar á því, sem hann hefir áður ákveðið um hana. Hann getur fengið sendinguna aftur, eða látið flytja hana á annan stað og til annars manns, en tiltekið var í upphafi, ef þessu verður við komið, án þess það verði afgreiðslu póstsins til fyrirstöðu og hann geti helgað sjer sendinguna.

Pósthúsið getur þar að auki heimtað kvittun fyrir því, að sendingunni sje skilað aftur, nema því að eins, að þess þurfi eigi við fyrir þá sök, að kvittun þeirri, sem póststjórnin hefir áður gefið, verði skilað aftur.

Ef sendingunni er skilað aftur, áður en hún er komin á stað frá pósthúsi því, þar sem hún var afhent, skal aðeins endurgoldið það, sem borgað var fyrir frímerki, og því að eins að ekki sje búið að setja frímerki á sendinguna fyrir sama verð. Frímerki, sem búið er að líma á, en eigi þegar eru ónýtt, skal ekki ónýta, þegar sendingunni er skilað aftur. Þegar það annars kemur fyrir, að sendingu sje skilað aftur, skal sá, sem sendir, greiða fult burðargjald.

20. gr.

Afhending póstsendinga til móttökumanna.

Sendingar þær, sem póststjórnin hefir tekið til ráðstöfunar, skal hún láta flytja til þess pósthúss, sem vísað er til, og skal skila þeim móttökumanni eða umboðsmanni hans. Póstmenn mega afhenda póstsendingar á öðru pósthúsi en á ákvörðunarpósthúsinu, samkvæmt ósk móttökumanns eða umboðsmanns hans.

Sömuleiðis mega þeir láta bera sendingar heim til móttökumanna, og afhenda þær eða leggja ábyrgðarlausar sendingar niður í brjefakassa á bústað hans.

47 Hverjum skal skila póstsendingum.

7. mars Yfir höfuð skal skila póstsendingum eftir því, sem utanáskriftin segir til. Þó má skila þeim öðrum samkvæmt 24. gr. póstlaganna, og skal ætíð gjört, þegar dómsúrskurður leggur svo fyrir. Að öðru leyti gildir það, sem hjer segir um afhending póstsendinga.

Ef vísað er á sendingunni til fleiri, má skila henni hverjum þeirra, sem vera skal.

Sendingar, sem eftir utanáskriftinni vísa til fjelaga, stofnana, stjórna, embætta o. s. frv., skal afhenda aðalforstöðumanni, nema hann gagnvart póststjórninni hafi óskað annars.

Sje enginn aðalforstöðumaður en fleiri jafnir, má afhenda sendingarnar hverjum þeirra sem vera skal, nema að annars hafi verið krafist.

Almennar »poste restante« brjefasendingar, þar sem utanáskriftin er að eins bókstafir, tölur eða merki, má afhenda þeim, sem getur sagt nákvæmlega um merki sendingarinnar og hvaðan hún hefir verið send. Sje það efasamt til hvers sendingin á að fara, af því að fleiri eru með sama nafni, má hlutaðeigandi pósthús láta einhvern af þeim, sem haldið er að vísað sje til, opna sendinguna í viðurvist póstþjóns, til þess að reyna af staðsetningu, dagsetningu eða undirskrift að fá vissu fyrir, hver sje rjettur móttakandi.

Ef póstmaður þekkir eigi móttakanda, getur hann krafist þess, að hann færi sönnur á það með vottorði áreiðanlegs manns, sem póstþjónninn þekkir, annaðhvort munnlega eða skriflega, að hann sje hinn rjetti móttakandi, en póstmenn mega láta sjer nægja að hlutaðeigandi sýni brjef eða nafnmiða, sem beri með sjer, að hann sje sá, er hann segir eða færi líkur að því á annan hátt.

1. Póststjórnin er ekki skyld að skila ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og böggulsendingum fyr en hún hefir fengið kvittun hins rjetta móttökumanns eða umboðsmanns hans.

   Kvittun þessa má heimta annaðhvort með því móti, að móttökumaður riti nafn sitt með bleki í bækur póststjórnarinnar á þeim stað, sem til þess er ætlaður, eða þannig að móttökumaður sjálfur gefi lausa kvittun.

   Ef ekki er skrifað undir í augsýn þess póstmanns, er lætur sendinguna af hendi, má heimta, að tveir vitundarvottar staðfesti undirskriftina.

   Þegar móttakandi krefst þess, er póstmaður sá, er afhendir póstsendingu, skyldur til að vera viðstaddur, meðan verið er að rannsaka hið ytra ásigkomulag sendingarinnar. Sjeu umbúðirnar skaddaðar eða beri þær þess merki, að innihaldið hafi skaddast, getur móttakandi krafist þess, að póstmaður sje viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gjörast á sjálfu pósthúsinu. Sjáist engar skemdir á sendingunni, má póstmaður eigi vera við, þegar hún er opnuð og innihaldið rannsakað.

   Þegar talið hefir verið í peningasending af póstmanni, getur móttakandi þó heimtað, að póstþjónn sá, sem afhendir sendinguna, sje viðstaddur, meðan talið er í henni, sem skal gjört á sjálfu pósthúsinu.

2. Póstávísanir skal afhenda móttakanda sjálfum eða koma til hans tilkynning um þær. 47 7. mars

Póstávísanir geta menn fengið útborgaðar á póststofunni í Reykjavík og öllum póstafgreiðslustöðum, þó eigi á þeim tíma, þegar verið er að taka á móti pósti eða afgreiða pósta.

Útborgun má þó því að eins fara fram, að móttakandi skili aftur póstávísunareyðublaðinu með löglegri kvittun, sem skal skrifuð með bleki á bakhlið ávísunarinnar. Póstávísanir má ekki framselja öðrum og póstmaður sá, sem borgar út póstávísun, getur heimtað, að sannað sje, að kvittunin sje gefin af rjettum manni.

Upphæðir póstávísana skulu sóttar svo fljótt, sem því verður viðkomið, og í síðasta lagi innan mánaðar frá því, að þær komu á ákvörðunarpóshúsið. Hafi móttakandi ekki innan þess tíma sótt peningana, þótt á hann hafi verið skorað, skal endurborga sendanda ávísunina.

Póstávísanir með áituðu »poste restante« skal endursenda, eins og þeim hafi eigi orðið skilað, ef upphæð þeirra er eigi sótt innan mánaðar frá því þær komu á pósthúsið. Hafi móttakandi glatað póstávísun, verður hann að biðja pósthús það, þar sem hún var innborguð, að gefa út eftirrit af þeirri upprunalegu póstávisun, sem skal flutt með póstum án kostnaðar fyrir sendanda eða móttakanda.

Hafi viðtakandi glatað símapóstávísun, getur hann fengið eftirrit af henni hjá símastöðinni, ef útborgunarpósthúsið biður um það skriflega og setur innsigli sitt undir.

Póstávísun má ekki útborga hafi frímerki verið rifin af henni, nema viðtakandi skili þeim aftur ásamt ávísuninni, eða límí á hana íslensk frímerki jafnmikils virði og þau, sem hafa verið tekin af henni.

Ef aðkomin póstávísun ber þess merki, að frímerki hafi dottið af henni eða verið rifið af, má ekki afhenda viðtakanda ávísunina fyr en hlutaðeigandi póstmaður hefir skrifað á hana: »Hingað komin með vantandi frímerki«, og sett nafn sitt og póststimpilinn undir.

3. Áður en upphæð póstkröfu er borguð, má sending sú, sem fylgir henni, alls eigi afhendast, og viðtakandi má ekki opna hana nje á neinn hátt fá að vita, hvað í henni er. Póstkröfueyðublaðið má sýna viðtakanda, hvort sem sending fylgir eða ekki, svo að hann geti fengið að vita, hvaðan sendingin er komin og frá hverjum, en hann má hvorki fá eyðublaðið sjálft eða aftari helming þess, fyr en henn hefir borgað póstkröfuna að fullu. Þegar viðtakandi borgar skal bæði afhenda honum sendinguna og aftari helming eyðublaðsins.

Að öðru leyti gilda sömu reglur um skil á póstkröfusendingum eins og öðrum sendingum, þannig að kvittun skal taka af viðtakanda fyrir ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og bögglum, en ekki fyrir almennum brjefum, þótt póstkrafa hvíli á þeim.

Viðtakendum skulu tilkyntar póstkröfur og frá hverjum þær sjeu, en

47
7. mars

hafi þeir eigi greitt þær innan hálfsmánaðar (mánaðar þegar um post restante sendingar er að ræða) frá því þær komu á pósthúsið, skulu þær endursendar. Annars getur sendandi ákveðið borgunarfrest á póstkröfu skemmri eða lengri, þó ekki lengur en 30 daga frá því hún kemur á ákvörðunarpósthúsið; en hann verður þá að skrifa athugasemd um það á póstkröfueyðublaðið.

Þegar póstkröfur eru borgaðar, skal farið með eyðublaðið eða fremri helming þess og útborgun á upphæðinni til sendanda alveg eins og með póstávísanir.

4. Sendingar með óborguðu burðargjaldi eða ógreiddri borgun fyrir umbúðir o. fl. eru póstmenn eigi skyldir til að afhenda, fyr en búið er að borga þessi gjöld, sem skulu vera skrifuð með tölustöfum og tiltekin í krónum og aurum framan á sendingunni (á fylgibrjefið þegar um böggul er að ræða). Óborgað burðargjald skal greitt í peningum eða frímerkjum. Póstmenn þeir, er taka í móti slíkri borgun, líma aftan á sendinguna eða fylgibrjefið frímerki fyrir gjaldinu og stimpla þau áður en sendingin er afhent. Hin önnur gjöld skulu greidd í peningum. Kærum yfir því að of mikið sje heimtað skal fylgja umslagið eða sú hlið af brjefinu, sem kveðjan er skrifuð á.

Póstsendingum, sem ranglega eru afhentar, má skila aftur á hvert pósthús, sem vera skal.

Pósthúsið borgar aftur það gjald, sem viðtakandi hefir greitt fyrir sendingar, sem það tekur við aftur.

21. gr.

Um meðferð á sendingum, sem eigi verður komið til skila.

Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:

a. Þegar sá, sem vísað er til, skorast undan að taka við henni;
b. þegar póststjórnin hefir ekki getað spurt þann upp, sem vísað er til;
c. þegar sendingar hafa legið 3 mánuði, án þess að vera sóttar.

Þegar um ábyrgðarbrjef, peningabrjef, böggla eða póstávísanir og póstkröfur er að ræða til móttakanda, sem verður eigi spurður upp, skal ákvörðunarpósthúsið láta móttökuhúsið spyrja sendanda um það, hvort hann geti gefið nánari upplýsingar um móttakandann. Geti sendandi gjört það, og vilji hann láta póststjórnina taka til greina upplýsingar hans, verður hann að frímerkja fyrirspurnina með 10 aurum, sem þá skal send ákvörðunarpósthúsinu með fyrsta pósti. Annars skal skoða sendingarnar sem óskilasendingar.

Jafnskjótt og það er álitið, að póstsendingu verði eigi komið til skila, skal hún send aftur á það pósthús, þar sem henni var skilað til flutnings, og skal þess jafnframt getið, á sjálfri sendingunni, hversvegna henni hafi ekki verið skilað.

Þegar móttakandi neitar að taka á móti sendingu, getur hann skrifað það á sendinguna sjálfur, en engar aðrar athugasemdir má hann skrifa á sendinguna. Hafi hann gjört það, skal pósthúsið strika þær út, svo að þær verði

ólæsilegar. Þegar móttakandi skrifar eigi sjálfur á sendinguna, að hann neiti móttöku, skal hlutaðeigandi póstmaður gjöra það. 47 7. mars

Það er skylda pósthússins á þeim stað, þar sem sendingu er skilað til flutnings, að sjá um, að bæði þær sendingar, sem getið var um, og aðrar sendingar, sem af einhverjum öðrum ástæðum hefir eigi orðið komið til skila þar á staðnum, eða hafa ekki orðið sendar þaðan, verði fengnar aftur þeim, er sendu, svo fljótt sem unnt er, ef komist verður að því, hverjir sent hafa, án þess að opna sendingarnar. Þegar þeim er skilað aftur, skal fara eftir hinum almennu reglum um afhending póstsendinga, þannig að þann er sendi, skal álíta sem móttökumann.

Verði sendingum þeim, sem ekki verður komið til skila, heldur ekki komið til þess, sem sendi, skal senda þær póstmeistara áleiðis til stjórnarráðsins, sem lætur tvo áreiðanlega menn, sem það sjerstaklega kveður til þess, opna þær og rannsaka; skulu menn þessir hafa unnið eið að því, að þeir, ekki viljandi, skuli lesa annað af hinu skrifaða innihaldi sendingarinnar, en staðsetning, dagsetning og undirskrift, til þess á þann hátt að finna sendanda. Takist það, skal senda honum sendinguna undir innsigli stjórnarráðsins með óborguðu burðargjaldi, hafi það hvílt á henni; annars skulu sendingarnar liggja á póststofunni í Reykjavík, að minsta kosti í 3 mánuði, og hafi þær eigi verið sóttar á þeim tíma, skal selja þær póstsjóði í hag samkvæmt 26. gr. í póstlögunum eða eyða þeim. Skal það gjört einu sinni á ári hverju undir umsjón þeirra manna, sem til þess eru settir og nefndir eru að framan. Sje hægt að spyrja upp sendanda, en hann neitar að taka við sendingunni, skal senda hana til stjórnarráðsins, sem sker úr því, hvort gjöld þau, sem kunna að hvíla á sendingunni, skuli innheimt hjá honum með lögsókn.

22. gr.

Um skaðabætur.

Fyrir ábyrgðarbrjef skal því að eins greiða skaðabætur, að þau glatist í vörslum póststjórnarinnar, en eigi fyrir það, þótt eitthvað vanti í þau.

Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar fyrir það, að peningabrjef eða bögglar týnast eða skemmast í vörslum hennar, fer eins og segir í löggjöfinni um skaðabótaskyldu manna yfir höfuð, þó að því athuguðu, sem segir í 16. og 17. gr. í póstlögunum og því, sem fyrirskipað er um það, hvernig sendingar þessar skuli úr garði gjörðar af sendanda hálfu.

Það verður því undir ýmsum atvikum komið, hvort skaðabætur verða greiddar í hvert einstakt skifti, og verður eigi farið nánar út í það hér, en þó skal tekið fram, að þegar peningabrjef og bögglar koma með skemmdum umbúðum, þá er nauðsynlegt, til þess að skaðabætur fáist, að skaðinn sje rannsakaður í viðurvist póstmanns þess, sem afhendir sendingarnar, og yfir höfuð verða eigi teknar til greina skaðabótakröfur, sem koma fram, eftir að móttakandi hefir tekið við sendingunni mótmælalaust.

Þegar póstmaður hefir talið í peningasendingu, verður krafa um skaða-

47 bætur fyrir að vantað hafi í sendinguna því að eins tekin til greina, að það
7. marz hafi sannast í viðurvist póstmanns þess, sem afhenti hana. Þegar heimtaðar eru skaðabætur fyrir böggulsendingar, sem peningar eru eigi í, getur póststjórnin heimtað, að hlutaðeigandi færi sönnur á það, sem hann hefir sagt um skaðann, með því að láta 1 eða 2 óvilhalla menn meta hann.

Póststjórnin ábyrgist, að póstávísanir sjeu borgaðar út og endurborgaðar rjettum hlutaðeigendum, en hún greiðir engar bætur fyrir drátt, sem kann að verða á því, annaðhvort vegna þess, að ávísunin hefir verið send skakkt, eða af því, að pósthúsið, sem á að borga hana, hefir eigi nóg fje í sjóði, svo að borgunin verður að bíða, þangað til það getur fengið viðbót, en þá á að láta hlutaðeigandi vita um það.

Sá, sem sendir, eða sá, sem vísað er til á sendingu, skal bera upp skaðabótakröfu sína annaðhvort skriflega fyrir stjórnarráðinu eða munnlega eða skriflega fyrir pósthúsinu á þeim stað, sem sendingin fer frá, eða á þeim stað, sem hún á að fara til. Frestinn til þess að koma fram með kröfu til skaðabóta (sbr. 17. gr. í póstl.) ef henni á að verða gaumur gefinn, skal telja frá þeim degi, er sendingin var látin á póstinn. Þegar sendingu vantar, skal pósthúsið á þeim stað, sem hún átti að fara til, jafnskjótt og sjeð verður, hver við átti að taka, við fyrsta tækifæri skýra honum frá því, og ef komið er fylgibrjef, fá honum það í hendur.

Þegar búið er að skýra skaðabótamálið þannig, að póststjórnin geti ákveðið upphæð bótanna, skal hún, svo fljótt sem unnt er, goldin á því pósthúsi, sem næst er heimili hlutaðeiganda, eða sem hann sjerstaklega hefir tekið til; þá skal og borga honum aftur frímerki þau, eða burðargjald það, sem greitt hefir verið, ef sendingin er glötuð með öllu. Póststjórnin greiðir aldrei vöxtu af því fje, sem henni þannig ber að borga.

Ef póststjórnin hefir goldið skaðabætur sökum þess að sending eða nokkur hluti hennar hefir glatast, en það finnst aftur, sem goldið var fyrir, skal póststjórnin bjóða hlutaðeiganda hlutinn, gegn því að hann borgi aftur skaðabæturnar og það endurgjald, sem honum kann að vera greitt fyrir burðargjald.

Sjerstaklega skal tekið fram um póstkröfusendingar, að upphæð póstkröfunnar, gefur eigi neina vísbending um verðupphæð sendingarinnar, og verður því póstkröfuupphæðin ekki borguð, þótt póstkröfusending glatist eða skaddist, heldur að eins skaðabætur fyrir póstkröfusendinguna sjálfa, eftir venjulegum reglum.

Aftur á móti er póststjórnin skyld að borga sendanda upphæð póstkröfunnar, ef sendingin, sem henni fylgir, eða póstkröfueyðublaðið hefir verið afhent viðtakanda, án þess að upphæðin hafi verið borguð.

Sama gildir um póstkröfur eins og póstávísanir, að póststjórnin greiðir engar bætur fyrir drátt, sem kann að verða á innheimtu þeirra og útborgun.

III. kafli.

Blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt 11. gr. f. í póstlögunum.

23. gr.

Samkvæmt 2. gr. f. í póstlögunum skal telja undir blöð og tímarit sjerhvert blað eða rit, sem menn skrifa sig fyrir og er prentað eða margfaldað á líkan hátt, þegar það á að koma út einu sinni eða oftar á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur eigi yfir 125 grömm

Til þess að blöð og tímarit verði flutt með póstum, samkvæmt 11. gr. f. í póstlögunum, skulu þau koma út hjer á landi og vera seld fyrir ákveðið verð Hver sending verður að vera þannig brotin saman, að hún sje eigi yfir 39 sentrimetra á lengd og 24 á breidd og þykkt, og þyngd á hverri sendingu má eigi vera yfir $2^1/_2$ kílogram, þegar hún á að flytjast með landpósti, annars 5 kílogrömm.

Efst á fyrstu síðu blaðsins eða ritsins skal prentað fult nafn þess og ártalið, efst á hinum blaðsíðunum skal og prentað nafnið fullt eða stytt. Ekkert fylgiblað má senda með ritinu.

Utan á umbúðunum, sem skulu vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna hvað í þeim sje, án þess að skemma þær, skal standa nafn ritsins eða blaðsins, og hvaða árgangur, bindi, tölublað eða hefti sje í sendingunni, en að öðru leyti má ekkert vera skrifað eða prentað á umbúðirnar annað en nafnmóttakanda, heimili og póststöð.

Ekkert blað eða rit má senda á þennan hátt fyr en það hefir verið inn ritað á póststofunni í Reykjavík, en til þess að það verði gjört, þarf útgefandi eða þeir, sem ábyrgð skulu bera gagnvart póststjórninni, að skýra póstmeistara frá:

1. Ósk sinni um, að blaðið eða ritið verði flutt samkvæmt 11. gr. f. í póstlögunum.
2. Nafni blaðsins eða tímaritsins.
3. Hve oft blaðið eða ritið komi út.
4. Á hvaða pósthúsi blaðinu verði skilað til flutnings.

Þegar blaði eða tímariti er skilað til flutnings á þennan hátt, skal borga burðargjaldið í peningum og taka kvittun fyrir í kvittanabók, sem póststjórnin gefur út og selur á 50 aura. Skal þar tilfæra nafn blaðsins eða ritsins, árgang, tölublað eða hefti, dag og stund þegar ritið er afhent, vikt og burðargjald. Skal afgreiðslumaður blaðsins hafa fyrirfram ritað í bókina nafn blaðsins eða ritsins, árgang, tölublað eða hefti, sem afhent eru í einu, og skal kvittað fyrir það í einu lagi, þegar búið er að tilfæra dag og stund, vikt og burðargjald í kvittunarbókina og borga það í peningum. Allt hið sama, sem skrifað er í kvittunarbókina, skal póstmaður skrifa í bók á pósthúsinu, þar sem blaðið eða ritið er afhent. Í sömu sendingu má aðeins senda blöð eða rit með sama nafni.

47
7. mars

Blöð og tímarit, sem þannig hefir verið borgað fyrir, skulu flutt með póstum ófrímerkt, en móttökupósthúsið setur á þau merki um, að burðargjaldið sje borgað.

Eigi mega önnur pósthús taka við blöðum eða tímaritum til flutnings með póstum á þennan hátt, en það pósthús, sem útgefandi hefir tiltekið að því yrði skilað á. Sje brotið út af reglum þeim, sem hjer eru settar, skal eigi flytja blaðið eða ritið með póstum, og hafi það verið sent af stað, skal endursenda það sem böggulsending á kostnað útgefanda.

Blöð og rit, sem eigi eru afhent svo löngu áður en póstur á að fara frá pósthúsinu, sem til er tekið í 2. gr., skulu eigi send með fyrstu póstferð, nema þau sjeu frímerkt sem prentað mál.

Að öðru leyti gilda um sendingar þessar sömu reglur og um krossbandssendingar.

IV. kafli.

Hvenær reglugjörð þessi öðlast gildi og afnàm eldri ákvæða.

24. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1908 og frá sama tíma fellur úr gildi reglugjörð um notkun pósta 17. maí 1902 og reglugjörð um breyting á þeirri reglugjörð 30. janúar 1907.

Í stjórnarráði Íslands, 7. marz 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

48
7. mars

Hafnarreglugjörð

fyrir

Stykkishólmskauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 7. marz 1908 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Stykkishólmskauptún í Snæfellsnessýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau eru fermd vörum, með seglfestu, eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina, eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða öðrum útlöndum, eða, ef um skip ræðir, er fara að eins milli hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni.

Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 10 aura af hverri smálest. Af skipum, sem hafna sig oftar en einu sinni á árinu á Stykkishólmshöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu, nema hið fyrsta skiftið, er þau eru greidd á því ári, en með $^3/_4$ hin önnur skiftin. Strandferðabátar greiða þó eigi nema $^1/_2$ gjald, eftir að þeir hafa hafnað sig einu sinni á árinu á Stykkishólmshöfn.

Skipin greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga, beina línu í Hvítubjarnarey, þaðan beina línu í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker, og þaðan sjónhending í Lundaklett. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísrekssakir, storma eða því um líks.

Þau útlend skip, er liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða fyrir það 10 krónur í hafnarsjóð; en til vetrarlegunnar þurfa slík skip leyfi hafnarnefndar.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal ennfremur greiða: 2 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefir verið upp á fjöru innan takmarka Stykkishólmshafnar til hreinsunar eða aðgjörðar, og 2 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi Stykkishólmskauptúns.

48
7. mars

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru,
2. Öll fiskiskip, sem skrásett eru á Íslandi, og
3. Skip, er leita hafnar sakir sjóskemda, þótt farmur þeirra hafi verið úr þeim fluttur, ef þau flytja allan farminn burtu aftur, og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem talin eru hjer að framan, skulu renna í hafnarsjóð Stykkishólmskauptúns, og skal honum eingöngu varið til þess, að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru, eða verða gjörð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimtir, eða sjer um að gjöldin til hafnarsjóðs sjeu innheimt, og stjórnar sjóðnum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður, hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum, og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varðar sektum alt að 400 krónum, og fer um mál út af þeim, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1908 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 7. marz 1908.

I fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld fiskimannasjóðs Kjalarnesþings árið 1907.

Tekjur:

1.	Sjóður við ársbyrjun:		
	a. veðskuldabrjef	kr. 2670,00	
	b. bankavaxtabrjef	— 11000,00	
	c. í sparisjóði	— 379,02	kr. 14049,02
2.	Dánargjöf Einars Sigvaldasonar:		
	a. jörðin Melur í Hraunhrepp 13,8 hdr.	— 1400,00	
	b. jörðin Hindarstapi í sama hrepp 7,96 hdr.	— 800,00	
	c. veðskuldabrjef	— 3000,00	
	d. peningar	— 816,90	— 6016,90
3.	Borgað af lánum		— 1570,00
4.	Eftirgjald af Hindarstapa		— 48,00
5.	Vextir:		
	a. af lánum	— 216,49	
	b. af bankavaxtabrjefum	— 495,00	
	c. í sparisjóði	— 49,20	— 760,69
		Samtals	kr. 22444,61

Gjöld:

1.	Veittur styrkur		kr. 700,00
2.	Til jafnaðar við tekjulið 3		— 1570,00
3.	Sjóður við árslok:		
	a. fasteignir	kr. 2200,00	
	b. veðskuldabrjef	— 4100.00	
	c. bankavaxtabrjef	— 13000,00	
	d. í sparisjóð	— 874,61	— 20174,61
		Samtals	kr. 22444,61

Bæjarfógetinn í Reykjavík 6. jan. 1908.

Halldór Danielsson.

	Tekjur:	Fjárveiting kr.	a.	Reikningur kr.	a.	Fjárveiting kr.	a.	Reikningur kr.	a.
2. gr.	**Skattar og gjöld:**								
	1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	43000	00	54109	07				
	2. Húsaskattur	10000	00	11245	68				
	3. Tekjuskattur	16000	00	21510	77				
	4. Aukatekjur	38000	00	52244	10				
	5. Erfðafjárskattur	3000	00	2462	82				
	6. Vitagjald	10000	00	15750	45				
	7. Gjöld fyrir leyfisbrjef . . .	3800	00	5206	77				
	8. Útflutningsgjald	65000	00	120945	90				
	9. Aðflutningsgjald af áfengdrykkjum	143000	00	201305	94				
	10. Aðflutningsgjald af tóbaki	143000	00	153334	26				
	11. Aðfl.gjald af kaffi og sykri	312000	00	388968	56				
	12. Aðfl.gjald af tegrasi o. fl. .	10400	00	17472	74				
	13. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja	18000	00	16400	00				
	14. Tekjur af póstferðum . . .	40000	00	87815	59				
	15. Tekjur af símum landsins	2500	00	7601	39				
	16. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	00	504	50				
	17. Sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar	. . .	..	10671	15				
	18. Óvissar tekjur	5000	00	4272	06	863300	00	1171821	75
3. gr.	*Tekjur af fasteignum landssjóðs*	. . .	..	. . .	..	26965	00	26052	10
4. gr.	*Leigur af innst.fje viðlagasj. o. fl.*	. . .	..	. . .	..	57000	00	70902	66
5. gr.	*Ýmsar innborganir og endurgjöld*	. . .	..	. . .	..	4600	00	26678	63
6. gr.	*Tillag úr ríkissjóði*	. . .	..	. . .	..	60000	00	60000	00
	Samtals	. . .	..	. . .	..	1011865	00	1355455	14
	Tekjuhalli	. . .	..	. . .	..	. . .	..	23756	38
	Samtals							1379211	52

inn fyrir árið 1906.

	Gjöld:	Fjárveiting kr.	a.	Reikningur kr.	a.	Fjárveiting kr.	a.	Reikningur kr.	a.
8. gr.	Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins	. . .	..	. . .	..	48000	00	47702	06
9. gr.	Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna . . .	. . .	..	. . .	..	800	00	2553	09
10. gr.	Til útgjalda við dómgæslu, lögreglustjórn o. fl.:								
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	92315	00	87440	56				
	B. Ýmisleg útgjöld	12450	00	20309	85	104765	00	107750	41
11. gr.	Til útgjalda við læknaskipunina	. . .	..	. . .	..	127028	32	123070	51
12. gr.	Til samgöngumála:								
	A. Til útgjalda við póststjórnina	79600	00	76370	09				
	B. Til vegabóta	59800	00	94018	80				
	C. Til gufuskipaferða	58800	00	53300	00				
	D. Til ritsíma og málþráða . .	253078	53	281279	13				
	E. Til vita	26691	00	11601	51	477969	53	516569	53
13. gr.	Til kirkju- og kenslumála:								
	A. Til kirkjumála	27600	00	27636	36				
	B. Til kenslumála	127898	00	122867	65	155498	00	150504	01
14. gr.	Til vísinda og bókmenta	. . .	..	. . .	..	49030	00	47143	51
15. gr.	Til verklegra fyrirtækja	. . .	..	. . .	..	188810	00	223186	03
16. gr.	Skyndilán embættismanna og lögboðnar fyrirframgreiðslur .	. . .	..	. . .	..	2600	00	18121	02
17. gr.	Eftirlaun og styrktarfje	. . .	..	. . .	..	54450	00	59035	19
18. gr.	Til óvissra útgjalda	. . .	..	. . .	..	1500	00	8634	61
19. gr.	Aukafjárveitingar og útgjöld samkvæmt nýjum lögum . . .	. . .	..	. . .	..	. . .	..	74941	55
	Samtals	. . .	..	. . .	..	1210450	85	1379211	52

50

Skýrsla

um peningaforða landssjóðs 31. desbr. 1906.

Peningaforði landssjóðs 31. desbr. 1905	kr.	590506,52
Tekjuhalli á árinu	—	23756,38
	kr.	566750,14
Endurborgað af lánum	—	65448,84
	kr.	632198,98
Lánað út á árinu	—	82812,47
Peningaforði landssjóðs 31. desbr. 1906	kr.	549386,51

Peningaforði landssjóðs 31. desbr. 1906			kr.	549386,51
Peningar, er standa inni í landssjóði, s. d.			—	4611,18
			kr.	553997,69
Peningar í jarðabókarsjóði 31. desbr. 1906	kr.	882519,60		
Skuld við ríkissjóð s. d.	—	328521,91	kr.	553997,69

Eign viðlagasjóðs 31. desbr. 1906			kr.	1089347,28
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d.			—	63755,38
Peningaforði landssjóðs s. d.			—	549386,51
Þar af				
í Landsbankanum	kr.	370000,00		
í Íslandsbanka	—	158480,00		

Í stjórnarráði Íslands, 21. janúar 1908.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Skýrsla

um innstæðu viðlagasjóðs 31. desbr. 1906.

1. Innritunarskírteini viðlagasjóðs eins og í árslok 1905 . . .					kr.	215200,00
2. Bankavaxtabrjef sjóðsins eins og í árslok 1905					—	100000,00
3. Skuldabrjef með $^1/_2$ árs uppsagnarfresti voru í árslok 1905			kr.	255419,12		
Endurborgað var			—	9744,00		
					—	245675,12
4. Almenn afborgunarlán voru í árslok 1905	kr.	148224,48				
Á árinn var lánað út (Thorvaldsensfjelaginu)	—	13000,00				
			kr.	161224,48		
Til byggingarsjóðs hefir gengið	kr.	6100,00				
Endurborgað var	—	11000,88				
			—	17100,88	—	144123,60
5. Þilskipalán voru í árslok 1905	kr.	97787,34				
Á árinu var lánað út . . .	—	15000,00				
Óborgaðir vextir	—	194,40	—	112981,74		
Endurborgað var	kr.	18997,59				
Til Fiskiveiðasjóðs Íslands gekk	—	93984,15	—	112981,74	—	. . . . .
6. Íshúslán voru í árslok 1905			kr.	3065,11		
Endurborgað var			—	2293,70	—	771,41
7. Lán til amta, sýslna og hreppsfjelaga voru í árslok 1905 .	kr.	118996,77				
Á árinu var lánað út . . .	—	850,00	kr.	119846,77		
Endurborgað var			—	12069,72	—	107777,05
8. Tóvjelalán voru í árslok 1905	kr.	83925,77				
Á árinu var lánað út . . .	—	19000,00	kr.	102925,77		
Endurborgað var			—	5404,99	—	97520,78
9. Lán til rjómabúa voru við árslok 1905	kr.	53185,00				
Á árinu var lánað út . . .	—	19000,00	kr.	72185,00		
Endurborgað var			—	205,00	—	71980,00
10. Lán til prestakalla, kirkna og skóla voru í árslok 1905			kr.	88679,94		
Endurborgað var	kr.	5732,96				
Eftirgefin afborgun af láni Kirkjubæjarprestakalls, sbr. 4. gr. í fjárl.	—	154,88	—	5887,84	—	82792,10
11. Þurrabúðarmannalán voru í árslok 1905 . . .			kr.	7544,75		
Lánað út á árinu			—	1100,00	—	8644,75
12. Girðingalán við árslok 1906					—	14862,47
				Samtals	kr.	1089347,28

Útgjöldin

samkvæmt hinum einstöku greinum fjárlaganna sundurliðast þannig:

8. gr.

Til hinnar æðstu stjórnar landsins . . . . . kr. 47702,06

9. gr.

Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna . . . — 2553,09

10. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn:				
1. Laun:				
a. til dómara og sýslumanna . .	. . .	. . .	68800,00	68800,00
b. til hreppstjóra	. . .	. . .	8000,00	7614,50
2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	. . .	. . .	1400,00	1400,00
3. Til hegningarhússins í Reykjavík	. . .	. . .	4415,00	4065,38
4. Kostnaður við viðhald fangelsanna	. . .	. . .	300,00	150,75
5. Til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri	. .	. . .	4000,00	. . .
6. Önnur útgjöld	. . .	. . .	5400,00	5409,93
Samtals	. . .	. . .	92315,00	87440,56
B. Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	6450,00	11938,80		
2. endurgjald handa emhættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	2500,00	5095,72		
3. brunaábyrgðar- og sótaragjöld fyrir nokkrar opinberar byggingar . .	1000,00	2085,08		
4. til embættiseftirlitsferða	1000,00	. . .		
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300,00	300,00		
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga . . .	1000,00	416,00		
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200,00	474,25	12450,00	20309,85
Samtals	. . .	. . .	104765,00	107750,41

11. gr. 50

Til útgjalda við læknaskipunina.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
1. laun	. . .	. . .	71850,00	68262,50
2. styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	. . .	. . .	800,00	666,67
3. styrkur til Guðm. hjeraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sje búsettur í Hafnarfirði	. . .	. . .	800,00	800,00
4. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis	. . .	. . .	150,00	150,00
5. a. styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar	. . .	. . .	2000,00	2000,00
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið	. . .	. . .	300,00	. . .
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík	. . .	. . .	1000,00	1000,00
7. útgjöld við holdsveikraspítalann .	. . .	. . .	30128,32	30234,75
8. útgjöld við bólusetningar	. . .	. . .	500,00	825,08
9. önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400,00	400,00		
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	400,00	400,00		
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði	400,00	400,00		
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði	300,00	300,00		
e. til sjúkraskýlis á Sauðárkrók f. á.	2000,00	2000,00		
f. til sjúkraskýlis á Vopnafirði f. á.	600,00	. . .		
g. til náms yfirsetukvenna . . .	2000,00	2729,55		
h. til verkfæra handa yfirsetukonum	400,00	55,80		
i. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma . .	2000,00	3778,47		
k. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000,00	231,38		
Flyt	9500,00	10295,20	107528,32	103939,00

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	9500,00	10295,20	107528,32	103939,00
l. til þess að fullgjöra sóttvarnarhúsið í Reykjavík (fyrra árið)	5000,00	5005,00		
m. til þess, að koma upp sóttvarnarhúsi á Seyðisfirði (fyrra árið)	5000,00	3831,31		
			19500,00	19131,51
Samtals	. . .	. . .	127038,32	123070,51

12. gr.

Til samgöngumála.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
A. Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum . . .	3000,00	3000,00		
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	11000,00	11000,00		
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík . . .	4200,00	4200,00		
c. handa brjefhirðingamönnum .	6500,00	6683,00	24700,00	24883,00
2. póstflutningur:				
a. á aðalpóstleiðum	. . .	31326,32		
b. á aukapóstleiðum	. . .	18237,55		
c. aðrir póstflutningar	. . .	965,30	48000,00	50529,17
3. til póstvagnaferða frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda . .	. . .	. . .	500,00	500,00
4. önnur útgjöld	. . .	. . .	6400,00	8457,92
				84370,09
Útgjaldaeftirstöðvar	. . .	. . .	. . .	8000,00
Samta ls	. . .	. . .	79600,00	76370,09

B. Til vegabóta	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
veitt á fjárhagstímabilinu kr. 183,600				
1. til verkfræðings landsins:				
a. laun	3000,00	3000,00		
b. ferðakostn. og fæðispeningar .	500,00	1122,94	3500,00	4122,94
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við samgöngubætur, alt að	. . .	. . .	1500,00	202,00
3. til flutningabrauta:				
a. á Fagradal	. . .	21026,52		
b. upp Borgarfjörð	. . .	63,68		
c. viðhald flutningabrauta . . .	. . .	17442,76	12000,00	38532,96
4. til þjóðvega:				
þar af:				
í Suðuramtinu	6000,00	5482,64		
- Vesturamtinu	4000,00	2556,57		
- Norðuramtinu	8000,00	7654,38		
- Austuramtinu	3000,00	2526,57	21000,00	18220,16
5. til fjallvega	. . .	. . .	2000,00	3582,59
6. til áhalda	. . .	. . .	2000,00	7183,15
7. til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	. . .	. . .	2500,00	2500,00
8. til akbrautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru-Laxá	. . .	. . .	6000,00	6000,00
9. til vegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu	. . .	. . .	5000,00	3600,00
10. til varnar sjávarágangi á vegi í Vestmannaeyjum og endurbóta á þeim	. . .	. . .	1000,00	1000,00
11. til brúargjörðar á Hólmsá og Skaptár-eldvatni í Vestur-Skaptafellssýslu	. . .	. . .	12000,00	1741,60
12. til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum í Skagafirði.	. . .	. . .	300,00	300,00
13. Styrkur til brúargjörðar á Jökulsá í Jökuldal, þó eigi yfir helming brúarkostnaðar, eða alt að . .	3000,00	. . .	4300,00	3607,65
Fjáraukalög 16. nóv. 1907 . .	1300,00			
14. Eftirstöðvar af kostnaði við Lagarfljótsbrú	. . .	. . .	. . .	3425,75
Samtals	. . .	. . .	. . .	94018,80

12. gr. Til samgöngumála.

C.	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Gufuskipaferðir	. . .	. . .	30000,00	30000,00
2. Til gufubátaferða:				
a. til bátaferða á Faxaflóa. . .	12000,00	11500,00		
b. — —— - Breiðafirði . .	8000,00	8000,00		
c. — —— - Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu alt að . . .	5000,00	5000,00		
d. — —— - Eyjafirði alt að	3000,00	3000,00	28000,00	27500,00
3. Styrkur til gufu- og mótorbátsferða á milli Vestmannaeyja og Rangársands	. . .	. . .	300,00	300,00
4. Til mótorbáts á Lagarfljóti í eitt skifti fyrir öll . . . , . . .	. . .	. . .	500,00	500,00
Samtals	. . .	. . .	58800,00	58300,00
Útborgað er úr jarðab.sjóði kr.20300,00 og við aðalfjehirslu . . — 33000,00	. . .	. . .	. . .	53300,00
Útgjaldaeftirstöðvar	. . .	. . .	. . .	5000,00

12. gr. Til samgöngumála.

D.	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
Til ritsíma og málþráða:				
1. Tillag til stóra norræna ritsímafjelags frá 27. ág. til 30. sept. 1906	. . .	. . .	35000,00	3356,16
2. Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur:				
a. efni til landlínunnar	220430,00	260978,86		
b. eftirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi .	84500,00	97125,08		
c. kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna . , . .	133440.00	165151,12		
Flyt	438370,00	523255,06	35000,00	3356,16

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	438370,00	523255,06	35000,00	3356,16
d. verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu	13000,00	22448,67		
e. óviss útgjöld og borgun til hins tekniska ráðunauts stjórnarinnar	10000,00	12308,37		
3. Til þess að kaupa aukastaura og annað verkefni	14000,00	. . .		
	475370,00	558012,10		
Hjer frá dregst:				
1. tillag frá stóra norræna ritsímafjelagi 294,000,00				
2. innkomið fyrir selt efni, endurgoldinn tollur o. fl. 10,343,90				
	292000,00	304343,90		
	183370,00	253668,20		
Af þessari upphæð voru ógreiddar við árslok	. . .	10221,45	183370,00	243446,75
4. Til þess að mæla upp landsímalínuna og setja kílometramerki . .	. . .	. . .	3000,00	4733,46
5. Til starfsreksturs landsímasambandsins:				
a. Námsstyrkur til 4 manna til þess að nema firðritun	. . .	. . .	4000,00	3700,00
b. helmingur af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	3150,00	1443,33		
c. laun	3500,00	5361,21		
d. til 16 talsímastöðva	250,00	120,00		
e. húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós	650,00	292,60		
f. til viðhalds landsímans	. . .	10,30		
g. eyðublöð, prentunarkostnaður, burðareyrir o. s. frv.	200,00	. . .		
h. önnur útgjöld	500,00	853,09		
			8250,00	8080,53
6. Til að rannsaka og undirbúa símasamband til Ísafjarðar og frá Reykjavík austur að Ægissíðu . .	. . .	. . .	4000,00	3995,91
Flyt	. . .	. . .	237620,00	267312,81

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	. . .	. . .	237620,00	267312,81
7. Kostnaður við rannsóknarferðir og undirbúning á ritsímalagningunni:	. . .	. . .	10958,53	10958,53
Sjá fjáraukalög 20. okt. 1905 fyrir árin 1904—1905 og fjáraukalög 16. nóv. 1907 fyrir árin 1906—1907.				
8. a. Til aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðar	2000,00	1978,90		
b. Til aukalínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar	2500,00	1028,89	4500,00	3007,79
Sjá fjáraukalög 16. nóv. 1907 fyrir árin 1906 og 1907.				
	. . .	. . .	253078,53	281279,13

Athugasemdir við 12. gr. D.

1. Kostnaður við landsímalagninguna frá Seyðisfirði til Reykjavíkur sundurliðast þannig:

A. Efni:				
1. Stólpar	kr.	81818,75		
2. Ísolatorar	—	12897,71		
3. Hettur	—	2240,00		
4. Krókar	—	7730,00		
5. Sími	—	149574,47		
6. Annað efni	—	6717,93	kr.	260978,86
B. Flutningskostnaður:				
1. Eftirlit með tilbúningi efnis	kr.	758,39		
2. Flutningsgjald til Íslands	—	33448,45		
3. Uppskipun	—	6929,34		
4. Flutningur á landi	—	55988,90	kr.	97125,08
C. Vinna og verkstjórn:				
1. Kaup forstjóra og yfirmanna	kr.	25788,33		
2. Vinnulaun verkamanna	—	76703,99		
3. Ferðakostnaður verkamanna	—	23852,72		
4. Hestar o. fl.	—	21224,98		
5. Tjöld, verkfæri og áhöld	—	13581,10		
Verðlaun og aukaþóknanir	—	4000,00	kr.	165151,12
D. Verkfæri og símagögn			kr.	22448,67
		Flyt	kr.	545703,73

				Flutt	kr.	545703,73
E.	Ýmisleg útgjöld:					
	1. Borgun til ráðunauts stjórnarinnar		kr.	3800,00		
	2. Önnur útgjöld		—	8508,37	kr.	12308,37
				Samtals	kr.	558012,10
Þar frá dregst:						
	1. Innkomið fyrir selt efni, endurgoldinn tollur o. fl.					
	a. Borgað í landssjóð 1906 ..... kr.	1483,07				
	1907 ... —	500,00	kr.	1983,07		
	b. Selt samkvæmt skýrslu forstjóra landsímanna ..... kr.	20580,55				
	Þar af innistandandi hjá:					
	Thor. E. Tulinius kr. 9449,09					
	Forstj. landsímanna — 2770,63 kr.	12219,72	kr.	8360,83		
			kr.	10343,90		
	2. Tillag frá stóra norræna ritsímafjelagi		—	294000,00	kr.	304343,90
					kr.	253668,20
	Til þess að sjá, hvað símalínan frá Seyðisfirði til Reykjavíkur hefir kostað landssjóðinn, ber ennfremur að draga frá nefndri upphæð eftirnefndar upphæðir:					
	1. Verð c. 1000 staura, sem til eru óeyddir ...		kr.	7000,00		
	2. Staurar og annað efni, sem gengið hefir til aukalínanna frá Hofi til Vopnafjarðar og frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar		—	6000,00		
	3. Efni selt Thor E. Tulinius		—	9449,09		
	4. Andvirði fyrir selt efni í vörslum forstjóra landssímanna		—	2770,63	—	25219,72
	Símalínan hefir kostað landsjóð				—	228448,48
	Veitt var				—	169370,00
	Farið fram úr áætlun.....				kr.	59078,48
	Kostnaður við lagningu ritsímans er samkvæmt ofanrituðu				kr.	253668,20
	þar af er borgað úr jarðabókarsjóði		kr.	182999,40		
	við aðalfjehirslu		—	60447,35	—	243446,75
				Útgjaldaeftirstöðvar	kr.	10221,45
2.	Kostnaður við rekstur landssímanna 1906 sundurliðast þannig:					
	1. Hálfur kostnaður við ritsímastöðina á Seyðisfirði				kr.	1443,33
	2. Laun:					
	a. til forstjóra landssímanna		kr.	1250,00		
	b. til annara símastarfsmanna:					
	1. í Reykjavík ..... kr.	1285,68				
	2. á Akureyri ..... —	1228,29				
	Flyt kr.	2513,97	kr.	1250,00	kr.	1443,33

50

Flutt	kr. 2513,97	kr. 1250,00	kr.	1443,33
3. á Seyðisfirði	— 1256,11	— 3770,08		
c. Laun sendisveina:				
í Reykjavík	kr. 98,50			
á Akureyri	— 76,67			
á Seyðisfirði	— 165,96	— 341,13	kr.	5361,21
3. Til talsímastöðva			kr.	120,00
4. Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting:				
í Reykjavík		kr. 116,52		
á Akureyri		— 176,08	kr	292,60
5. Viðhald á símanum			—	10,30
6. Eyðublöð, prentkostnaður o. fl.			—	»
7. Ýms gjöld:				
1. Útsendingargjöld		kr. 453,20		
2. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		— 77,92		
3. Önnur gjöld		— 321,97	—	853,09
			kr.	8080,53
Af þessari upphæð er útborgað:				
úr jarðabótasjóði		kr. 1327,92		
við aðalfjehirslu		— 1443,33		
af símatekjunum er brúkað		— 5309,28	—	8080,53

12. gr. Til samgöngumála.

	Fjárveiting	Reikningar	Fjárveiting	Reikningur
E.	kr.	kr.	kr.	kr.
Til vita:				
a. til umsjónarmanns vitanna við Faxaflóa	...	...	300,00	300,00
b. til eftirlitsferða	...	...	100,00	49,00
c. til vitans á Reykjanesi:	...	...	2440,00	2513,45
d. til vitans á Skagatá	...	...	1441,00	1793,53
e. til vitans við Gróttu	...	...	850,00	676,18
f. til árlegra útgjalda við vitann á Dalatanga	...	...	600,00	453,38
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð	...	...	700,00	500,66
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði	...	...	960,00	642,53
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	...	...	100,00	100,00
k. til vita á Skipaskaga	...	...	300,00	75,00
l. til vita á Elliðaey á Breiðafirði	...	...	400,00	347,10
Flyt	...	...	8191,00	7450,83

12. gr. Til samgöngumála.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	. . .	. . .	8191,00	7450,83
m. til að byggja vita á Vestmannaeyjum:				
a. til að byggja vita (fyrra árið)	. . .	. . .	15000,00	3823,34
b. kostnaður við vitahaldið . .	. . .	. . .	500,00	327,34
n. til rannsóknar vitastæða og áætlana alt að	. . .	. . .	3000,00	. . .
Samtals	. . .	. . .	26691,00	11601,51

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
A.				
Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
a. 1. laun biskupsins . . 7000,00				
2. skrifstofukostnaður. 1000,00	8000,00	8000,00		
b. önnur útgjöld:				
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. . .	9500,00	10058,51		
2. til bráðabirgðauppbótar brauðum	6000,00	5399,00		
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti	600,00	678,85		
4. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkv. lögum	3500,00	3500,00	27600,00	27636,36
B.				
Til kenslumála:				
I. Til prestaskólans.				
a. laun	9200,00	9200,00		
b. önnur útgjöld	3110,00	2091,28	12310,00	11291,28
flyt			39910,00	38927,64

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	. . .	. . .	39910,00	38927,64
II. Til læknaskólans:				
a. laun	3200,00	3200,00		
b. önnur útgjöld	3700,00	3322,35		
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum	1000,00	1000,00	7900,00	7522,35
III. Til hins almenna mentaskóla:				
a. laun	19200,00	19200,00		
b. aðstoðarfje	2600,00	2600,00		
c. önnur útgjöld	11218,00	12011,55	33018,00	33811,55
IV. Til gagnfræðaskólans á Akureyri:				
a. laun	7400,00	7400,00		
b. önnur útgjöld	3900,00	4138,87	11300,00	11538,87
V. Til stýrimannaskólans:				
a. laun	3200,00	3200,00		
b. önnur útgjöld	2800,00	1662,57	6000,00	4862,57
VI. Til annarar kenslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík .	3000,00	3000,00		
2. til kvennaskólans á Blönduósi .	3120,00	3120,00		
3. til kvennaskólans á Akureyri .	1500,00	1500,00		
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum	10000,00	9916,00		
2. til sveitakennara, alt að 100 kr. til hvers.	10000,00	10000,00		
3. til unglingaskóla	1500,00	. . .		
4. styrkur til þess að koma upp heimavista- og heimangöngubarnaskóla á Vopnafirði . . .	5000,00	5000,00		
Flyt	34120,00	32536,00	98128,00	96662,98

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	34120,00	32536,00	98128,00	96662,98
5. til kostnaðar við umsjón með fræðslumálum landsins og undirbúnings ráðstafana og reglugerða, er stjórnarráðið setur þar um .	2500,00	2266,05		
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2500,00	2500,00		
d. til kennarafræðslu	3200,00	3200,00		
e. námsstyrkur handa kennaraefnum	600,00	600,00		
f. til skólaiðnaðar-kenslu	500,00	500,00		
g. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík.	100,00	100,00		
b. til kennara í organslætti og söng-list í Reykjavík	400,00	400,00		
i. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðu-kenslubækur	800,00	800,00		
j. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5000,00	4911,98		
k. utanfararstyrkur til Margrjetar Fr. Bjarnadóttur til fullkomnunar í námi við heyrnar- og málleysingja-stofnunina í Kaupmannahöfn . .	400,00	400,00		
l. til kenslu blinds drengs Erlends Páls Jónssonar í Danmörku . . .	300,00	300,00		
m. styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringa-stofnuninni Karensminde	150,00	150,00		
n. til lýðháskólans í Bakkakoti í Borgarfirði	1600,00	1420,00		
o. til unglingaskólans á Heydalsá í Strandasýslu	400,00	400,00	52570,00	50484,03
VII. Til sundkenslu:				
a. í Reykjavík	300,00	300,00		
b. til sundkenslu annars staðar. . .	1000,00	807,00	1300,00	1107,00
Flyt			151998,00	148254,01

13. gr. Til kirkju- og kenslumála.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	. . .	. . .	151998,00	148254,01
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og trjeskurði í Reykjavík	. . .	. . .	1000,00	1000,00
IX. Styrkur til lögfræðings til þess, að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann . .	. . .	. . .	2500,00	1250,00
Samtals	. . .	. . .	155498,00	150504,01

14. gr.

Til visinda og bókmenta.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
1. til Landsbókasafnsins	. . .	. . .	11760,00	10460,00
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500,00	500,00		
b. til —— Austuramtsins	400,00	400,00		
c. til —— Vesturamtsins	400,00	400,00	1300,00	1300,00
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum	. . .	. . .	1500,00	1275,00
4. til Landsskjalasafnsins	. . .	. . .	3150,00	3256,63
5. til deildar hins íslenska Bókmentafjelags í Reykjavík	. . .	. . .	2000,00	2000,00
6. til Þjóðvinafjelagsins	. . .	. . .	750,00	750,00
7. til Forngripasafnsins	. . .	. . .	3720,00	3720,00
8. til Fornleifafjelagsins	. . .	. . .	400,00	400,00
9. til Náttúrufræðisfjelagsins . . . Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári	. . .	. . .	800,00	800,00
10. til viðbótar við samskot til minnisvarðar Jónasar Hallgrímssonar, alt að	. . .	. . .	. . .	. . .
11. styrkur til mag. Benedikts Gröndals til að halda áfram mynda-				
Flyt			25380,00	23961,63

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	. . .	. . .	25380,00	23961,63
safni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðminningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið . . .	. . .	. . .	800,00	800,00
12. til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni	. . .	. . .	800,00	800,00
13. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslensk-danskri orðabók	. . .	. . .	300,00	300,00
14. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	. . .	. . .	300,00	300,00
15. til Páls Ólafssonar skálds . . .	. . .	. . .	500,00	. . .
16. til Þorsteins Erlingssonar skálds	. . .	. . .	800,00	800,00
17. til síra Valdemars Briem's . .	. . .	. . .	800,00	800,00
18. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	. . .	. . .	300,00	300,00
19. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi . . .	. . .	. . .	1600,00	1600,00
20. styrkur til Biblíufjelagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	. . .	. . .	1000,00	1000,00
21. til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	. . .	. . .	150,00	181,88
22. til leikfjelags Reykjavíkur . . .	. . .	. . .	1000,00	1000,00
23. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	. . .	. . .	1000,00	1000,00
24. styrkur til Jóns Jónssonar sagnings til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra	. . .	. . .	1200,00	1200,00
25. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	. . .	. . .	600,00	600,00
26. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	. . .	. . .	600,00	600,00
Flyt			37130,00	35243,51

14. gr. Til visinda og bókmenta.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	. . .	. . .	37130,00	35243,51
27. til landmælinga á Íslandi . . .	. . .	. . .	5000,00	5000,00
28. til þess að gefa út lýsing á íslenskum fjallvegum	. . .	. . .	1000,00	1000,00
29. til Ásgríms Jónssonar málara til þess að fullkomna sig í málaralist	. . .	. . .	600,00	600,00
30. til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi	. . .	. . .	500,00	500,00
31. til Helga Pjeturssonar til jarðfræðisrannsókna alt að	. . .	. . .	3000,00	3000,00
32. til Helga Jónssonar til mýra- og grasafræðisrannsókna	. . .	. . .	1200,00	1200,00
33. til Sögufjelagsins til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að . .	. . .	. . .	600,00	600,00
Samtals	. . .	. . .	49030,00	47143,51

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
1. til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans á Hólum . . .	1200,00	1200,00		
2. til skólans á Hvanneyri . .	1200,00	1200,00		
3. til þessara skóla eftir nemendafjölda	4400,00	4400,00		
4. til skólans á Eiðum . . .	2500,00	2500,00		
5. til búnaðarskólahalds í Ólafsdal	2500,00	2500,00	11800,00	11800,00
b. til Torfa Bjarnasonar i Ólafsdal til verklegrar búnaðarkenslu .	. . .	. . .	. . .	. . .
c. til búnaðarfjelaga	. . .	. . .	24000,00	24000,00
Flyt			35800,00	35800,00

15. gr. Til verklegra fyrirtækja.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	...	...	35800,00	35800,00
d. til Búnaðarfélags Íslands	...	...	41000,00	41000,00
e. til sama fjelags til kenslu í mjólkurmeðferð	...	...	4000,00	4000,00
f. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz	...	...	7500,00	7500,00
g. framhaldsstyrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu	...	...	900,00	1100,00
h. til sandgræðslu:				
1. styrkur til tveggja manna til þess að nema sandgræðslu	600,00	600,00		
2. til þess að girða tvö tilraunasvæði	2500,00	2778,32		
3. ýmislegur kostnaður ...	500,00			
4. til tilrauna	...	...	3600,00	3378,32
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör	...	...	18000,00	18000,00
2. til verkfræðings, er sje til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum				
a. laun	3000,00	3000,00		
b. ferðakostnaður eftir reikningi .	500,00	794,65	3500,00	3794,65
3. a. laun handa 2 dýralæknum ..	2400,00	1200,00		
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400,00	400,00	2800,00	1600,00
4. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu	...	...	300,00	300,00
5. styrkur til manns til að nema dýrslækningar	...	...	600,00	600,00
6. til útrýmingar fjárkláðanum ...	...	...	20000,00	72399,06
7. til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík ...	...	...	4000,00	4000,00
Flyt	...	...	142000,00	193472,03

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	. . .	. . .	142000,00	193472,03
8. til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla á Akureyri	. . .	. . .	1000,00	1000,00
9. til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds	. . .	. . .	600,00	600,00
10. til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis . . .	. . .	. . .	1500,00	1500,00
11. til Jóns Sigurðssonar til að stunda rafmagnsfræði í Khöfn	. . .	. . .	400,00	400,00
12. til Björns Pálssonar til að stunda rafmagnsfræði á Harward háskóla	. . .	. . .	600,00	600,00
13. til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík . . .	. . .	. . .	1500,00	1500,00
14. Utanfararstyrkur til manna, er vilja kynna sjer kaupfjelagsskap og samvinnufjelagsskap erlendis og læra bókfærslu, er þar að lýtur . .	. . .	. . .	1000,00	550,00
15. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina við húsabyggingar	. . .	. . .	800,00	800,00
16. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	. . .	. . .	2000,00	2000,00
17. Þóknun til vörumerkjaskráritara	. . .	. . .	360,00	360,00
18. Til efnarannsóknastofu í Rvík:				
a. stofnunarkostnaður alt að . .	5500,00	5504,00		
b. til árlegs kostnaðar:				
1. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2000,00	2000,00		
2. til aðstoðar og annarar vinnu	300,00	300,00		
3. til húsaleigu	300,00	300,00		
4. til ljósa og eldsneytis . . ,	300,00	300,00		
			8400,00	8404,00
19. styrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip	. . .	. . .	15000,00	. . .
Flyt	. . .	. . .	175160,00	211186,03

15. gr. Til verklegra fyrirtækja.

	Fjárveiting	Reikningur	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt	. . .	. . .	175160,00	211186,03
20. styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir	. . .	. . .	. . .	. . .
21. Styrkur til ábyrgðarfjelaga,er vátryggja mótorbáta, alt að . . .	. . .	. . .	10000,00	10000,00
22. Til skipstjórafjelagsins »Öldunnar« styrkur til utanfarar fiskimönnum er afla vilja sjer þekkingar á fiskiveiðum og fiskiverkun . .	. . .	. . .	2500,00	850,00
23. Styrkur til 2 íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn	. . .	. . .	300,00	300,00
24. Til Hólmfríðar Árnadóttur til þess að stunda kennaranám í Kaupmannahöfn 500 kr. f. árið . .	. . .	. . .	500,00	500,00
25. Til Ísaks Jónssonar, íshússtjóra, styrkur til þess að koma upp íshúsi í Þorgeirsfirði	. . .	. . .	. . .	. . .
26. Til Lárusar Jóhannssonar Rist til þess að ljúka leikfimisnámi . .	. . .	. . .	350,00	350,00
Samtals	. . .	. . .	188810,00	223186,03

16. gr.

Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna hefir verið greitt kr. 18121,02

17. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár hefir gengið á árinu . . . . . kr. 59035,19

18. gr.

Til óvissra útgjalda hefir gengið á árinu . . . . . kr. 8634,61

20. gr.

Fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum og 20. gr. fjárlaganna (nýjum lögum):

A. Samkvæmt fjáraukalögum fyrir árin 1904—05, 29. okt. 1905:

1. Eftirstöðvar af byggingu leikfimishúss við gagnfræðaskólann á Akureyri . . . . . kr. 170,48
2. Styrkur til síra Gísla Skúlasonar til að læra að kenna heyrnar- og mállausum . . . . . — 600,00

Flyt kr. 770,48

50

		Flutt kr.	770,48
	3.	Kostnaður við fjárskoðanir í Suður-Múlasýslu og Austur-Skaptafellssýslu	— 578,00
B.	1.	Lög nr. 38, 10. nóv. 1903 um gagnfræðaskóla á Akureyri .	— 7700,00
	2.	Lög nr. 29, 20. okt. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga	— 10568,57
	3.	Lög nr. 33, 20. okt. 1905 um stofnun geðveikrahælis . .	— 49308,65
	4.	Lög nr. 52, 10. nóv. 1905 um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, eftirstöðvar af stofnfje sjóðsins, sbr. skýrslu um innstæðu viðlagasjóðs 5. tölulið	— 6015,85
		Samtals kr.	74941,55

Embættaveiting, lausn og skipun m. m.

a. Lausn frá embætti.

7. mars veitti ráðherra Ólafi F. Davíðssyni bókara við Landsbankann eftir umsókn hans lausn frá tjeðri sýslan, frá 1. júní þ. á. að telja.

30. mars var justitiarius í landsyfirrjettinum L.. E. Sveinbjörnsson, k. af dbr. og dbrm., allramildilegast veitt lausn í náð frá embætti þessu með fullum launum í eftirlaun.

b. Skipun.

20. febrúar var Olaf Elias Forberg, settur landssímaforstjóri, r. af dbr., allramildilegast skipaður forstjóri landssímanna.

19. mars var cand. juris Sigurður Eggerz settur til þess fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. að telja, að gegna sýslumannsembættinu í Skaftafellssýslu.

30. mars var fyrri assessor í landsyfirrjettinum Kristján Jónsson, r. af dbr., allramildilegast skipaður justitiarius í tjeðum rjetti.

31. s. m. var annar assessor og dómsmálaritari í landsyfirrjettinum Jón Jensson, r. af dbr., settur til þess fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. að telja, að gegna fyrra assessorsembættinu í tjeðum rjetti.

S. d. var skrifstofustjóri í stjórnarráðinu Eggert Briem settur til þess fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. að telja, að gegna embættinu sem annar assessor og dómsmálaritari í landsyfirrjettinum.

Óveitt sýslan,

sem ráðherra veitir.

Bókarasýslanin við Landsbankann er laus frá 1. júní þ. á. að telja. Árslaun 3500 kr. Auglýst laus 9. mars 1908.

Umsóknarfrestur til 10. maí 1908.

Talsímaleyfi.

31. mars veitti ráðherrann samkvæmt lögum 20. oktbr. 1905, um ritsíma, talsíma o. fl. sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu leyfi til að stofna og starfrækja talsímasamband milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Leyfið er veitt til ársloka 1912 og með öðrum nánara tilteknum skilyrðum.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1908.

Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Frederiks konungs hins Áttunda til eflingar skógrækt á Islandi, undirskrifuð af ráðherranum 4. mars 1908 (A nr. 3, bls. 8—11).

Auglýsing um reglugjörð til bráðabirgðar fyrir lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík, undirskrifuð af ráðherranum 13. mars 1908 (A nr. 4, bls. 12—27.)

Brjef stjórnarráðsins *til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu* **51**
um ráðstafanir til þess, að lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði 22. 28. mars
nóvbr. f. á. geti gengið í gildi.

Samkvæmt 32. gr. laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði 22. nóvember 1907 er hjermeð skipað fyrir svo sem nú skal greina.

1. Hreppsnefndinni í Garðahreppi ber að semja kjörskrá yfir alla þá kjósendur, sem fullnægja skilyrðunum fyrir kosningarrjetti til bæjarstjórnar samkvæmt 5. gr. nefndra laga 22. nóvbr. 1907, fyrir miðjan maímánuð næstkomandi, og skal hún úr sínum flokki kjósa tvo menn í kjörstjórn til þess ásamt sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem oddvita að stýra kosningum til bæjarstjórnar, og skal sú kjörstjórn annast um, að kjörskráin liggi til sýnis á hentugum stað hálfum mánuði á undan kjördegi.

2. Oddvita kjörstjórnarinnar ber að boða til kjörfundar, er haldinn skal fyrsta virkan dag í júnímánuði næstkomandi, með nægum fyrirvara samkvæmt 8. gr. laganna, og skal þá á þeim fundi kjósa 7 bæjarfulltrúa fyrir Hafnarfjarðarkaupstað samkvæmt 4. og 6. gr. laganna.

3. Innan 5. júní næstkomandi skal bæjarfógetinn í Hafnarfjarðarkaupstað kalla hina kosnu bæjarfulltrúa á fund til þess að kjósa bæjarstjóra samkvæmt 2. gr. laganna. Bæjarfógeti skal stjórna fundi þessum og yfir höfuð gegna bæjarstjórastarfinu, þangað til bæjarstjóri er kosinn og getur tekið við starfinu, og ber svo að senda stjórnarráðinu tilkynning um kosningu bæjarstjórans.

15. dag júnimán. 1908. Reykjavík, Isafoldarprentsmiðja.

51 28. mars.

4. Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skal innan 15. júli næstkomandi semja áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins frá 1. júní þ. á. til ársloka, er rædd sje á tveim fundum með viku millibili, og liggi til sýnis 14 daga þar eftir.

5. Kjósa skal 5 menn í niðurjöfnunarnefnd til bráðabirgða, þegar bæjarstjórnin er komin á laggirnar, og skal sú nefnd hafa setu þangað til ný kosning getur farið fram eftir 21. gr. laganna í septembermánuði þ. á. Hún skal samkvæmt áætluninni jafna niður samkvæmt 20. gr. laganna hinum áætluðu gjöldum fyrir tímabilið frá 1. júní þ. á. til ársloka (sbr. 19. gr. laganna).

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra sýslumaður, til frekari birtingar og ráðstöfunar til framkvæmda, skal lagt fyrir yður að taka til starfa sem bæjarfógeti í Hjafnarfjarðarkaupstað með svæði því, er samkvæmt 1. gr. nefndra laga 22. nóvbr. f. á. verður lögsagnarumdæmi fyrir sig, frá 1. júní næstkomandi að telja.

52 20. maí

Brjef stjórnarráðsins *til biskups* **um niðurlagning Áskirkju í Rangárvallaprófastsdæmi.**

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 23. f. m., hefir stjórnarráðið samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla, og að ráði yðar staðfest þá ákvörðun hlutaðeigandi safnaðar, er hjeraðsfundur Rangárvallaprófastsdæmis hefir samþykt:

1. Að Áskirkja verði lögð niður í næstkomandi fardögum, þannig að eigendur jarða þeirra í Ássókn, er goldin er af prestsmata, haldi áfram að greiða prestsmötugjald eins og verið hefir, en kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, ornamentis hennar og instrumentis verði eign Kálfholtskirkju.

2. Að Ássókn verði sameinuð Kálfholtssókn og allar tekjur Áskirkju skuli eftir niðurlagning hennar ganga til Kálfholtskirkju.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Samþykt

53
4. maí

fyrir Húnavatnssýslu um kynbætur hrossa.

Sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir samkvæmt lögum 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta, og viðaukalögum 20. des. 1901 við nefnd lög, gert eftirfylgjandi samþykt um kynbætur hesta í sýslunni.

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3. manna nefnd, er hafi nákvæmt eftirlit með kynbótum hrossa samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver karlmaður í hreppnum, sem er 25 ára eða eldri, og er hver sá skyldur til að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefnd þessi skal eiga með sér að minsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu, en hinn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann, hann kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga heimtingu á að fá úr sveitarsjóði endurgjald fyrir það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara, sem og fyrir ritföng, og enn fremur skal greiða þeim úr sveitarsjóði fyrir störf sín, er svarar 2 kr. fyrir hvert fult dagsverk, sem þeir eru að nefnarstörfum frá heimilum sínum.

4. gr.

Nefnd þessari skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess að koma með hryssur sínar og graðfola, er nefndin hefir óskað eftir, til sýnis á hentuga staði í hreppnum, og skal hún þá velja kynbótahryssur og fola svo marga, sem hún álítur þurfa í hreppnum.

5. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi

53 sínum skýrslu um störf sín; gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir
4. maí ástæða til, og sjer um, að skýrslan ásamt athugasemdunum komist á næsta fund sýslunefndarinnar. Skýrslan sje undirrituð af öllum nefndarmönnum.

6. gr.

Hestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:

a. Að þeir sjeu eigi getnir af ofskyldum foreldrum, t. d. ekki móður og syni eða systkynum, og að þeir sjeu af haldsömu og hraustu kyni.
b. Að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helst í báðar ættir.
c. Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helst í báðar ættir, samt ekki hvítir, als ekki glaseygðir, eða af glaseygðu kyni.
d. Að þeir sjeu gjörvulegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkaþykkir, bogmektir, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, bein- en stutthryggjaðir, lendbeinir og lendbreiðir, vöðvaþykkir, snögg- og þjetthærðir (ɔ: selhærðir), prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og hófarnir svartir eða öskulitaðir, pung- og eistnasíðir.

7. gr.

Hryssur þær, er graðhesta skal undan ala, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir graðhesta, og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu graðhestamæður yngri vera en 5 vetra, og ekki eldri en 15 vetra.

8. gr.

Aðalregla sje, að gelt sjeu öll hestfolöld, sem ekki eru fyrirhuguð til kynbóta, en þeir aðrir folar, sem ekki eru folaldsgeltir og ekki ætlaðir til undaneldis, skulu geltir ekki seinna en fyrir góulok, er þeir eru á 2. vetur, ef það er unt skapnaðar vegna, annars í hið síðasta fyrir miðjan maímánuð. Folar þeir, er ekki verða geltir innan þess tíma, skulu sýndir kynbótanefndinni, er þá ráði um meðferð þeirra.

9. gr.

Ávalt skulu hestar þeir og hryssur, sem til undaneldis eru valin, vera vel haldin, svo þau nái sem fyrst og mestum þroska, og skal kynbótanefndin sjerstaklega hafa eftirlit með meðferð þeirra. Til undaneldis skal ekki brúka yngri fola en 4. vetra; þó má kynbótanefndin eftir atvikum veita leyfi til þess að brúka efnilega 3. vetra fola, og skulu þeir notaðir til undaneldis ekki skemri tíma, en til þess þeir eru 8 vetra, nema völ sje á öðrum yngri og betri. Hryssur skulu ekki leiddar fyr en þær eru 4. vetra.

10. gr.

Eigendur graðhesta skulu skyldir til, eftir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis á áðurnefndum aldri, svo framarlega þeir eigi vilji selja þá,

og má ekki gelda þá fyr að vorinu en í lok júnímánaðar, svo ekki missist góður tími af hryssum. En heimilt skal eiganda að selja folann, þegar hann er 6 vetra og hefir þá kynbótanefnd forkaupsrjett á honum fyrir það verð, er 2 menn meta, annar valinn af eiganda, en hinn af kynbótanefnd. Komi þessum 2 mönnum eigi saman, velja þeir í sameiningu oddamann til að skera úr ágreiningnum. Skylt skal kynbótanefnd að ákveða eigendum graðhestanna hæfilegan toll fyrir brúkun þeirra, og skal hann goldinn fyrir hverja hryssu er við folanum fær, af eigendum hryssanna. 53 4. maí

11. gr.

Hryssur, er fyljast hafa, skal ekki hafa til erfiðrar brúkunar næsta mánuð á eftir, og sem minst að vetrinum. Kynbótahesta má ekki brúka, hvorki til reiðar nje áburðar, fyr en þeir eru orðnir 5 vetra, og aldrei nema vægilega og innanhrepps, meðan þeir eru notaðir til undaneldis, en að því loknu skulu þeir geltir.

12. gr.

Allir þeir folar, er kynbótanefnd hefir valið, skulu vera í geymslu frá 11. apríl til októbermánaðarloka; folar þeir, er til undaneldis eru ætlaðir það og það, árið, skulu geymdir eftir samráði kynbótanefndar og eiganda á þeim stöðum í hreppnum, er geymsla fæst tryggilegust og haganlegust fyrir þá, er not vilja hafa graðhestanna. Rjett er að fleiri hreppar séu í samlögum um geymslu hinna yngri útvöldu graðhesta, ef þeim sýnist svo. Kostnað þann, er leiðir af haldi slíkra fola, skal hreppsnefnd og kynbótanefnd ákveða, og sjá um að eigendur og geymendur sjeu skaðlausir af. Sömuleiðis skulu þær ákveða borgun þá, sem eigendum mera ber að greiða fyrir not folanna, en að því leyti sem sú greiðsla hrekkur ekki fyrir kostnaðinum við hald þeirra, þá skal greiða úr sveitarsjóði, það sem til vantar. Verði ágreiningur um kostnað þenna milli hlutaðeigenda, þá skal honum ávalt skotið til endilegra úrslita undir sýslunefnd. Nú sleppur kynbótafoli úr geymslu, og skal hann þegar höndlaður og geymanda tilkynt hvar hann sje niðurkominn, og vitji geymandi hans þegar og, ef vanrækslu hans er um að kenna, þá greiði hann allan þann kostnað, er leitt hefir af folanum og óskunda þeim, er hann hefir gert. Rísi ágreiningur út af slíkum kostnaði og óskunda, heyrir hann undir dómstólana, nema hlutaðeigendur komi sjer saman um að skjóta honum til endilegra úrslita sýslunefndar.

13. gr.

Kynbótanefnd í hverjum hreppi skal skrifa upp mark, lit og aldur á þeim folum, sem hún hefir valið til kynbóta, og merkja þá greinilegu marki, og tilkynna það kynbótanefndum í nærliggjandi hreppum. Bannað er að láta graðhesta eldri en $1^1/_2$ árs, sem ekki eru valdir af kynbótanefnd, ganga lausa lengur fram eftir vori en til 1. apríl. Finnist slíkur hestur eftir þann tíma á því svæði

53 er kynbótasamþykt nær yfir, enda sje hann ekki á fulltryggilegri einangrun,
4. maí skal hann geltur svo fljótt sem ástæður leyfa á ábyrgð eiganda, og því næst seldur sem óskilagripur án innlausnarfrests. Af andvirði hans skal taka kostnað allan og sekt á hendur eiganda.

14. gr.

Alt það eftirlit, er hafa þarf á því að samþykt þessari sje fylgt, svo sem ráð er fyrir gjört í lögum 11. desbr. 1891, og viðaukalögum 20. desbr. 1901 um kynbætur hesta, skal falið hinum kosnu kynbótanefndum.

15. gr.

Sýslumaður skal á manntalsþingum ár hvert grenslast eftir, hvernig samþykt þessari hefir verið framfylgt í hverjum hreppi, áminna menn að bæta úr því, sem áfátt kann að vera, og koma fram ábyrgð á hendur þeim, er brot hafa framið gegn samþyktinni.

16. gr.

Með brot móti samþykt þessari skal farið sem með almenn lögreglumál, nema þar sem öðru vísi er ákveðið með henni. Brot mót samþyktinni varðar sektum og fellur helmingur til uppljóstrarmanns, en hinu helmingurinn í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Upp æð sektanna má eftir atvikum nema alt að 50 krónum.

17. gr.

Samþyktir um kynbætur hrossa í Húnavatnssýslu vestan Blöndu frá 29. apríl 1897, og Húnavatnssýslu austan Blöndu frá 17. apr. 1903, eru hjer með úr gildi numdar.

Samþykt þessi er hjer með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1909 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4 maí 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson

Reglugjörð

54
21. maí

um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar eða bæjarstjórnum.

1. gr.

Stjórnarvöld þau, sem getur um í 11. gr. a. 1. og 12. gr. sbr. 14. gr. í póstlögunum, eru sem nú skal greina:

Stjórnarráðið.
Biskupinn.
Landsyfirrjetturinn.
Undirdómarar, sýslumenn.
Lögreglustjórar og skiftaráðendur.
Umboðsmenn þjóðeigna.
Gjaldkeri landssjóðs.
Landlæknirinn.
Hjeraðslæknar.
Læknirinnn við holdsveikraspítalann.
Læknirinn við geðveikrahælið.
Lögskipaðir dýralæknar.
Prófastar.
Sóknarprestar.
Forstöðumaður lagaskólans.
Forstöðumaður prestaskólans.
Skólameistari hins almenna mentaskóla.
Póstmeistarinn.
Póstafgreiðslumenn.
Forstjóri landssímanna.
Forstjórar landssímastöðvanna á Akureyri, Seyðisfirði. og Ísafirði.
Skattanefndir.
Landsskjalavörðurinn.
Verkfræðingar landsins.
Skógræktarstjórinn.
Umsjónarmaður fræðslumála landsins.

2. gr.

Hvenær stjórnarvöld eiga að borga burðargjald fyrir sendingar um embættismál.

Stjórnarvöld þau, sem nefnd eru í 1. gr., skulu gegn endurgjaldi úr landssjóði borga burðargjald fyrir sendingar um embættismál, eins og hjer segir:

a, fyrir embættissendingar, sem frá þeim eru sendar.
1. til konungs eða konungsættingja,
2. til annara stjórnarvalda (1. gr.) til sveitar- eða bæjarstjórna (8. gr.) og sömuleiðis til danskra eða útlendra stjórnarvalda.
3. til annara en þeirra, sem getið er um í 1. og 2. lið, þegar sendingin er send, til þess að leggja einhverjum stjórnarlegt erindi á herðar, heimta skýrslu, leita álits eða þesskonar,

54 b, fyrir sendingar, sem koma til þeirra,
21. mai. 1. frá öðrum en þeim, sem nefndir eru í a 1. og 2. lið, þegar sendingin hefir að eins inni að halda fyrirskipaða skýrslu, eða heimtað álit (án tillits til þess, hvort sendingin er fyrirskipuð í það skiftið eða yfir höfuð),
2. frá dönskum eða útlendum stjórnarvöldum.

3. gr.

Hvenær stjórnarvöld mega eigi borga undir sendingar á landssjóðskostnað.

Stjórnarvöld mega ekki borga burðargjald fyrir hönd landssjóðs undir þjónustusendingar, nema þegar enginn vafi getur verið á, að það sje leyfilegt samkvæmt 2. gr.; það er því meðal annars óleyfilegt að borga burðargjald á landssjóðskostnað undir sendingar, þegar þær hafa inni að halda eitthvað, sem snertir hag sendanda eða viðtakanda, en eigi hag landsstjórnarinnar.

Sendingar þær, sem ræðir um í þessari grein, skal því annaðhvort senda óborgaðar, eða borga undir þær á kostnað móttakanda, annaðhvort á þann hátt, að hann lætur stjórnarvaldið fá almenn frímerki til þess, eða semur um það við stjórnarvaldið, að það borgi burðargjaldið fyrirfram gegn endurgjaldi; þannig verður að fara að, þegar samkvæmt 12. gr. í póstlögunum á að borga fyrirfram undir sendinguna (ábyrgðarbrjef, póstávísanir, póstkröfur og krossbandssendingar).

Þegar almennar brjefasendingar, sem hjer er um að ræða, eru sendar óborgaðar, skal skrifa á þær: E. B. (einfalt burðargjald) og verða þær þá fluttar með póstum, án þess að burðargjaldið tvöfaldist; samkvæmt því, sem segir í 11. gr. a. 1. í póstlögunum. Innanbæjar og innansveitarburðargjald á samskonar sendingum tvöfaldast heldur eigi sje á þær skrifað: E. B.

4. gr.

Um notkun þjónustufrímerkja.

Póststjórnin gefur út þjónustufrímerki á 3, 4, 5, 10, 15, 20 og 50 a. hvert einstakt.

Fyrir hvert hundrað af þjónustufrímerkjum, sem keypt eru í einu, borga kaupendur 4% minna.

Stjórnarvöldin geta fengið frímerki þessi keypt á póststofunni í Reykjavík og á öllum póstafgreiðslustöðum, að minsta kosti 3, 4, 5 og 10 aura þjónustufrímerki.

Aðeins stjórnarvöld þau, sem talin eru í 1. gr., mega nota þjónustufrímerki, og eigi nema á póstsendingar innanlands, sem taldar eru í 2. gr., en á sendingar til danskra eða útlendra stjórnarvalda, verður að brúka almenn frímerki.

Stjórnarvöldin geta fengið hjá póstmönnum kauplaust kvittun bæði fyrir keyptum þjónustufrímerkjum og fyrir upphæð þeirra almennu frímerkja, sem þau hafa notað á sendingar, til danskra eða útlendra stjórnarvalda.

Þegar stjórnarvöld heimta álit eða skýrslu eða eiga von á annari fyrirskipaðri sending frá öðrum en stjórnarvöldum eða sveitarstjórnum, geta þau sent hlutaðeiganda þjónustufrímerki, sem þarf, til slíkra sendinga.

Þjónustufrímerki skulu embættismenn geyma svo vandlega, að aðrir geti eigi notað þau, og þeir bera ábyrgð á því, að sendingar, er frá þeim ganga með þjónustufrímerkjum, undir embættisinnsigli þeirra eða með áskrift þeirri, sem má hafa í stað innsiglis, í raun rjettri sjeu þess eðlis, að borga megi undir á þann hátt, samkvæmt reglunum í 2. og 3. gr.

5. gr.

Eðli og ásigkomulag þjónustusendinga.

Til þess að svo verði álitið, að sending sje til stjórnarvalds, verður utanáskriftin greinilega að bera það með sjer, þótt eigi sje það nefnt sama nafni og í 1. gr.

Ef mannsnafn er í utanáskriftinni, verður eigi álitið, að sendingin sje til stjórnarvalds. Því að eins verður álitið, að póstsending komi frá stjórnarvaldi, að á henni sje embættisinnsigli stjórnarvaldsins eða embættisstimpill, eða þá áteiknun um það, frá hvaða stjórnarvaldi hún sje, með undirskrift embættismannsins eða fullmektugs hans, og skal innsiglunin eða áteiknunin vera á fylgibrjefinu, þegar um böggla er að ræða.

Þegar sendingar þær, sem getur um í 2. gr. a. 3., eiga að ganga með þjónustufrímerkjum, verður utanáskriftarmegin á þeim, og á framhlið fylgibrjefsins, þegar um böggulsendingar er að ræða, að skrifa, »stjórnarlegt erindi« (póstmál eða embættismál) »fyrirskipuð skýrsla« »heimtað álit«.

Um áteiknunina E. B., þegar um óborgaðar sendingar er að ræða, er getið í 3. gr.

Eigi sendingar þær, sem getið er í 2. gr. b. 1, að flytjast með póstum ófrímerktar eða frímerktar með þjónustufrímerkjum, sem stjórnarvaldið hefir sent í því skyni, verður að vera ritað á þær að framanverðu, og að því er snertir böggulsendingar, á fylgibrjefið »skipuð skýrsla«, »heimtað álit« og áteiknun þessi undirskrifuð af sendanda sjálfum.

6. gr.

Eftirlit með að rjett sje farið með þjónustusendingar.

Það er skylda sjerhvers stjórnarvalds, þegar það tekur við sendingum, sem þjónustufrímerki eru á, að hafa gætur á, hvort sendingarnar hafa verið þess eðlis, að borga mætti undir þær á þennan hátt, og ef það sjest, að röng aðferð hefir verið viðhöfð, skal skýra yfirmanni þess, sem sendi, frá því, eða stjórnarráðinu, sje sendingin frá því komin.

Pósthúsin skulu hafa gætur á, að sendandi hafi gætt hinna ytri skilyrða, að því er snertir utanáskrift, áteiknun og innsigli, sem sett eru fyrir því:

1. að álitið verði, að sending sje frá stjórnarvaldi,
2. að sending geti gengið óborguð til stjórnarvalds, eða
3. að þjónustufrímerki megi viðhafa.

Sje þessum skilyrðum eigi fullnægt, skal, þegar um fyrsta atriðið er að ræða, skoða sendinguna eins og komna frá einstökum mönnum, en sje um tvö síðari atriðin að ræða, skal skoða sendinguna sem ófrímerkta.

7. gr.

Reikningsskil fyrir notkun á þjónustufrímerkjum.

Kvittanir þær, sem getið er um í 4. gr., sendir embættismaður til stjórnráðsins einu sinni á ári sem fylgiskjal við reikning sinn og lætur fylgja skýrslu, sem gefin er upp á æru og samvizku með eiginhandar undirskrift um það, hve mörg þjónustufrímerki voru til hjá honum eftir, frá hinu fyrra reikningstímabili, hve mörg hann hafi keypt á því tímabili, sem kvittanirnar eru sendar fyrir, hve mörg eru notuð á þeim tíma, og hve mörg eru til við lok þessa tímabils.

54 21. maí. Leiki nokkur efi á því, hvort reikningur frá einhverju sjórnarvaldi um burðargjald sje rjettur, skal pósthús það, sem hlut á að máli, samkvæmt kröfu stjórnarráðsins, halda viðskiftabók, sem stjórnarvaldið útvegar, um allar sendingar, sem ganga frá þessu stjórnarvaldi eða berast til þess frá lægri embættisþjónum, sýslunarmönnum eða einstökum mönnum, og þjónustufrímerki hafa verið höfð við, svo og um borgun þá, sem stjórnarvald þetta greiðir fyrir keypt þjónustufrímerki.

Í sömu viðskiftabókina getur pósthúsið gefið kvittun fyrir burðargjaldi, sem stjórnarvaldið borgar undir sendingar til danskra og útlendra stjórnarvalda.

Stjórnarvöldin geta eigi heimtað neitt endurgjald fyrir það, sem pósthúsin eiga að fá fyrir störf þau, er 15. gr. póstlaganna getur um.

8. gr.

Sveitar eða bæjarstjórnir þær, sem 11. gr. a. 1. og 12. gr. í póstlögunum getur um, eru sem nú skal greina:

Sýslunefndirnar.
Sýslumenn, sem oddvitar sýslunefndanna.
Bæjarstjórnir og nefndir þeirra.
Bæjarfógetar, sem oddvitar bæjarstjórna.
Hreppsnefndirnar.

9. gr.

Meðferð á póstsendingum til og frá sveitar- eða bæjarstjórnum.

Sendingar frá sveitar eða bæjarstjórnum þeim, sem getið er í 8 gr., skulu vera nægilega frímerktar með almennum frímerkjum, þegar þær eiga að fara til:

1. Konungs eða konunsættingja,
2. Stjórnarvalda (1. gr.) eða
3. Annara sveitarstjórna eða bæjarstjórna (8. gr.).

Annars má senda sendingarnar ófrímerktar, en þá eiga almennar brjefasendingar að vera innsiglaðar með þjónustuinnsigli eða í þess stað með undirskrifaðri áteiknun (sbr. 5. gr.) og á þær ritað að framanverðu E. B. (einfalt burðargjald); þá fer um burðargjaldið eins og segir í 11. gr. a. í póstlögunum og 3. gr. í reglugjörð þessari, að það tvöfaldast ekki.

Sendingar til sveitarstjórna, sem getið er í 8. gr., mega eigi sendast ófrímerktar, nema innihaldið sje »skipuð skýrsla« eða »heimtað álit« um embættismál, og eiga sendingar þessar að vera eins úr garði gjörðar og sendingar þær, sem getið er um í 2. gr. b. 1. (sbr. 5. gr.).

Sömu reglur gilda um þær af sendingum þessum, sem eru brjefasendingar, eins og ákveðið er í 11. gr. a. 1. í póstlögunum og 3. grein í reglugjörð þessari, síðustu málsgrein, að burðargjaldið tvöfaldast ekki.

10. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. júlí 1908 og frá sama tíma falla úr gildi reglugjörðir um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitastjórnum frá 17. maí 1902, og reglugjörðirnar um viðauka við hana frá 12. okt. 1903, 1. okt. 1904 og 3. okt. 1906.

Í stjórnarráði Íslands, 21. maí 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

55
22. maí.

Reglugjörð

fyrir

póstmenn.

1. gr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir á hendi stjórn póstmálanna innanlands undir yfirstjórn stjórnarráðsins. Það hefir því umsjón yfir öllum póstafgreiðslumönnum, brjefhirðingarmönnum og póstum.

Póstmeistarinn ber upp fyrir stjórnarráðinu uppástungur um, hverja skipa skuli póstafgreiðslumenn, og skal hann sjá um, að sýslunum þessum sje veitt forstaða um stundarsakir, þá er þær losna.

Eftir uppástungu hlutaðeigandi póstafgreiðslumanns ræður hann brjefhirðingarmenn með samningum og þannig, að segja megi þeim upp með missiris fresti.

Ef honum þykir þurfa og önnur störf hans leyfa, skal hann ferðast um landið, til þess að sjá um, að póststarfanna sje gætt til hlítar, og til þess að kynna sjer, hvernig hagar til á hverjum stað.

Á ferðum þessum athugar hann bækur póstafgreiðslumanna og rannsakar sjóð og frímerkjaleifar hjá þeim. Hann gefur stjórnarráðinu skýrslu um skoðun þessa, ef eitthvað finst athugavert.

Á ferðum þessum skal hann hafa í fæðispeninga 6 kr. á dag. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar.

Hann gjörir uppástungur um tilhögun á aðalpóstferðum og aukapóstferðum, um stofnun póstafgreiðslustaða og brjefhirðingarstaða, sjer um ráðningu á póstum í aðalpóstferðir og aukapóstferðir o. s. frv.

Hann semur reikninga yfir allar pósttekjur og öll póstgjöld landsins, sem stjórnarráðið lætur endurskoða og úrskurðar síðan. Reikningsárið er frá 1. janúar til 31. desbr. og skal reikningurinn sendur stjórnarráðinu í síðasta lagi í maímánuði ár hvert. Hann sjer um að póstafgreiðslumenn og brjefhirðingarmenn hafi til sölu frímerki þau, sem með þarf.

Fyrir gjaldheimtum þeim, sem póstmeistaranum er trúað fyrir, skal hann setja veð, sem stjórnarráðið álítur tryggilegt.

Póstmeistarinn sendir stjórnarráðinu skýrslu um það, sem mikilsvarðandi er fyrir póstmálin; hann gjörir uppástungur um þær breytingar á fyrirkomulagi póstmála, sem hann álítur hagfeldar; sömuleiðis sendir hann álit sitt um bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem kunna að koma frá póstafgreiðslumönnum.

2. gr.

Stjórnarráðið skipar póstafgreiðslumenn eftir uppástungu póstmeistara og ákveður, hvort þeir skuli setja trygging fyrir fje því, sem þeim er trúað fyrir.

Við lok hvers mánaðar semur póstafgreiðslumaður reikning yfir tekjur

55 og gjöld við póstafgreiðsluna fyrir mánuðinn og sendir póstmeistara, ásamt kvitt-
22. maí. unum fyrir gjöldunum og því. sem er í sjóði, ef eigi þarf á því að halda, til að borga með útgjöld póstafgreiðslunnar. Við árslok skal póstafgreiðslumaður senda ársreikning, sem hefir inni að halda samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld póstafgreiðslunnar samkvæmt mánaðarreikningunum.

Með ársreikningi þessum skal fylgja áhaldaskrá póstafgreiðslunnar og aðalkvittanir fyrir launum póstafgreiðslumanns, brjefhirðingarmanna þeirra, sem undir hann liggja, og aðalkvittanir fyrir launum pósta þeirra, sem hann hefir borgað.

Auk þess að sjá um póstafgreiðsluna þar á staðnum, skal hann hafa gætur á, að brjefhirðingarmenn í umdæmi hans leysi af hendi störf sín eins og skipað er. Hann skal bera upp fyrir póstmeistaranum uppástungur um, hverja taka skuli fyrir brjefhirðingarmenn, þegar þær sýslanir eru lausar, og hefir heimild til að veita brjefhirðingarmanni ferðaleyfi um mánaðartíma, þó svo að sjeð verði um, að störfum hans sje gegnt, svo að alt sje í reglu, á meðan hann er fjarverandi

Póstafgreiðslumaðurinn hefir að eins viðskifti við yfirstjórnina fyrir milligöngu póstmeistarans; fyrir því skal hann senda póstmeistara öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv. um póstmál, sem frá honum eiga að fara til stjórnarráðsins. Fyrir póstmeistara skal hann bera upp uppástungur um þær breytingar á póstmálum, sem hann álítur hagfeldar, og sömuleiðis skal hann skýra honum frá því, þegar póstar eða brjefhirðingarmenn gjöra sig seka í skeytingarleysi og óreglu, sem gæti orðið til skaða fyrir póstmálin.

Póstafgreiðslumenn eru, að því leyti er störf þeirra snertir, undirgefnir póstmeistaranum og skulu mótþróalaust hlýða boði hans.

Ef þeim finst það vera miður hagfelt, geta þeir að vísu mótmælt því, en samt skulu þeir fyrst um sinn framkvæma skipun hans.

Þyki þeim á sig hallað með ákvörðun póstmeistara eða áliti þeir að það sje póststörfunum til baga, geta þeir borið málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en senda skal það áleiðis til póstmeistarans.

Svo oft sem þess verður krafist, skal póstafgreiðslumaður leggja fram bækur sínar og annað póstafgreiðslunni tilheyrandi til sýnis póstmeistaranum. Hann skal sækja um leyfi hjá póstmeistaranum til þess að ferðast út fyrir umdæmi sitt; þegar á liggur, getur hann samt tekist ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann póstmeistara skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, sjálfur að sjá um, að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans ábyrgð, meðan hann er fjarverandi.

3. gr.

Póstmeistari ræður brjefhirðingarmenn eftir uppástungu hlutaðeigandi póstafgreiðslumanns með samningum, sem hann gjörir við þá. Samningum þessum skal mega segja upp með missiris fresti.

Brjefhirðingarmaður er skyldur til þess við lok hvers mánaðar, að gjöra póstafgreiðslumanni þeim, sem hann er undirgefinn, skil fyrir póstgjöldum þeim, sem hann hefir tekið við, og senda það, sem kann að vera í sjóði.

Hann hefir að eins viðskifti við póstmeistarann í Reykjavík fyrir milligöngu póstafgreiðslumanns þess, sem hann er undirgefinn. Til að ferðast burtu mánaðartíma skal hann sækja um leyfi hjá hlutaðeigandi póstafgreiðslumanni, en hjá póstmeistaranum um ferðaleyfi fyrir lengri tíma. Þegar á liggur, getur hann samt tekist ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann póstafgreiðslumanni skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, að sjá um, að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans ábyrgð, meðan hann er fjarverandi. 55 22. maí.

4. gr.

Póstmeistarinn ræður pósta þá, sem með þarf, til þess að póstflutningur komist áfram, með samningum, og skal þar í ákveða um fargögn, borgunarskilyrði, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni og fyrir hve langan tíma samningurinn skuli gilda; en burtfarartíma, póstleiðina og viðkomustaði ákveður póstáætlunin ár hvert, og skal samningurinn vísa til hennar í því efni.

Í samningnum skal póstinum bannað að taka nokkuð til flutnings utan pósts eða utan tösku; skulu sektir, sem nákvæmara skal tiltaka, liggja við, ef brotið er út af, og skulu þær vera nokkur hluti af kaupi því, sem samið er um fyrir ferðina, og sje aftur brugðið út af því, skal víkja póstinum frá þegar í stað.

Fari póstur ekki af stað á ákveðnum tíma, sjeu fargögn eigi í því ástandi, sem ákveðið er, hafi hann án gildrar ástæðu farið aðra leið en ákveðið var, eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið útaf nokkru því, sem um samið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmara er ákveðin í samningnum. Hafi aftur á móti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður ekki sök á gefin, valdið því, að hann hefir orðið að bregða út af skilmálum þeim, sem settir eru í samningum, verður hann til þess að firra sig vítum, að sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkt hafi átt sjer stað.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og vigtarseðil, og skal ritað á hann á hverjum póstafgreiðslu- og brjefhirðingarstað, sem pósturinn kemur við á, hvenær hann kemur og fer og hvað sent er með honum.

5. gr.

Hinar nánari reglur um afgreiðslu á póstum og póstsendingum, svo og um reikningsskil og reikningsfærslu póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna, setur póstmeistarinn.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1908 og frá sama tíma er feld úr gildi reglugjörð fyrir póstmenn frá 24. maí 1902.

Í stjórnarráði Íslands, 22. maí 1908.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

56
23. maí

Leiðarvísir

fyrir

póstafgreiðslumenn.

1. gr.

Póstafgreiðslumenn eiga vandlega að kynna sjer póstlög 16. nóv. 1907, reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908, reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum 21. maí 1908 og reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908, sem þeim hafa verið sendar, og fara nákvæmlega eftir því, sem þar er fyrir lagt.

Póstmeistarinn í Reykjavík er nánasti yfirboðari póstafgreiðslumanna, og á að hafa eftirlit með, að þeir gegni skyldum sínum samkvæmt ofannefndum lögum og reglugjörðum. Hann gjörir þeim kunnar allar þær breytingar, sem kunna að verða á póstgöngum, póststöðvum, burðargjaldsákvæðum o. s. frv., og lætur þeim í tje allar nauðsynlegar leiðbeiningar.

Póstafgreiðslumenn eru skyldir til að afhenda póstmeistara bækur sínar o. fl. til skoðunar, hvenær sem þess kann að verða krafist.

Öll erindi póstafgreiðslumanna til yfirstjórnar póstmálanna skal senda póstmeistara áleiðis til stjórnarráðsins, til þess að póstmeistari geti látið þeim fylgja ummæli sín.

Vilji póstafgreiðslumaður takast ferð á hendur, skal hann sækja um fararleyfi samkvæmt því, sem fyrir er mælt í síðasta málslið 2. greinar í reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908.

2. gr.

Póstafgreiðslumenn eiga að hafa nákvæmt eftirlit með því, að brjefhirðingarmenn þeir, sem þeir eru yfir skipaðir, leysi störf sín vel af hendi.

3. gr.

Hver póstafgreiðslumaður afgreiðir póstflutning til póststofunnar í Reykjavík og til allra póstafgreiðslumanna á sömu póstleið, og til brjefhirðingarmanna

á póstleiðinni, sem eru á milli hans og næstu póstafgreiðslumanna á báðar hliðar, og að öðru leyti eftir reglum, sem póstmeistari kann að setja. 56 23. maí

Þeir póstafgreiðslumenn, sem búa á viðkomustöðum strandferðaskipanna, hafa og póstsendingaviðskifti við útlönd.

Til þess að nauðsynlegt eftirlit verði haft með því, sem sent er með pósti, skal skrifa það, sem afgreitt er frá póstafgreiðslustað, á póstsendingaskrár, eftir þeim reglum, sem settar eru í 7. gr., og skal vera sjerstök skrá til hvers póstafgreiðslustaðar yfir þann flutning allan, sem þangað á að fara, svo og til brjefhirðingarstaða þeirra, sem hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður á við að skifta.

Innlendar póstsendingar skal skrá til pósthúss þess, sem næst liggur þeim stað, sem sendingin á að fara til.

Póstsendingar til útlanda skulu sendar til póststofunnar í Reykjavík, nema þegar þær, samkvæmt því, sem síðar segir, eru sendar með póstskipunum eða brjefa- og krossbandssendingar með öðrum skipum, samkvæmt 9. gr. í póstlögum 16. nóv. 1907.

Póstafgreiðslumenn á viðkomustöðum póstskipanna geta sent póstsendingar með þeim beint til útlenda, skráð þær til póststöðvanna á viðkomustöðum skipanna erlendis, en böggulsendingar og peningabrjef má þó ekki senda beint til pósthúsa utanríkis; slíkar póstsendingar verður að skrá til bögglapóststofunnar í Kaupmannahöfn. Póstafgreiðslumenn, sem eigi búa á viðkomustað póstskipa, skulu skrá sendingar til póstafgreiðslumannsins á næsta viðkomustað þeirra, þegar svo stendur á, að það, samkvæmt ferðaáætlun þeirra í sambandi við ferðir landpóstanna, mundi greiða sendingunum fljótari eða jafnfljóta ferð, heldur en að senda þær með landpósti.

Samkvæmt 9. gr. í póstlögum 16. nóv. 1907, má senda almenn brjef og krossbandssendingar með öðrum skipum en póstskipum, bæði innan lands og utan, og skal þá skrá póstsendingarnar til þess pósthúss, sem skipið fer til.

4. gr.

Til flutnings með póstum skulu póstafgreðslumenn taka á móti:

a. Lausum brjefum til innlendra og útlendra póststöðva.

Telst þar undir: almenn brjef, spjaldbrjef og krossbandssendingar, bæði prentað mál, sýnishorn af vöru og snið.

Til innlendra póststöðva má prent í krossbandi, á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, eigi vera þyngra en 2 kílógrömm, og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi þyngra en $^3/_4$ kílógramms. Brjef, sýnishorn af vöru og snið mega eigi vera þyngri en 250 grömm.

Til Danmerkur og Færeyja mega brjef, sýnishorn af vöru, uppdrættir, snið og óborgað prent ekki vega yfir 250 grömm, en prent, sem borgað er fyrir að nokkru eða öllu leyti, má vega alt að 2 kílógrömmum.

56
23. maí

Til utanríkislanda má prent í krossbandi og skjöl vera 2 kílógrömm að þyngd, en sýnishorn af vöru 350 grömm, en þyngd brjefa er ótakmörkuð.

Allar þessar sendingar má senda sem ábyrgðarsendingar.

b. Peningabrjefum til innlendra og útlendra póststöðva. Um þyngd þeirra gildir hið sama og um þyngd almennra brjefa.

c. Bögglum til innlendra og útlendra póststöðva. Hverri böggulsending á að fylgja fylgibrjef, sem póststjórnin gefur út; til innlendra og danskra póststöðva má það vera lokað umslag, eigi yfir 20 grömm að þyngd, en til utanríkispóststöðva verður það að vera opið spjaldblað. Slíkum fylgibrjefum verða að fylgja tollskrár, ein eða fleiri, sjá töfluna C.

Bögglar mega vega alt að:
5 kílógrömmum með skipum,
$2^1/_2$ kílógrammi með landpóstum,
1 kílógrammi með gangandi póstum.

Bögglar með mótuðum peningum mega þó vega 8 kg. með skipum og landpóstum, en $2^1/_2$ kg. með gangandi póstum.

d. Póstávísunum til innlendra og útlendra póststöðva. Útlendar póstávísanir verður ætíð að senda til póststofunnar í Reykjavík.

Símapóstávísanir og póstinnheimtuávísanir (sbr. 11. gr.) skal þó senda beint til ákvörðunarstaðarins.

e. Póstkröfum eða póstkröfusendingum til innlendra og útlendra póststöðva.

Undir póstkröfur innanlands skal ætíð nota póstkröfueyðublöð, sem póststjórnin gefur út, hvort sem póstkrafan skal innheimt samkvæmt eyðublaðinu einu eða hún fylgir brjefum eða bögglum. Við póstkröfur til útlendra póststöðva skal eigi nota póstkröfueyðublöð.

f. Póstinnheimtusendingum til utanríkis póststöðva sbr. 11. gr.

g. Blöðum og tímaritum, sem menn skrifa sig fyrir, þegar þau hafa verið innrituð á póststofunni í Reykjavík.

Að því er snertir ásigkomulag sendinganna, umbúðir og utanáskrift og innsigli, verða þær að fullnægja skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908 og reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum 21. maí 1908, og verða þær því að eins teknar í ábyrgð póststjórnarinnar, að þeim ákvæðum sje nákvæmlega fylgt.

Hluti, sem bannað er að flytja með póstum (sbr. póstlög 16. nóv. 1907, 5. gr., og reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908, 10. gr.), mega póstafgreiðslumenn ekki taka til flutnings, en hafi það eigi að síður verið gjört, skal fara með þá samkvæmt reglugjörð 7. mars 1908, 10. gr.

Póstafgreiðslumenn eru skyldir til að taka á móti og afgreiða póstsendingar frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, þegar þeir eru viðstaddir, eða sjá um, að það verði gjört fyrir þeirra hönd. Á afgreiðslustöðum póstskipanna verður þetta þó að vera komið undir burtfarartíma skipanna.

5. gr. **56**

Burðargjald undir sendingar þær, sem 4. gr. segir að póstafgreiðslumenn skuli taka til flutnings, er: 23. mai

I. Almenn brjef.

1. Til innlendra póststöðva, Danmerkur og Færeyja, ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 10 aurar
   ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum . . . . . 20 —
   ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum . . . . . 30 —
   Innanbæjar og innansveitarbrjef alt að 250 grömmum . . . 4 —

   Sje eigi borgað fyrir fram með frímerkjum undir brjef til póststöðva innanlands eða til Danmerkur og Færeyja, verður burðargjaldið tvöfalt við það, sem að ofan segir.

   Sje borgunin ónóg, tvöfaldast hið óborgaða burðargjald.

   Burðargjald undir brjef til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum hækkar þó ekki, þótt undir þau sje ekki borgað, ef farið er eftir þeim sjerstöku reglum, sem um þau gilda.

2. Til landa utan ríkis:
   Fyrir hin fyrstu 20 grömm . . . . . 20 aurar
   og svo 10 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

   Sje eigi borgað fyrir fram með frímerkjum undir brjef til landa utan ríkis, verður burðargjaldið tvöfalt. Sje ónóg borgað, tvöfaldast það, sem á vantar.

II. Spjaldbrjef.

Milli póststöðva innanlands og Danmerkur og Færeyja . . . . 5 aurar
Innanbæjar og innansveitar spjaldbrjef . . . . . 3 —
Til utanríkislanda . . . . . 10 —

Með fyrir fram borguðu svari er burðargjaldið helmingi meira.

III. Krossbandssendingar.

1. Milli póststöðva innanlands fyrir hver 50 grömm eða minni þunga 3 aurar
   Innanbæjar og innansveitar, alt að 250 gr. . . . . 3 —
2. Til Danmerkur og Færeyja undir hver 50 grömm eða minna . 5 —
   Þó minst 10 aurar fyrir sýnishorn.
3. Til landa utan ríkis, undir hver 50 grömm eða minni þunga . 5 —
   Þó minst 10 aurar fyrir sýnishorn og 20 aurar minst fyrir skjöl önnur en sendibrjef.

Krossbandssendingar (prentað mál, sýnishorn og snið) innanlands skulu ætíð vera fullborgaðar fyrir fram, en til útlanda skal að minsta kosti vera borgað undir þær að einhverju leyti. Sje ónóg borgað undir þær, tvöfaldast það, sem ávantar.

Til Danmerkur og Færeyja má þó senda óborgað krossband, en þá má það eigi vega yfir 250 grömm, og burðargjaldið er hið sama sem fyrir brjef. Ef á sendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna,

56 23. maí

hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefir fyrir lagt, verða sendingar þessar eigi sendar með póstum, nema sem almenn brjef.

Fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er að framan, skal greiða:

Innanlands og utan . . . . . 15 aura

Ábyrgðarsendingar skulu ávalt vera fullborgaðar fyrir fram.

IV. Peningabrjef.

1. Innanlands.

Burðargjald eins og undir almenn brjef, sem borgað er undir fyrir fram, og ábyrgðargjald að auki eftir verðupphæð.

Fyrir 300 krónur og þar undir . . . . . 15 aurar
fyrir yfir 300 kr. að 400 krónum . . . . . 20 —
fyrir yfir 400 kr. að 500 krónum . . . . . 25 —

og svo 5 aurar fyrir hvert hundrað eða brot úr hundraði, sem þar er fram yfir.

2. Til Danmerkur og Færeyja.

Burðargjald eftir þyngd eins og undir almenn brjef þangað, og auk þess ábyrgðargjald af upphæð þeirri, sem í brjefinu er, fyrir hverjar 250 kr. eða minni upphæð 20 aurar.

3. Til landa utan ríkis. Sjá töfluna B.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á póstafgreiðslustaðnum, þar sem það er afhent, er borgunin fyrir það:

Fyrir 500 kr. eða minni upphæð . . . . . 10 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. af því, sem fram yfir er . . . 5 —

Póstafgreiðslumaður má ekki telja í peningabrjefum til útlanda.

Sje talið í peningabrjefi, skal skrifa á efra horn brjefsins vinstra megin »talið«.

V. Böggulsendingar.

1. Milli innlendra póststöðva:

a. Með landpóstum, þegar bögglarnir eru settir á póst á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert $^1/_2$ kílógramm eða minni þunga . . . . . 30 aurar
frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm eða minni þunga . . . . . 25 —

b. Með skipum eingöngu:
Undir hvern böggul . . . . . 10 aurar
og auk þess undir hvert $^1/_2$ kílógramm . . . . . 10 —

c. Innanbæjar og innansveitar:
Undir hvern böggul . . . . . 5 aurar
og auk þess undir hvert $^1/_2$ kílógramm . . . . . 5 —
Brot úr hálfu kílógrammi telst sem hálft kílógramm.

Böggull, sem eigi er fullfrímerktur, skal eigi fluttur með landpósti, nema á fylgibrjefinu standi »landveg«.

Undir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sé með þá farið, skal borga 50 % meira. 56 23. maí

2. Til Danmerkur og Færeyja.
Undir hvern böggul . . . . . 20 aurar
og að auki undir hvert ½ kílógramm . . . . . 5 —

3. Til landa utan ríkis. Sjá töfluna C.

Þegar böggulsending til útlanda er send áleiðis með landpósti, ber, auk burðargjalds þess, sem talið er undir V, 2 og 3, einnig að greiða undir hana burðargjald eftir V, 1 a.

Sje verð tilgreint á böggli, skal ennfremur greiða ábyrgðargjald eftir verðupphæð eins og fyrir peningabrjef.

Sömu reglur gilda um talning peninga í peningabögglum eins og í peningabrjefum.

Sje talið í peningaböggli, skal skrifa bæði á fylgibrjefið og böggulinn »talið«.

Fylgibrjef þau, sem póststjórnin gefur út, kosta 1 eyri hvert. Ef 25 eru keypt í einu kosta þau 20 aura.

VI. Póstávísanir.

1. Til innlendra póststöðva og Danmerkur og Færeyja.
Hver póstávísun má ekki vera að upphæð meira en . . . . 720 kr.
Burðargjaldið er undir 25 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 30 —
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

2. Til póststöðva utan ríkis.
Hæsta upphæð póstávísana til landa utan ríkis og burðargjald undir þær, er svo sem hér segir:

A. Þýskaland 800 mörk		9 aurar undir hverjar 18 kr. eða minni upphæð; minst 18 aurar.
B. Stóra Bretland með Írlandi, Indlandi og breskum nýlendum, öðrum en Canada	728 kr.	18 aurar undir hverjar 18 kr. eða minni upphæð; minst 36 aurar.
C. Canada 378 kr.		25 aurar fyrir hverjar 25 kr. eða minni upphæð að 100 kr., en 25 aurar fyrir hverjar 50 kr. og minna af því, sem þar er fram yfir, uppí 300 kr., en aðeins 25 aurar undir þær 78 kr., sem þá eru umfram.
D. Rússland 193 kr.		sama burðargjald og undir póstávísanir til Canada.
E. Bandaríkin og nýlendur þeirra	373 kr.	20 aurar undir hverjar 20 kr. eða minni upphæð að 100 kr., en 15 a. undir hverjar 20 kr. eða minna af því, sem fram yfir er; minst 40 aurar.

56 23. maí

F. Önnur lönd:

		Póstávísun alt að:	Burðargj.:
Austurríki. . .	1000 austurr. kr.	36 kr.	18 aurar
Belgía	1000 frankar	72 —	36 —
Búlgaría . . .	500 lew.	108 —	54 —
Egiptaland . .	1000 frankar	144 —	72 —
Frakkland . .	1000 frankar	180 —	90 —
Grikkland . .	500 frankar	216 —	108 —
Holland . . .	480 flórinur	252 —	126 —
Ítalía	1000 frankar	288 —	144 —
Japan	1000 frankar	324 —	162 —
Kongóríkið . .	1000 frankar	360 —	180 —
Luxemburg . .	1000 frankar	396 —	198 —
Noregur . . .	720 krónur	432 —	216 —
Portúgal . . .	1000 frankar	468 —	234 —
Rúmenía . . .	1000 lei	504 —	252 —
Serbía	1000 dinars	540 —	270 —
Síam	800 mörk	576 —	288 —
Sviss	1000 frankar	612 —	306 —
Svíþjóð . . .	720 krónur	648 —	324 —
Ungverjaland .	1000 ungv. kr.	684 —	342 —
		720 —	360 —

og er það sama sem 18 a. undir hverjar 36 kr. og minni upphæð.

VII. Póstkröfur.

1. Til innlendra póststöðva.
   Hver póstkrafa má ekki vera hærri en 720 kr. Burðargjald undir póstkröfur er hið sama sem undir póstávísanir; auk þess skal greiða venjulegt burðargjald undir póstkröfusendingar. Burðargjaldið skal límt á póstkröfueyðublaðið í frímerkjum, ef engin sending fylgir, annars á sendinguna eftir venjulegum reglum.
2. Til Danmerkur og Færeyja.
   Hver póstkrafa má ekki vera hærri en 720 kr.
   a. Þegar póstkrafa er lögð á almennt brjef, meðmælingarbrjef eða peningabrjef, skal eigi taka neitt póstkröfugjald, en póstkröfugjaldið, sem er jafnhátt og burðargjald undir póstávísanir, er dregið frá upphæð póstkröfunnar, þegar hún er innheimt og póstkröfuávísunin frímerkt með því.
   b. Þegar póstkrafa er lögð á böggulsendingu, skal taka fyrir böggulinn venjulegt burðargjald og að auki póstkröfugjald fyrir upphæðinni, sem er jafnhátt og burðargjald undir póstávísanir.
3. Til póststöðva utanríkis.
   1. Þegar póstkröfur fylgja meðmælingarbrjefum og peningabrjefum, má upphæð þeirra vera hin sama og fyr er sagt um póstávísanir. Ekkert

sjerstakt póstkröfugjald skal heimtað fyrir þær, en gjald þetta, sem er jafnhátt og burðargjald undir póstávísanir, er dregið frá upphæð póstkröfunnar, þegar hún er innheimt; auk þess skal taka af henni 10 aura í innheimtugjald, sem hvorttveggja límist á póstkröfuávísunina í frímerkjum. **56** 23. maí

2. Þegar póstkrafa fylgir böggulsendingu, skal taka fyrir böggulinn venjulegt burðargjald, og ábyrgðargjald þegar um verðböggla er að ræða, og auk þess póstkröfugjald, sem er 15 aurar fyrir hverjar 15 kr. af upphæð póstkröfunnar.

Upphæð póstkröfu á bögglum má ekki vera hærri en 720 kr.

Póstkröfur má senda til þessara landa utan ríkis:

Austurríkis, Belgíu, Búlgaríu, Frakklands, Hollands, Ítalíu, Japans, Luxemburg, Noregs, Portúgals, Rúmeníu Svíþjóðar, Sviss, Ungverjalands og Þýskalands.

VIII. Póstinnheimtur til landa utanríkis.

Burðargjald undir póstinnheimtusendingar er hið sama sem undir ábyrgðarbréf með sömu þyngd. Þegar upphæðir á skuldakröfum í póstinnheimtusendingum hafa verið innheimtar, skal fyrst draga frá hverri 10 aura í innheimtulaun og svo venjulegt póstávísanagjald til sendanda undir aðalupphæð þá, sem er eftir, þegar innheimtugjaldið er frá dregið. Burðargjaldið undir ávísunina og innheimtugjaldið skal hvorttveggja límast á póstinnheimtuávísunina í frímerkjum.

Póstinnheimtusendingar má senda til sömu landa og póstkröfur, þó ekki til Bulgaríu, Danmerkur og Japans.

IX. Blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt póstlögunum, 11. gr. f.

Burðargjald undir hvert $^1/_2$ kílógramm eða minni þunga:

Á tímabilinu frá 15. apr. til 14. okt. að báðum dögum meðtöldum 10 aurar
A tímabilinu frá 15. okt. til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum 30 —

Burðargjaldið borgist fyrirfram í peningum. Það skal vegið i einu lagi, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingarnar sjeu fleiri og til ýmissa.

X. Móttökukvittanir.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum, bögglum eða póstávísunum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður að borga undir hann 10 aura, bæði utanlands og innan, er límist á brjefið eða ávísunina í frímerkjum, Móttökukvittunina skal póstafgreiðslumaður útbúa og festa hana við sendinguna. Á brjefið skal skrifa »A. R«, en yfir 10 aura frímerkið á póstávísuninni skal skrifa »Avis de payement«.

Póstafgreiðslumaður, sem skilar slíkri sendingu til viðtakanda, skal láta hann undirskrifa kvittunina; síðan sendir hann viðtökupósthúsinu hana í ábyrgðarbrjefi.

Til innlendra póststöðva skal skrifa utan á umslagið »móttökukvittun«, en til útlendra póststöðva: Avis de réception, (þegar um póstávísanir er að ræða »Avis de payement«) bureau de poste à« . . .

56 XI. Aukaburðargjald.
23. maí Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg hjer á landi, skal borga aukaburðargjald fyrir þann flutning, 2 aura fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfan burðareyri.

XII. Borgun á burðargjaldinu.

Burðargjald (og ábyrgðargjald) skal borga fyrirfram undir:

ábyrgðarbrjef;

póstávísanir;

póstkröfur;

póstinnheimtur;

móttökukvittanir;

krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. f. í póstlögunum;

sendingar til konungs og konungsættingja;

sendingar til stjórnarvalda og sveitar eða bæjarstjórna. Þó mega aðrir en stjórnarvöld og sveitar eða bæjarstjórnir senda slíkar sendingar óborgaðar, þegar þær aðeins eru umbeðnar eða heimtaðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni; stjórnarvöld þau og sveitar eða bæjarstjórnir, sem taka á móti þesskonar sendingum, borga þá burðargjaldið við móttöku;

spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo að viðtakandi geti ályktað af því, hvað þau hafi inni að halda.

Borgunina fyrir allar þær sendingar til innlendra póststöðva og Danmerkur og Færeyja, sem eigi eru nefndar í þessari grein, má greiða eftir því, sem sendandi óskar, annaðhvort á pósthúsinu, sem sendingin er send frá, eða því, sem hún er send til, eða að nokkru leyti á báðum stöðum. Peningabrjef til Danmerkur og Færeyja skal þó ætíð borga undir fyrirfram að fullu.

Undir peningabrjef og böggla til landa utan ríkis verður að borga fyrirfram að fullu.

Burðargjald undir sendingar til útlanda er eigi hægt að borga með þjónustufrímerkjum, þótt um embættissendingar sje að ræða.

Einstakir menn, sem eitthvað senda með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess er krafist af póstjórninni.

XIII. Aðrar póstgreiðslur.

1. Útburður brjefa með hraðboða.

Frá póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum fást brjef borin til viðtakenda með hraðboða, ef eigi þarf yfir vötn að fara, gegn 30 aura gjaldi fyrir hvern kílómetra frá pósthúsinu að telja.

Hraðboðagjaldið borgast með því, að líma frímerki á brjefið fyrir

gjaldinu, en póstafgreiðslumaður sá, er annast útburðinn, bætir sjer kostnaðinn með endurgjaldsskírteini, sbr. 9. gr. 56

2. Fyrir sjerstaka póstkvittun greiðist 5 aurar. Ef samskonar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda eru látnar í einu á pósthúsið, má krefjast þess, að þær sjeu settar á sömu kvittun. 23. mai

Kvittanir má heimta fyrir öllum öðrum sendingum en lausum brjefum og blöðum, sem engin ábyrgð er á. Kvittanir til stjórnarvalda fyrir kaupum á þjónustufrímerkjum skulu gefnar ókeypis.

Póstkvittanir fyrir sendingum (ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og póstávísunum) til utanríkislanda má heimta ókeypis.

3. Fyrir ýmislegt svo sem:
   - að skrifa utan á póstsendingu að nokkru eða öllu leyti;
   - að fylla út póstávísunareyðublað að nokkru eða öllu leyti;
   - að fylla út póstkröfueyðublað að nokkru eða öllu leyti;
   - að merkja böggul að nokkru eða öllu leyti;
   - að slá utan um peningabrjef, þar með talið að skrifa utan á það, og setja innsigli fyrir, en umslag kostar sendandi, greiðist 5 aurar fyrir hvert fyrir sig, og reiknast gjaldið fyrir hverja sending.
4. Eftir samningi við hlutaðeigendur, getur póstafgreiðslumaður tekið að sjer ýmislegt fleira, sbr. reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908 16. gr.

6. gr.

I. Þegar póstafgreiðslumaður tekur á móti ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og bögglum, skal hann svo fljótt, sem unt er, setja á sendingar þessar númer og á ábyrgðarbrjefin skal stimpla eða skrifa R.

Þeir póstafgreiðslumenn, sem hafa fengið prentuð límnúmer, líma hvít númer á böggla. Límnúmerin eru tvöföld og skal líma þau á í réttri röð um leið og bögglunum er veitt móttaka, þannig, að minna númerið sje límt á fylgibrjefið, en hið stærra á böggulinn. Sje um verðböggla að ræða, skal einnig líma bæði á fylgibrjefið og böggulinn rauðan miða, sem prentað er á »Valeur déclarée«. Rauð límnúmer skal líma á peningabrjef. Sjeu rauðu númerin tvöföld, skal líma minna númerið á peningabrjefið, en ónýta hið stærra.

Númerið skal setja á brjefið utanáskriftarmegin á efra hornið til vinstri, en það má ekki vera fast við frímerki eða annan álímdan seðil, og eigi má brjóta það yfir röndina á brjefinu.

Ný númer skal eigi setja á sendingar, þótt þær sjeu endursendar eða áframsendar.

Vigt skal skrifa á sendingarnar og skal hún sett á þær í grömmum, þegar um böggla er að ræða bæði á böggulinn og fylgibrjefið.

Einu fylgibrjefi mega fylgja 3 verðlausir bögglar, en eigi nema einn verðböggull eða póstkröfuböggull.

56
23. maí

Fylgi fleiri bögglar einu fylgibrjefi, skal skrifa vigtina á brjefið í sömu röð og númerin.

Fylgi póstkrafa sendingu, skal líma á hana gulan miða, sem til þess er ætlaður, nema þegar póstkrafa fylgir böggli, þá skal líma rauðleitan miða bæði á fylgibrjefið og böggulinn. Sendingar halda númerum sínum óbreyttum, þótt póstkrafa fylgi þeim, og almenn brjef með póstkröfu fá ekkert númer.

Póstkröfueyðublöðin, sem skulu viðhöfð við innlendar póstkröfur, en ekki útlendar, skal leggja laus utan um peningabrjef og meðmælingabrjef með utanáskriftarhliðina út á við, þannig, að opið sje að ofan. Aftur á móti skal leggja eyðublaðið aftan við fylgibrjef og almenn brjef með utanáskriftarhliðina út á við, og festa það við brjefin með nál eða seglgarni.

Póstkröfubögglum til útlanda skal fylgja póstkröfuávísun, er skal næla aftan við fylgibrjefið. Hún skal stýluð til sendanda, og afgreiðslupósthúsið útbýr hana að öllu leyti kauplaust. Ávísun þessi á að hljóða uppá upphæð þá, sem sendandi á að fá greidda í innlendum peningum.

II. Vanborguð brjef og fylgibrjef skal stimpla með T-stimpli og burðargjaldið, sem á að heimta, skrifað ofaní utanáskriftina á brjefinu, með rauðkrít eða blákrít. Eigi brjefið að fara til útlanda, skal eigi rauðkríta það, en stimpla með T, og í efra hornið vinstra megin á framhliðinni, skal rita með tölu, hve margfalt brjefið er; auk þess skal skrifa við hliðina á frímerkjunum með bleki tvöfalda upphæð þess, sem á vantar, að brjefið sje fullborgað, í frönkum og centimum, eftir hlutfallinu 20 aurar = 25 centimar.

III. Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla, sem sett eru á póst, skal innfæra í viðtökubók, sem til þess er löggilt af póstmeistara, í áframhaldandi röð eftir númerum.

Endursendar og áframsendar sendingar skal eigi innfæra í viðtökubók. Í verðdálkinn skal tilfæra verðið, í frönkum og centimum, sje það tilfært á sendingunni í franskri mynt. Ef póstkrafa fylgir sendingunni, verður að skrifa *Remb.* milli lína og upphæðina á eftir.

Vigtina á bögglum og peningabrjefum skal skrifa í vigtardálkinn eftir því, sem sagt er til á fylgibrjefinu og sendingunni.

Í frímerkjadálkinn skal tilfæra frímerkin á sendingunni, þó ekki meira en borga skal undir hana; frímerki, sem kunna að vera framyfir, skal strika í kring um. Sjeu frímerkin ekki nægileg til að borga undir sendinguna eða sje hún óborguð, skal tilfæra í dálkinn »Gjöld« það, sem viðtakandi á að borga, ef um innlendar sendingar er að ræða, en ónóg borgað eða óborgað ef sendingin er til Danmerkur.

Í síðasta dálkinn skal skrifa sendanda, ef hann er nefndur á sendingunni.

Stórar póstafgreiðslur geta haft margar viðtökubækur til afnota í einu, en þá skal skrifað á þær, hvers konar sendingar sjeu í þær skrifaðar hverja um sig.

Efst á hverja blaðsíðu skal skrifað með hvaða skipi eða pósti sendingarnar sjeu sendar, og sje einhver sending á blaðsíðunni send með annari ferð, ber að gjöra athugasemd um það í bókinni. 56 23. maí

Í póstkröfubókina fyrir mótteknar sendingar skal skrifa allar póstkröfusendingar, sem settar eru á póst á póststaðnum sjálfum. Póstkröfubókin skal færð, eins og hún sjálf gefur leiðbeining um; þegar um peningabrjef, böggla og meðmælingarbrjef er að ræða, sem skrifuð eru í viðtökubók, skal þó aðeins skrifa tegund sendingar í dálkinn »viðtakandi«, en númer hennar í dálkinn »ákvörðunarstaður«. Sje póstkröfusendingin alment brjef, skal skrifa »brjef« í athugasemdadálkinn.

Nafn sendanda skal ætíð skrifa í þann dálkinn, sem til þess er ætlaður; að öðru leyti gilda sömu reglur um innfærslu í póstkröfubókina eins og um innfærslu í viðtökubók, eftir því sem við á.

Póstkröfueyðublöðin eiga að fá áframhaldandi númer fyrir hvert ár.

Í póstkröfubókina, sem á að sýna, hvort póstkröfurnar eru innleystar eða ekki, skal skrifa dagsetning í dálkinn »innleyst« eða »óinnleyst«, eftir því hvort póstkrafan hefir verið borguð eða sendingin komið til baka óinnleyst.

IV. Allar sendingar, nema böggla og blöð, skal stimpla með dagstimpli utanáskriftarmegin sama dag og þeim er skilað til flutnings, til þess að hægt sje að sjá af stimplinum, hvenær þær hafa verið settar á póst, og með hvaða póstferð þær hafa farið.

Frímerki á sendingum, sem notuð eru til að borga undir þær, þar með talin frímerki áprentuð á spjaldbrjef, skal ónýta með dagstimplinum. Frímerki, sem ofaukið er og ógild frímerki, skal eigi ónýta, ef komist verður hjá því. Við hin ógildu frímerki skal skrifa núll (0), en hin skal umlykja með strikum.

Frímerki, sem límd eru aftan á brjef eða fylgibrjef, á böggla í staðinn fyrir á fylgibrjefin, á móttökukvittunina í staðinn fyrir á sendinguna o. s. frv., skulu ónýtt á venjulegan hátt, en þar sem þau hefðu átt að standa, skal gjöra athugasemd um, hvar þau hafi verið sett.

Þótt frímerkin sjeu ónýtt með dagstimpli, skal stimpla póstávísanir og fylgibrjef til útlanda þar að auki með dagstimplinum, svo og líka aðrar sendingar, ef stimpillinn á frímerkjunum er ógreinilegur.

Póstsendingar, sem eru sendar aftur, af því að þær hafa verið skakt sendar, eða utanáskriftinni hefir verið breytt eða af því, að þeim verður ekki komið til skila, skal stimpla utanáskriftarmegin áður en þær fara af stað.

Stimplunum verður að halda hreinum.

7. gr.

I. Þegar póst skal afgreiða frá póstafgreiðlsustað, skal taka brjef þau öll og sendingar, sem með pósti eiga að fara, bæði þær, sem afhentar hafa verið

56
23. maí

þar á staðnum og þær, sem komið hafa annarsstaðar að, og skifta þeim niður eftir þeim póststöðvum, sem þær eiga að fara til. Síðan skal útbúa póstsendingaskrár til hvers póstafgreiðslustaðar, sem póstur á að koma við á, og til brjefhirðingarstaðanna á leiðinni til næstu póstafgreiðslu, eða eftir þeim reglum, sem póstmeistari setur.

Póstsendingaskrárnar skal útbúa þannig:

Fyrst skal skrifa á þær póstferðatölu og skipsheiti, ef skráin er send með skipi, dagsetningu og bæði póststaðinn, sem gefur út skrána, og póststað þann, sem hún er send til. Tala brjefa skal tilfærð í tvennu lagi. Útundan »aðkomin« skal setja tölu þeirra, sem komið hafa frá öðrum póststöðvum, en útundan »hjeðan« tölu þeirra brjefa, sem sett hafa verið á póst á póststaðnum sjálfum.

Í 1. dálk skal skrifa númer sendingarinnar, í 2. dálk hvers eðlis hún er og skal þar setja Á. fyrir ábyrgðarbrjef (meðmælingarbrjef), B. fyrir böggul og P. fyrir peningabrjef og verðbrjef. Í dálkana »móttökustaður« (þ. e. sá staður, þar sem sendingin er fyrst sett á póst) og »ákvörðunarstaður« (þ. e. sá staður, sem sendingin á að fara til), skal eigi skrifa neitt þegar móttökustaður er sami staður og skráin er send frá eða ákvörðunarstaður sendingarinnar er sami staður og skráin er send til. Annars skal skrifa í þessa dálka, og sýnir stimpillinn á frímerkjunum hver móttökustaðurinn er, en utanáskrifin ákvörðunarstaðinn.

Þá skal og skrifa verð sendingar í verðdálkinn.

Í athugasemdadálkinn skal setja athugasemdir, svo sem »talið«, »expres«, »hraðboðasending«, »móttökukvittun«, »A. R.« o. s. frv., og þegar um póstkröfusendingar er að ræða, skal setja í athugasemdadálkinn »Remb.« eða »póstkrafa« og upphæð póstkröfunnar í tölum á eftir.

Póstsendingaskrár skal senda til allra póststöðva á þeirri póstleið, sem póstafgreiðslan á viðskifti við, hvort sem nokkurt brjef eða sending á að fara til þeirra eða ekki.

II. Þegar alt hefir verið fært inn á póstsendingaskrárnar, samkvæmt því, sem að framan segir, skal binda saman almenn brjef og ábyrgðarbrjef, peningabrjef og fylgibrjef í bundin, í sömu röð eins og þau eru tilfærð á póstsendingaskránni. Með ábyrgðarbrjefum skal leggja póstávísanir, póstkröfueyðublöð og póstkröfubrjef og óborguð og vanborguð brjef. Hvert bundin skal reyra saman með seglgarni svo fast, að brjefin geti ekki núist saman, og láta þau, ásamt peningasendingum og böggulsendingum, verði því við komið, niður í poka, merktan með nafni póstafgreiðslustaðarins, sem hann er sendur frá, ofar og hins, sem hann er sendur til, neðar, eða þá með merki bundnu við pokaopið.

Þess skal vandlega gætt, að póstpokar sjeu rjett merktir og að þeir beri ekki eldri merki.

Peningabrjef og böggla skal jafnan láta niður vottfast eða í viðurvist póstsins.

Pokunum skal loka með lakki, er sje sett á pappaspjald yfir endana á fyrirbandinu, og á fyrirbandið að vera sterkt og óhnýtt seglgarn og lakkið fast upp við hnútinn á því. **56** 23. maí

Þegar póstflutningur er sendur í pokum með skipum, skal honum fylgja sendingaskrá í tvennu lagi; öðru eintaki hennar skal haldið eftir á póstafgreiðslustaðnum, kvittuðu af skipstjóra eða umboðsmanni hans, en hinu heldur skipstjóri.

Það, sem á að fara til póstafgreiðslustaða með landpóstum, skal láta niður í póstkoffort, sem hver póstafgreiðslumaður hefir lykil að, en póstsendingar til brjefhirðingarstaða skal láta í lokaðar töskur, ef þær eru eigi svo miklar, að nauðsynlegt sje að hafa koffort.

Að töskunum hefir pósturinn lykil, en hlutaðeigandi póstmenn hafa lykla bæði að töskunum og póstkoffortunum á þeim póstleiðum, þar sem koffort eru notuð.

III. Hver póstur á að hafa meðferðis sendinga-, stunda- og vigtarseðil, eins og segir í reglugjörð fyrir póstmenn 4. gr., og skal skrifa á hann það, sem sent er til hvers staðar, pokatöluna en ekki innihald pokanna, tölu lausra böggla og tölu stykkja í brjefaumbúðum utan poka, svo og komudag og farardag, stað og stund, þegar hann er afgreiddur af hverjum póstmanni.

Þegar póstur hefir tekið við sendingaseðlinum athugasemdalaust, skal það skoðað sem kvittun frá hans hálfu fyrir póstflutningi þeim, sem þar er skráður; eins skal það og skoða sem kvittun af hendi póstmanns fyrir póstflutningnum, þegar hann hefir tekið við sendingaseðlinum athugasemdalaust af póstinum.

8. gr.

I. Þegar komið er með póstflutning á póstafgreiðslustað, hvort sem það er með landpóstum eða skipum, skal fyrst bera nákvæmlega saman pokatöluna við sendingaseðilinn og síðan athuga með vottum innsigli, fyrirbönd og pokana sjálfa.

Því næst skal opna pokana vottfast og bera saman töluna á hinum einstöku sendingum við póstsendingaskrána, en eigi má opna nema einn poka í einu, fyrr en þessum bráðabyrgðarsamanburði er lokið.

Umbúðum, seglgarni og merkjum má ekki blanda saman við annað, fyrr en búið er að grannskoða, að allar sendingar, sem á skrá standa, sjeu framkomnar og óskemdar.

Til þess að vissa sje fyrir að ekkert verði eftir í pokunum, skal snúa þeim um, þegar þeir eru tæmdir.

Að þessu loknu skal bera saman sendingarnar og póstsendingaskrána í einstökum greinum og athuga, hvort þær hafa verið rjett frímerktar og að öðru leyti rjett útbúnar.

II. Um sjerhverja villu eða ónákvæmni á póstsendingaskránum, eða að því er snertir hinar komnu sendingar, skal póstmanni þeim, sem sent hefir, gjört aðvart, með leiðrjettingarskýrslu með fyrstu póstferð.

56
23. maí

Póstmaður sá, sem fær leiðrjettingarskýrslu, rannsakar, hvort hún er á rökum bygð, og sje svo, ritar hann á hana »viðurkent« og nafn sitt undir, en að öðrum kosti afsakanir sínar.

Póstmaður sá, sem samkvæmt leiðrjettingarskýrslu á að bera ábyrgð á oflágt eða skakt reiknuðu burðargjaldi, límir á leiðrjettingarskýrsluna, þegar hún er viðurkend, almenn frímerki fyrir því, sem á vantar.

Leiðrjettingarskýrslur skal ætið endursenda tafarlaust. Þegar um meiri háttar afbrigði er að ræða, eins og ef ábyrgðarsending vantar eða engin skrá eða engin póstsending kemur frá stað, sem póststaðurinn hefir viðskifti við, skal, auk þess að senda leiðrjettingarskýrslu, gjöra hlutaðeigandi póstmanni viðvart um það með símtali eða ritsímaskeyti, ef auðið er.

Þegar um slík afbrigði er að ræða, skal senda póstmeistara nákvæma og vottfasta skýrslu um þau, sje leiðrjettingarskýrslan eigi viðurkend.

Rjett er að skrifa athugasemd um það á skrár eða sendingalista, ef leiðrjettingarskýrslur eru útgefnar, og er nægilegt að skrifa »lsk.« og númerið á leiðrjettingarskýrslunni.

Hinar viðurkendu leiðrjettingarskýrslur skal senda til póststofunnar í Reykjavík.

Ath. Þar sem sagt er í 7. og 8. gr., að vitni skuli vera viðstatt, þegar póstur er opnaður eða látinn niður, þá verður samt að gjöra það vottalaust þegar svo er ástatt, að ómögulegt er að ná í vitni.

III. Allar sendingar, sem koma til póstafgreiðslustaðar, að undanskildum bögglum og blöðum, skal stimpla með dagstimpli þegar í stað; sendingar þessar skal stimpla á bakhliðina, nema spjaldbrjef, þau skal ætíð stimpla á framhliðina. Myndaspjaldbrjef þarf ekki að stimpla. Sömuleiðis skal stimpla allar aðkomnar póstsendingaskrár. Skakt sendar póstsendingar skal ætíð stimpla, einnig blöð og böggla.

IV. Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla, sem koma á póstafgreiðslustaðinn frá öðrum póststöðvum, skal innfæra í afhendingabókina, eins og bókin sjálf gefur leiðbeining um, þannig, að í fyrsta dálk skal rita númer sendingar, þá daginn, sem hún kemur, staðinn, sem sendingin kemur frá, tegund hennar, viðtakanda, verð og vigt; í síðasta dálk skal viðtakandi kvitta fyrir sendingunni, en sje hún eigi afhent, heldur send til annars pósthúss, skal skrifa í þann dálk nafn þess, með hvaða ferð hún er send og hvaða dag.

Í póstkröfubókina fyrir aðkomnar sendingar, skal skrifa allar póstkröfur, sem eiga að innleysast á pósthúsinu sjálfu eða við brjefhirðingar þær, sem undir það liggja.

Póstkröfueyðublöðin eiga að fá áframhaldandi númer eftir póstkröfubókinni, þegar um innlendar póstkröfusendingar er að ræða.

Ef sendingin eftir eðli sínu á að skrifast í afhendingabók, er nægilegt að tilfæra í póstkröfubókina upphæðina, viðtakanda og athugasemd um, í hvaða bók og undir hvaða númeri sendingin sje innfærð.

Hverjum póstkröfuböggli frá útlöndum fylgir póstkröfuávísun, stýlað í út-

lendum peningum. Viðtökupósthúsið breytir upphæðinni í innlenda peninga, eftir töflum þeim, sem notaðar eru við breyting á upphæðum venjulegra póstávísana. **56** 23. maí

Upphæðin í innlendum peningum skal einnig skrifuð á fylgibrjefin.

Þegar upphæðin er borguð, skal viðtökupósthúsið útfylla dálkana »Indications de service« og senda ávísunina eins og aðrar póstávísanir.

Þegar um aðrar póstkröfusendingar frá útlöndum er að ræða, en póstkröfuböggla, skal viðtökupósthúsið, þegar póstkrafan er innheimt, gefa út póstkröfuávísun, en til þess að geta það, svo sem eyðublaðið gefur leiðbeining um, getur verið nauðsynlegt um leið og sendingin kemur, að skrifa í póstkröfubókina dagsetning dagstimpils þess pósthúss, sem sendingin er frá.

V. Póstafgreiðslumenn eru ekki skyldir til að láta bera brjef út meðal viðtakenda, heldur verður að gefa þeim kost á að fá þau afhent á rúmhelgum dögum frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, enda þótt póstafgreiðslumaður sje eigi sjálfur viðstaddur, og skal hann annast um, að jafnan sje einhver, er í fjarvist hans frá heimilinu hefir þetta á hendi. Sjeu viðtakendur eigi á póststaðnum eða aðrir, sem geti tekið við sendingum fyrir þeirra hönd og gefið gilda kvittun fyrir, skal koma til þeirra tilkynning um, að sendingin sje komin, á eyðublaði, sem til þess er ætlað, og ef viðtakandi ritar kvittun á tilkynning þessa og sendir hana aftur til pósthússins, fær hann sendinguna afhenta gegn þessari kvittun. Slíkar kvittanir geymast sem fylgiskjöl við afhendingarbókina. Yfir höfuð verða póstafgreiðslumenn að tilkynna ábyrgðarsendingar og sjerstaklega póstkröfur, svo að þær verði ekki sendar aftur áður en hlutaðeigendur vita um komu þeirra.

Póstafgreiðslumaður ber ábyrgð á, að undirskrift kvittana sje rjett. Þegar móttökukvittun fylgir sendingu, sem skilað er frá póstafgreiðslustað, verður póstafgreiðslumaður að annast um, að viðtakandi riti nafn sitt á hana, um leið og hann kvittar fyrir sendingunni, og ber síðan að endursenda móttökukvittunina í ábyrgðarbrjefi til þess pósthúss, sem hún upphaflega var send frá. Óborgað eða vanborgað burðargjald, sem hvílir á sendingum, sem póstafgreiðslumaður afhendir, skal hann innheimta í peningum eða frímerkjum.

Áður en hann afhendir sendinguna, skal hann líma frímerki aftan á hana, fyrir hinu vanborgaða burðargjaldi, og stimpla þau.

9. gr.

I. Pósthúsin bæta sjer upp ýms útgjöld með því, þegar svo stendur á, sem hjer segir, að gefa út endurgjaldsskírteini:

1. Fyrir að flytja brjef með hraðboða frá öðrum pósthúsum eða frá útlöndum, til pósthússins á ákvörðunarstaðnum eða fyrsta viðtökustaðar hjer á landi.
2. Fyrir frímerki, sem límd eru á ónógborguð ábyrgðarbrjef, póstávísanir og böggla til útlanda, til viðtökupósthússins.

56
23. maí

Skírteinið skal ætíð staðfesta án tillits til, hvort leiðrjettingarskýrslan er viðurkend rjett eða ekki; skírteinið skal vitna í leiðrjettingarskýrsluna og skrá þá, sem hún tilheyrir.

3. Fyrir toll eða tollkostnað við sendingar frá útlöndum, til ákvörðunarpóst hússins, þegar viðtakandi á að borga kostnaðinn, og til pósthússins, sem tók við sendingunni frá útlöndum, þegar sendandi á að borga kostnaðinn.
4. Fyrir borgun fyrir meðferð á böggulsendingum, sem finnast í brjefakössum, eða sem á leiðinni þarf að búa um eða binda um, til pósthússins, sem þær eru skráðar til.
5. Fyrir ofreiknað burðargjald, ef sendandi er krafinn um of mikið sökum skakkrar vigtar, ef burðargjald undir böggul til útlanda er sagt of hátt, ef sendandi hefir verið krafinn um of mikið, en honum verið borgað það til baka, til pósthússins sjálfs.

Í skírteininu skal vísað til leiðrjettingarskýrslunnar, staðarins, þar sem hún er gefin út, dagsetningar á skránni og burðargjalds þess, sem á að heimta og þess, sem heimtað hefir verið.

6. Fyrir gjald fyrir talning í peningabrjefum og peningabögglum, til pósthússins, sem þeir eru skráðir til.

Á eitt endurgjaldsskírteini má setja gjald fyrir fleiri sendingar, sem eiga að fara til sama pósthúss.

Í skírteininu skal vitna í skrá þá, þar sem sendingin er skrásett.

II. Endurgjaldskírteini skal leggja utanum eða við brjefin, þegar þau eru send af stað.

III. Pósthús það, sem endurgjaldsskírteinið er stýlað til, rannsakar við afskráninguna, hvort það er rjett og annaðhvort staðfestir það, eða ritar á það athugasemdir þær, sem pósthúsinu þykir ástæða til að gjöra (sbr. þó I. 2.).

IV. Endurgjaldsskírteini skal staðfesta með því, að endurtaka upphæðina með bókstöfum og með staðsetning, dagsetning og undirskrift póstmannsins.

V. Endurgjaldsskírteinið skal tafarlaust endursenda til pósthúss þess, sem gaf það út.

VI. Komi endurgjaldsskírteinið eigi aftur með öðrum pósti, skal minna á það, og athuga það í athugasemdadálki á endurgjaldsskírteinaskránni.

10. gr.

Póstafgreiðslumenn taka á móti póstávísunum og borga þær út, og gilda um þær eftirfylgjandi reglur:

I. Innlendar póstávísanir.

1. Hvert posthús, sem tekur á móti póstávísunum, skal innskrifa þær jafnóðum og þær eru innborgaðar í dagbókina yfir innborgaðar ávísanir.
2. Innborgaðar póstávísanir fá áframhaldandi númer fyrir hvert ár, og skal innrita þær með þessum númerum, sem þær halda óbreyttum, þótt þær

sjeu endurskráðar og endursendar; í dagbókina skal skrifa númer, innborgunardag, nafn sendanda og viðtakanda, ákvörðunarstað og upphæð. 56 23. maí

3. Póstávísanir, sem koma frá öðrum pósthúsum til útborgunar, skulu ritaðar í dagbók yfir útborgaðar póstávísanir með þeim númerum, sem þær hafa fengið á innborgunarstaðnum. Númerið skal rita í dálkinn »áframhaldandi númer«; í hina dálkana skal rita innborgunardag, sendanda, viðtakanda, pósthús það, sem ávísunin kom frá, og ákvæðisupphæð. Þegar ávísanir eru útborgaðar sama dag og þær eru mótteknar, annaðhvort til viðtakanda eða sendanda, skal rita upphæðina einnig í dálkinn »útborguð upphæð«, en sjeu þær útborgaðar síðar, skal innrita póstávísanirnar aftur þann dag, sem þær eru borgaðar, og skal upphæðin þá rituð í dálkinn »útborguð upphæð«, en ekki í dálkinn »ákvæðisupphæð«; í athugasemdadálkinn útundan ávísun, sem þannig er tvisvar innrituð, skal á fyrri staðnum tilfæra útborgunardag, en á síðari staðnum viðtökudag.

4. Summuna af því, sem á degi hverjum er innborgað eða útborgað af póstávísunum, skal rita í dagbókardálkinn »samtals hvern dag«, og skal síðan skrifa í kassabókina í einu lagi fyrir þann daginn.

5. Póstávísanir eiga að teljast til gjalda, ef auðið er, sama mánuð og þær eru innborgaðar. Þegar búið er að útborga póstávísanir, skal senda þær til póststofunnar ásamt reikningnum fyrir þann mánuð, sem þær eru útborgaðar.

6. Þegar póstávísun einhverra orsaka vegna er endursend, skal telja hana til útgjalda og því næst aftur til tekna í dagbókinni, með hinu upphaflega númeri, þann dag, sem hún er endursend. Þess skal síðan getið neðst á vinstra horni ávísunarinnar (ekki á afklippingnum).

Pósthúsið, sem endurborgar póstávísunina, telur upphæðina til útgjalda og skrifar í dagbókina útundan ávísuninni: *endursend.*

Endursend póstávísun, sem er afhent sendanda, verður ekki send með pósti á ný, og verður sendandi því að senda nýja ávísun, vilji hann aftur senda npphæðina með póstávísun.

Þegar póstávísun glatast á útborgunarstaðnum, skal biðja innborgunarpósthúsið um afrit, sem kemur í stað hinnar upphaflegu ávísunar, og skal rita á það, ef ávísunin er endursend, athugasemd, eins og segir í reglugjörð um notkun pósta, 21. gr., til þess að upphæðin verði endurborguð sendanda.

Glatist póstávísun eftir að hún er útborguð og sje eigi hægt að fá kvittun frá rjettum manni á afritið, eða sje eigi hægt að útvega afrit, skal senda póststofunni í Reykjavík skýrslu um það.

7. Póstávísun, sem er endurskráð, skal telja til útgjalda og svo aftur til tekna þann dag, sem hún er send áleiðis.

Í athugasemdadálki póstávísanadagbókanna skal gera nauðsynlegar athugasemdir um endurskráningar.

Pósthúsið, sem póstávísun er endurskráð til, telur upphæðina til

56
23. maí

gjalda og athugar í dagbókinni við ávísunina »endurskráð frá N. N. pósthúsi«.

Nafninu á innborgunarpósthúsinu skal bætt við í dálkinn »póststöðvar, sem ávísunin kom frá«, innan sviga.

8. Þegar póstávísun frá fyrra mánuði fyrst kemur til útborgunar eftir að mánaðarreikningurinn er saminn, skal taka hana upp í reikning fyrir næsta mánuð, með nauðsynlegum athugasemdum.

9. Við lok hvers mánaðar semur hvert pósthús skrá yfir allar ávísanir, sem innborgaðar hafa verið eða útborgaðar þann mánuðinn, og skal á skrám þessum tilfæra númer ávísana, innborgunardag, viðtakanda, útborgunarstað fyrir innborgaðar ávísanir, en innborgunarstað fyrir útborgaðar ávísanir, og upphæð, með þeim athugasemdum, sem dagbækurnar geta um.

10. Skulu skrár þessar taldar saman og aðalupphæðin borin saman við dagbækurnar og kassabókina, og síðan sendar póststofunni í Reykjavík með mánaðarreikningnum.

II. Útlendar póstávísanir.

1. Póstávísanir til útlanda skal ætíð borga inn í krónum og aurum, en þær skulu vera stýlaðar í peningum þess lands, sem þær eiga að fara til, og tölurnar skrifaðar á dönsku, nema póstávísanir til Stóra-Bretlands, Írlands, breskra nýlendna, Rússlands og Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, þangað eiga þær að vera stýlaðar í krónum; tölurnar á póstávísunum til þessara landa og Danmerkur og Færeyja má skrifa á íslensku.

Ávísanir þessar skulu innritaðar í póstávísanadagbækurnar á sama hátt eins og segir í I, 1 og 2, og við lok mánaðarins skal skrifa þær á sjerstaka skrá, sem fylgir mánaðarreikningnum og skal aðalupphæð hennar tilfærð tekjumegin í honum sjerstök.

Allar ávísanir til útlanda skal senda til Reykjavíkur, nema símapóstávísanir og póstinnheimtuávísanir, sbr. 4. gr. d.

2. Allar póstávísanir frá útlöndum ganga gegnum póststofuna í Reykjavík. Þó mega pósthúsin borga út ávísanir, sem þeim eru sendar beina leið frá pósthúsum erlendis, en þá skal þess getið á útborgunarskránni. Pósthúsin fara með ávísanir þessar eins og segir í I 3—7. Við lok hvers mánaðar, skulu allar útlendar ávísanir, sem pósthúsið hefir útborgað, skrifaðar á sjerstaka skrá, er fylgir mánaðarreikningnum, en aðalupphæðin skal tilfærð útgjaldamegin í honum sjerstaklega.

III. Þegar póstávísanir eru sendar til lagfæringar, skal hvorki telja þær til tekna nje gjalda í dagbókunum eða póstávísanaskránum.

Póstávísanir skal leggja með póstsendingaskránni og senda til þess pósthúss, sem þær eiga að fara til, og útlendar ávísanir til póststofunnar í Reykjavík, sbr. þó 4. gr. d.

Um innborgaðar og útborgaðar póstkröfuávísanir gildir sama og um innborgaðar og útborgaðar póstávísanir, að þær eru skrifaðar í póstávísanadag-

bækurnar eftir sömu reglum; þó skulu innborgaðar póstkröfur fá áframhaldandi númer fyrir sig. 56 23. maí

Þeir póstmenn, sem hafa hið eldra form fyrir póstávísanabókum, geta strikað í sundur dálkinn með yfirskrift »áframhaldandi númer«, og sett póstávísananúmer fyrir framan, en póstkröfuávísananúmer fyrir aftan strikið.

Póstkröfuávísanir eða póstkröfur skulu sendar eins og venjulegar póstávísanir, útlendar til póststofunnar í Reykjavík, innlendar til hlutaðeigandi póstafgreiðslustaða.

11. gr.

Póstafgreiðslumenn annast póstinnheimtuviðskifti við þau utanríkislönd, sem Danmörk hefir gjört póstinnheimtusamning við

Póstinnheimtusamningur þessi er prentaður síðastur af póstsamningum þeim, sem gjörðir voru í Rómaborg 1906 og póstafgreiðslumönnum hafa verið sendir. Þar má sjá hver lönd þessu eru og í »Udenrigsbrevposttakst«, sem póstafgreiðslumenn hafa einnig fengið, er það nánar tiltekið.

Póstinnheimtu má nota við kvittanir, reikninga, ávísanir, víxla og aðrar skuldakröfur, sem greiðast án kostnaðar.

Á skjölum þeim, sem snerta skuldakröfu þá, er á að innheimta, verður að standa nafn og heimili skuldunauts, og upphæð sú, sem á að innheimta. Skal upphæðin tilfærð í peningum ákvörðunarlandsins og skrifuð bæði í tölum og bókstöfum.

Í sömu sendingu má leggja skuldakröfur á 5 skuldunauta, sem búa í umdæmi sama pósthúss, ef skuldhafi er einn. Skuldakröfur í einni sendingu verða að hafa sama gjalddaga, og mega ekki samtals fara fram úr 1000 frönkum eða samsvarandi upphæð í peningum ákvörðunarlandsins. Póstinnheimtusendingar til Íslands mega ekki fara fram úr 720 kr.

Allar skuldakröfur, sem afhentar eru til póstinnheimtu, verður sendandi að skrifa á póstinnheimtuskrá, sem póststjórnin gefur út, eftir því sem skráin sjálf segir og sýnir, en eigi má hann skrifa á hana neinar athugasemdir þar framyfir. Eyðublaðið fyrir skrá þessa er selt fyrir sama verð og önnur eyðublöð, 1 eyri hvert, 25 stykki á 20 aura.

Innheimtuskrána, skuldakröfurnar og tilheyrandi fylgiskjöl skal sendandi leggja í umslag, sem til þess er ætlað, og sem póststjórnin selur fyrir sama verð og fylgibrjef. Á framhlið þessa umslags skal tilfært nafn og heimili sendanda. Sendibrjef eða því um líkt má ekki setja innan í umslag þetta.

Sendandi lokar umslaginu sjálfur og skrifar utan á sendinguna til ákvörðunarpósthússins.

Póstinnheimtusendinguna skal afhenda á pósthúsi eins og ábyrgðarbrjef. Burðargjaldið skal borga fyrirfram og er það hið sama eins og fyrir ábyrgarbrjef.

Frá því að sendingin er send af stað og þangað til hún kemur til ákvörðunarpósthússins, skal með hana farið sem ábyrgðarbrjef.

56 23. maí Þegar póstinnheimtusendingin er komin á ákvörðunarpósthúsið, skal hún opnuð og athugað, hvort fylgiskjöl og upphæðir eru rjettar. Niðurstaðan af þeirri rannsókn skal rituð á fremri hluta innheimtuskrárinnar. Fremri hlutann skal síðan rífa af og geyma á ákvörðunarpósthúsinu.

Svo fljótt, sem því verður viðkomið, skal sýna skuldunautum kröfurnar. Sjeu þær ekki borgaðar strax, skal geyma þær á pósthúsinu í 7 daga frá sýningu, nema sendandi hafi öðru vísi ákveðið. Pósthúsið skal láta skuldunaut vita um það. Ef skuldakrafan hefir ekki verið innleyst innan þess tíma, skal endursenda hana. Óheimilt er að taka á móti borgun á nokkrum hluta kröfunnar, heldur verður hún að borgast að fullu eða ekki.

Þegar búið er að innheimta skuldakröfur þær, sem eru í einni sendingu, skal fyrst draga frá póstávísunarburðargjald til sendanda undir aðalupphæð þá, sem er eftir, þegar innheimtugjaldið er frá dregið. Efst á póstávísunina skal skrifað eða prentað »Recouvrement« og útbúa hana að öðru leyti eins og venjulega póstávísun. Burðargjaldið og innheimtugjaldið skal líma á ávísunina í frímerkjum og ónýta með dagstimplinum.

Á aftari hluta innheimtuskrárinnar skal rita skýrslu um innheimtuna, eftir því sem hann sjálfur gefur leiðbeining um, og leggja hann ásamt póstávísuninni og hinum óinnleystu kröfum í umslag, sem póststjórnin gefur út. Síðan skal senda sendinguna sem ábyrgðarbrjef ókeypis til pósthúss þess, sem póstinnheimtusendingin er komin frá. Ástæðuna fyrir, að skuldakrafa er eigi innleyst, skal skrifa annað hvort á skrána eða meðfylgjandi seðil.

Sje spurst fyrir um póstinnheimtu-sendingu, þá verður sendandi að láta af hendi eftirrit af innheimtuskránni, sem verður að fylgja fyrirspurninni.

Recouvrement-póstávísanir skal setja á skrár yfir innborgaðar og útborgaðar póstávísanir, en þess verður vandlega að gæta, að setja við þær »Recouvrement» í athugasemdadálk.

12.

Póstsendingar þær, sem póstafgreiðslumaður getur eigi komið til skila (sbr. póstreglugjörð 7. marz 1908, 21. gr.), skal sem fyrst endursenda því pósthúsi, sem þær eru frá. Á endursendar sendingar skal ætíð setja ástæðuna fyrir því, að þær hafa ekki komist til skila, t. d. »farinn«, »dáinn«, »óþektur«, »neitað móttöku«, o. s. frv.

Þegar póstsendingar eru þannig endursendar, skal afhenda þær þeim, sem sendi, gegn burðargjaldi því, er á þeim kann að hvíla. Finnist eigi sendandi, eða skorist hann undan, að innleysa sendingu, skal senda slíkar sendingar til póststofunnar í Reyjavík áleiðis til stjórnarráðsins, til meðferðar eftir 21. gr. í póstreglugjörðinni.

13. gr.

Póstafgreiðslumenn ábyrgjast allar póstsendingar, sem þeim er trúað fyrir. Þær skulu geymdar á óhultum stað, og mega ekki liggja fyrir sjónum óvið-

komandi manna, og það er heldur eigi leyfilegt, að viðtakandi sjálfur leiti upp sendingar til sín. Póstafgreiðslumönnum er bannað að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um, til hvers eða frá hverjum póstsendingar koma eða fara, nema þetta sje nauðsynlegt til þess, að koma þeim til skila. 56 23. maí

Lyklar þeir, stimplar, signet, eyðublöð og önnur áhöld, sem póstafgreiðslumönnum eru fengin, mega ekki koma í hendur óviðkomandi mönnum.

14. gr.

Póstafgreiðslumenn verða að annast um, að hafa jafnan birgðir af frímerkjum, spjaldbrjefum, lögskipuðum eyðublöðum og póstkvittunarbókum, bæði til þess að selja út frá póstafgreiðslustöðunum og til birgða fyrir brjefhirðingastaði þá, sem undir þá eru lagðir.

15. gr.

Við lok hvers mánaðar skulu póstafgreiðslumenn senda til póststofunnar í Reykjavík reikning yfir tekjur og gjöld póstafgreiðslunnar síðastliðinn mánuð, og þar með peningaleifar, sem hjá þeim kunna að vera og sem þeir þurfa ekki að nota til póstþarfa. Sem fylgiskjöl skulu þeir senda allar þær póstsendingaskrár, sem þeir hafa meðtekið síðan seinasti reikningur var gjörður, og er rjett að tilgreina tölu þeirra í reikningnum. Leiðrjettingarskýrslur og endurgjaldsskírteini skulu og fylgja, svo sem fyr segir, svo og kvittanir hlutaðeigandi manna fyrir öllum þeim útgjöldum í þarfir póstafgreiðslunnar, sem póstafgreiðslumaður kann að hafa haft, frá því síðasti reikningur var saminn.

Við árslok skal senda ársreikning með kvittunum þeim fyrir ársútgjöldunum, sem eigi þegar eru sendar, áhaldaskrá og vottorð upp á æru og samvisku um að óborgaðar og vanborgaðar sendingar, sem póstafgreiðslumaðurinn hefir afhent á árinu, hafi verið frímerktar fyrir hinu vanborgaða burðargjaldi og frímerkin stimpluð. Slík vottorð skal og heimta af brjefhirðingamönnum og senda til póststofunnar í Reykjavík.

16. gr.

Komist póstafgreiðslumenn að því, að póstar eða aðrir, sem nefndir eru í 3. gr. póstlaganna, hafi meðferðis brjef og peninga utan pósts og ólöglega, eru þeir skyldir til að skýra póstmeistaranum í Reykjavík frá því, svo að hlutaðeigendur verði látnir sæta sektum samkvæmt 18. gr. nefndra laga.

17. gr.

Póstafgreiðslumenn eru ekki skyldir til að veita póstum gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hestum þeirra, nema gegn sanngjarnri borgun.

56
23. maí

18. gr.

Leiðarvísir fyrir póstafgreiðslumenn frá 1. febrúar 1892 og auglýsing um breyting á honum frá 4. mars 1896 fellur úr gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 23. maí 1908.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Töflur

með leiðarvísi fyrir póstafgreiðslumenn.

A. Burðargjald undir brjefasendingar til útlanda.

	Almenn brjef borguð.[1]			Spjaldbrjef borguð.[2]	Krossbandssendingar.[3]			Ábyrgðargjald	Móttökukvittun
					Prent allt að 2 kg.	Skjöl allt að 2 kg.	Sýnishorn allt að 350 gr.		
					Undir hver 50 grömm				
	Allt að 20 gr.								
	Aurar		Aurar	Aurar	Aurar	Aurar	Aurar		
Danmörk og Færeyjar...	10	Yfir 20 gr. allt að 125 gr.	20	5	5	»	5 minnst 10	15	10
		Yfir 125 gr. allt að 250 gr.	30						
Önnur lönd	20	Undir hver 20 gr. í viðbót	10	10	5	5 minnst 20	5 minnst 10	15	10

[1]) Fyrir óborguð brjef skal borga tvöfalt burðargjald; fyrir vanborguð brjef tvöfalt það burðargjald, sem á vantar.

[2]) Burðargjald fyrir óborguð og vanborguð spjaldbrjef tvöfaldast eins og fyrir almenn brjef. Spjaldbrjef með viðfestu svarspjaldi kostar helmingi meira en einfalt spjaldbrjef.

[3]) Krossbandssendingar má ekki senda óborgaðar nema til Danmerkur, en þær mega þá ekki vega yfir 250 gr. og sýnishorn ekki yfir 250 gr., þótt borgað sje undir fyrirfram.

56
23. maí

B. Burðargjald undir peningabrjef til útlanda.

Almennt brjefburðargjald eftir þyngd, meðmælingargjald 15 aurar undir hvert, og ábyrgðargjald eftir verðupphæð eins og hjer segir::

	Takmörk verðupphæðar. Frankar	Fyrir hverjar 216 kr. = 300 fr. eða þar undir. Aurar	
Argentina	10000	20	*Ath.* Burðargjald undir peningabrjef til Danmerkur og Færeyja er venjulegt brjefburðargjald og 20 aurar fyrir hverjar 250 kr. eða minna af verðupphæð brjefsins. Upphæð peningabrjefa til útlanda, annara en Danmerkur og Færeyja, Noregs og Svíaríkis, skal sett bæði í tölum og bókstöfum og frönkum og centimum. Pósthúsið skal breyta upphæðinni í þá mynt, ef á þarf að halda, áður en brjefið er afgreitt.
Austurríki	engin	15	
Belgia	10000	15	
Bosnia-Herzegovina	10000	15	
Bulgaria	10000	20	
Chili	10000	20	
Danmörk, sjá ath.	engin	»	
Egyptaland	10000	25	
Finnland	engin	15	
Frakkland (Algier og Monaco)	10000	15	
Holland	25000	15	
Ítalía	10000	15	
Japan	10000	30	
Luxemburg	10000	15	
Montenegro	engin	25	
Noregur	engin	15	
Portugal	10000	20	
Rumenia	engin	15	
Rússland	engin	15	
Serbia	engin	15	
Spánn	10000	15	
Stóra-Bretland	10000	15	
Svíaríki	engin	8	
Sviss	engin	15	
Tyrkland	10000	30	
Ungverjaland	engin	15	
Þýskaland	engin	8	

D. Burðargjald undir böggla til landa utanríkis, sem eru fluttir eftir sömu reglum og póstbögglar.

Lönd, sem sendingin á að fara til	Leið sú, er sendingin á að fara um frá Danmörku.	Burðargjald eftir þyngd. Allt að:	Burðargjald eftir þyngd. Af þeim, sem sendir, á að taka:	Burðargjald eftir þyngd. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið:	Takmörk verðupphæðar:	Burðargjald eftir verðupphæð. Af þeim, sem sendir, á að taka fyrir 216 kr. = 300 frk. og þar undir.	Burðargjald eftir verðupphæð. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið fyrir 300 frk. eða þar undir.	Tala tollskráa.	Athugasemdir.
		Kg.	Aur.	Aur.	Frankar	Aur.	Aur.		
England, Skotland og Irland.. ...	yfir Hamborg eða Bremen	5	162	126	10000	20	$14^{2}/_{5}$	1	Bögglarnir mega vera allt að 1 metra á lengd, rúmmálið allt að 54 teningsdesimetrum.
	yfir Belgíu eða Holland	5	180	144	10000	15	$10^{4}/_{5}$	1	
	yfir Reykjavík	5	126	72	10000	20	$3^{3}/_{5}$	1	
Gibraltar	yfir Hamborg eða Bremen og England	1	180	144	1250	30	$25^{1}/_{5}$	2	
		yfir 1 að 3	270	234					
		yfir 3 að 5	360	324					
	yfir Belgíu og England	1	198	162	1250	30	$21^{3}/_{5}$	2	
		yfir 1 að 3	288	252					
		yfir 3 að 5	378	342					
Canada	yfir Esbjerg og England	1	198	144				2	Bögglarnir mega ekki vera yfir 76 sentimetra á lengd og ekki yfir 180 sentimetra að lengd og ummáli til samans.
		yfir 1 að 3	342	288					
		yfir 3 að 5	4[illegible]6	432					
	yfir Belgíu og England	1	252	216				2	
		yfir 1 að 3	396	360					
		yfir 3 að 5	540	504					
Bandaríkin	yfir Kaupmannahöfn og New-York	1	60					1	
		yfir 1 að 2	100						
	yfir Kaupmannahöfn	allt að 3	375		1000 kr.	65 a. fyrir hverjar 100 kr.		1	
		yfir 3 að 5	565						

Móttökuskírteini fást ekki.

C. Burðargjald undir böggulsendingar til landa utan ríkis.

Lönd, sem sendingin á að fara til.	Leið sú, er sendingin á að fara um frá Danmörku.	Burðargjald eftir þyngd. Alt að:	Almennir póstbögglar. Af þeim, sem sendir, á að taka[1]	Almennir póstbögglar. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið:	Takmörk verðupphæðar:	Burðargjald eftir verðupphæð. Af þeim, sem sendir, á að taka fyrir 216 kr. = 300 frk. og þar undir:	Burðargjald eftir verðupphæð. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið fyrir 300 frk. og þar undir:	Tala tollskráa:	Athugasemdir:
		Kg.	Aurar	Aurar	Frankar	Aurar	Aurar		
1. Austurríki og Ungarn (Lichten-Stein)	yfir Þýzkaland	5	108	72	Engin	15	$7^1/_5$	1	1) Sjeu póstbögglarnir fluttir með landpósti að nokkru leyti, skal þar að auki taka fyrir þá burðargjald yfir land.
2. Bosnia - Herzegovina	yfir Austurríki og Ungarn	5	144	108	Engin	15	$10^4/_5$	1	
3. Belgía	yfir Þýzkaland	5	108	72	Engin	15	$7^1/_5$	2	
4. Búlgaría	yfir Austurríki og Ungarn	5	198	162	»	»	»	2	
5. Corsika	yfir Frakkland	5	144	108	5000	25	18	1	
6. Finnland	yfir Svíaríki	5	180	144	50000	18	$14^2/_5$	1	
7. Frakkld. (Monaco)	yfir Elsass-Lothringen	5	108	72	5000	15	$7^1/_5$	1	
8. Grikkland	yfir Triest	5	216	180	»	»	»	2	
9. Holland	yfir Þýzkaland	5	108	72	1000	15	$7^1/_5$	2	
10. Italía	yfir Sviss	5	162	126	1000	15	$10^4/_5$	1	
11. Luxemburg	yfir Þýzkaland	5	90	54	10000	15	$7^1/_5$	1	
12. Montenegro	yfir Austurríki	5	180	144	1000	25	18	1	
13. Noregur	yfir Christiansand	5	90	54	Engin	15	$7^1/_5$	»	2) Að eins fyrir póstböggla með verði yfir 500 frk.
	yfir Svíaríki	5	108	72		15	$7^1/_5$	»	
14. Portugal	yfir Hamborg eða Bremen	5	198	162	500	20	$14^2/_5$	1	
15. Rúmenía	yfir Austurríki og Ungarn	5	162	126	Engin	15	$10^4/_5$	1	
16. Rússland	yfir Þýzkaland	5	162	126	120000	15	$7^1/_5$	2	
17. Serbía	yfir Austurríki og Ungarn	5	144	108	500	15	$10^4/_5$	1	
18. Spánn	yfir Þýzkaland og Frakkland	5	162	126	»	»	»	4	
19. Svíaríki	beina leið	5	108	72	Engin	8	$3^3/_5$	»	3) Fyrir almenna póstböggla og verðböggla allt að 500 frk.
20. Sviss	yfir Þýzkaland	5	108	72		15	$7^1/_5$	1	
21. Tyrkland	yfir Triest[2]	5	162	126		25	18	1	
	yfir Constantza[3]	5	162	126	1000	30	$21^3/_5$	1	
22. Þýzkaland	beina leið	5	72	45	Engin	8	$3^3/_5$	1	

1908

57

2. júní.

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir kauptúnið Bíldudal og jarðirnar Litlueyri og Hól.

Samkvæut lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir verslunarstaðinn Bíldudal og jarðirnar Litlueyri og Hól í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin nær yfir Bíldudalskauptún og jarðirnar Litlueyri og Hól.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kauptúnsins til jafnlangs tíma.

3 gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marsmánuði, í júnímánuði, í októbermánuði; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns. Hjeraðslæknir á heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðunum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett; formaður skal boða honum fundinn í tæka tíð. Ritfangakostnað og kostnað, er hlýst af brjefaskriftum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt, svo oft sem henni þykir þörf á, að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er umræðir í þessari samþykt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða á einstakra manna eign.

1908
57
2. júní.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþyktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmanna, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert, samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþyktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fje sje veitt. Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um fráræslu.

6. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist; skal veita öllu skólpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi fljóti útúr þeim og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gjörður í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgjörð.

Voru þannig óinnleyst brjef í árslok	1344 st.	1270 st.	2317 st.

61 *B. Lán.*

Hinn 1. jan. 1907 átti 1. flokkur veðdeildarinnar útistandandi 1246 lán að upphæð samtals	kr.	2004844 16	
Á árinu var endurborgað	—	121835 07	
Eftir var þannig óborgað í árslok 1907 . . . . . og voru þau lán 1200 að tölu.			kr. 1883009 09

Veðdeild bankans 2. flokkur.

A. Bankavaxtabrjef.

Hinn 1. jan. 1907 voru þessi bankavaxtabrjef útgefin af 2. flokki veðdeildarinnar og ekki innleyst:

	1000 kr. brjef	500 kr. brjef	100 kr. brjef
	718 st.	244 st.	246 st.
Á árinu vor gefin út . . .	514 »	327 »	390 »
	1232 st.	571 st.	636 st.

Á árinu voru engin brjef innleyst.

B. Lán.

Hinn 1. jan. 1907 átti 2. flokkur veðdeildarinnar útistandandi 247 lán að upphæð samtals	kr.	853772 37	
Á árinu voru veitt 290 lán að upphæð	—	716500 00	
	kr.	1570272 37	
Á árinu var endurborgað	—	33113 69	
Eftir var þannig óborgað í árslok 1907 . . . . . og voru þau lán 535 að tölu.			kr. 1537158 68

Reykjavík, 30. apríl 1908.

Stjórn Landsbankans.

Tryggvi Gunnarsson. *Eiríkur Briem.* *Kristján Jónsson.*

Reikningar

62

Landsbankans frà 1. október til 31. desbr. 1907.

Ágrip

af reikningi yfir innborganir og útborganir við Landsbankann frá 1. oktbr. til 31. desbr. 1907.

Innborganir:

1.	Í sjóði 1. okt. 1907			kr.	117339 37
2.	Borgað af lánum:				
	a. Fasteignarveðslán	kr.	39271 54		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	191709 40		
	c. Handveðslán	—	10694 00		
	d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	—	24458 62		
	e. Reikningslán	—	131787 25		
	f. Akkreditivlán	—	81977 70		
				—	479898 51
3.	Víxlar innleystir			—	888377 92
4.	Ávísanir innleystar			—	73048 69
5.	Vextir			—	97052 92
6.	Diskonto			—	12777 83
7.	Innborganir í reikningi Landmandsbankans í Kaupmannahöfn			—	341608 34
8.	Innborganir í reikningi útbúsins á Akureyri			—	43858 39
9.	Innborganir í reikningi útbúsins á Ísafirði			—	53747 89
10.	Innlög á hlaupareikningi	kr.	333879 19		
	að viðbættum vöxtum	—	10558 69		
				—	344437 88
11.	Innlög í sparisjóði	kr.	408525 29		
	að viðbættum vöxtum	—	83212 79		
				—	491738 08
12.	Innlög gegn viðtökuskírteini	kr.	146824 85		
	að viðbættum vöxtum	—	1896 94		
				—	148721 79
13.	Innheimt fje fyrir aðra			—	30360 08
14.	Innhorganir fyrir 1. fl. veðdeildar bankans			—	194330 03
			Flyt	kr.	3317297 72

62

	Fluttar . . .	kr.	3317297 72
15.	Innborganir fyrir 2. fl. veðdeildar bankans	—	75512 32
16.	Seld innlend verðbrjef	—	14700 00
17.	Verðlækkan á útl. verðbrjefum, færð til gjalda í reikningi yfir tekjur og útgjöld	—	11899 25
18.	Meðtekið frá landssjóði í nýjum seðlum	—	200000 00
19.	Tekjur af fasteignum	—	622 45
20.	Ýmsar tekjur	—	11909 63
21.	Ýmsir debitorar	—	904 04
22.	Ýmsir kreditorar	—	4190 44
23.	Tekjur í reikningi yfir tekjur og útgjöld	—	16213 00
		kr.	3653248 85

Útborganir:

1.	Veitt lán:				
	a. Fasteignarveðslán	kr.	9300 00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	117910 00		
	c. Handveðslán	—	2650 00		
	d. Reikningslán	—	123119 41		
	e. Akkreditivlán	—	52177 70		
				kr.	305157 11
2.	Víxlar keyptir			—	745008 83
3.	Ávísanir keyptar			—	33567 15
4.	Útborganir í reikningi Landmandsbankans í Kaupmannamannahöfn			—	579691 76
5.	Útborganir í reikningi útbúsins á Akureyri			—	82746 37
6.	Útborganir í reikningi útbúsins á Ísafirði			—	59931 94
7.	Útborgað hlaupareikningsfje			—	317320 25
8.	Útborgað sparisjóðsfje			—	467057 15
9.	Útborguð innlög gegn viðtökuskírteini			—	36024 50
10.	Útborgað innheimt fje			—	37058 70
11	Útborganir fyrir 1. fl. veðdeildar bankans			—	4289 53
12.	Útborganir fyrir 2. fl. veðdeildar bankans			—	2698 00
13.	Keypt innlend verðbrjef			—	394600 00
14.	Gjöld í fasteignareikningi			—	455 14
15.	Kostnaður við rekstur bankans			—	9611 06
16.	Skilað landssjóði í ónýttum seðlum			—	200000 00
17.	Útborgað fyrir varasjóð fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur . .			—	4500 00
18.	Útborgaðir vextir			—	119274 71
19.	Ýmsir debitorar			—	3939 79
20.	Ýmsir kreditorar			—	50000 00
21.	Gjöld í reikningi yfir tekjur og útgjöld			—	19399 25
22.	Í sjóði 31. desember 1907			—	180917 61
				kr.	3653248 85

62

Ágrip

af reikningi yfir innborganir og útborganir við útbú Landsbankans á Akureyri á tímabilinu frá 1. okt. til 31. desbr. 1907.

Innborganir:

1.	Í sjóði 1. okt. 1907			kr.	26060 30
2.	Borgað af lánum:				
	a. Fasteignarveðslán	kr.	2397 00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	23678 00		
	c. Handveðslán	—	50 00		
	d. Reikningslán	—	53176 47		
				—	79301 47
3.	Víxlar innleystir			—	73175 81
4.	Ávísanir innleystar			—	22820 00
5.	Vextir			—	13632 68
6.	Diskonto			—	2033 79
7.	Innborganir í reikningi Landsbankans			—	70625 65
8.	Innborganir í reikningi Landmandsbankans í Khöfn			—	35634 77
9.	Innlög í hlaupareikning			—	32548 19
10.	Innlög í sparisjóð			—	22868 89
11.	Innheimt fje fyrir aðra			—	30346 97
12.	Seld verðbrjef			—	2000 00
13.	Ýmsar tekjur			—	36 79
				kr.	411085 31

Útborganir:

1.	Veitt lán:				
	a. Fasteignarveðslán	kr.	23620 00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	25625 00		
	c. Handveðslán	—	620 00		
	d. Reikningslán	—	57772 86		
				kr.	107637 86
2.	Víxlar keyptir			—	82370 00
3.	Ávísanir keyptar			—	22820 00
4.	Útborganir í reikningi Landsbankans			—	28325 15
5.	Útborganir í reikningi Landmandsbankans í Khöfn			—	31138 94
6.	Útborgað hlaupareikningsfje			—	35534 27
7.	Útborgað sparisjóðsfje			—	28474 89
			Flyt . . .	kr.	336301 11

62

	Fluttar . . .	kr.	336301 11
8.	Útborgað innheimt fje	—	30578 50
9.	Kostnaður við rekstur útbúsins	—	1169 66
10.	Útborgaðir vextir	—	20678 82
11.	Ágóði útbúsins færður til tekna Landsbankanum	—	7376 47
12.	Í sjóði 31. desbr. 1907	—	14980 75
		kr.	411085 31

Ágrip

af reikningi yfir innborganir og útborganir við útbú Landsbankans á Ísafirði á tímabilinu frá 1. okt. til 31. desbr. 1907.

Innborganir:

1.	Í sjóði 1. okt. 1907			kr.	25347 70
2.	Borgað af lánum:				
	a. Fasteignarveðslán	kr.	18625 00		
	b. Sjálfskuldarábyrgarlán	—	24153 00		
	c. Handveðslán	—	1930 00		
	d. Reikningslán	—	88064 87		
				—	132772 87
3.	Víxlar innleystir			—	248526 25
4.	Ávísanir innleystar			—	21816 79
5.	Vextir			—	14435 88
6.	Diskonto			—	3342 53
7.	Innborganir í reikningi Landsbankans			—	53361 84
8.	Innborganir í reikningi Landmandsbankans í Khöfn . . .			—	40362 76
9.	Innlög í hlaupareikning			—	44982 67
10.	Innlög í sparisjóð			—	54290 78
11.	Innheimt fje fyrir aðra			—	5351 06
12.	Seld verðbrjef			—	3700 00
13.	Ýmsir debitorar			—	21 00
14.	Ýmsar tekjur			—	194 35
				kr.	648506 48

Útborganir: **62**

1.	Veitt lán:				
	a. Fasteignarveðslán	kr.	5700 00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	42466 00		
	c. Handveðslán	—	360 00		
	h. Reikningslán	—	80080 23		
				kr.	128606 23
2.	Víxlar keyptir			—	258150 25
3.	Ávísanir keyptar			—	11165 25
4.	Útborganir í reikningi Landsbankans			—	49911 88
5.	Útborganir í reikningi Landmandsbankans í Khöfn			—	68715 25
6.	Útborgað hlaupareikningsfje			—	45213 97
7.	Útborgað sparisjóðsfje			—	26075 37
8.	Útborgað innheimt fje			—	5832 11
9.	Kostnaður við rekstur útbúsins			—	1340 55
10.	Keypt verðbrjef			—	500 00
11.	Útborgaðir vextir			—	23594 78
12.	Ýmsir debitorar			—	24 00
13.	Ýms gjöld			—	12 42
14.	Ágóði útbúsins færður til tekna Landsbankans			—	8397 29
15.	Í sjóði 31. desember 1907			—	20967 13
				kr.	648506 48

Ágrip

af reikningi yfir innborganir og útborganir við 1. fl. veðdeildar Landsbankans, á tímabilinu frá 1. okt. til 31. des. 1907.

Innborganir:

1.	Innieign hjá bankanum 1. okt 1907			kr.	214436 81
2.	Borgað af lánum			—	100330 69
3.	Vextir af lánum			—	75968 25
4.	Varasjóðs og stjórnarkostnaðartillag:				
	a. $^1/_2$% af lánum	kr.	9553 40		
	b. Dráttarvextir	—	400 32		
	c. Vextir af innieign hjá bankanum	—	8077 37		
				—	18031 09
				kr.	408766 84

Útborganir:

1. Innleyst útdregin bankavaxtabrjef			kr.	1100 00
2. Útborgaðir vextir af bankavaxtabrjefum			—	186 75
3. Varasjóðs og stjórnarkostnaður:				
a. Skrifstofukostnaður bankans	—	3000 00		
b. Annar kostnaður	—	2 78		
			—	3002 78
4. Innieign hjá bankanum 31. desbr. 1907			—	404477 31
			kr.	408766 84

Ágrip

af reikningi yfir innborganir og útborganir við 2. fl. veðdeildar Landsbankans, á tímabilinu frá 1. okt. til 31. des. 1907.

Innborganir:

1. Útgefin bankavaxtabrjef			kr.	389500 00
2. Borgað af lánum			—	29490 70
3. Innborgaðir vextir:				
a. af lánum:	kr.	35673 77		
b. - bankavaxtabrjefum	—	5927 78		
			—	41601 55
4. Varasjóður og stjórnarkostnaðartillag:				
a. $^1/_2$% af lánum	kr.	3970 79		
b. Dráttarvextir	—	134 85		
c. Vextir af innieign hjá bankanum	—	314 43		
			—	4420 07
			kr.	465012 32

Útborganir:

1. Skuld við bankann 1. okt. 1907	kr.	10658 31
2. Veitt lán	—	389500 00
3. Útborgaðir vaxtamiðar	—	198 00
4. Varasjóðs og stjórnarkostnaður:		
Skrifstofufje bankans	—	2500 00
5. Innieign hjá bankanum 31. desbr. 1907	—	62156 01
	kr.	465012 32

Reykjavík, 30. apríl 1908
Stjórn Landsbankans

Tryggvi Gunnarsson. *Eiríkur Briem.* *Kristján Jónsson.*

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar árið 1907.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári			kr.	1609 26
2. Vextir:				
a. af bankavaxtabrjefum $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ '07	kr.	72 00		
b. af sparisjóðsinnstæðu til $^{31}/_{12}$ 1907	—	0 36		
			kr.	72 36
3. Innleyst veðdeildarbrjef Ltr. C nr 1676			—	100 00
4. Til jafnaðar við gjaldlið 4			—	6 16
			kr.	1787 78

Gjöld:

1. Keypt bankavaxtabrjef 2. fl. Ltra. C nr. 165			kr.	100 00
2. Kostnaður við skifti veðdeildarbrjefa			—	0 84
3. Styrkur veittur 2 bændum í Vopnafirði			—	65 00
4. Lagt í sparisjóð			—	6 16
5. Sjóður 31. desember 1907:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	1600 00		
b. Í sparisjóðsdeild útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði	—	15 78		
			kr.	1615 78
			kr.	1787 78

Skrifstofu Norðurmúlasýslu, 11. janúar 1908.

Jóh. Jóhannesson.

Embættaveiting m. m.

9. apríl var settur sýslumaður í Skaftafellssýslu cand. juris Sigurður Eggerz allramildilegast skipaður sýslumaður í sömu sýslu.

27. s. m. veitti ráðherrann sóknarpresti í Nesþingum síra Helga Árnasyni Kvíabekkjarprestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1908 að telja.

2. maí veitti ráðherrann sóknarpresti að Gaulverjabæ síra Einari Pálssyni Reykholtsprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1908 að telja.

13. s. m. var sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Lárus H. Bjarnason r. af dbr. allramildilegast skipaður kennari við lagaskólann og forstöðumaður skólans frá 1. júlí 1908 að telja.

27. s. m. skipaði ráðherrann bankaaðstoðarmann Albert Þórðarson bókara við Landsbankann frá 1. júní 1908 að telja.

30. s. m. skipaði ráðherrann skólastjóra Jón Þórarinsson r. af dbr. umsjónarmann með fræðslumálum landsins frá 1. júní 1908 að telja.

S. d. skipaði ráðherrann sóknarprest að Skinnastað síra Þorleif Jónsson sóknarprest í Viðvíkurprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 6. júní 1908 að telja.

S. d. skipaði ráðherrann Eirík lækni Kjerulf aðstoðarlækni hjeraðslæknisins í Ísafjarðarhjeraði frá 1. júní 1908 að telja.

S. d. skipaði ráðherrann Valdimar lækni Steffensen aðstoðarlækni hjeraðslæknisins í Akureyrarhjeraði frá 1. júlí 1908 að telja.

13. júní skipaði ráðherrann síra Pál Stephensen á Melgraseyri sóknarprest í Holtsprestakalli í Öndarfirði frá 6. s. m. að telja.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1908.

Auglýsing, er birtir á Íslandi lög 23. mars 1908 um breyting á og viðbót við lög 19. mars 1908 um að öðlast og missa rjett innborinna manna, undirskrifuð af ráðherra 10. apríl 1908 (A nr. 5, bls. 28—35).

Opið brjef um að almennar kosningar til alþingis skuli fara fram, undirskrifað af konungi 8. maí s. á. (A. nr. 6, bls. 36—37).

Opið brjef um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 38—39).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 9. maí 1908 (A nr. 8, bls. 40—41).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 27. s. m. (A nr. 9, bls. 42—43).

Brjef stjórnarráðsins *til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu* **64**
um àkvörðun verslunarlóðarinnar í Keflavík. 15. júní.

Með brjefi, dags. 12. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað eftirrit af ályktun sýslunefndar Gullbringusýslu viðvíkjandi stærð og takmörkun verslunarlóðarinnar í Keflavík samkvæmt lögum nr. 72 frá 22. nóvbr. f. á., svo og 2 eintök af uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu er hjer með, samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóvbr. 1905, ákveðið, að verslunarlóð Keflavíkurkauptúns í Gullbringusýslu skuli aukin með þremur svæðum og að takmörk þeirra sjeu þessi:

1. Aframhaldandi bein lína af suðausturjaðri Vatnsness, 25 metra upp fyrir sýsluveginn milli Keflavíkur og Njarðvíkur og þaðan hornrjett lína í gömlu verslunarlóðina.
2. Í Ytra Njarðvíkurhverfi: Úr Klappanefi í Þórukotsbæ og þaðan rjetthyrnd lína til suðurs í sjó fram.
3. Í Innra Njarðvíkurhverfi: Bein lína yfir Narfakotsbæ og íbúðarhús Jóns Jónssonar í Njarðvík beggja megin í sjó fram.

Jafnframt því að gefa yður þetta til vitundar, til leiðbeiningar og frekari birtingar og endursenda hjermeð annað eintak framannefnds uppdráttar, er geyma skal við skjöl Keflavíkurhrepps, skal lagt fyrir yður að hafa eftirlit með því, að hreppsnefnd nefnds hrepps láti setja og haldi við, á hreppssjóðs kostnað, glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar.

1. dag júlímán. 1908. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

65 **Brjef stjórnarráðsins** *til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu*
15. júní. **um breyting á takmörkum Rosmhvalaneshrepps og Njarðvíkurhrepps o. fl.**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. þ. m., hafa stjórnarráðinu borist erindi frá hlutaðeigandi hreppsnefndum viðvíkjandi breyting á takmörkum Rosmhvalaneshrepps og Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu, og hafið þjer í umboði sýslunefndarinnar mælt með því, að breyting þessi verði leyfð.

Útaf þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Njarðvíkurhreppur, ásamt landi jarðarinnar Keflavíkur, skal vera hreppur út af fyrir sig, er nefnist Keflavíkurhreppur, og Rosmhvalaneshreppur að fráskilinni jörðunni og kauptúninu Keflavík skal vera hreppur fyrir sig, er heiti Gerðahreppur. Takmörk hins nýja Keflavíkurhrepps verða hin núverandi takmörk Njarðvíkurhrepps og gagnvart Gerðahreppi landamerki jarðarinnar Keflavíkur.
2. Hinn nýi Keflavíkurhreppur skal taka við öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Njarðvíkurhrepps þeim, sem eru eða síðar kunna fram að koma, en eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Rosmhvalaneshrepps skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Keflavíkurhrepps komi $^{53}/_{100}$ en í hlut Gerðahrepps $^{47}/_{100}$ og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal teljast að hafa fram farið frá þessa árs fardögum og hreppsnefndir í hvorum hinna nýju hreppa skal kjósa þegar eftir að tilkynning er komin um hreppaskiftin, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorri hreppsnefndinni, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum þannig, að sýslunefnd Gullbringusýslu sker úr, ef ágreiningur verður, og hún skal einnig kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Rosmhvalaneshreppi og hinum forna Njarðvíkurhreppi, sem dómþinghám nje manntalsþinghám.

Leiðarvísir

66
23. maí.

fyrir

brjefhirðingarmenn.

1. gr.

Brjefhirðingarmenn eiga vandlega að kynna sjer póstlög 16. nóv. 1907, reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908, reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum 21. maí 1908 og reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908, sem þeim hafa verið sendar, og fara nákvæmlega eftir því, sem þar er fyrir lagt.

Póstafgreiðslumaður sá, sem til þess er settur, er nánasti yfirboðari brjefhirðingarmanna, og á að hafa eftirlit með, að þeir gegni skyldum sínum samkvæmt ofannefndum lögum og reglugjörðum. Hann gjörir þeim kunnar allar þær breytingar, sem kunna að verða á póstgöngum, póststöðvum, burðargjaldsákvæðum o. s. frv., og lætur þeim í tje allar nauðsynlegar leiðbeiningar.

Brjefhirðingarmenn eru skyldir til að afhenda póstmeistara og hlutaðeigandi póstafgreiðslumanni bækur sínar o. fl. til skoðunar, hvenær sem þess kann að verða krafist.

Öll erindi brjefhirðingarmanna til stjórnar póstmálanna skal senda póstafgreiðslumanni þeim, sem brjefhirðingarmaðurinn er undir, áleiðis til póstmeistara, til þess að póstafgreiðslumaður geti látið þeim fylgja ummæli sín.

Vilji brjefhirðingarmaður takast ferð á hendur, skal hann sækja um fararleyfi samkvæmt því, sem fyrir er mælt í síðasta málslið 3. greinar í reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908.

2. gr.

Brjefhirðingarmenn afgreiða póstsendingar til næstu póstafgreiðslustaða á báðar hliðar við sig og millumliggjandi brjefhirðingarstaða, og að öðru leyti eftir reglum, sem póstmeistari kann að setja.

66
23. maí.

Þeir brjefhirðingarmenn, sem búa á viðkomustöðum strandferðaskipanna, geta og haft póstsendingaviðskifti við útlönd, þegar svo stendur á, að brjefhirðingarstaðurinn er síðasti viðkomustaður skipsins hér á landi.

Til þess að nauðsynlegt eftirlit verði haft með því, sem sent er með pósti, skal skrifa það, sem afgreitt er frá brjefhirðingarstað, á póstsendingaskrár, eftir þeim reglum, sem settar eru í 6. gr., og skal vera sjerstök skrá til hvers póststaðar yfir þann flutning allan, sem þangað á að fara.

Innlendar póstsendingar skal skrá til pósthúss þess, sem næst liggur þeim stað, sem sendingin á að fara til.

Póstsendingar til útlanda skulu sendar til næsta póstafgreiðslustaðar, nema þegar þær, samkvæmt því, sem síðar segir, eru sendar með póstskipunum eða brjefa- og krossbandssendingar með öðrum skipum, samkvæmt 9. gr. í póstlögum 16. nóv. 1907.

Brjefhirðingarmenn á viðkomustöðum póstskipanna geta sent póstsendingar með þeim beint til útlanda, þegar svo stendur á sem fyr segir, skráð þær til póststöðvanna á viðkomustöðum skipanna erlendis, en böggulsendingar og peningabrjef má þó ekki senda beint til pósthúsa utanríkis; slíkar póstsendingar verður að skrá til bögglapóststofunnar í Kaupmannahöfn. Brjefhirðingarmenn, sem eigi búa á viðkomustað póstskipa, skulu skrá sendingar til póstmannsins á næsta viðkomustað þeirra, þegar svo stendur á, að það, samkvæmt ferðaáætlun þeirra í sambandi við ferðir landpóstanna, mundi greiða sendingunum fljótari eða jafnfljóta ferð, heldur en að senda þær með landpósti.

Samkvæmt 9. gr. í póstlögum 16. nóv. 1907, má senda almenn brjef og krossbandssendingar með öðrum skipum en póstskipum, bæði innan lands og utan, og skal þá skrá póstsendingarnar til þess pósthúss, sem skipið fer til.

3. gr.

Til flutnings með póstum skulu brjefhirðingarmenn taka á móti:

a. Lausum brjefum til innlendra og útlendra póststöðva.

Telst þar undir: almenn brjef, spjaldbrjef og krossbandssendingar, bæði prentað mál, sýnishorn af vöru og snið.

Til innlendra póststöðva má prent í krossbandi, á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, eigi vera þyngra en 2 kilógrömm, og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi þyngra en $^3/_4$ kilógramms. Brjef, sýnishorn af vöru og snið mega eigi vera þyngri en 250 grömm.

Til Danmerkur og Færeyja mega brjef, sýnishorn af vöru, uppdrættir, snið og óborgað prent ekki vega yfir 250 grömm, en prent, sem borgað er fyrir að nokkru eða öllu leyti, má vega alt að 2 kilógrömmum.

Til utanríkislanda má prent í krossbandi og skjöl vera 2 kilógrömm að þyngd, en sýnishorn af vöru 350 grömm, en þyngd brjefa er ótakmörkuð.

Allar þessar sendingar má senda sem ábyrgðarsendingar.

b. Peningabrjefum til innlendra og útlendra póststöðva. Um þyngd þeirra gildir hið sama og um þyngd almennra brjefa.

c. Bögglum til innlendra og útlendra póststöðva. Hverri böggulsending á að fylgja fylgibrjef, sem póststjórnin gefur út; til innlendra og danskra póststöðva má það vera lokað umslag, eigi yfir 20 grömm að þyngd, en til utanríkispóststöðva verður það að vera opið spjaldblað. Slíkum fylgibrjefum verða að fylgja tollskrár, ein eða fleiri, sjá töfluna C.

Bögglar mega vega alt að:
5 kílógrömmum með skipum,
$2^1/_2$ kílógrammi með landpóstum,
1 kílógrammi með gangandi póstum.

Bögglar með mótuðum peningum mega þó vega 8 kg. með skipum og landpóstum, en $2^1/_2$ kg. með gangandi póstum.

d. Blöðum og tímaritum, sem menn skrifa sig fyrir, þegar þau hafa verið innrituð á póststofunni í Reykjavík.

Að því er snertir ásigkomulag sendinganna, umbúðir og utanáskrift og innsigli, verða þær að fullnægja skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908 og reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum 21. maí 1908, og verða þær því að eins teknar í ábyrgð póststjórnarinnar, að þeim ákvæðum sje nákvæmlega fylgt.

Hluti, sem bannað er að flytja með póstum (sbr. póstlög 16. nóv. 1907, 5. gr., og reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908, 10. gr.), mega brjefhirðingarmenn ekki taka til flutnings, en hafi það eigi að síður verið gjört, skal fara með þá samkvæmt reglugjörð 7. mars 1908, 10. gr.

Brjefhirðingarmenn eru skyldir til að taka á móti og afgreiða póstsendingar frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, eða sjá um, að það verði gjört fyrir þeirra hönd. Á afgreiðslustöðum póstskipanna verður þetta þó að vera komið undir burtfarartíma skipanna.

4. gr.

Burðargjald undir sendingar þær, sem 3. gr. segir að brjefhirðingarmenn skuli taka til flutnings, er:

I. Almenn brjef.

1. Til innlendra póststöðva, Danmerkur og Færeyja, ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 10 aurar
ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum . . . . . 20 —
ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum . . . . . 30 —
Innanbæjar og innansveitarbrjef alt að 250 grömmum . . . 4 —

Sje eigi borgað fyrir fram með frímerkjum undir brjef til póststöðva innanlands eða til Danmerkur og Færeyja, verður burðargjaldið tvöfalt við það, sem að ofan segir.

66
23. maí.

Sje borgunin ónóg, tvöfaldast hið óborgaða burðargjald.

Burðargjald undir brjef til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum hækkar þó ekki, þótt undir þau sje ekki borgað, ef farið er eftir þeim sjerstöku reglum, sem um þau gilda.

2. Til landa utan ríkis:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm . . . . . 20 aurar
og svo 10 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Sje eigi borgað fyrir fram með frímerkjum undir brjef til landa utan ríkis, verður burðargjaldið tvöfalt. Sje ónóg borgað, tvöfaldast það, sem á vantar.

II. Spjaldbrjef.

Milli póststöðva innanlands og Færeyja . . . . 5 aurar
Innanbæjar og innansveitar spjaldbrjef . . . . . 3 —
Til utanríkislanda . . . . . 10 —

Með fyrir fram borguðu svari er burðargjaldið helmingi meira.

III. Krossbandssendingar.

1. Milli póststöðva innanlands fyrir hver 50 grömm eða minni þunga 3 aurar
Innanbæjar og innansveitar, alt að 250 gr. . . . . 3 —
2. Til Danmerkur og Færeyja undir hver 50 grömm eða minna . 5 —
Þó minst 10 aurar fyrir sýnishorn.
3. Til landa utan ríkis, undir hver 50 grömm eða minni þunga . 5 —
Þó minst 10 aurar fyrir sýnishorn og 20 aurar minst fyrir skjöl önnur en sendibrjef.

Krossbandssendingar (prentað mál, sýnishorn og snið) innanlands skulu ætíð vera fullborgaðar fyrir fram, en til útlanda skal að minsta kosti vera borgað undir þær að einhverju leyti. Sje ónóg borgað undir þær, tvöfaldast það, sem ávantar.

Til Danmerkur og Færeyja má þó senda óborgað krossband, en þá má það eigi vega yfir 250 grömm, og burðargjaldið er hið sama sem fyrir brjef. Ef á sendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefir fyrir lagt, verða sendingar þessar eigi sendar með póstum, nema sem almenn brjef.

Fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er að framan, skal greiða:
Innanlands og utan . . . . . 15 aura

Ábyrgðarsendingar skulu ávalt vera fullborgaðar fyrir fram.

IV. Peningabrjef.

1. Innanlands.

Burðargjald eins og undir almenn brjef, sem borgað er undir fyrir fram, og ábyrgðargjald að auki eftir verðupphæð.

Fyrir 300 krónur og þar undir . . . . . 15 aurar
fyrir yfir 300 kr. að 400 krónum . . . . . 20 —
fyrir yfir 400 kr. að 500 krónum . . . . . 25 —

og svo 5 aurar fyrir hvert hundrað eða brot úr hundraði, sem þar er fram yfir. **66** 23. mai.

2. Til Danmerkur og Færeyja.

Burðargjald eftir þyngd eins og undir almenn brjef þangað, og auk þess ábyrgðargjald af upphæð þeirri, sem í brjefinu er, fyrir hverjar 250 kr. eða minni upphæð 20 aurar.

3. Til landa utan ríkis. Sjá töfluna B.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á brjefhirðingarstaðnum, þar sem það er afhent, er borgunin fyrir það:

Fyrir 500 kr. eða minni upphæð . . . . . 10 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. af því, sem fram yfir er . . . 5 —

Brjefhirðingarmaður má ekki telja í peningabrjefum til útlanda.

Sje talið í peningabrjefi, skal skrifa á efra horn brjefsins vinstra megin »talið«.

V. Böggulsendingar.

1. Milli innlendra póststöðva:

a. Með landpóstum, þegar bögglarnir eru settir á póst á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert $^1/_2$ kílógramm eða minni þunga . . . . . 30 aurar
frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm eða minni þunga . . . . . 25 —

b. Með skipum eingöngu:
Undir hvern böggul . . . . . 10 aurar
og auk þess undir hvert $^1/_2$ kílógramm . . . . . 10 —

c. Innanbæjar og innansveitar:
Undir hvern böggul . . . . . 5 aurar
og auk þess undir hvert $^1/_2$ kílógramm . . . . . 5 —
Brot úr hálfu kílógrammi telst sem hálft kílógramm.

Böggull, sem eigi er fullfrímerktur, skal eigi fluttur með landpósti, nema á fylgibrjefinu standi »landveg«.

Undir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sé með þá farið, skal borga 50% meira.

2. Til Danmerkur og Færeyja.
Undir hvern böggul . . . . . 20 aurar
og að auki undir hvert $^1/_2$ kílógramm . . . . . 5 —

3. Til landa utan ríkis. Sjá töfluna C.

Þegar böggulsending til útlanda er send áleiðis með landpósti, ber, auk burðargjalds þess, sem talið er undir V, 2 og 3, einnig að greiða undir hana burðargjald eftir V, 1 a.

Sje verð tilgreint á böggli, skal ennfremur greiða ábyrgðargjald eftir verðupphæð eins og fyrir peningabrjef.

66
23. maí.

Sömu reglur gilda um talning peninga í peningabögglum eins og í peningabrjefum.

Sje talið í peningaböggli, skal skrifa bæði á fylgibrjefið og böggulinn »talið«.

Fylgibrjef þau, sem póststjórnin gefur út, kosta 1 eyri hvert. Ef 25 eru keypt í einu kosta þau 20 aura.

VI. Blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt póstlögunum, 11. gr. f.

Burðargjald undir hvert $^1/_2$ kílógramm eða minni þunga:

Á tímabilinu frá 15. apr. til 14. okt. að báðum dögum meðtöldum 10 aurar

A tímabilinu frá 15. okt. til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum 30 —

Burðargjaldið borgist fyrirfram í peningum. Það skal vegið í einu lagi, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingarnar sjeu fleiri og til ýmissa.

VII. Móttökukvittanir.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður að borga undir hann 10 aura, bæði utanlands og innan, er límist á brjefið í frímerkjum. Móttökukvittunina skal brjefhirðingarmaður útbúa og festa hana við sendinguna. Á brjefið skal skrifa »A. R.«

Brjefhirðingarmaður, sem skilar slíkri sendingu til viðtakanda, skal láta hann undirskrifa kvittunina; síðan sendir hann viðtökupósthúsinu hana í ábyrgðarbrjefi.

Til innlendra póststöðva skal skrifa utan á umslagið »móttökukvittun«, en til útlendra póststöðva: Avis de réception, bureau de poste à« . . .

VIII. Aukaburðargjald.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg hjer á landi, skal borga aukaburðargjald fyrir þann flutning, 2 aura fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfan burðareyri.

IX. Borgun á burðargjaldinu.

Burðargjald (og ábyrgðargjald) skal borga fyrirfram undir:

ábyrgðarbrjef;

póstávísanir;

póstkröfur;

póstinnheimtur;

móttökukvittanir;

krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. f. í póstlögunum;

sendingar til konungs og konungsættingja;

sendingar til stjórnarvalda og sveitar eða bæjarstjórna. Þó mega aðrir en stjórnarvöld og sveitar- eða bæjarstjórnir senda slíkar sendingar óborgaðar, þegar þær aðeins eru umbeðnar eða heimtaðar skýrslur eða um-

sagnir, og sendandi hefir með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni; stjórnarvöld þau og sveitar- eða bæjarstjórnir, sem taka á móti þesskonar sendingum, borga þá burðargjaldið við móttöku; 66 23. maí

spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað, svo að viðtakandi geti ályktað af því, hvað þau hafi inni að halda.

Borgunina fyrir allar þær sendingar til innlendra póststöðva og Danmerkur og Færeyja, sem eigi eru nefndar í þessari grein, má greiða eftir því, sem sendandi óskar, annaðhvort á pósthúsinu, sem sendingin er send frá, eða því, sem hún er send til, eða að nokkru leyti á báðum stöðum. Peningabrjef til Danmerkur og Færeyja skal þó ætíð borga undir fyrirfram að fullu.

Undir peningabrjef og böggla til landa utan ríkis verður að borga fyrirfram að fullu.

Burðargjald undir sendingar til útlanda er eigi hægt að borga með þjónustufrímerkjum, þótt um embættissendingar sje að ræða.

Einstakir menn, sem eitthvað senda með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess er krafist af póstjórninni.

X. Aðrar póstgreiðslur.

1. Útburður brjefa með hraðboða.

Frá póststofunni í Reykjavík og póstafgreiðslustöðum fást brjef borin til viðtakenda með hraðboða, ef eigi þarf yfir vötn að fara, gegn 30 aura gjaldi fyrir hvern kilómetra frá pósthúsinu að telja.

Hraðboðagjaldið borgast með því, að líma frímerki á brjefið fyrir gjaldinu, en póstmaður sá, er annast útburðinn, bætir sjer kostnaðinn með endurgjaldsskírteini, sbr. 8. gr.

2. Fyrir sjerstaka póstkvittun greiðist 5 aurar. Ef samskonar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda eru látnar í einu á pósthúsið, má krefjast þess, að þær sjeu settar á sömu kvittun.

Kvittanir má heimta fyrir öllum öðrum sendingum en lausum brjefum og blöðum, sem engin ábyrgð er á. Kvittanir til stjórnarvalda fyrir kaupum á þjónustufrímerkjum skulu gefnar ókeypis.

Póstkvittanir fyrir sendingum (ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og póstávísunum) til utanríkislanda má heimta ókeypis.

3. Fyrir ýmislegt svo sem:

að skrifa utan á póstsendingu að nokkru eða öllu leyti;

að merkja böggul að nokkru eða öllu leyti;

að slá utan um peningabrjef, þar með talið að skrifa utan á það, og setja innsigli fyrir, en umslag kostar sendandi, greiðist 5 aurar fyrir hvert fyrir sig, og reiknast gjaldið fyrir hverja sending.

4. Eftir samningi við hlutaðeigendur, getur brjefhirðingarmaður tekið að sjer ýmislegt fleira, sbr. reglugjörð um notkun pósta 7. mars 1908 16. gr.

66 5. gr.

23. maí. I. Þegar brjefhirðingarmaður tekur á móti ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og bögglum, skal hann svo fljótt, sem unt er, setja á sendingar þessar númer og á ábyrgðarbrjefin skal stimpla eða skrifa R.

Ný númer skal eigi setja á sendingar, þótt þær sjeu endursendar eða áframsendar.

Vigt skal skrifa á sendingarnar og skal hún sett á þær í grömmum, þegar um böggla er að ræða bæði á böggulinn og fylgibrjefið.

Einu fylgibrjefi mega fylgja 3 verðlausir bögglar, en eigi nema einn verðböggull eða póstkröfuböggull.

Fylgi fleiri bögglar einu fylgibrjefi, skal skrifa vigtina á brjefið í sömu röð og númerin.

II. Vanborguð brjef og fylgibrjef skal stimpla með T-stimpli og burðargjaldið, sem á að heimta, skrifað ofaní utanáskriftina á brjefinu, með rauðkrít eða blákrít. Eigi brjefið að fara til útlanda, skal eigi rauðkríta það, en stimpla með T, og í efra hornið vinstra megin á framhliðinni, skal rita með tölu, hve margfalt brjefið er; auk þess skal skrifa við hliðina á frímerkjunum með bleki tvöfalda upphæð þess, sem á vantar, að brjefið sje fullborgað, í frönkum og centimum, eftir hlutfallinu 20 aurar = 25 centimar.

III. Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla, sem sett eru á póst, skal innfæra í viðtökubók, sem til þess er löggilt af póstmeistara, í áframhaldandi röð eftir númerum.

Endursendar og áframsendar sendingar skal eigi innfæra í viðtökubók. Í verðdálkinn skal tilfæra verðið, í frönkum og centimum, sje það tilfært á sendingunni í franskri mynt.

Vigtina á bögglum og peningabrjefum skal skrifa í vigtardálkinn eftir því, sem sagt er til á fylgibrjefinu og sendingunni.

Í frímerkjadálkinn skal tilfæra frímerkin á sendingunni, þó ekki meira en borga skal undir hana; frímerki, sem kunna að vera framyfir, skal strika í kring um. Sjeu frímerkin ekki nægileg til að borga undir sendinguna eða sje hún óborguð, skal tilfæra í dálkinn »Gjöld« það, sem viðtakandi á að borga, ef um innlendar sendingar er að ræða, en ónóg borgað eða óborgað ef sendingin er til Danmerkur.

Í síðasta dálkinn skal skrifa sendanda, ef hann er nefndur á sendingunni.

Efst á hverja blaðsíðu skal skrifað með hvaða skipi eða pósti sendingarnar sjeu sendar, og sje einhver sending á blaðsíðunni send með annari ferð, ber að gjöra athugasemd um það í bókinni.

IV. Allar sendingar, nema böggla og blöð, skal stimpla með númerstimpli utanáskriftarmegin sama dag og þeim er skilað til flutnings, til þess að hægt sje að sjá af stimplinum, hvar þær hafa verið settar á póst.

Frímerki á sendingum, sem notuð eru til að borga undir þær, þar með talin frímerki áprentuð á spjaldbrjef, skal ónýta með númerstimplinum. Frímerki, sem ofaukið er og ógild frímerki, skal eigi ónýta, ef komist verður hjá því.

Við hin ógildu frímerki skal skrifa núll (0), en hin skal umlykja með strikum. 66 23. maí.

Frímerki, sem límd eru aftan á brjef eða fylgibrjef, á böggla í staðinn fyrir á fylgibrjefin, á móttökukvittunina í staðinn fyrir á sendinguna o. s. frv., skulu ónýtt á venjulegan hátt, en þar sem þau hefðu átt að standa, skal gjöra athugasemd um, hvar þau hafi verið sett.

Þótt frímerkin sjeu ónýtt með númerstimpli, skal stimpla fylgibrjef til útlanda þar að auki með stimplinum, svo og líka aðrar sendingar, ef stimpillinn á frímerkjunum er ógreinilegur.

Póstsendingar, sem eru sendar aftur, af því að þær hafa verið skakt sendar, eða utanáskriftinni hefir verið breytt eða af því, að þeim verður ekki komið til skila, skal stimpla utanáskriftarmegin áður en þær fara af stað.

Stimplunum verður að halda hreinum.

6. gr.

I. Þegar póst skal afgreiða frá brjefhirðingarstað, skal taka brjef þau öll og sendingar, sem með pósti eiga að fara, bæði þær, sem afhentar hafa verið þar á staðnum og þær, sem komið hafa annarsstaðar að, og skifta þeim niður eftir þeim póststöðvum, sem þær eiga að fara til. Síðan skal útbúa póstsendingaskrár til næsta póstafgreiðslustaðar, sem póstur á að koma við á, og til brjefhirðingarstaðanna á leiðinni til næstu póstafgreiðslu, eða eftir þeim reglum, sem póstmeistari setur.

Póstsendingaskrárnar skal útbúa þannig:

Fyrst skal skrifa á þær póstferðatölu og skipsheiti, ef skráin er send með skipi, dagsetningu og bæði póststaðinn, sem gefur út skrána, og póststað þann, sem hún er send til. Tala brjefa skal tilfærð í tvennu lagi. Útundan »aðkomin« skal setja tölu þeirra, sem komið hafa frá öðrum póststöðvum, en útundan »hjeðan« tölu þeirra brjefa, sem sett hafa verið á póst á póststaðnum sjálfum.

Í 1. dálk skal skrifa númer sendingarinnar, í 2. dálk hvers eðlis hún er og skal þar setja Á. fyrir ábyrgðarbrjef (meðmælingarbrjef), B. fyrir böggul og P. fyrir peningabrjef og verðbrjef. Í dálkana »móttökustaður« (þ. e. sá staður, þar sem sendingin er fyrst sett á póst) og »ákvörðunarstaður« (þ. e. sá staður, sem sendingin á að fara til), skal eigi skrifa neitt þegar móttökustaður er sami staður og skráin er send frá eða ákvörðunarstaður sendingarinnar er sami staður og skráin er send til. Annars skal skrifa í þessa dálka, og sýnir stimpillinn á frímerkjunum hver móttökustaðurinn er, en utanáskriftin ákvörðunarstaðinn.

Þá skal og skrifa verð sendingar í verðdálkinn.

Í athugasemdadálkinn skal setja athugasemdir, svo sem »talið«, »expres«, »hraðboðasending«, »móttökukvittun«, »A. R.« o. s. frv., og ef um póstkröfu-

66
23. maí

sendingar er að ræða, skal setja í athugasemdadálkinn »Remb.« eða »póstkrafa« og upphæð póstkröfunnar í tölum á eftir.

Póstsendingaskrár skal senda til allra póststöðva á þeirri póstleið, sem brjefhirðingin á viðskifti við, hvort sem nokkurt brjef eða sending á að fara til þeirra eða ekki.

II. Þegar alt hefir verið fært inn á póstsendingaskrárnar, samkvæmt því, sem að framan segir, skal binda saman almenn brjef og ábyrgðarbrjef, peningabrjef og fylgibrjef í bundin, í sömu röð eins og þau eru tilfærð á póstsendingaskránni. Með ábyrgðarbrjefum skal leggja póstávísanir, póstkröfueyðublöð og póstkröfubrjef og óborguð og vanborguð brjef. Hvert bundin skal reyra saman með seglgarni svo fast, að brjefin geti ekki núist saman, og láta þau, ásamt peningasendingum og böggulsendingum, verði því við komið, niður í poka, merktan með nafni brjefhirðingarstaðarins, sem hann er sendur frá, ofar og póststaðarins, sem hann er sendur til, neðar, eða þá með merki bundnu við pokaopið.

Þess skal vandlega gætt, að póstpokar sjeu rjett merktir og að þeir beri ekki eldri merki.

Peningabrjef og böggla skal jafnan láta niður vottfast eða í viðurvist póstsins.

Pokunum skal loka með lakki, er sje sett á pappaspjald yfir endana á fyrirbandinu, og á fyrirbandið að vera sterkt og óhnýtt seglgarn og lakkið fast upp við hnútinn á því.

Þegar póstflutningur er sendur í pokum með skipum, skal honum fylgja sendingaskrá í tvennu lagi; öðru eintaki hennar skal haldið eftir á brjefhirðingarstaðnum, kvittuðu af skipstjóra eða umboðsmanni hans, en hinu heldur skipstjóri.

Póstsendingar til brjefhirðingarstaða skal láta í lokaðar töskur, ef þær eru eigi svo miklar, að nauðsynlegt sje að hafa koffort.

Að töskunum hefir pósturinn lykil, en hlutaðeigandi póstmenn hafa lykla bæði að töskunum og póstkoffortunum á þeim póstleiðum, þar sem koffort eru notuð.

III. Hver póstur á að hafa meðferðis sendinga-, stunda- og vigtarseðil, eins og segir í reglugjörð fyrir póstmenn 4. gr., og skal skrifa á hann það, sem sent er til hvers staðar, pokatöluna en ekki innihald pokanna, tölu lausra böggla og tölu stykkja í brjefaumbúðum utan poka, svo og komudag og farardag, stað og stund, þegar hann er afgreiddur af hverjum póstmanni.

Þegar póstur hefir tekið við sendingaseðlinum athugasemdalaust, skal það skoðað sem kvittun frá hans hálfu fyrir póstflutningi þeim, sem þar er skráður; eins skal það og skoða sem kvittun af hendi póstmanns fyrir póstflutningnum, þegar hann hefir tekið við sendingaseðlinum athugasemdalaust af póstinum.

7. gr. 66

I. Þegar komið er með póstflutning á brjefhirðingarstað, hvort sem það er með landpóstum eða skipum, skal fyrst bera nákvæmlega saman pokatöluna við sendingaseðilinn og síðan athuga með vottum innsigli, fyrirbönd og pokana sjálfa. 23. maí.

Því næst skal opna pokana vottfast og bera saman töluna á hinum einstöku sendingum við póstsendingaskrána, en eigi má opna nema einn poka í einu, fyrr en þessum bráðabyrgðarsamanburði er lokið.

Umbúðum, seglgarni og merkjum má ekki blanda saman við annað, fyrr en búið er að grannskoða, að allar sendingar, sem á skrá standa, sjeu framkomnar og óskemdar.

Til þess að vissa sje fyrir að ekkert verði eftir í pokunum, skal snúa þeim um, þegar þeir eru tæmdir.

Að þessu loknu skal bera saman sendingarnar og póstsendingaskrána í einstökum greinum og athuga, hvort þær hafa verið rjett frímerktar og að öðru leyti rjett útbúnar.

II. Um sjerhverja villu eða ónákvæmni á póstsendingaskránum, eða að því er snertir hinar komnu sendingar, skal póstmanni þeim, sem sent hefir, gjört aðvart, með leiðrjettingarskýrslu með fyrstu póstferð.

Póstmaður sá, sem fær leiðrjettingarskýrslu, rannsakar, hvort hún er á rökum bygð, og sje svo, ritar hann á hana »viðurkent« og nafn sitt undir, en að öðrum kosti afsakanir sínar.

Póstmaður sá, sem samkvæmt leiðrjettingarskýrslu á að bera ábyrgð á oflágt eða skakt reiknuðu burðargjaldi, límir á leiðrjettingarskýrsluna, þegar hún er viðurkend, almenn frímerki fyrir því, sem á vantar.

Leiðrjettingarskýrslur skal ætíð endursenda tafarlaust. Þegar um meiri háttar afbrigði er að ræða, eins og ef ábyrgðarsending vantar eða engin skrá eða engin póstsending kemur frá stað, sem póststaðurinn hefir viðskifti við, skal, auk þess að senda leiðrjettingarskýrslu, gjöra hlutaðeigandi póstmanni viðvart um það með símtali eða ritsímaskeyti, ef auðið er.

Þegar um slík afbrigði er að ræða, skal senda hlutaðeigandi póstafgreiðslumanni áleiðis til póstmeistara nákvæma og vottfasta skýrslu um þau, sje leiðrjettingarskýrslan eigi viðurkend.

Rjett er að skrifa athugasemd um það á skrár eða sendingalista, ef leiðrjettingarskýrslur eru útgefnar, og er nægilegt að skrifa »lsk.« og númerið á leiðrjettingarskýrslunni.

Hinar viðurkendu leiðrjettingarskýrslur skal senda til póstafgreiðslumanns þess, sem brjefhirðingin er lögð undir.

Ath. Þar sem sagt er í 6. og 7. gr., að vitni skuli vera viðstatt, þegar póstur er opnaður eða látinn niður, þá verður samt að gjöra það vottalaust þegar svo er ástatt, að ómögulegt er að ná í vitni.

III. Allar sendingar, sem koma til brjefhirðingarstaðar, að undanskildum böggl-um og blöðum, skal stimpla með númerstimpli þegar í stað; sendingar þessar skal stimpla á bakhliðina, nema spjaldbrjef, þau skal ætíð stimpla á fram-

66 23. maí.

hliðina. Myndaspjaldbrjef þarf ekki að stimpla. Sömuleiðis skal stimpla allar aðkomnar póstsendingaskrár. Skakt sendar póstsendingar skal ætíð stimpla, einnig blöð og böggla.

IV. Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla, sem koma á brjefhirðingarstaðinn frá öðrum póststöðvum, skal innfæra í afhendingabókina, eins og bókin sjálf gefur leiðbeining um, þannig, að í fyrsta dálk skal rita númer sendingar, þá daginn, sem hún kemur, staðinn, sem sendingin kemur frá, tegund hennar, viðtakanda, verð og vigt; í síðasta dálk skal viðtakandi kvitta fyrir sendingunni, en sje hún eigi afhent, heldur send til annars pósthúss, skal skrifa í þann dálk nafn þess, með hvaða ferð hún er send og hvaða dag.

V. Brjefhirðingarmenn eru ekki skyldir til að láta bera brjef út meðal viðtakenda, heldur verður að gefa þeim kost á að fá þau afhent á rúmhelgum dögum frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, enda þótt brjefhirðingarmaður sje eigi sjálfur viðstaddur, og skal hann annast um, að jafnan sje einhver, er í fjarvist hans frá heimilinu hefir þetta á hendi. Sjeu viðtakendur eigi á póststaðnum eða aðrir, sem geti tekið við sendingum fyrir þeirra hönd og gefið gilda kvittun fyrir, skal koma til þeirra tilkynning um, að sendingin sje komin, á eyðublaði, sem til þess er ætlað, og ef viðtakandi ritar kvittun á tilkynning þessa og sendir hana aftur til pósthússins, fær hann sendinguna afhenta gegn þessari kvittun. Slíkar kvittanir geymast sem fylgiskjöl við afhendingarbókina. Yfir höfuð verða brjefhirðingarmenn að tilkynna ábyrgðarsendingar og sjerstaklega póstkröfur, svo að þær verði ekki sendar aftur áður en hlutaðeigendur vita um komu þeirra, ef þær hafa verið sendar til brjefhirðingarinnar til innheimtu eða tilkynningar.

Brjefhirðingarmaður ber ábyrgð á, að undirskrift kvittana sje rjett. Þegar móttökukvittun fylgir sendingu, sem skilað er frá brjefhirðingarstað, verður brjefhirðingarmaður að annast um, að viðtakandi riti nafn sitt á hana, um leið og hann kvittar fyrir sendingunni, og ber síðan að endursenda móttökukvittunina í ábyrgðarbrjefi til þess pósthúss, sem hún upphaflega var send frá. Óborgað eða vanborgað burðargjald, sem hvílir á sendingum, sem brjefhirðingarmaður afhendir, skal hann innheimta í peningum eða frímerkjum.

Áður en hann afhendir sendinguna, skal hann líma frímerki aftan á hana, fyrir hinu vanborgaða burðargjaldi, og stimpla þau.

8. gr.

I. Pósthúsin bæta sjer upp ýms útgjöld með því, þegar svo stendur á, sem hjer segir, að gefa út endurgjaldsskírteini:

1. Fyrir að flytja brjef með hraðboða frá öðrum pósthúsum eða frá útlöndum, til pósthússins á ákvörðunarstaðnum eða fyrsta viðtökustaðar hjer á landi.
2. Fyrir frímerki, sem límd eru á ónógborguð ábyrgðarbrjef og böggla til útlanda, til viðtökupósthússins.

Skírteinið skal ætíð staðfesta án tillits til, hvort leiðrjettingarskýrslan er viðurkend rjett eða ekki; skírteinið skal vitna í leiðrjettingarskýrsluna og skrá þá, sem hún tilheyrir. 66 23. maí.

3. Fyrir toll eða tollkostnað við sendingar frá útlöndum, til ákvörðunarpóst hússins, þegar viðtakandi á að borga kostnaðinn, og til pósthússins, sem tók við sendingunni frá útlöndum, þegar sendandi á að borga kostnaðinn.
4. Fyrir borgun fyrir meðferð á böggulsendingum, sem finnast í brjefakössum, eða sem á leiðinni þarf að búa um eða binda um, til pósthússins, sem þær eru skráðar til.
5. Fyrir ofreiknað burðargjald, ef sendandi er krafinn um of mikið sökum skakkrar vigtar, ef burðargjald undir böggul til útlanda er sagt of hátt, ef sendandi hefir verið krafinn um of mikið, en honum verið borgað það til baka, til pósthússins sjálfs.

   Í skírteininu skal vísað til leiðrjettingarskýrslunnar, staðarins, þar sem hún er gefin út, dagsetningar á skránni og burðargjalds þess, sem á að heimta og þess, sem heimtað hefir verið.
6. Fyrir gjald fyrir talning í peningabrjefum og peningabögglum, til pósthússins, sem þeir eru skráðir til.

   Á eitt endurgjaldsskírteini má setja gjald fyrir fleiri sendingar, sem eiga að fara til sama pósthúss.

   Í skírteininu skal vitna í skrá þá, þar sem sendingin er skrásett.

II. Endurgjaldskírteini skal leggja utanum eða við brjefin, þegar þau eru send af stað.

III. Pósthús það, sem endurgjaldsskírteinið er stýlað til, rannsakar við afskráninguna, hvort það er rjett og annaðhvort staðfestir það, eða ritar á það athugasemdir þær, sem pósthúsinu þykir ástæða til að gjöra (sbr. þó I. 2.).

IV. Endurgjaldsskírteini skal staðfesta með því, að endurtaka upphæðina með bókstöfum og með staðsetning, dagsetning og undirskrift póstmannsins.

V. Endurgjaldsskírteinið skal tafarlaust endursenda til pósthúss þess, sem gaf það út.

VI. Komi endurgjaldsskírteinið eigi aftur með öðrum pósti, skal minna á það, og athuga það í athugasemdadálki á endurgjaldsskírteinaskránni.

9.

Póstsendingar þær, sem brjefhirðingarmaður getur eigi komið til skila (sbr. póstreglugjörð 7. marz 1908, 21. gr.), skal sem fyrst endursenda því pósthúsi, sem þær eru frá. Á endursendar sendingar skal ætíð setja ástæðuna fyrir því, að þær hafa ekki komist til skila, t. d. »farinn«, »dáinn«, »óþektur«, »neitað móttöku«, o. s. frv.

Þegar póstsendingar eru þannig endursendar, skal afhenda þær þeim, sem sendi, gegn burðargjaldi því, er á þeim kann að hvíla. Finnist eigi sendandi, eða skorist hann undan, að innleysa sendingu, skal senda slíkar sendingar

66 til póststofunnar í Reykjavík áleiðis til stjórnarráðsins, til meðferðar eftir 21. gr.
23. maí. í póstreglugjörðinni.

10. gr.

Brjefhirðingarmenn ábyrgjast allar póstsendingar, sem þeim er trúað fyrir. Þær skulu geymdar á óhultum stað, og mega ekki liggja fyrir sjónum óviðkomandi manna, og það er heldur eigi leyfilegt, að viðtakandi sjálfur leiti uppi sendingar til sín. Brjefhirðingarmönnum er bannað að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um, til hvers eða frá hverjum póstsendingar koma eða fara, nema þetta sje nauðsynlegt til þess, að koma þeim til skila.

Lyklar þeir, stimplar, signet, eyðublöð og önnur áhöld, sem brjefhirðingarmönnum eru fengin, mega ekki koma í hendur óviðkomandi mönnum.

11. gr.

Brjefhirðingarmenn verða að annast um, að hafa jafnan birgðir af frímerkjum, spjaldbrjefum og lögskipuðum eyðublöðum. Hjá póstafgreiðslumanni þeim, sem yfir þá er settur, geta þeir mót kvittun fengið frímerki að láni alt að þeirri upphæð, sem árslaun þeirra nema.

12. gr.

Allar þær póstsendingaskrár, sem brjefhirðingarmenn taka á móti og hafa til meðferðar, skulu þeir senda með fyrsta pósti til póstafgreiðslu þeirrar, sem brjefhirðingin liggur undir, og skal tilfæra tölu þeirra á pótsendingaskránni þangað. Leiðrjettingarskýrslur og endurgjaldsskírteini skulu og fylgja svo sem fyr segir. Rjett er að brjefhirðingarmenn gjöri reikningsskil mánaðarlega, ef þeir hafa innheimtur, útborganir eða önnur skuldaskifti við hlutaðeigandi póstafgreiðslu. Við árslok skal hver brjefhirðingarmaður senda póstafgreiðslumanni þeim, sem yfir hann er skipaður, vottorð upp á æru og samvizku um, að óborgaðar og vanborgaðar sendingar, sem brjefhirðingin hefir afhent á árinu, hafi verið frímerktar fyrir hinu vanborgaða burðargjaldi og frímerkin stimpluð.

13. gr.

Komist brjefhirðingarmenn að því, að póstar eða aðrir, sem nefndir eru í 3. gr. póstlaganna, hafi meðferðis brjef og peninga utan pósts og ólöglega, eru þeir skyldir til að skýra póstafgreiðslumanni þeim, sem yfir þá er settur, eða póstmeistaranum í Reykjavík frá því, svo að hlutaðeigendur verði látnir sæta sektum samkvæmt 18. gr. nefndra laga. Ef brjefhirðingarmenn eða fólk þeirra notar póstinn ólöglega varðar það sektum, sem póststjórnin ákveður, eða afsetningu.

14. gr.

Brjefhirðingarmenn eru ekki skyldir til að veita póstum gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hestum þeirra, nema gegn sanngjarnri borgun.

15. gr.

66
23. maí.

Leiðarvísir fyrir brjefhirðingarmenn frá 1. febrúar 1892 og auglýsing um breyting á honum frá 4. mars 1896 fellur úr gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 23. maí 1908.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Töflur

með leiðarvísi fyrir brjefhirðingarmenn.

A. Burðargjald undir brjefasendingar til útlanda.

	Almenn brjef borguð.[1]			Spjaldbrjef borguð.[2]	Krossbandssendingar.[3]			Ábyrgðargjald	Móttökukvittun
					Prent allt að 2 kg.	Skjöl allt að 2 kg.	Sýnishorn allt að 350 gr.		
					Undir hver 50 grömm				
	Allt að 20 gr.								
	Aurar		Aurar	Aurar	Aurar	Aurar	Aurar		
Danmörk og Færeyjar...	10	Yfir 20 gr. allt að 125 gr.	20	5	5	»	5 minnst 10	15	10
		Yfir 125 gr. allt að 250 gr.	30						
Önnur lönd	20	Undir hver 20 gr. í viðbót	10	10	5	5 minnst 20	5 minnst 10	15	10

[1]) Fyrir óborguð brjef skal borga tvöfalt burðargjald; fyrir vanborguð brjef tvöfalt það burðargjald, sem á vantar.

[2]) Burðargjald fyrir óborguð og vanborguð spjaldbrjef tvöfaldast eins og fyrir almenn brjef. Spjaldbrjef með viðfestu svarspjaldi kostar helmingi meira en einfalt spjaldbrjef.

[3]) Krossbandssendingar má ekki senda óborgaðar nema til Danmerkur, en þær mega þá ekki vega yfir 250 gr. og sýnishorn ekki yfir 250 gr., þótt borgað sje undir fyrirfram.

B. Burðargjald undir peningabrjef til útlanda.

66
23. maí.

Almennt brjefburðargjald eftir þyngd, meðmælingargjald 15 aurar undir hvert, og ábyrgðargjald eftir verðupphæð eins og hjer segir::

	Takmörk verðupphæðar. Frankar	Fyrir hverjar 216 kr. = 300 fr. eða þar undir. Aurar	
Argentina	10000	20	*Ath.*
Austurríki	engin	15	Burðargjald undir peningabrjef
Belgia	10000	15	til Danmerkur og Færeyja er venju-
Bosnia-Herzegovina	10000	15	legt brjefburðargjald og 20 aurar
Bulgaria	10000	20	fyrir hverjar 250 kr. eða minna af
Chili	10000	20	verðupphæð brjefsins.
Danmörk, sjá ath.	engin	»	Upphæð peningabrjefa til út-
Egyptaland	10000	25	landa, annara en Danmerkur og
Finnland	engin	15	Færeyja, Noregs og Svíaríkis, skal
Frakkland (Algier og Monaco)	10000	15	sett bæði í tölum og bókstöfum og
Holland	25000	15	frönkum og centimum. Pósthúsið
Ítalía	10000	15	skal breyta upphæðinni í þá mynt,
Japan	10000	30	ef á þarf að halda, áður en brjefið
Luxemburg	10000	15	er afgreitt.
Montenegro	engin	25	
Noregur	engin	15	
Portugal	10000	20	
Rumenia	engin	15	
Rússland	engin	15	
Serbia	engin	15	
Spánn	10000	15	
Stóra-Bretland	10000	15	
Svíaríki	engin	8	
Sviss	engin	15	
Tyrkland	10000	30	
Ungverjaland	engin	15	
Þýskaland	engin	8	

C. Burðargjald undir böggulsendingar til landa utan ríkis.

Lönd, sem sendingin á að fara til.	Leið sú, er sendingin á að fara um frá Danmörku.	Burðargjald eftir þyngd. Alt að:	Almennir póstbögglar. Af þeim, sem sendir, á að taka[1]	Almennir póstbögglar. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið:	Takmörk verðupphæðar:	Burðargjald eftir verðupphæð. Af þeim, sem sendir, á að taka fyrir 216 kr. = 300 frk. og þar undir:	Burðargjald eftir verðupphæð. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið fyrir 300 frk. og þar undir:	Tala tollskrár:	Athugasemdir:
		Kg.	Aurar	Aurar	Frankar	Aurar	Aurar		
1. Austurríki og Ungarn (Lichten-Stein)	yfir Þýzkaland	5	108	72	Engin	15	$7^{1}/_{5}$	1	1) Sjeu póstbögglarnir fluttir með landpósti að nokkru leyti, skal þar að auki taka fyrir þá burðargjald yfir land.
2. Bosnia - Herzegovina	yfir Austurríki og Ungarn	5	144	108	Engin	15	$10^{4}/_{5}$	1	
3. Belgía	yfir Þýzkaland	5	108	72	Engin	15	$7^{1}/_{5}$	2	
4. Búlgaría	yfir Austurríki og Ungarn	5	198	162	»	»	»	2	
5. Corsika	yfir Frakkland	5	144	108	5000	25	18	1	
6. Finnland	yfir Svíaríki	5	180	144	50000	18	$14^{2}/_{5}$	1	
7. Frakkld. (Monaco)	yfir Elsass-Lothringen	5	108	72	5000	15	$7^{1}/_{5}$	1	
8. Grikkland	yfir Triest	5	216	180	»	»	»	2	
9. Holland	yfir Þýzkaland	5	108	72	1000	15	$7^{1}/_{5}$	2	
10. Italía	yfir Sviss	5	162	126	1000	15	$10^{4}/_{5}$	1	
11. Luxemburg	yfir Þýzkaland	5	90	54	10000	15	$7^{1}/_{5}$	1	
12. Montenegro	yfir Austurríki	5	180	144	1000	25	18	1	
13. Noregur	yfir Christiansand	5	90	54	Engin	15	$7^{1}/_{5}$	»	2) Að eins fyrir póstböggla með verði yfir 500 frk.
	yfir Svíaríki	5	108	72		15	$7^{1}/_{5}$	»	
14. Portugal	yfir Hamborg eða Bremen	5	198	162	500	20	$14^{2}/_{5}$	1	
15. Rúmenía	yfir Austurríki og Ungarn	5	162	126	Engin	15	$10^{4}/_{5}$	1	
16. Rússland	yfir Þýzkaland	5	162	126	120000	15	$7^{1}/_{5}$	2	
17. Serbía	yfir Austurríki og Ungarn	5	144	108	500	15	$10^{4}/_{5}$	1	
18. Spánn	yfir Þýzkaland og Frakkland	5	162	126	»	»	»	4	
19. Svíaríki	beina leið	5	108	72	Engin	8	$3^{3}/_{5}$	»	3) Fyrir almenna póstböggla og verðböggla allt að 500 frk.
20. Sviss	yfir Þýzkaland	5	108	72		15	$7^{1}/_{5}$	1	
21. Tyrkland	yfir Triest[2]	5	162	126		25	18	1	
	yfir Constantza[3]	5	162	126	1000	50	$21^{3}/_{5}$	1	
22. Þýzkaland	beina leið	5	72	45	Engin	8	$3^{3}/_{5}$	1	

D. Burðargjald undir böggla til landa utanríkis, sem eru fluttir eftir sömu reglum og póstbögglar.

Lönd, sem sendingin á að fara til	Leið sú, er sendingin á að fara um frá Danmörku.	Burðargjald eftir þyngd. Alt að:	Burðargjald eftir þyngd. Af þeim, sem sendir, á að taka:	Burðargjald eftir þyngd. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið:	Takmörk verðupphæðar:	Burðargjald eftir verðupphæð. Af þeim, sem sendir, á að taka fyrir 216 kr. = 300 frk. og þar undir.	Burðargjald eftir verðupphæð. Dönsku póststjórninni skal endurgoldið fyrir 300 frk. eða þar undir.	Tala tollskráa.	Athugasemdir.
		Kg.	Aur.	Aur.	Frankar	Aur.	Aur.		
England, Skotland og Irland	yfir Hamborg eða Bremen	5	162	126	10000	20	$14^{2}/_{5}$	1	Bögglarnir mega vera allt að 1 metra á lengd, rúmmálið allt að 54 teningsdesimetrum. Móttökuskirteini fást ekki.
	yfir Belgíu eða Holland	5	180	144	10000	15	$10^{4}/_{5}$	1	
	yfir Reykjavík	5	126	72	10000	20	$3^{3}/_{5}$	1	
Gibraltar	yfir Hamborg eða Bremen og England	1	180	144	1250	30	$25^{1}/_{5}$	2	
		yfir 1 að 3	270	234					
		yfir 3 að 5	360	324					
	yfir Belgíu og England	1	198	162	1250	30	$21^{3}/_{5}$	2	
		yfir 1 að 3	288	252					
		yfir 3 að 5	378	342					
Canada	yfir Esbjerg og England	1	198	144				2	Bögglarnir mega ekki vera yfir 76 sentimetra á lengd og ekki yfir 180 sentimetra að lengd og ummáli til samans.
		yfir 1 að 3	342	288					
		yfir 3 að 5	486	432					
	yfir Belgíu og England	1	252	216				2	
		yfir 1 að 3	396	360					
		yfir 3 að 5	540	504					
Bandaríkin	yfir Kaupmannahöfn og New-York	1	60					1	
		yfir 1 að 2	100						
	yfir Kaupmannahöfn	allt að 3	375		1000 kr.	65 a. fyrir hverjar 100 kr.		1	
		yfir 3 að 5	565						

67
22. júní.

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkauptún.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin gildir fyrir land jarðanna Hvanneyrar og Hafnar í Siglufirði.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kauptúnsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Fundi skal halda í nefndinni að minsta kosti þrisvar á ári, í mars, júní og október. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundabók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Rísi ágreiningur upp meðal nefndarmanna, er rjett að skjóta málinu til sýslumanns. Sýslumaður á rjett til að sitja á fundum nefndarinnar. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin öll skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er um ræðir í þessari samþykt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða á einstakra manna eign. Tvisvar á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþyktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþyktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fjeð sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar. 67 22. júní.

II. Um frárœslu.

6. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, síst þar sem kjallarar eru undir húsum; öllu því skólpi, sem ekki er borið í sjó, skal veita burtu frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollur eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gjöra skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, á þann hátt er heilbrigðisnefnd telur hentugast.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum svo sem unt er, hvort heldur eru brunnar eða rennandi vatnsból. Bannað er að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða mjög nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum, en svo að millibilið sje 15 álnir; og engan nýjan brunn má grafa eða breyta gömlum brunni nema í samráði við heilbrigðisnefndina.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Óheilnæma brunna, sem ekki er hægt að gjöra við, skal heilbrigðisnefndin láta fylla.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í íbúðarhúsum manna.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haughús, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

67 Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en 15 álnir; fjós má ekki
22. júní. setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en 15 álnir. Forarveggir skulu jafnan ná $^1/_4$ alin eða meir upp úr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlími eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar innan 8 daga undir úrskurð sýslumanns, sem gefur úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

V. *Um salerni.*

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinn en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því. Gólfið í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, og að öðru leyti svo um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í hana.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurilátin skal tæma áður en þau fyllast; skal heilbrigðisnefndin ákveða hvar láta megi saurinn úr salernunum

16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykt, eða þau ein, sem illa eru gjörð eða mikill óþrifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. gr.

VI. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu alt sorpið að minsta kosti tvisvar á ári, haust og vor.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burtu áður en ílátin fyllast. 67 22. júní.

18. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn svo að út taki, ef því er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kring um hús manna, svo að fýlu leggur af eða daunilt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað hlutaðeigandi húsráðanda að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

VII. Um iðnað, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta.

20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir, eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla o. fl., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

VIII. Um bökunarstofur.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bökunarstofum kauptúnsins og skipa bakara að þvo gólf, loft og veggi hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm eða hafa opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Öll tóaksnautn er bönnuð í bökunarstofu og enginn má sofa í stofunni.

IX. Um matvöru.

22. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna.

67 22. júní. Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri þeirri matvöru, er hún telur líkur til að svikin sje eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt eða kemur í ljós við rannsókn þessa, að einhver matvara er svikin eða skemd og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má ekki selja til manneldis nema með sjerstöku leyfi hjeraðslæknis eða dýralæknis.

X. *Um íbúðarhús.*

23. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstuð sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álítur húsbúum hættu búna.

24. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita sjerstaks álits hjeraðslæknis og þvínæst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

25. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, dimmir eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um skóla

26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

27. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór að 100 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

28. gr.

Ef í einhverjum skóla heilbrigðisnefndin verður vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skulu strax gerðar ráðstafanir til þess, að barnið eða kennarinn komi ekki í skólann þar til sóttnæmishættan er að dómi læknis um garð gengin, sjerstaklega ef um berklaveiki er að ræða.

Holdsveik börn mega ekki ganga á skóla og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakenslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

29. gr.

Heilbrigðisnefndin gengst sjerstaklega fyrir því að lögskipuðum vörnum sje haldið uppi gegn næmum sjúkdómum. Ef upp kemur alvarlegur, næmur sjúkdómur á því svæði, er samþyktin nær yfir eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

30. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

67
22. júní.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.
Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

31. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

32. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1908.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest og birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

68
24. júní.

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir kauptúnið Haukadal í Vesturísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 um heibrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir kauptúnið Haukadal í Vesturísafjarðarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni i nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir kauptúnið Haukadal ásamt þurrabúðarhúsum eftir landamerkjum jarðarinnar.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar; auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kauptúnsins, til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marsmánuði, í júnímánuði og októbermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumannsins.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett.

Formaður skal boða þeim fundinn i tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er leiðir af brjefaskriftum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er umræðir i þessari samþykt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

68 24. júní. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, sem samþyktin nær yfir og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður annar en formaður krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er hlut í eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta, ella tilkynni sýslumanni, ef um brot er að ræða á samþyktinni.

5. gr.

Ef heilbrigisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fje sje veitt.

Nú neitar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sje viðhöfð, og trjególf í öllum íbúðarherbergjum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstað sje herbergi, sjeu þau svo óhrein, að nefndin álíti húsbúum hættu búna.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigiðsnefnd álítur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, og getur nefndin þá bannað íbúðina. Skal þá nefndin tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni þyki viðunandi. Þó er húseiganda frjálst innan átta daga að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Kjallara má eigi nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

III. Um skóla.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar til fjórum sinnum á ári, eftir því sem henni þykir þurfa.

Hver sá er tekur til kenslu 5 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætli að kenna.

Hver kenslustofa skal vera svo stór, að 80 rúmfet, að minsta kosti, komi á hvert barn. Gólf í kenslustofum skal þvo á hverjum degi, en aldrei sópa.

10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd vör við, að nemendur eða kennari hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjeraðslækni og tilgreina nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru. Hafi skólakennari eða nemandi berklaveiki og læknir álítur, að um sóttnæmishættu sje að ræða, getur heilbrigðisnefnd bannað að nemendur eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er afstaðinn að dómi læknis. Holdsveik börn mega ekki ganga á skóla nje holdsveikir menn fást við kenslu. Um aðra næma sjúkdóma fer eftir áliti hjeraðslæknis í hverju einstöku tilfelli.

IV. Um bökunarhús.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bökunarstofum í kauptúnunum og skipa bökurum að þvo gólf, loft og veggi, hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, er lungnatæringu hafa nje nokkurn annan næman sjúkdóm eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofum og enginn má sofa i stofunum.

V. Um verslunarbúðir o. fl.

12. gr.

Verslunarbúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru til skemtana, skulu þvegin hátt og lágt, að minsta kosti einu sinni á ári og gólf í þeim húsum á hverjum morgni, ef þau eiga að notast að deginum.

I verslunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til opinberra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, er festir sjeu á veggi eigi nær gólfi en tvö fet og skulu þeir vandlega hreinsaðir á hverjum morgni.

68 Verði kirkja bygð í kauptúninu, gilda hinar sömu reglur fyrir hana. Í skólum,
24. júní. kirkjum og fundarhúsum skal loftræsing vera svo sem heilbrigðisnefnd ákveður.

VI. Um fráræslu.

13. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á að það saurgi jarðveginn undir húsum. Skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsinu svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi komi pollar eða vilpur og hvergi flói út úr þeim, og skal hreinsa þau svo oft, að eigi leggi ódaun úr þeim.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlegt, að vatnsheldur botn sje gerður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef viðkomendur heldur kjósa að bera skólp svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd álíti hættulaust.

14. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gjöra skólpræsi hver frá sínu húsi út í það ræsi, og skulu þau eigi miður gerð en aðalræsið.

Skyldir skulu eigendur blautfisks- og lýsisbræðsluhúsa að gera ræsi frá húsum þessum, ef heilbrigðisnefnd álítur þess þörf.

VII. Um vatnsból.

15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum, er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum og má eigi láta í þau fara eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nje neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból nærri þeim.

16. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gera nýjan brunn eða breyta gömlum brunni og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefnd, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er grefti eða brunni er lokið, hvort nýtilegt er, og hafa gætur á að brunnurinn sje gerður á þann hátt, sem hjer segir: 68 24. júní.

Sje brunnur boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess að samskeytin milli leggjanna sje vatnsheld.

Sje brunnur grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan úr höggnu grjóti eða hörðum steini og líma stein við stein með steinlími og skal hleðslan þannig gerð svo langt að neðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en þó aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal þá láta einhvers konar límkendan leir og skal það lag vera 1 al. á þykt. Hleðslan skal ná $^1/_2$ al. eða meira upp úr jörðinni og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga og skal hann vera að minsta kosti $1^1/_2$ al. á breidd og halla út frá brunnopinu.

Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur og skal taka vatnið úr brunninum með dælu, er gangi upp í gegn um miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo að loft komist að vatninu.

Þar sem strjálbygt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefndin leyfa að brunnar sje gerðir úr grjóti, án steinlíms, og vatnið dregið upp í fötu. Utan um opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sje að minsta kosti $1^1/_2$ al. á hæð.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka neyzluvatn úr brunni eða öðru vatnsbóli um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt.

Leiði læknisrannsókn í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unt að gera við vatnsbólið svo að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

VIII. Um peningshús, hauga og forir.

18. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

19. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haugshús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið og skal hún og gæta þess, að haldin sje fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja nær ibúðarhúsi nje alfaravegi en nemi 10 álnum. For má ekki gera

68 og ekki hafa haug nær alfaravegi eða íbúðarhúsi en nemi 10 áln. og ekki nær
24. júní. vatnsbóli en 15 álnir. Forarveggir skulu jafnan ná $^1/_2$ al. eða meira upp úr jörð og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti eigi fallið í forina.

Standi hús þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haugshús og heimtað, að forir sjeu gerðar úr grjóti og steinlími, svo að þær sje vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

20. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarinnar greinar, en heimilt er þá viðkomanda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má.

IX. Um salerni.

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni, er sett sje á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinsteypt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er falli fast að setunni. Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi, má hafa salerni yfir henni þannig, að saurindin fari jafnóðum í forina, en loftræsing skal þá vera góð í salerninu.

22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin tæmd jafnskjótt og þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir hvar láta megi saur úr salernum.

23. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en samþykt þessi eða þau eru illa gerð eða óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni samkv. 21. gr.

Þeir, sem halda daglaunafólk, skulu skyldir að hafa salerni svo mörg eða stór, sem heilbrigðisnefnd álítur nægja og gilda hinar sömu reglur um frágang þeirra, sem annara salerna.

X. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

24. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má eigi hafa nær íbúðarhúsum nje vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu alt sorp, að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burtu jafnóðum og þau fyllast á þeim stað, er hún tiltekur.

25. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori, hausum og dálkum í sjóinn, ef þessu er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd tiltekur, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt.

Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á, að þessu ákvæði sje hlýtt.

26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlulykt eða daunilt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eign þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust burtu.

27. gr.

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta, svo sem lýsisbræðsla, sútun, fiskþvottur o. s. frv. skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XI. *Um slátrun.*

28. gr.

Slátrun á sauðfje fari fram á afviknum stað og sje háð eftirliti heilbrigðisnefndar. Ávalt skal hafa á blóðvelli sjerstakt ílát fyrir sulli og skulu þeir brendir að kveldi hvers slátrunardags eða grafnir að minsta kosti alin í jörð niður.

XII. *Um matvöru.*

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, er sje svikin, skemd eða skaðleg heilsu manna og skal henni heimilt að taka í búðum kaupmanna fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til, að sje svikin, skemd eða skaðleg, og láta rannsaka hana á efnarannsóknastofunni í Reykjavík og skal kostnað þann greiða úr sveitarsjóði.

68 24. júní. Nú þykir heilbrigðisnefnd og hjeraðslækni mikil líkindi til, að matvaran sje óholl til manneldis, og má þá banna seljanda að láta hana fala, þar til er álit rannsóknarstofunnar í Reykjavík er kunnugt orðið, og sje það í þá átt, að varan sje skaðleg, má banna seljanda að selja hana til manneldis.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má eigi selja til manneldis, nema hjeraðslæknir eða dýralæknir álíti það hættulaust.

XIII. Um næma sjúkdóma.

30. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefndin aðstoða hjeraðslækninn við sóttvörnina.

Ef alvarlega næmur sjúkdómur kemur upp á svæði því, sem samþyktin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stund strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIV. Um kirkjugarða.

31. gr.

Verði gerður kirkjugarður í kauptúninu eða hann stækkaður, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er raklent, svo að vatn komi upp í grafirnar nokkuru sinni.

Vatnsból skulu eigi nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

Svo fljótt sem því verður við komið, skal láta kirkjugarðinn vallgróa.

XV. Um sektir.

32. gr.

Ef menn brjóta samþykt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkura þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefndin setur henni samkvæmt, þá varðar það sektum frá 5—200 króna, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

33. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. mars 1909.

68
24. júní

Samþykt þessi er hjermeð staðfest og birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

69
24. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir kauptúnið Þingeyri í Vesturísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum 10, nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitafjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir kauptúnið Þingeyri í Vesturísafjarðarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir kauptúnið Þingeyri ásamt þurrabúðarhúsunum innanað Vegamótum, að því húsi meðtöldu.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kauptúnsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marsmánuði, í júnímánuði og í októbermánuði. Hann ákveður fundartíma

69 24. júní og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett. Formaður skal boða þeim fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er leiðir af brjefaskriftum, skal greiða úr hreppsjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er um ræðir í þessari samþykt, eða mikla þýðingu hefir fyrir heildrigði manna hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, sem samþyktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmanna, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða á samþyktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fje sje veitt. Nú neitar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsting sje viðhöfð, og trjególf í öllum íbúðarherbergjum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstuð sje herbergi, sje þau svo óhrein, að nefndin álíti húsbúum hættu búna.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, og getur nefndin þá bannað íbúðina. Skal þá nefndin tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni þyki viðunandi. Þó er húseiganda frjálst innan átta daga að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Kjallara má eigi nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

III. Um skóla.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar til fjórum sinnum á ári, eftir því sem henni þykir þurfa.

Hver sá er tekur til kenslu 5 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætli að kenna.

Hver kenslustofa skal vera svo stór, að 80 rúmfet að minsta kosti komi á hvert barn. Gólf í kenslustofum skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd vör við að nemendur eða kennari hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjeraðslækni og tilgreina nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru. Hafi skólakennari eða nemandi berklaveiki og læknir álítur, að um sóttnæmishættu sje að ræða, getur heilbrigðisnefnd bannað að nemandinn eða kennarinn komi í skólann, þar til er sóttnæmishættan er afstaðin að dómi læknis. Holdsveik börn mega ekki ganga í skóla, nje holdsveikir menn fást við kenslu. Um aðra næma sjúkdóma fer eftir áliti hjeraðslæknis í hverju einstöku tilfelli.

IV. Um bökunarhús.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bökunarstofum í kauptúninu og skipa bökurum að þvo gólf og veggi hvenær sem óhreint er. Þeir menn mega ekki

69 vinna að brauðagerð, er lungnatæringu hafa, nje nokkurn annan næman sjúk-
24. júní. dóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofum, og enginn má sofa í stofunum.

V. Um verslunarbúðir og fl.

12. gr.

Verslunarbúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru til skemtunar, skulu þvegin hátt og lágt að minsta kosti einu sinni á ári og gólf í þeim húsum á hverjum morgni, ef þau eiga að notast að deginum. Í verslunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til opinberra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, er festir sje á veggi eigi nær gólfi en tvö fet og skulu þeir vandlega hreinsaðir á hverjum morgni. Verði kirkja bygð í kauptúninu, gilda hinar sömu reglur fyrir hana. Í skólum, kirkjum og fundarhúsum skal loftræsing vera svo sem heilbrigðisnefnd ákveður.

VI. Um fráræslu.

13. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á að það saurgi jarðveginn undir húsinu. Skal veita öllu skolpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsinu, svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur er á almannafæri eða á einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi komi pollar eða vilpur og hvergi flói út úr þeim, og skal hreinsa þau svo oft, að eigi leggi ódaun úr þeim.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlegt, að vatnsheldur botn sje gerður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerðinni má heilbrigðisnefndin gera, ef viðkomendur heldur kjósa að bera skolp svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd álítur hættulaust.

14. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gera skolpræsi hver frá sínu húsi útí það ræsi, og skulu þau eigi miður gerð en aðalræsið.

Skyldir skulu eigendur blautfisks- og lýsisbræðsluhúsa að gera ræsi frá húsum þessum, ef heilbrigðisnefnd álítur þess þörf.

VII. *Um vatnsból.*

15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum og má eigi láta í þau eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nje neitt það annað, er óhreinkar vatnið eins fyrir því, þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

16. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gera nýjan brunn eða breyta gömlum brunni og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefnd, en hún skal leggja dóm á vatnið þá er grefti eða brunni er lokið, hvort nýtilegt er og hafa gætur á, að brunnurinn sje gerður á þann hátt, er hjer segir:

Sje brunnur boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess að samskeytin milli leggjanna sje vatnsheld.

Sje brunnur grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan úr höggnu grjóti eða hörðum steini og líma stein við stein með steinlími og skal hleðslan þannig gerð svo langt að neðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en þó aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal þá láta einhverskonar límkendan leir og skal það lag vera 1 al. á þykt. Hleðslan skal ná $^1/_2$ al. eða meira upp úr jörðunni og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga og skal hann vera að minsta kosti $1^1/_2$ al. á breidd og halla út frá brunnopinu.

Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur, og skal taka vatnið úr brunninum með dælu, er gangi upp í gegnum miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo loft geti komist að vatninu.

Þar sem strjálbygt er og engin óhreinindi í nánd, má heildrigðisnefnd leyfa að brunnar sjeu gerðir úr grjóti, án steinlíms, og vatnið dregið upp í fötu. Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sje að minsta kosti $1^1/_2$ al. á hæð.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka neysluvatn úr brunni eða öðru vatnsbóli um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt.

Leiði læknisrannsókn í ljós, að vatnið sje skaðvænt og ekki er unt að gera við vatnsbólið, svo að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

69
24. júní.

VIII. *Um peningshús, hauga og forir.*

18. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

19. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haugshús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið og skal hún gæta þess, að haldin sje fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi nje alfaravegi en nemi 10 álnum. For má ekki gera og ekki hafa nær alfaravegi eða íbúðarhúsi en nemi 10 áln., og ekki nær vatnsbóli en 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $^1/_2$ al. eða meira upp úr jörð og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um, að menn eða skepnur geti eigi fallið ofan í forina.

Standi hús þjett saman getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haugshús og heimtað, að forir sjeu gerðar úr grjóti og steinlími, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

20. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þá viðkomanda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má.

IX. *Um salerni.*

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni, er sett sje á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinsteypt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum og liggi gólfið hærra en jarðvegur í kring. Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er falli fast að setunni. Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi, má hafa salerni yfir henni þannig, að saurindin fari jafnóðum í forina, en loftræsing skal þá vera góð í salerninu.

22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin tæmd jafnskjótt og þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir, hvar láta megi saur úr salernum.

23. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en samþykt þessi eða þau eru illa gerð eða óþrifleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni samkv. 21. gr.

Þeir sem halda daglaunafólk, skulu skyldir að hafa salerni svo mörg eða stór, sem heilbrigðisnefnd álítur nægja, og gilda hinar sömu reglur um frágang þeirra sem annara salerna.

X. Um sorp og önnur óhreinindi.

24. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má eigi hafa nær íbúðarhúsum nje vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu alt sorp, að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burtu jafnóðum og þau fyllast á þann stað, er hún tiltekur.

25. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori, hausum og dálkum í sjóinn, ef þessu er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd tiltekur, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt.

Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á, að þessu ákvæði sje hlýtt.

26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlulykt eða daunilt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eign þeirra, sem næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust burtu.

27. gr.

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta, svo sem lýsisbræðsla, sútun, fiskþvottur o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XI. Um slátrun.

28. gr.

Slátrun á sauðfje fari fram á afviknum stað, og sje háð eftirliti heilbrigðisnefndar. Ávalt skal hafa á blóðvelli sjerstakt ílát fyrir sulli og skulu þeir

69 24 júní. brendir að kveldi hvers slátrunardags eða grafnir, að minsta kosti alin í jörð niður.

XII. Um matvöru.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að ekki sé höfð á boðstólum matvara er sje svikin, skemd eða skaðleg heilsu manna, og skal henni heimilt að taka í búðum kaupmanna fyrir gangverð, sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til, að sje svikin, skemd eða skaðleg og láta rannsaka hana á efnarannsóknastofunni í Reykjavík og skal kostnað þann greiða úr sveitarsjóði.

Nú þykir heilbrigðisnefnd og héraðslækni mikil líkindi til, að matvara sje óholl til manneldis og má banna seljanda að láta hana fala, þar til er álit rannsóknastofunnar í Reykjavík er kunnugt orðið, og sé það í þá átt, að varan sje skaðleg, má banna seljanda að selja hana til manneldis.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má eigi selja til manneldis nema hjeraðslæknir eða dýralæknir álíti það hættulaust.

XIII. Um næma sjúkdóma.

30. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefndin aðstoða héraðslækninn við sóttvörnina.

Ef alvarlega næmur sjúkdómur kemur upp á svæði því, sem samþyktin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við héraðslækni að setja um stund strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIV. Um kirkjugarða.

31. gr.

Verði gerður kirkjugarður í kauptúninu eða stækkaður, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað, að garðstæðið sé þurkað með lokræsum ef það er raklent, svo að vatn komi upp í grafirnar nokkuru sinni. Vatnsból skulu eigi nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

Svo fljótt sem því verður viðkomið, skal láta kirkjugarðinn vallgróa.

XV. Um sektir

69
24. júní

32. gr.

Ef menn brjóta samþykt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkura þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það sektum, frá 5—200 króna, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er það henni heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hana lögtaki hjá þeim, er sekur er.

33. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. mars 1909.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest og birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

70
26. júní

til bráðabirgða fyrir kennaraskólann í Reykjavík.

I. kafli.

Um markmið skólans og skipun.

1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendunum bæði almenna mentun og sjermentun í því, sem tilheyrir uppeldi barna og kenslu.

2. gr.

Í skólanum eru þrjár ársdeildir og er hann jafnt fyrir konur sem karla.

II. kafli.

Um kensluna.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslensku, dönsku, sögu, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það sem Ísland snertir, reikning, rúmfræði, skrift, teikning, handavinnu, leikfimi, söng, kristinfræði, uppeldisfræði og kenslufræði, og kensluæfingar.

4. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kenslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur stjórnarráðið síðar.

III. kafli.

Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.

5. gr.

Skólameistari úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að nemandi, sem tekinn er í neðsta bekk, sje eigi yngi en 18 ára, í miðbekk eigi yngri en 19 ára, og í efsta bekk eigi yngri en 20 ára.
2. Að hann sje ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi, eða öðrum líkamskvilla, sem orðið geti hinum nemendunum skaðvænn, eða geri hann sjálfan óhæfan til að gegna kennarastarfi.

   Umsækendur skulu leggja fram vottorð hjeraðlútandi, eins og krafist verður.
3. að siðferði hans sje óspilt.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í neðsta bekk kennaraskólans, verður nemandinn að ganga undir próf, er sýni að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hjer segir:

1. Hann verður að hafa þekkingu á kristnum fræðum að minsta kosti eins og nú er heimtað til fermingar.
2, Hann verður að geta lesið íslensku skýrt og áheyrilega, auðvelt, óbundið mál. og geta sýnt að hann skilji efni þess, sem hann les. Hann á að þekkja hinar helstu málfræðilegu hugmyndir og kunna helstu atriði í íslenskri beygingarfræði,

Ennfremur á nemandinn að geta skrifað ritvillulítið, og svo að lesmerki sjeu nokkurnveginn rjett sett, stutta ritgerð um kunnugt efni. 70 26. júní

3. Nemandi verður að kunna fjórar aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (einnig tugabrot), og hafa leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi.
4. Hann verður að geta lesið dönsku með nokkurnveginn framburði, og hafa farið yfir 100 blaðsíður í 8 blaða broti. Hann skal þekkja hin allra helstu atriði danskrar beygingarfræði, og geta snúið á rjetta dönsku auðveldum setningum daglegs máls.
5. Nemandinn á að hafa numið ágrip af sögu Íslands.
6. Hann verður að hafa nokkra þekkingu á almennri landafræði, og hafa numið nokkurnvegin nákvæma lýsingu Íslands.
7. Hann verður að þekkja allra helstu dýr og jurtir, einkum húsdýrin og gagnjurtir.

8. gr.

Þeir nemendur, sem óska að setjast í miðbekk skólans *haustið 1908*, skulu ganga undir inntökupróf, er sýni, að þeir, að áliti skólameistara og kennaranna, hafi nauðsynlega undirbúningsmentun til að hafa full not kenslu í öðrum bekk og geta lokið skólanámi á tveim árum, eða sýna vottorð um undirbúningsmentun sína frá skóla, það er stjórnarráðið tekur gilt.

9. gr.

Nemendur, er setið hafa 2 ár í sama bekk, og að þeim loknum reynast óhæfir til að flytjast upp í næsta bekk, skulu þegar fara úr skólanum.

10. gr.

Skólameistari getur um stundarsakir vísað nemendunum úr skóla, ef þeir hafa næman sjúkdóm eða líkamskvilla, er geti orðið hinum nemendunum skaðvænn.

IV. kafli.

Um kennara skólans.

11. gr.

Kennarar skólans eru: 1. hinir föstu kennarar: skólameistari, fyrsti og annar kennari; 2. þeir stundakennarar, sem stjórnarráðið skipar.

Skólameistari ber ábyrgð á störfum skólans. Hann skal hafa eftirlit með allri kenslunni, og reglu og aga í skólanum.

70 Í forföllum skólameistara, eða þegar skólameistaraembættið er laust, er
26. júní sá af kennurum skólans, er stjórnarráðið kveður til þess, skyldur að taka að sjer störf skólameistara gegn þeirri þóknun, er það ákveður.

12. gr.

Stjórnarráðið skipar stundakennara við skólann eftir að hafa leitað álits skólameistara.

13. gr.

Kenslustundafjölda hinna föstu kennara ákveður stjórnarráðið.

Verja má nokkurum af skyldustundum föstu kennaranna til kenslu í æfingaskóla kennaraskólans.

14. gr.

Skólameistara ber að sjá um að í skólanum sjeu eftirtaldar bækur, og að reglulega sje í þær ritað eftir því, sem fyrir verður mælt: 1. Einkunnabók, 2. prófbók, 3. dagbók, 4. brjefabók, 5. áhaldabók og 6. fundabók.

15. gr.

Skólameistari boðar til kennarafundar, þegar honum þurfa þykir. Á kennarafundi eiga sæti hinir föstu kennarar skólans.

Þegar skólameistara þykir ástæða til, getur hann boðað stundakennara á fund, einkum þá er ræða skal um mál, er snerta störf þeirra.

Skólameistari stýrir kennarafundum; sjeu atkvæði jöfn, ræður hans atkvæði úrslitum.

16. gr.

Kennarafundur úrskurðar um:

1. Uppflutning nemenda úr einum bekk í annan,
2. burtvísun nemenda úr skólanum,
3. bókakaup og áhaldakaup til skólans.

17. gr.

Skólameistari skal leita álits kennarafundar áður en hann gerir tillögu til stjórnarráðsins um:

1. að taka upp nýjar kenslubækur, eða breyta tilhögun kenslunnar,
2. skiftingu kenslugreina milli kennaranna,
3. veiting námstyrks eða annara hlunninda.

18. gr.

Gjörðir kennarafundar skulu ritaðar í gjörðabók, er skal lesin upp og

samþykt á hverjum fundi. Heimilt er hverjum fundarmanni að fá ágreiningsatkvæði sín færð til bókar. 70 26. júní

19. gr.

Allir kennarar skólans eiga eftir fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann, og með kenslu sinni og sambúð við nemendur og eftirdæmi sínu leitast við á allan hátt að gera þá sem hæfasta kennara æskulýðsins.

20. gr.

Fatlist kennari frá vinnu sakir sjúkleika eða af öðrum orsökum, ræður skólameistari annan í hans stað alt að mánaðaðartíma; sje um lengri tíma að ræða, skipar stjórnarráðið aðstoðarkennara.

V. kafli.

Um nemendur skólans.

21. gr.

Nemendur eiga jafnt í kenslustundum sem utan kenslustunda að sýna kennurum sínum virðing og hlýðni.

22. gr.

Nemendur eiga jafnan að koma stundvíslega í skólann á tilteknum tíma. Þeir skulu og hafa lokið heimavinnu sinni á tilteknum tíma.

Nemendur, sem sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum geta eigi sótt skólann, eiga samdægurs að senda skólameistara tilkynning um það, en skólameistara ber að grenslast eftir, á hverjum rökum afsakanirnar eru bygðar.

23. gr.

Hegði nemandi sjer ósæmilega í skólanum, eða utan skóla, eða, ef vist hans í skólanum er að áliti skólameistara og kennara skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir, sbr. 10. gr.; en telji kennarafundur nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fult og alt, skal til þess fengið leyfi stjórnarráðsins.

Nemandi, sem vísað hefir verið burt úr skólanum fyrir fult og alt, getur ekki gengið undir kennarapróf nema með sjerstöku leyfi stjórnarráðsins.

24. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sjerhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki stjórnarráðsins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.

70
26. júní

25. gr.

Burtfararpróf skólans nefnist kennarapróf. Reglur um það, hvernig því prófi skuli hagað, og hvað til þess þurfi að standast það, setur stjórnarráðið.

VI. kafli.

Um kenslutíma og leyfi.

26. gr.

Skólaárið byrjar 1. októbermánaðar og endar 30. septembermánaðar.

27. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk kennaraskólans vera eigi færri en 36, og eigi fleiri en 38 kenslustundir. Hver kenslustund sje 50 mínútur, en hlje milli kenslustunda 10 mínútur.

Skólameistari semur stundatöflu fyrir hvert skólaár, og leggur hana undir úrskurð stjórnarráðsins.

28. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 24. degi desembermánaðar til 2. dags janúarmánaðar að báðum þessum dögum meðtöldum.
2. Sumarleyfi, er nær frá 1. apríl til 30. september.

Auk þess er skólameistara heimilt að gefa leyfi einn dag, þegar honum þykir sjerstök ástæða til.

Skifting tímans milli námsgreinanna:

	1. bekkur.	2. bekkur.	3. bekkur.	
Kristin fræði	3	3	3	stundir á viku.
Íslenska	6	6	6	— - —
Danska	4	4	2	— - —
Saga	3	3	2	— - —
Landafræði	3	2	»	— - —
Náttúrufræði	4	3	2	— - —
Reikningur	4	3	2	— - —
Skrift	1	»	»	— - —
Teiknun	2	2	1	— - —
Handavinna	2	2	2	— - —
	32	28	20	

Flyt	32	28	20	stundir á viku
Söngur	3	3	1	— - —
Líkamsæfingar	2	2	2	— - —
Uppeldisfræði	«	4	4	— - —
Kensluæfingar	«	«	10	— - —
Samtals	37	37	37	stundir á viku.

70
26. júní

Í stjórnarráði Íslands 26. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

71
26. júní

Reglur

um kensluáhöld fastra heimangöngubarnaskóla.

Til þess að fastur heimangönguskóli geti orðið aðnjótandi landsjóðsstyrks samkvæmt 23. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 59 frá 22. nóvbr. 1908 um fræðslu barna, verður skólinn að hafa þau kensluáhöld, er hjer segir, eða önnur jafngóð.

I. Við kristindómskenslu:

1. Julius Kronberg: 10 biflíumyndir (úr N. T.).
2. Frits Roeber: I. Serie. 7 biblíusögumyndir.
3. Roms Kort yfir Palæstínu.

II. Við náttúrusögukenslu:

1. Alfred Jakobsen: 50 dýramyndir.
2. Eschner: 5 myndir af mannlegum líkama.
3. Poul Steffensen: 12 myndir af lífi aldýranna, ætlaðar einkum til afnota við sýnikenslu (Anskuelsesundervisning).
4. Chr. Nielsen: 4 árstíðir.

III. Við eðlisfræði:

a. Segulmagn: 1. Segulstál, 2. Segulnál, 3. Járnsvarf.
b. Rafmagn: 1. Glerstöng, 2. Ebonistöng, 3. Hyllimergskúlur, 4. Galvansbikar, 5. Glóðarlampi, 6. Rafsegull, 7. Rafmagnsklukka, 8. Rafmagnshreyfivjel.
c. Ljósfræði: 1. Þrístrent gler, 2. Stækkunargler, 3. Holspegill.

71
26. júní

d. Hiti: 1. Málmhringur með málmkúlu (útþensla), 2. Kopar og járnstöng (mismunandi leiðsla), 3. Járnræma og koparræma, hnoðaðar saman (mismunandi útþensla), 4. Spirituslampi.
e. Jafnvægi: 1. Vogarstöng, 2. Hjól.

IV. Við landafræðikenslu:
1. Íslandsuppdráttur eftir Þorvald Thoroddsen.
1. Jarðarlíkan nr. 28.
3. Norðurálfan eftir Christensen.
4. Aðrar heimsálfur eftir sama.

V. Við reikningskenslu:
1. Kúlurammi.
2. Meterstika.
3. Decimeterteningur (til að taka sundur)

Þetta kunngerist hjermeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 26. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

72
26. júní

Auglýsing

um

frumvarp til laga um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands.

Í opnu brjefi 8. maí 1908 (Stjtíð. 1908 A bls. 36—37), um að almennar kosningar til alþingis skuli fara fram 10. næstkomandi septembermánaðar, er svo mælt fyrir, að birt skuli kjósendum áður en kosningar þessar fara fram frumvarp það til laga um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands, er nefnd sú, er skipuð var 30. júlí 1907, hefir samið, svo að kjósendum veitist kostur á við kosningarnar að gefa til kynna afstöðu sína gagnvart frumvarpi þessu.

Samkvæmt þessu er hjermeð birt almenningi eftirfarandi

frumvarp til laga um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands.

1. gr.

Ísland er frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið. Það er í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er báðir aðilar

hafa orðið ásáttir um að telja sameiginleg í lögum þessum. Danmörk og Ísland eru því í ríkjasambandi, er nefnist veldi Danakonungs. 72 26. júní.

Í heiti konungs komi eftir orðið »Danmerkur« orðin: »og Íslands«.

2. gr.

Skipun sú, er gildir í Danmörku um ríkiserfðir, rjett konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn, er konungur er ófullveðja, sjúkur eða fjarstaddur, svo og um það, er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi til, skal einnig gilda, að því er til Íslands kemur.

3. gr.

Þessi eru sameiginleg mál Danmerkur og Íslands:

1. Konungsmata, borðfje ættmenna konungs og önnur gjöld til konungsætt arinnar.
2. Utanríkismálefni. Enginn þjóðarsamningur, er snertir Ísland sjerstaklega, skal þó gilda fyrir Ísland, nema rjett stjórnarvöld íslensk samþykki.
3. Hervarnir á sjó og landi ásamt gunnfána, samanber þó 57. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874.
4. Gæsla fiskiveiðarjettar þegnanna, að óskertum rjetti Íslands til að auka eftirlit með fiskiveiðum við Ísland eftir samkomulagi við Danmörku.
5. Fæðingarrjettur. Löggjafarvald hvors lands um sig getur þó veitt fæðingjarjett með lögum og nær hann þá til beggja landa.
6. Peningaslátta.
7. Hæstirjettur. Þegar gerð verður breyting á dómaskipun landsins getur löggjafarvald Íslands þó sett á stofn innanlands æðsta dóm í íslenskum málum. Meðan sú breyting er eigi gerð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarjetti, að skipaður sje þar maður, er hafi sjerþekking á íslenskri löggjöf og kunnugur sje íslenskum högum.
8. Kaupfáninn út á við.

4. gr.

Öðrum málefnum, sem taka bæði til Danmerkur og Íslands, svo sem póstsambandið og ritsímasambandið milli landanna, ráða dönsk og íslensk stjórnarvöld í sameiningu. Sje um löggjafarmál að ræða, þá gera löggjafarvöld beggja landa út um málið.

5. gr.

Danir og Íslendingar á Íslandi og Íslendingar og Danir í Danmörku njóta fulls jafnrjettis.

72 26. júní. Þó skulu forrjettindi íslenskra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar háskóla óbreytt. Svo skulu og heimilisfastir Íslendingar á Íslandi, hjer eftir sem hingað til, vera undanþegnir herþjónustu á sjó og landi.

Um fiskiveiðar í landhelgi við Danmörku og Ísland skulu Danir og Íslendingar jafnrjettháir meðan 4. atriði 3. gr. er í gildi.

6. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, er ríkisþing og alþingi setja og konungur staðfestir, fara dönsk stjórnarvöld einnig fyrir hönd Íslands með mál þau, sem eru sameiginleg samkv. 3. gr. Að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

7. gr.

Meðan Ísland tekur engan þátt í meðferð hinna sameiginlegu mála, tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau. Þó leggur Ísland fje á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna, hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrirfram um tíu ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifa.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir landssjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1.500.000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort málefni sje sameiginlegt eða eigi, og skulu þá stjórnir beggja landa reyna að jafna hann með sjer. Takist það eigi, skal leggja málið í gerð til fullnaðarúrslita. Gerðardóminn skipa fjórir menn, er konungur kveður til, tvo eftir tillögu ríkisþingsins (sinn úr hverri þingdeild) og tvo eftir tillögu alþingis. Gerðarmennirnir velja sjálfir oddamann. Verði gerðarmennirnir ekki á eitt sáttir um kosningu oddamannsins, er dómforseti hæstarjettar sjálfkjörinn oddamaður.

9. gr.

Ríkisþing og alþingi getur hvort um sig krafist endurskoðunar á lögum þessum, þegar liðin eru 25 ár frá því er lögin gengu í gildi. Leiði endurskoðunin ekki til nýs sáttmála innan þriggja ára frá því er endurskoðunar var krafist, má heimta endurskoðun af nýju á sama hátt og áður að 5 árum liðnum frá því nefndur 3 ára frestur er á enda. Nú tekst ekki að koma á samkomulagi meðal löggjafarvalda beggja landa innan tveggja ára frá því endurskoðunar var krafist í annað sinn, og ákveður konungur þá með tveggja ára fyrirvara, eftir tillögu um það frá ríkisþingi eða alþingi, að sambandinu um sameiginleg mál þau, er ræðir um í 4., 5., 6., 7. og 8. tölulið 3. gr. skuli vera slitið að nokkru eða öllu leyti.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi . . . . . .

Athugasemdir meiri hluta nefndarinnar við frumvarp þetta. 72

26. júní.

Við 1.—3. gr.

Ef bæði ríkisþingið og alþingi fallast á lagafrumvarp það, sem hjer er að framan skráð, og það verður að lögum, þá verður á ríkisrjettarafstöðunni milli Danmerkur og Íslands orðin alger breyting fráleit því sjónarmiði, sem haldið var í lögunum 2. janúar 1871. Í stað þess að afstaðan þá var ákveðin með einhliða danskri löggjöf, verður hún framvegis grundvölluð á sáttmála beggja aðila, sem til er orðinn með sameiginlegum lögum, sem löggjafarvöld beggja landanna samþykkja, og höfum vjer hugsað oss, að það skuli berum orðum fram tekið í inngangi laganna. En þarsem hinir dönsku nefndarmenn hafa algerlega í einu hljóði getað fallist á þetta og eins á hinar nýju ákvarðanir, sem nánara eru tilteknar í fyrstu grein og greinunum þar á eftir um framtíðarstöðu Íslands sem frjáls og sjálfstæðs lands, er eigi verði af hendi látið, en í sambandi við Danmörku um sameiginlegan konung og þau sameiginlegu mál, sem í 3. gr. eru nefnd, — en við þetta skipulag er Ísland sett jafnhliða Danmörku, sem sjerstakt ríki með fullum umráðum yfir öllum málum, sem ekki eru berum orðum nefnd sameiginleg, — þá óska hinir dönsku nefndarmenn að geta þess, að þetta sje ekki sprottið af því, að þeir á nokkurn hátt játi rjettar vera þær sögulegu og ríkisrjettarlegu skoðanir, sem fram hefir verið haldið af hálfu hinna íslensku nefndarmanna, heldur sje það sprottið af heitri ósk um, að verða við kröfum hinnar íslensku þjóðar um þjóðlegt og stjórnrjettarlegt sjálfstæði, og til þess með þessum votti um virðing hinnar dönsku þjóðar fyrir kröfum þjóðernisins að eyða meðal Íslendinga öllum ótta fyrir því, að frá Dana hálfu sje nokkur ósk í brjósti alin um það, að beita valdi, beinlínis eða óbeinlínis, við Ísland, til þess að halda nokkru forræði yfir því.

Þau sameiginlegu mál, sem upp eru talin í 3. grein, er einnig nú farið með sem sameiginleg fyrir Danmörku og Ísland, en við samning þessarar greinar hafa hinir dönsku nefnarmenn látið eftir kröfum hinna íslensku nefndarmanna í því aðalatriði, að hjer eru ekki, eins og í lögunum frá 1871, talin upp hin sjerstöku mál, svo að alt það, sem þar var ekki sjerstaklega upptalið, varð sameiginlegt, heldur er hjer höfð gagnstæða aðferðin og sameiginlegu málin nefnd, svo að alt það, sem hjer er ekki berum orðum nefnt sameiginlegt, er sjermál hvors landsins um sig.

Að því er annars sjerstaklega kemur til einstakra atriða í 3. grein, þá má þess geta um 5. tölulið, um fæðingjarjettinn, að Íslendingar fóru upphaflega aðeins fram á, að löggjafarvald hvors landsins hefði rjett til að veita fæðingjarjett innan sins löggjafarsviðs. En af þessu hefðu getað sprottið ýms vandkvæði, þarsem þeir, sem þannig fengju fæðingjarjett á Íslandi, hefðu hvorki eftir ríkisrjetti nje alþjóðarrjetti getað talist hafa fæðingjarjett í Danakonungs veldi og því kusu menn heldur að löggjafarvald Íslands fengi með lögum þessum almenna heimild til að veita fæðingjarjett, er einnig gilti fyrir Danmörku, en þó er hjer

72 26. júní. við því búist, að, þá er fæðingjarjettur verður veittur á Íslandi, verði líkra skilyrða krafist, sem í Danmörku.

Að því er kemur til ákvörðunarinnar í 7. tölulið 3. greinar um að þess skuli gætt, er sæti losnar í hæstarjetti, að skipaður sje þar maður, er hafi sjerþekkingu á íslenskri löggjöf og kunnugur sje íslenskum högum, þá er það hjer sett eftir ósk hinna dönsku nefndarmanna, er þótti mjög viðurhlutamikið að ganga að ákvæði fyrstu málsgreinar um stofnsetningu æðsta dóms innanlands í íslenskum málum, og vona, að ekki muni verða bráður bugur að því undinn; en ákvæði þetta gildir og auðvitað aðeins þangað til þetta verður gjört, sbr. »meðan«.

Við 4. gr.

Þarsem svo er að orði komist, að öðrum málefnum, sem taki bæði til Danmerkur og Íslands, þarámeðal póstsambandinu og ritsímasambandinu milli landanna, »ráði« o. s. frv., þá er það auðvitað ekki tilgangurinn, að breyta með þessu því skipulagi, sem nú er gert um póstsambandið og ritsímasambandið.

Við 5. gr.

Ákvörðunin í fyrstu málsgrein greinarinnar um, að Danir og Íslendingar á Íslandi og Íslendingar og Danir í Danmörku skuli í öllum atriðum njóta fulls jafnrjettis að öðru jöfnu, hefir verið talin svo mikils varðandi í nefndinni, að óskað hefir verið að gera hana að föstu og óbreytilegu skilyrði fyrir sambandi landanna.

Jafnframt ákvæðinu, að óbreytt skuli haldast forrjettindi íslenskra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnarháskóla, var þess óskað frá Dana hálfu, að upp væri tekið í lögin, að við háskólann skyldi stofna kennaraembætti í íslenskum lögum. Frá íslenskri hlið er ekkert á móti því haft, að slíkt kennaraembætti sje stofnað, en af formlegum ástæðum hefir það ekki þótt rjett að taka upp í þessi lög nokkurt ákvæði um þetta, með því að danska löggjafarvaldið hefir ávalt fult frelsi til að gjöra þetta, og því fjellu hinir dönsku nefndarmenn frá því, að þetta ákvæði væri tekið upp í lögin.

Við 6. gr.

Í þessari grein er gengið að því vísu, að Ísland eigi kost á að ráða ásamt Danmörku þeim málefnum, sem sameiginleg eru, eftir því sem samkomulag getur komist á með lögum, sem bæði ríkisþing og alþingi samþykkja og konungur staðfestir, um það, með hverjum hætti þessu geti orðið fyrir komið. Þangað til þetta verður, fara dönsk stjórnarvöld ein með þessi mál, einnig fyrir Íslands hönd, en Ísland hefir eitt full umráð allra annara mála sinna, þar á meðal um það, hversu mál skuli upp borin fyrir konungi og hversu hagað skuli skipun íslenskra ráðherra.

Við 7. gr.

72
26. júní.

Að því er til þess kemur að binda enda á fjármálaviðskifti Danmerkur og Íslands, þá hafa hinir dönsku nefndarmenn álitið, að til þess að gjöra fullnaðarlyktir á þessu gamla ágreiningsefni, þá gætu þeir — án þess að viðurkenna nokkra rjettarkröfu frá Íslands hálfu í þessu efni — gengið að því að greiða af hendi eitt skifti fyrir öll upphæð þá, er jafngildir þeim höfuðstól, sem 60,000 kr. árlega eru 4% vextir af, en það er sú upphæð, sem Danmörk samkvæmt lögunum frá 2. janúar 1871, 5. grein, hafði heitið Íslandi að greiða og hefir síðan árlega greitt því. Hinir íslensku nefndarmenn hafa, jafnframt því að þeir halda fast við rjettmæta kröfu af Íslands hendi til þessa gjalds, þótst eftir atvikum geta gengið að þessu, svo að þetta verði fullnaðarúrslit þessara gömlu viðskifta.

Við 8. gr.

Þó að þess sje vænst, að ákvæðið í 3. gr. um sameiginleg mál muni vera svo ljóst, að trauðla verði við því búist, að ágreiningur geti risið um skilning þess, þá hefir þó nauðsynlegt þótt, að lögin skyldu skýrlega ákveða, hvernig úr yrði skorið, ef svo skyldi fara, að ágreiningur skyldi verða um, hvort eitthvert málefni bæri að telja til sameiginlegra mála eða sjerstakra; og þá hefir mönnum — upphaflega eftir tillögu frá íslensku nefndarmönnunum — komið saman um ákvæðið í 8. grein, en samkvæmt því á dómstjóri hæstarjettar að vera oddamaður, er gerðarmenn þeir, sem greinin ræðir um, geta ekki orðið á eitt sáttir um að velja oddamann. En sá hefir verið skilningurinn á þessu í nefndinni, að til oddamannsins kasta skuli þá aðeins koma, er atkvæði standa jafnt meðal gerðarmanna.

Við 9. gr.

Þessi grein hefir verið það atriði, sem örðugast hefir verið að ná samkomulagi um í nefndinni. Um það tvent kom mönnum þó að vísu saman frá báðum hliðum, að samning þennan í heild sinni skyldi mega endurskoða, og eins um hitt, að endurskoðun þessi skyldi þó ekki eiga sjer stað fyrri en liðinn væri hæfilega langur frestur, því að annars vegar gæti þessi ríkisrjettarsamningur engu fremur en nokkur annar mannlegur samningur verið ætlaður til þess að gilda um aldur og æfi, en þarsem hann þó stofnaði ríkisrjettarsamband milli tveggja landa, hlyti hann hinsvegar að vera ætlaður til þess að standa skilyrðislaust nokkuð langan tíma. Aftur á móti greindi menn mjög svo á í skoðunum um afleiðingarnar af því, ef ekki næðist samkomulag, þegar að því kæmi að endurskoða lögin. Því var í fyrstu fram haldið af Íslendinga hendi, að þá skyldi hvor aðili geta sagt upp að öllu eða nokkru leyti fjelagsskapnum um öll hin sameiginlegu mál, að undanteknum sameiginlegum konungdómi; en frá Dana hlið var því fram haldið, að gætu báðir málsaðilar eigi samþykt samhljóða ákvæði um endurskoðun, þá skyldi kyrt sitja við það sem væri. En þar-

72 sem Danir hjeldu því föstu í einu hljóði, að þeir gætu með engu móti gengið að
26. júní. því að hafa sameiginlegan konung, nema stjórn utanríkismála og hervarnrr væru einnig sameiginlegt mál, þá ljetu hinir íslensku nefndarmenn, að einum undanteknum, niður falla þá kröfu, að þessi mál yrði uppsegjanleg, og urðu menn þá ásáttir um, að orða greinina eins og gert er hjer að framan.

Í stjórnarráði Íslands, 26. júní 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

73

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar árið 1907.

Tekjur.

1. Sjóður frá f. á.:					
a. Í veðskuldabrjefum	kr.	1000 00			
b. Í sparisjóðsdeild Íslandsbanka á Akureyri .	—	2086 44			
	kr.	3086 44			
Frádregst skuld við reikningshaldara . .	—	51 16			
			kr.	3035	28
2. Vextir:					
a. Af veðskuldabrjefum	kr.	40 00			
b. Af innstæðu í sparisjóði	—	41 72			
			—	81	72
3. Til jafnaðar gjaldalið 2			—	51	16
4. Til jafnaðar gjaldalið 4			—	200	36
			kr.	3368	52

Gjöld. 73

1. Styrkur veittur tveimur bændum í Vallahreppi			kr.	113 00
2. Greidd skuld við reikningshaldara			—	51 16
3. Burðargjald til Akureyrar			—	0 36
4. Teknar úr sparisjóði			—	200 36
5. Í sjóði 31. desember 1907:				
a. Í veðskuldabrjefum	kr.	1000 00		
b. Í sparisjóðsdeild Íslandsbanka á Akureyri	—	1927 80		
c. Hjá reikningshaldara	—	75 84		
			—	3003 64
			kr.	3368 52

Athugasemd. Vextir í sparisjóði frá 1. júlí til 31. desember 1907 eru eigi tilfærðir í reikningnum. Sjóðurinn er því við árslok c. 40 krónum auðugri.

Skrifstofa Suður-múlasýslu. Eskifirði, 6. maí 1908.

A. Tulinius.

Embættaskipun m. m.

15. júní skipaði ráðherrann settan landsbókavörð Jón Jakobsson, r. af dbr., til þess að vera landsbókavörð frá 1. næstkomandi júlímánaðar að telja.

17. s. m. skipaði ráðherrann sagnfræðing cand. phil. Jón Jónsson fyrri aðstoðarbókavörð við Landsbókasafnið frá 1. október næstkomandi að telja.

S. d. skipaði ráðherrann kennara við gagnfræða- og alþýðuskólann í Flensborg síra Magnús Helgason til þess að vera kennari við kennaraskólann í Reykjavík og jafnframt skólastjóri frá 1. október næstkomandi að telja.

S. d. skipaði ráðherrann dr. phil. Björn Bjarnason til þess að vera 2. kennari við kennaraskólann frá 1. október næstkomandi að telja.

S. d. skipaði ráðherrann mag. sc. Ólaf Daníelsson til þess að vera 3. kennari við kennaraskólann frá 1. næstkomandi októbermánaðar að telja.

20. s. m. skipaði ráðherrann cand. phil. Matthías Þórðarson til þess að vera fornmenjavörður og jafnframt umsjónarmaður með Forngripasafninu frá 1. júlí næstkomandi að telja.

27. s. m. var cand. juris Einar Arnórsson settur til þess fyrst um sinn frá 1. júlí næstkomandi að gegna 2. kennaraembættinu við lagaskólann.

Konsúll

16. maí var herra Brillouin viðurkendur franskur vicekonsúll í Reykjavík.

Einkarjettur.

9. maí þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að veita lyfsala Dortheus Andreas Hansen og höfuðsmanni Cornelius Schilbred, báðum til heimilis í Brevik í Noregi, einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til varðveislu matvæla, er þeir nánara hafa lýst.

Laust embætti

er konungur veitir.

Sýslumannsembættið í Snæfellsness og Happadalssýslu. Árslaun 3000 kr.
Auglýst laust 24. júní 1908.
Umsóknarfrestur til 21. ágúst 1908.

Sá sem embættið fær, er skyldur að setja þá trygging, er síðar mun verða kveðið á um fyrir innheimtum þeim, er honum verður trúað fyrir af hálfu hins opinbera. Svo ber honum og að fylgja þeim reglum, er settar verða um reikningsskil af hans hálfu og greiðslur í landsjóð.

Brjef stjórnarràðsins *til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu* **um àkvörðun verslunarlóðarinnar í Hnífsdal.** **74** 23. júní

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 15. april þ. á., hefir hingað borist uppdráttur af fyrirhugaðri verslunarlóð í Hnífsdal, sem með lögum nr. 69 frá 22. nóvbr. 1907 varð löggiltur verslunarstaður, og hafið þjer skýrt frá því, að sýslunefnd Norðurísafjarðarsýslu hafi mælt með því, að verslunarsvæðið verði ákveðið eins og uppdrátturinn sýnir.

Útaf þessu eru hjer með samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús í Hnífsdal, sett eftir framannefndum uppdrætti, svo sem hjer segir:

Að norðan bein lína úr Heimabæjarvör í Lambhúshól, að austan Rauðilækur, svo áin að Hreggnasabrekku og síðan Hreggnasabrekka suður í Stekkjarlæk, að sunnan Stekkjarlækur og að vestan sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar og leggja fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja upp og haldi við á hreppsjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi, skal þess getið til leiðbeiningar síðar meir, að auk uppdráttarins af verslunarlóðinni verður að senda hingað skýrslu um takmörk lóðarinnar.

Auglýsing

75 11. júlí.

um fyrirmynd fyrir reglugjörðir handa barnaskólum.

Samkvæmt fyrirmælum laga nr. 59 frá 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, sjá 21. gr. 1. laganna, hefir með ráði umsjónarmanns fræðslumálanna verið samin og sett fyrirmynd sú fyrir slíkri reglugjörð, sem hjer fer á eftir.

Þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

17. dag júlimán. 1908. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

76 Fyrirmynd.

Reglugerð

fyrir barnaskólann . . . . . .

I. Um tilgang skólans.

1. gr.

Það er tilgangur skólans að veita nemendunum sem staðbesta þekkingu í þeim fræðigreinum, sem lögboðið er að kenna börnum til 14. árs, og að hafa heillavænleg áhrif á hugsunarhátt þeirra og siðferði.

II. Um inntöku nemanda í skólann.

2. gr.

Í skólann er veitt inntaka 10 ára börnum í . . . . . skólahjeraði, enda fullnægi þau þeim mentunarkröfum, sem lög um fræðslu barna (22. nóv. 1907) gera til barna á þeim aldri, og hafi engan næman sjúkdóm, er geti orðið öðrum börnum að meini.

Ef húsrúm og önnur skilyrði eru fyrir hendi, má og veita yngri börnum aðgang að skólanum, svo og börnum, sem heimili eiga utan skólahjeraðsins, ef skólanefnd þykir sjerstök ástæða til.

Umsóknir um skóla skulu stílaðar til skólanefndar og vera komnar til hennar fyrir . . . . . .

III. Um kenslutíma og leyfi.

3. gr.

Skólinn byrjar . . . . og endar . . . . á ári hverju. Skulu öll börn, sem skólann eiga að sækja, koma þegar kensla byrjar, eða í skólaársbyrjun, og vera út allan kenslutímann. Undantekningar frá því geta þó átt sjer stað, þegar sjerstaklega stendur á, og eftir samkomulagi skólanefndar við kennara.

4. gr

Kenslan byrjar á degi hverjum kl. . . . . og stendur til kl. . . . . eða alls

. . . . . stundir á dag. Hver kenslustund er 50 mínútur, en 10 mínútna hlje 76
milli kenslustunda.

5. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. Jólaleyfi, frá Þorláksmessu til 2. jan. að báðum dögum meðtöldum, 2. Páskaleyfi, frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, 3. Sumardagurinn fyrsti.

IV. Um kennara skólans.

6 gr.

Kennari (ar) skólans er ráðinn (eru ráðnir) af skólanefnd, svo og stundakennarar, ef þörf er á. Aðalkennari ber ábyrgð á störfum skólans og hefir aðalumsjón og eftirlit með skólanum og öllu, sem honum tilheyrir. Hann skal halda kensluáhöldum skólans í röð og reglu, og skrifa í lögskipaðar bækur skólans, eins og krafist verður.

V. Nemendur skólans.

7. gr.

Börn þau, sem í skólann ganga, skulu jafnt í kenslustundum sem utan kenslustunda hegða sjer siðsamlega og sýna kennurum virðing og hlýðni.

8. gr.

Börn skulu koma í skólann á ákveðnum tíma; þau skulu hafa með sjer bækur og annað, sem við þarf, eftir fyrirmælum kennarans; verði misbrestur á þessu, og sje efnaleysi um að kenna, skal börnum lagt til af skólasjóði bækur, ritföng og það annað, er kenslan krefur.

9. gr.

Börn, er sýkjast af einhverjum næmum sjúkdómum, mega ekki sækja skólann, fyr en þau eru læknuð að fullu.

10. gr.

Geri barn sig sekt í ósæmilegu athæfi, eða brjóti bág við settar reglur og fyrirskipanir skólans, og láti ekki skipast við áminningar og fortölur kennara, getur hann vísað því burt úr skólanum um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru til.

VI. Um próf.

11. gr.

Ganga skulu þau börn, er kenslu hafa notið í skólanum undir hið opinbera próf í skólahjeraðinu, eins þau, sem yngri eru en 10 ára. Prófið fer fram eftir reglum, er yfirstjórn fræðslumála setur.

VII. Um skóladagbækur, skýrslur og skírteini.

12. gr.

Í skólanum skulu vera þessar bækur og skal aðalkennari sjá um, að reglulega sje í þær ritað: 1. prófbók, 2. dagbók og 3. brjefabók.

13. gr.

Skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar um próf, fjárhag skólans, hús, kensluáhöld og hvað annað, er að skólahaldinu lýtur, semur skólanefndin, og afgreiðir til yfirstjórnarinnar.

VIII. Um námsgreinar og stundatöflu.

14. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna í skólanum:

1. Íslensku (lestur, skrift, rjettritun), 2. kristinfræði, 3. reikning, 4. sögu, 5. landafræði, 6. náttúrufræði, 7. söng, (8. leikfimi og 9. handavinnu).

15. gr.

Stundatöflu skal aðalkennari semja á hverju ári og leggja undir samþykki skólanefndar og skal tímanum skift milli námsgreinanna á þessa leið, (þó þannig að færa megi til stundir milli námsgreina eftir því, í hve margar deildir skólanum er skift, og eftir aldri barna):

Íslenska	8	stundir	á	viku
Kristin fræði	2	—	-	—
Reikningur	5	—	-	—
Saga	2	—	-	—
Landafræði	3	—	-	—
Náttúrufræði	4	—	-	—
Flyt	24	stundir	á	viku

76

Fluttar	24	stundir	á	viku.
Söngur	2	—	-	—
(Handavinna	2	—	-	—
Leikfimi	2	—	-	—)

Samtals 30 kenslustundir á viku.

Ath.: Fleiri kenslugreinir má kenna, ef skólanefnd þykir þörf, og bæta þá við kenslustundum, þó ekki fleiri en svo, að hvert barn hafi í mesta lagi 6 stundir á dag.

Erindisbrjef

77
11. júlí

fyrir skólanefndir.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 59, 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, eru sett eftirrituð ákvæði um skyldur skólanefnda.

1. gr.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í sínu skólahjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins. Hún semur reglugerð fyrir barnaskóla hjeraðsins, og sjer um að hún öðlist samþykki yfirstjórnar fræðslumála.

2. gr.

Skólanefnd ræður kennara skólans og sjer um að þeir geri skyldu sína; hún skal láta sjer ant um að ráða góða og vel hæfa menn, og skulu þeir, sem staðist hafa kennarapróf, jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir öðrum.

3. gr.

Í lok hvers skólaárs skal skólanefnd auglýsa, á hverjum tíma beiðnir um undanþágu frá skólaskyldu eigi að vera til sín komnar. Undanþáguna veitir hún því aðeins, að fræðsla sú, er barnið fær utanskóla, verði jafngild þeirri fræðslu, er skólinn veitir.

Hún skal sjá um að öll þau börn á skólaskyldualdri, sem ekki hafa fengið undanþágu frá skólagöngu, sæki skóla hjeraðsins. En vanræki foreldrar, eða þeir aðrir, sem börn hafa til framfærslu, að senda þau í skólann hinn lögskipaða tíma, án þess að undanþága hafi verið veitt, skal skólanefndin kæra brotið til sekta fyrir lögreglustjóra, og sjer um greiðslu sektafjárins til sveitarsjóðs.

4. gr.

Skólanefndin skipar fyrir um próf barna í sínu skólahjeraði í samráði við prófdómanda þann, sem skipaður er af yfirstjórn fræðslumála, hún kærir til sekta þá, sem án gildra forfalla vanrækja að senda börn sín til prófs.

77
11. júlí.

5. gr.

Það er skylda skólanefndarinnar að líta eftir því, að börn á námsaldri njóti fullnægjandi fræðslu á heimilum sínum í þeim fræðigreinum, sem að lögum ber að kenna til 10 ára aldurs, og komist hún að raun um að kenslan sje ófullnægjandi, svo að líkur sjeu til, að eitthvert barn nái ekki fyrirskipuðu fræðslumarki, ber henni að vanda um við foreldra eða aðstandendur barnannn, en reynist það árangurslaust, skal hún koma slikum börnum fyrir þar sem þau fá nauðsynlega tilsögn.

Svo skal skólanefnd og hafa gætur á framförum barna á skólaaldri, þeirra er ganga í skóla hjeraðsins, og komist hún að raun um, að eitthvert barn sje svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái ekki lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára fullra, ber henni að gera ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri ræk en áður, og má hún, ef nauðsyn krefur, kaupa handa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, sem barnið hefir til framfærslu.

Hafi eitthvert barn, sem gáfnaskortur eða vanheilsa hamlar eigi, ekki náð hinu fyrirskipaða fræðslumarki við 14 ára aldur, ber skólanefnd að sjá því fyrir nægilegri tilsögn, og láta það ganga til prófs uns það er fullra 16 ára.

6. gr.

Skólanefndin hefir umsjón og eftirlit með skóla hjeraðsins, sjer um skólahúsið eða felur öðrum manni að sjá um það fyrir sína hönd. Hún annast að börnin fái nægilegar kenslubækur, og að fyrir hendi sjeu í skólanum þau kensluáhöld, sem fyrirskipað er að skólinn skuli hafa.

7. gr.

Það er skylda skólanefndarinnar að sjá um, að skólahúsið sje svo gott og hentugt, sem kostur er á, og að það fullnægi þeim kröfum um hollustuhætti, sem yfirstjórnin setur.

8. gr.

Áætlun um kostnað við skólahaldið ár hvert skal skólanefndin semja og senda bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð. Hún varðveitir fje það, sem veitt er til skólans, og hefir á hendi greiðslu þess til kennaralauna og annara þarfa skólans.

9. gr.

Beiðni um styrkveitingu til skólans úr landssjóði semur skólanefndin á ári hverju og sendir til yfirstjórnarinnar ásamt þeim skýrslum og skírteinum, sem yfirstjórnin fyrirskipar, eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga í máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

78
11. júlí.

Erindisbrjef

fyrir fræðslunefndir.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 59, 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, eru sett eftirrituð ákvæði um skyldur og störf fræðslunefnda.

1. gr.

Fræðslunefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í sínu fræðsluhjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins.

2. gr.

Fræðslunefnd semur frumvarp til fræðslusamþyktar fyrir það fræðsluhjerað, sem hún er skipuð fyrir, sjer um samþykki þeirra manna á frumvarpinu, sem hlut eiga að máli, og sendir það síðan yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar. Hún sjer um alla framkvæmd á fræðslusamþykt, og kærir til sekta, ef út af er brotið.

3. gr.

Það er skylda fræðslunefndar að hafa gætur á, að börn njóti á heimilum sínum nauðsynlegrar tilsagnar, og komist hún að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi kenslu, ber henni að gjöra ráðstöfun til að þeim sje komið fyrir, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn.

Reynist börn, sem til prófs koma, og yngri eru en 14 ára, svo vankunnandi, að líkur sjeu til, að þau nái ekki lögskipaðri kunnáttu áður en þau eru 14 ára fullra, ber fræðslunefnd að sjá um, að lögð verði við þau meiri rækt en áður, og má kaupa handa þeim sjerstaka kenslu, ef þörf er á.

4. gr.

Fræðslunefnd semur reglugjörð um það, hversu kenslunni skuli haga í sínu fræðsluhjeraði og fær samþykki yfirstjórnar fræðslumála á henni. Hún sjer um að barnafræðslan í hjeraðinu fari fram eins og reglugjörðin mælir fyrir; hún annast um, að herbergi þau, sem kenslan fer fram í, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin; sjer um útvegur á nauðsynlegum kensluáhöldum og öllu því öðru, sem nauðsynlegt er til þess, að kenslan geti farið vel fram og borið góðan árangur.

5. gr.

Fræðslunefnd ræður kennara, einn eða fleiri, eftir því sem þörf er á, eftir því sem fræðslusamþykt ákveður, og skulu þeir kennarar, sem lokið hafa kennaraprófi, jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir öðrum.

79
11. júlí.

6. gr.

Árlega skal fræðslunefndin semja og senda hreppsnefndinni áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Fræðslunefnd varðveitir það fje, sem veitt er til kenslunnar og ráðstafar því.

7. gr.

Hin árlegu próf skal fræðslunefndin skipa fyrir um í samráði við prófdómanda þann, sem skipaður er af yfirstjórn fræðslumála, og sjer um, að öll þau börn, sem að lögum eru skyld til að koma til prófs, komi reglulega til ársprófa, og kærir til sekta, ef út af er brotið.

8. gr.

Beiðni um landssjóðsstyrk til barnafræðslunnar semur fræðslunefndin og sendir yfirstjórn fræðlumála ásamt þeim skýrslum og skirteinum, sem yfirstjórnin fyrirskipar.

9. gr.

Rita skal fræðslunefndin í gjörðabók allar ályktanir sínar um fræðslumál hjeraðsins, og skal gjörðabókin vera í vörslum formanns nefndarinnar.

Þetta kunngjörist hjer með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

80
11. júlí.

Reglur

um kensluáhöld farskóla.

Til þess að farskóli geti orðið aðnjótandi landsjóðsstyrks samkvæmt 22. gr., sbr. 20. gr. laga frá 22. nóvbr. 1908, um fræðslu barna, verður skólinn að hafa þau kensluáhöld að minsta kosti, er hjer segir:

I. Til kenslu í landafræði.
1. Uppdráttur Íslands (eftir Þ. Thoroddsen). 2. Jarðlíkan. 3. Uppdráttur af öllum heimsálfunum.

II. Til kenslu í náttúrusögu:
1. Myndir af líkama mannsins. 2. Myndir af mannkynsflokkunum (5 andlitsmyndir). 3. Myndir af alidýrunum.

III. Til kenslu í eðlisfræði: 80
1. Segulstál. 2. Glerstöng. 3. Ebonistöng. 4. Hyllimergskúlur tvær. 5. Þrístrent gler. 6. Stækkunargler. 11. júlí.

Þetta er kunnugt gjört öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

81
13. júlí.

um kgl. staðfesting skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Sigríðar Thoroddsen.

31. oktbr 1905 var veitt kgl. staðfesting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Thoroddsen. Skipulagsskrá sjóðsins hefir eigi fyrr verið birt opinberlega, og er hún því auglýst hjer nú.

Stjórnarráð, Íslands 13. júlí 1908.

Minningarsjóður Sigríðar Thoroddsen.

I.

Sjóðurinn á að heita Minningarsjóður Sigríðar Thoroddsen og er stofnaður af Þóru og Þorvaldi Thoroddsen með 3000 kr. stofnfje hinn 26. júlí 1905.

II.

Thorvaldsensfjelagið í Reykjavík skal stjórna sjóði þessum. Stofnfje sjóðsins og það fje, sem við það bætist, skal jafnan ávaxtað í bankavaxtabrjefum eða öðrum opinberum skuldabrjefum, í Söfnunarsjóði Íslands eða á annan fulltryggilegan hátt; þó má eigi lána það einstökum mönnum eða fjelögum og heldur eigi kaupa fyrir það fasteignir. Eignir sjóðsins má eigi veðsetja. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

III.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja $^1/_4$ — einn fjórða hluta — við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum ($^3/_4$.) árlegra vaxta skal varið til hjálpar og hjúkrunar fyrir fátæk, veik stúlkubörn í Reykjavík á þann hátt, sem forstöðunefnd Thorvaldsensfjelagsins þykir bezt henta.

81 IV.

Ef Thorvaldsensfjelagið hættir störfum, tekur bæjarstjórn Reykjavíkur við yfirráðum og umsjón yfir sjóð þessum og kýs þriggja kvenna nefnd, sem ráðstafar $^{3}/_{4}$. hlutum árlegra vaxta samkvæmt tilgangi þessarar skipulagsskrár.

Kaupmannahöfn 26. júlí 1905.

Þóra Thoroddsen. *Þorvaldur Thoroddsen.*

82

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1907.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1906:				
a. Í Landsbankanum	kr.	1204 84		
b. Í peningum	—	180 30		
			kr.	1385 14
2. Jafnaðarsjóðsgjald			—	2400 00
3. Vextir af bankainnlögum:				
a. 31. desbr. 1907	kr.	22 23		
b. 7. jan 1908	—	89		
			—	23 12
			kr.	3808 26

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	1074 50
2. 13. afborgun uppí og vextir af láni til Ölfusárbrúarinnar	—	241 31
3. Styrkur til Skógræktarfjelags Reykjavíkur	—	100 00
4. Styrkur til Kvennaskólans í Reykjavík	—	100 00
5. Kostnaður samkvæmt lögum 2. oktbr. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	—	144 38
6. Ýmisleg útgjöld	—	619 84
Flyt	kr.	2280 03

	Fluttar . . .	kr.	2280 03
7.	Greitt til heilsuhælisins fyrir berklaveika	—	1400 00
8.	Eptirstöðvar fyrst um sinn*	—	128 23
		kr.	3808 26

82

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík, 7. janúar 1908.

J. Havsteen.

---

*) Þessari upphæð er haldið aptur fyrst um sinn þar til reikningur þessi er endurskoðaður og úrskurðaður af amtsráðsmönnunum úr Árnessýslu og Rangárvallasýslu, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 24.–25. júní f. á., sbr. Stjórnartíðindi 1907, B. bls. 144, enda eru enn óseldir eða eigi komið í verð nokkrum munum, sem tilheyra jafnaðarsjóði amtsins, svo sem $^3/_5$ í „mikroskópi", járnskáp og metaskálum. Það, sem afgangs kann að verða, mun verða greitt heilsuhælinu eða stjórn þess.

Framhald

83

af reikningi yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1907 og lokareikningur sjóðsins.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar frá fyrra reikningnum			kr.	128 23
2.	Seldir munir, tilheyrandi sjóðnum:				
	a. $^3/_5$ partar úr mikroskópi	kr.	180 00		
	b. Metaskálar	—	10 00		
	c. Járnskápur	—	90 00		
				—	280 00
				kr.	408 23

Gjöld:

1.	Kostnaður við endurskoðun og úrskurðun jafnaðarsjóðsreikningsins fyrir 1907	kr.	52 00
2.	Ýmisleg útgjöld	—	4 87
3.	Til berklaveikrahælisfjelagsins	—	351 36
		kr.	408 23

Fyrir amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík, 14. marz 1908.

J. Havsteen.

84

Reikningur

jafnaðarsjóðs Vesturamtsins 1907.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá 1906:					
a. Í sparisjóði Stykkishólms	kr.	846 16			
b. Í sparisjóði Landsbankans	—	636 19			
c. Hjá sýslumanninum í Dalasýslu . .	—	121 03			
d. Hjá forseta	—	208 22			
			kr.	1811	60
2. Jafnaðarsjóðsgjald			—	2600	00
3. Vextir af sparisjóðsinnstæðum			—	40	34
4. Frá sýslumanninum í Dalasýslu (eftirstöðvar af jafnaðarsjóðsgjaldi 1906)			—	121	03
5. Af gjaldlið II í reikninginum 1906 komu ekki til útborgunar			—	25	00
			kr.	4597	97

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið:					
a. Til forseta	kr.	300 00			
b. — amtsráðsfundarhalds	—	655 00			
			—	955	00
2. Til dýralæknis			—	38	48
3. — amtsbókasafnsins í Stykkishólmi			—	400	00
4. — afborgana og vaxta:					
a. Af láni 14. X. 1896: afb. 600,00; vextir 270,00	kr.	870 00			
b. Af láni 30. VII. 1900: afb. 500,00; vextir 75,00	—	575 00			
			—	1445	00
5. Til ýmsra útgjalda			—	55	31
6. Tekjuliður IV. færist til jafnaðar			—	121	03
7. Tekjuafgangur:					
a. Ógoldið jafnaðarsjóðsgjald úr Dalasýslu 1907	kr.	404 09			
b. Ógoldið jafnaðarsjóðsgjald úr Strandasýslu 1907	—	217 18			
c. Í sparisjóði Landsbankans	—	511 88			
d. Í vörslum forseta	—	450 00			
			—	1583	15
			kr.	4597	97

Amtsráð Vesturamtsins 31. desbr. 1907.

Lárus H. Bjarnason.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1907.

Tekjur:

1.	Í sjóði frá fyrra ári		kr.	1351 68
2.	Jafnaðarsjóðsgjald 1907:			
	a. Úr Norðurþingeyjarsýslu	kr. 652 21		
	b. — Norðurmúlasýslu	— 1604 90		
	c. — Suðurmúlasýslu	— 1738 30		
	d. — Austurskaftafellssýslu	— 504 59		
			—	4500 00
			kr.	5851 68

Gjöld:

1.	Kostnaður við amtsráðið		kr.	1105 00
2.	Til mentamála:			
	a. Til bókasafns Austuramtsins	kr. 418 68		
	b. — kvennaskólans á Blönduósi	— 100 00		
	c. — — - Akureyri	— 100 00		
	d. — Eiðaskólans	— 500 00		
			—	1118 68
3.	Tillag til Búnaðarfjelags Íslands og ferðakostnaður Búnaðarþingsfulltrúa		—	300 00
4.	Til heilbrigðismála:			
	a. Til sjúkrahússins á Seyðisfirði	kr. 300 00		
	b. — sjúkraskýlis á Djúpavogi	— 400 00		
	c. — — - Hornafirði	— 400 00		
	d. — — - Brekku	— 300 00		
	e. — — - Eskifirði	— 300 00		
			—	1700 00
5.	Afborganir og vextir af lánum jafnaðarsjóðsins úr viðlagasjóði		—	1128 00
6.	Tillag til Búnaðarsambands Austurlands		—	500 00
			kr.	5851 68

Amtsráð Austuramtsins, Seyðisfirði, 31. desember 1907.

Jóh. Jóhannesson.

86

Reikningur

Búnaðarsjóðs Vesturamtsins 1907.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá 1906:				
a. Í veðskuldabrjefum	kr.	8930 00		
b. - sparisjóði Landsbankans	—	952 66		
c. - sparisjóði Stykkishólms	—	6 20		
d. - peningum	—	0 85		
			kr.	9889 71
2. Vextir:				
a. af lánum	kr.	508 92		
b. - sparisjóðsinnstæðu	—	101 50		
			—	610 42
3. Borguð lán			—	7730 00
			kr.	18230 13

Gjöld:

1. Til Búnaðarfjelags Íslands			kr.	400 00
2. Til jafnaðar 3. tekjulið			—	7730 00
3. Tekjuafgangur:				
a. Í sparisjóði Landsbankans	kr.	8894 50		
b. - skuldabrjefum	—	1200 00		
c. - peningum	—	5 63		
			—	10100 13
			kr.	18230 13

Amtsráð Vesturamtsins $\frac{\text{31. des. 1907}}{\text{21. jan. 1908.}}$

Lárus H. Bjarnason.

87

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Búnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1907.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	1600 00		
b. Í sparisjóði	—	77 79		
			kr.	1677 79
		Flyt . . .	kr.	1677 79

	Fluttar . . .		kr.	1677 79
2. Vextir:				
a. Af bankavaxtabr. frá $^{1}/_{7}$ '06—$^{30}/_{6}$ '07	kr.	72 00		
b. Af sparisjóðsinnst. frá $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{12}$ 1907	—	3 13		
			—	75 13
3. Til jafnaðar við gjaldlið 2			—	10 13
			kr.	1763 05

Gjöld:

1. Styrkur til Eiðaskólans			kr.	65 00
2. Lagt í sparisjóð			—	10 13
3. Sjóður 31. desember 1907:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	1600 00		
b. Í sparisjóðsdeild útbús Islands banka á Seyðisfirði	—	87 92		
			—	1687 92
			kr.	1763 05

Amtsráð Austuramtsins, Seyðisfirði 31. desbr. 1907.

Jóh. Jóhannesson.

Reikningur 88

Búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins 1907.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá 1906:				
a. Í veðskuldabrjefum	kr.	7306 75		
b. - sparisjóði Landsbankans	—	2655 01		
c. - sparisjóði Stykkishólms	—	565 72		
d. - peningum	—	20 00		
			kr.	10547 48
2. Vextir:				
a. Af lánum	kr.	370 40		
b. Af sparisjóðsinnstæðum	—	189 59		
			—	559 99
3. Borguð lán			—	7306 75
			kr.	18414 22

88

Gjöld:

1. Til jafnaðar tekjulið 3			kr.	7306 75
2. Eftirstöðvar:				
a. Í sparisjóði Landsbankans	kr.	11073 79		
b. - peningum	—	33 68		
			—	11107 47
			kr.	18414 22

Amtsráð Vesturamtsins $\frac{\text{31. des. 1907}}{\text{29. jan. 1908.}}$

Lárus H. Bjarnason.

89

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins árið 1907.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:				
a. Í veðskuldabrjefum	kr.	2000 00		
b. - sparisjóði	—	1980 91		
			kr.	3980 91
2. Vextir:				
a. Af veðskuldabr. frá $^{17}/_{9}$ '06—$^{17}/_{9}$ '07	kr.	80 00		
b. Sparisjóðsvextir frá $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{12}$ '07	—	26 21		
c. Af innlánsskírteini frá $^{14}/_{2}$—$^{14}/_{8}$ '07	—	33 75		
			kr.	139 96
3. Til jafnaðar við gjaldlið 1			—	139 96
			kr.	4260 83

Gjöld:

1. Sett á vöxtu:				
a. Lagt í sparisjóð	kr.	106 21		
b. Sett á innlánsskírteini	—	33 75		
			kr.	139 96
2. Sjóður 31. desbr. 1907:				
a. Í veðskuldabrjefum	kr.	2000 00		
Flyt . . .	kr.	2000 00	kr.	139 96

Fluttar . . .	kr.	2000 00	kr.	139 96	89
b. Á innlánsskírteini í útbúi Íslands banka á Seyðisfirði	—	1533 75			
c. Í sparisjóðsdeild sama útbús. . . .	—	587 12			
			—	4120 87	
			kr.	4260 83	

Amtsráð Austuramtsins, Seyðisfirði 31. desbr. 1907.

Jóh. Jóhannesson.

Reikningur 90

Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1907.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá 1906:				
a. Í sparisjóði Stykkishólms	kr.	8 60		
b. - vörslum forseta kr. 103.05 og bókavarðar kr. 16.37	—	119 42		
			kr.	128 02
2. Úr jafnaðarsjóði amtsráðsins			—	400 00
3. Úr landssjóði			—	400 00
			kr.	928 02

Gjöld:

1. Keyptar bækur			kr.	238 60
2. Bókband			—	198 05
3. Árslaun bókavarðar og aukaþóknun			—	150 00
4. Ýmisleg útgjöld			—	108 32
5. Tekjuafgangur:				
a. Hjá bókaverði frá 1906	kr	16 37		
b. — reikningshaldara	—	216 68		
			—	233 05
			kr.	928 02

Amtsráð Vesturamtsins $\frac{\text{31. des. 1907}}{\text{28. jan. 1908.}}$

Lárus H. Bjarnason.

91 **Reikningur**

yfir tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins árið 1907.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári	kr.	1287	34
2. Styrkur úr landssjóði	—	400	00
3. Styrkur úr jafnaðarsjóði Austuramtsins	—	418	68
	kr.	2106	02

Gjöld:

1. Til bókakaupa	kr.	116	20
2. Bókband	—	159	50
3. Laun bókavarðar	—	150	00
4. Húsaleiga	—	50	00
5. Brunabótagjald	—	67	50
6. Flutningur safnsins, bókaskápar o. fl.	—	180	96
7. Borgað uppí kostnað við samning bókaskrár	—	50	00
8. Ýmisleg gjöld	—	31	43
9. Í sjóði til næsta árs	—	1300	43
	kr.	2106	02

Amtsráð Austuramtsins, Seyðisfirði 31. desbr. 1907.

Jóh. Jóhannesson.

92 **Reikningur**

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra i Suðuramtsins 1907.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1906:					
a. Skuldabrjef einstakra manna	kr.	4200	00		
b. Í Landsbankanum	—	93	93		
c. Í peningum	—	5	37		
				kr.	4299 30
		Flyt . . .		kr.	4299 30

	Fluttar . . .		kr.	4299 30
2. Vextir:				
a. Af skuldabrjefum til 11. júní 1907 .	kr.	189 00		
b. Af bankainnlögum til 31. desbr. 1907	—	1 93		
			—	190 93
			kr.	4490 23

Gjöld:

1. Styrkur veittur			kr.	128 00
2. Eftirstöðvar við árslok 1907:				
a. Skuldabrjef einstakra manna . . .	kr.	4200 00		
b. Í Landsbankanum	—	160 86		
c. Í peningum	—	1 37		
			—	4362 23
			kr.	4490 23

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 7. janúar 1908.

J. Havsteen.

Embættaskipun, lausn og veiting m. m.

a. Lausn.

24. júní var skólastjóra gagnfræðaskólans á Akureyri Jóni A. Hjaltalín, r. af dbr., allramildilegast veitt lausn í náð frá tjeðu embætti, frá 1. október næstkomandi að telja, með eftirlaunum eftir eftirlaunalögunum.

S. d. var sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu Páli Einarssyni samkvæmt beiðni hans veitt lausn í náð frá tjeðu embætti frá 1. júlí þ. á. að telja án eftirlauna.

b. Veiting.

24. júní þ. á. var settur hjeraðslæknir í Akureyrarhjeraði cand. med. Steingrímur Matthíasson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Akureyrarhjeraði.

S. d. var settur hjeraðslæknir í Hafnarfjarðarhjeraði Þórður Edílonsson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Hafnarfjarðarhjeraði.

S. d. var hjeraðslæknir í Höfðahverfishjeraði Sigurjón Jónsson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Svarfdælahjeraði.

S. d. var hjeraðslæknir í Hróarstunguhjeraði Jón Jónsson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Þistilfjarðarhjeraði.

30. júní var cand. juris Einar Arnórsson allramildilegast skipaður 2. kennari við lagaskólann frá 1. ágúst þ. á. að telja.

S. d. var cand. juris Guðmundur Eggerz settur til þess fyrst um sinn frá 1. júlí þ. á. að telja, að gegna sýslumannsembættinu í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu á eigin ábyrgð.

Laus embætti,

er konungur veitir.

1. Sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði. Árslaun 3000 kr.

Auglýst laust 11. júlí 1908.

Umsóknarfrestur til 4. septbr. 1908.

Sá sem embættið fær, er skyldur að setja þá trygging, er síðar mun vera kveðið á um, fyrir innheimtum þeim, er honum verður trúað fyrir af hálfu þess opinbera. Svo ber honum og að fylgja þeim reglum, sem settar verða um reikningsskil af hans hálfu og greiðslur í landssjóð.

2. Skólameistaraembættið á Akureyri. Árslaun 3000 kr., auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu.

Auglýst laust 11. júlí 1908.

Umsóknarfrestur til 12. ágúst 1908.

Brjef stjórnarràðsins *til biskups* **um leyfi til làntöku til byggingar Gufudalskirkju og Brjànslækjarkirkju.** **93** 16. júlí.

Eftir beiðni hlutaðeigandi prests Bjarna prófasts Simonarsonar og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 13. þ. m., samþykkir stjórnarráðið hjermeð, að taka megi lán til þess að byggja kirkjur þessar: *til Gufudalskirkju* alt að 1000 kr., er afborgist með jöfnum greiðslum á 20 árum og *til Brjánslækjarkirkju* alt að 2000 kr., er afborgist með jöfnum greiðslum á 25 árum, og greiðist hvorttveggja lánið af hlutaðeigandi prestaköllum að því leyti sem árlegar tekjur kirknanna, hvorrar um sig, hrökkva eigi til þess.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarràðsins *til biskups* **um breyting à launakjörum nokkurra presta.** **94** 17. júlí.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefum yðar, dagsettum 12., 15., 24. og 27. f. m. og 11. og 14. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnefndir prestar frá fardögum síðastliðnum að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

A. I fyrsta launaflokki (1700 kr.).

1. Sjera Þorsteinn Halldórsson í Mjófjarðarprestakalli.
2. — Þorsteinn Benediktsson í Landeyjaprestakalli.
3. — Magnús Andrjesson í Gilsbakkaprestakalli.
4. — J. V. Hjaltalín í Setbergsprestakalli.
5. — Sigurður Jensson í Flateyjarprestakalli.
6. — Sigurður Stefánsson í Ögurþingaprestakalli.
7. — Eyjólfur Jónsson í Árnesprestakalli.
8. — Eiríkur Gíslason í Prestsbakkaprestakalli.
9. — Stefán M. Jónsson í Auðkúluprestakalli.
10. — Árni Jónsson í Skútustaðaprestakalli.*)

B. *I öðrum launaflokki* (1500 kr.).

1. Sjera Jón Guðmundsson í Norðfjarðarprestakalli.
2. — Magnús Bjarnarson í Kirkjubæjarklausturprestakalli.
3. — Ólafur Finnsson í Kálfholtsprestakalli.
4. — Kjartan Helgason í Hrunaprestakalli.
5. — Jón Thorsteinsen í Þingvallaprestakalli.
6. — Einar Thorlacius í Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd.
7. — Hálfdán Guðjónsson í Breiðabólsstaðarprestakalli í Vesturhópi.
8. — Arnór Árnason í Hvammsprestakalli í Laxárdal.
9. — Hallgrímur Thorlacius í Glaumbæjarprestakalli.
10. — Björn Jónsson í Miklabæjarprestakalli.
11. — Pálmi Þóroddsson í Fellsprestakalli.

*) 200 kr. erfiðleikauppbót.

29. dag ágústmán. 1908. Reykjavík, Isafoldarprentsmiðja.

94 C. *Í þriðja launaflokki* (1300 kr.).
17. júlí. 1. Sjera Ingvar Nikulásson í Skeggjastaðaprestakalli.
2. — Þorvarður Þorvarðarson í Mýrdalsþingaprestakalli.
3. — Ófeigur Vigfússon í Landsprestakalli.
4. — Gísli Jónsson í Mosfellsprestakalli.
5. — Lárus Halldórsson í Breiðabólsstaðarprestakalli á Skógarströnd.
6. — Bjarni Símonarson í Brjánslækjarprestakalli.
7. — Þorvarður Brynjólfsson í Staðarprestakalli í Súgandafirði.
8. — Kjartan Kjartansson í Staðarprestakalli í Grunnavík.
9. — Runólfur M. Jónsson í Staðarprestakalli í Aðalvík.
10. — Jón Brandsson í Tröllatunguprestakalli.
11. — Björn Stefánsson í Tjarnarprestakalli á Vatnsnesi.
12. — Jónmundur Halldórsson í Barðsprestakalli.
13. — Ásmundur Gíslason í Hálsprestakalli.*)

Jafnframt því að tjá yður þetta, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, eruð þjer umbeðinn að senda hingað skýrslu um ákvæðisverð gjalda þeirra, er framangreindir prófastar og prestar, er veiting hafa fengið frá 6. f. m., eiga að taka samkvæmt 5. gr. nefndra laga, og fara eftir mati því, sem fram fór 1899, sbr. upphaf 6. gr. sömu laga.

95 **Brjef stjórnarràðsins** *til biskups* **um vàtrygging prestssetra**
20. júlí. **í brunabótasjóðum hreppanna.**

Með brjefi, dagsettu 10. febr. þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá prófastinum í Árnesprófastsdæmi, þar sem spurt er fyrir um það:

1. hvort íbúðarhús presta, sem bygð eru fyrir prestakallalán, verði tekin til vátryggingar í brunabótasjóðum hreppanna, ef þau annars fullnægja vátryggingarskilyrðunum, — og ef svo er, hvernig þá fer um þann $^1/_3$ virðingarverðs, sem þeir sjóðir ekki taka í ábyrgð, eða hvort lánsskilyrðunum mætti fá breytt að því er það atriði snertir, ef þess yrði farið á leit.

2. Hverjir eigi að bera kostnað af vátryggingu á kirkjujörðum, og hvort ekki gildi sama um bygðar hjáleigur prestssetranna, sem um aðrar kirjujarðir.

Um hið fyrra atriðið hafið þjer tekið það fram, að þar sem það sje gert að skilyrði fyrir húsbyggingarlántöku gegn veði í tekjum prestakallsins, að húsið sje í brunabótaábyrgð fyrir fullu virðingarverði, þá sje það efasamt, hvort leyfa megi að vátryggja slík hús í brunabótasjóðum hreppanna, nema ef svo væri, að landstjórnin annaðhvort gæti fallið frá ábyrgð $^1/_3$ verðs, eða presturinn tæki hana á sig, enda væri það óneitanlega hart, að menn sje neyddir til að kaupa ábyrgð prestssetushúsa utanlands. Um hið síðara atriði látið þjer þess getið, að nefndnr prófastur hafi tekið það fram í öðru brjefi, að prestar, sem ekki komist undir

*) 300 kr. erfiðleikauppbót.

hin nýju prestlaunalög, telji sjer ekki skylt að greiða iðgjöld af vátrygðum hús- **95**
um á kirkjujörðum, sem þeir hafi tekjur af, þar er þeir ekki geti talist lands- 20. júlí.
drotnar í sama skilningi sem jarðeigendur, enda þyki ekki mega minna vera en að tekjur þeirra sjeu ekki skertar.

Útaf þessu skal, yður til leiðbeiningar til birtingar fyrir prófastinum í Árnesprófastsdæmi, tekið fram það, sem hjer segir:

Um 1. Stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að eigi sje rjett að hamla því, nema brýna nauðsyni beri til, að hús á prestssetri verði vátrygð í brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps samkvæmt lögum nr. 26 frá 20. oktbr. 1905, einkum þegar tillit er tekið til laga nr. 58 frá 22. nóvbr. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands, 2. gr. B., sbr. 10. gr. Því mun engin fyrirstaða verða fyrir því frá stjórnarráðsins hálfu, að íbúðarhús, er bygð eru fyrir prestakallalán, sjeu vátrygð í brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, ef vátryggingarábyrgðin nemur að minsta kosti skuld þeirri, er á prestakallinu hvílir vegna byggingar, ásamt eins árs vöxtum.

Um 2. Prestar þeir, sem ekki komast undir hin nýju prestlaunalög, geta eigi komist hjá því að greiða eða endurgreiða leiguliða iðgjald samkvæmt áðurgreindum lögum frá 20. oktbr. 1905 fyrir vátryggingarskyld hús á kirkjujörðum prestakalla þeirra, sbr. 13. gr. þessara laga, og athugasemdirnar um þessa grein við frumvarp það til nefndra laga, sem lagt var fyrir alþingi 1905, því að eigi er hægt að snúa sjer um þessar jarðir til annars landsdrottins en þeirra.

Brjef stjórnarráðsins *til biskups* **um sölu hjáleigna undan prestssetrum.** **96**
22. júlí.

Með brjefi, dagsettu 10. apríl þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi prestsins að Hraungerði, síra Ólafs Sæmundssonar, þar sem hann beiðist skýringar stjórnarráðsins á lögum nr. 50 frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða, á því atriði, hvort eigi beri að skoða kirkjujörð með hjáleigum *eina jörð*, er um sölu er að ræða, eða hvort selja megi hverja hjáleigu útaf fyrir sig, og það þótt umráðamaður heimajarðar og hjáleigna sje sölunni mótfallinn. Takið þjer það fram, að lögin virðist ekki hafa inni að halda skýr ákvæði um þetta, enda ekki heppilegt að gefa um það eina algilda reglu. Landsháttum og landsnytjum höfuðbóls og hjáleigna sje víða svo háttað, að telja mætti bagalegt, ef skift væri eignarráðunum, einkum þar sem hjáleigur liggi við höfuðbólin og umhverfis þau; öðru máli sje að gegna um þær hjáleigur, sem sjeu í fjarlægð, og engar landsnytjar eigi sameiginlegar við heimajörðina. Á þetta teljið þjer rjett að líta, er um slíka sölu er að ræða, enda þótt lögin verði skýrð á þann veg, að heimilt sje að selja hjáleigur frá höfuðbólum. Hitt teljið þjer vafalaust, að því að eins megi selja hjáleigu frá prestssetri, þar sem prestur býr við launakjör eft-

96 ir hinum eldri lögum, að hann telji sjer söluna bagalausa og missi einskis í
22. júlí. við hana.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að stjórnarráðið lítur svo á, að heimilt sje samkvæmt lögum nr. 50 frá 16. nóvember 1907 að selja sjálfstæðar hjáleigur frá kirkjujörðum þeim, sem söluheimild laganna nær yfir, ef ástæður mæla með að öðru leyti. En með því að kirkjujarðir, sem prestar sitja á, eru undanskildar heimild laganna, álíst heldur ekki heimild til að selja hjáleigur frá þeim, vegna þess sambands, sem að lögum er milli heimajarðar og hjáleigu, sbr. lög 12. janúar 1884, 1. gr. in fine.

97 **Brjef stjórnarráðsins** *til biskups* **um breyting a launakjörum**
14. ágúst. **nokkurra presta.**

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 11. þ. m. og ósk hlutaðeigenda hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnefndir prestar frá fardögum síðastliðnum að telja taki laun sin eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

A. *I fyrsta launaflokki* (1700 kr.).

Sjera Jónas Pjetur Hallgrímsson í Kolfreyjustaðarprestakalli.

B. *I öðrum launaflokki* (1500 kr.).

1. Sjera Sigfús Jónsson í Mælifellsprestakalli.
2. — Jón Finnsson í Hofsprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi.*)

C. *I þriðja launaflokki* (1300 kr.).

Sjera Böðvar Bjarnason í Rafnseyrarprestakalli.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

98 **Brjef stjórnarráðsins** *til sýslumannsins í Þingeyjarsýlu* **um endur-**
19. ágúst. **veiting hlunninda handa sparisjóði Kinnunga.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Kinnunga, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 1. okt. þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, *að* eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, *að* ákvæðunum um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

*) 200 kr. erfiðleikauppbót.

99
4. ág.

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir kaupstaðinn Hafnarfjörð.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitafjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir kaupstaðinn Hafnarfjörð, sem samin hefir verið af bæjarstjórninni þar.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin hefir fult gildi í kaupstaðnum frá Krosseyrarmölum suður að Skiphól, en þó getur bæjarstjórnin hvenær sem hún vill ákveðið, að samþyktin skuli gilda fyrir alla kaupstaðarlóðina.

2. gr.

Bæjarstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknirinn og einn af bæjarfulltrúunum kosinn til 3 ára af bæjarstjórninni.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Nefndin skal hafa fundarbók, og rita í hana allar gjörðir sínar.

Formaður skal annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er ræðir um í þessari samþykt, eða mikla þýðing hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur á almannafæri eða einstakra manna eign.

Heilbrigðisnefndin skal færa eða láta færa í eina bók alt það, sem aðfinsluvert er samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á, að fje sje veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis bæjarstjórn-

99 arinnar, ef brýna nauðsyn ber til, að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er
4. ág. hættuleg farsótt alt í einu kemur upp í kaupstaðnum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi; skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykt þessari með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda.

Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sje húsráðandi.

II. Um hreinlæti og þrifnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á hreinsun torga, gatna og óbygðra lóða.

8. gr.

Á götur og svæði, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sjer hræjum, rusli, skolpi eða öðrum óhreinindum.

Sorpi, ösku og öðrum óhreinindum má hvorki kasta í fjöruna eða lækinn, nje skilja þar eftir neitt það, er valdið geti óhreinlæti eða óheilnæmi, heldur skal flytja það í þar til gerðar safnþrær.

Slor skal flutt á sjó út, ekki skemur en út fyrir Fiskaklett, eða í safnþrær þær, er heilbrigðisnefndin álítur nægilega tryggar.

Hey, þang, mó, mold eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um götu eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar eða önnur ílát, sem áburður er fluttur í, vera svo þjett og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

9. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefir safngryfju, skal fylgja sorpkista úr járni. Í þessar sorpkistur skal láta alt sorp, ösku og rusl úr húsum, og flytja burtu áður en ílátin fyllast.

Bæjarstjórnin getur látið flytja burtu sorp í safnþrær, á kostnað húsráðanda, vanræki hann að flytja það.

10. gr.

Á húshliðar eða gafla eða girðingar, sem vita að götum, strætum eða torgum, má eigi hengja eða á neinn hátt festa upp fiskiföng þau, er óþrifnað eða óþef leggur af.

11. gr. 99

Á tún þau, er liggja að aðalveginum um kaupstaðinn, má eigi bera á 4. ág.
þann áburð, er megnan óþef leggur af.

12. gr.

Skylt er að halda hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús, og er það á ábyrgð húseiganda að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns.

Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burtu aftur á sinn kostnað.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu útí göturæsi, og sjá um að þau stíflist ekki.

13. gr.

Götur kaupstaðarins og ræsi skal hreinsa á kostnað bæjarsjóðs, svo oft sem heilbrigðisnefnd þurfa þykir.

III. Um vatnsból.

14. gr.

Öll vatnsból, er notuð eru sem neytsluvatnsból, skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skolpræsum, forum, salernum eða peningshúsum, og má ekki þvo nærri þeim fatnað, fisk eða annað það, er óhollustu getur valdið.

15. gr.

Brunn má eigi hafa nær safngryfjum eða salernum en svo, að millibilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gera brunn á eign sinni, eða breyta gömlum brunni, og skal hann, ef vatnið er ætlað til neyslu, tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal dæma um vatnið, þá er grefti eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því, að brunnurinn sje gjörður á þann hátt, sem hjer segir.

Ef brunnurinn er boraður og járnpípa sett niður, skal gæta þess, að öll samskeytin á pípunum sje vatnsþjett.

Ef brunnur er grafinn, skal hlaða hann upp að innan úr höggnu grjóti eða mársteini, og líma með steinlími; skal hleðslan þannig gerð svo langt að neðan sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemur en nemi tveim álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefndin leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta deiglumó og skal það lag vera ein alin á þykt. Hleðslan skal ná $^1/_4$ al. eða meira uppúr jörðu, og útfrá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga, og skal hann vera $1^1/_2$ al. á breidd að minsta kosti,

99 og halla útfrá brunnopinu. Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur, og
4. ág. skal taka vatn úr brunninum með dælu, er gangi gegnum brunninn. Strompur skal vera uppúr hlemminum, er sje að minsta kosti ein al. á hæð og fimm þuml. að þvermáli.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd getur um stundarsakir bannað að taka vatn úr brunni, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt og ekki er unt að bæta úr því, skal bannað að hafa vatn úr þeim brunni til neyslu; sje því banni eigi hlýtt, skal eigandi skyldur að moka ofaní brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð. Ákvæði þessarar greinar ná til allra brunna.

IV. Um peningshús og áburðargryfjur.

17. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum.

18. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gjöra áburðargryfjur, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefndinni viðvart áður en verkið er hafið, og skal hún gæta þess, að fyrirmæli þau sjeu haldin, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli, en nemi fimtán álnum.

Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða almannafæri en nemi fimm álnum, og skal þá steinlímdur veggur vera á milli, ella tíu álnir.

Áburðargryfjur má ekki gera nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi tíu álnum, og ekki nær vatnsbóli en fimtán álnir. Gryfjur þessar skal gera steinlímdar, svo að þær sjeu vel vatnsheldar; skulu veggirnir jafnan ná $^1/_2$ alin upp úr jörðu, og skal yfir hverja gryfju setja sterkan hlera, svo að öruggt sje að menn eða skepnur ekki falli í hana, Það skal leyfilegt að safna áburði í vel þjettan vagn, sem ekið sje burtu jafnótt og hann fyllist.

Enginn má safna áburði í haug annarstaðar en þar sem heilbrigðisnefnd segir til, og alls ekki í þjettbygðustu svæðum kaupstaðarins. Í slíka hauga má aldrei bera mannasaur.

19. gr.

Ef peningshús, haugar eða safngryfjur, sem eldri eru en þessi samþykt, valda óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar.

V. *Um salerni.*

20. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni, innan húss eða utan, eitt eða fleiri, eftir stærð hússins og fjölda íbúða. — Innanhússsalerni skal hafa í sjerstökum klefa, og sje útgluggi á hjörum á klefanum, og ílátið undir setunni tvískift, eða tvö ílát, annað fyrir saur, en hitt fyrir þvag. Utanhússsalerni skal ekki vera nær vatnsbóli, en nemi fimtán álnum. Hafa skal í salerninu saurkagga úr járni og skal hann ná fast upp að setunni.

21. gr.

Í salerni skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurílátin skal tæma áður en þau fyllast.

Bæjarstjórnin getur, hvenær sem henni þykir þess þörf, ráðið mann til þess að annast hreinsun salerna og sorpkistna á kostnað húseigenda, og skal hann hafa einkarjett til salernishreinsunar, en bæjarstjórnin ákveður gjald það, er borga ber fyrir hreinsunina.

22. gr.

Ef ekkert salerni fylgir húsi eða bæ, sem eldri er en þessi samþykt, þá skal húseigandi hafa komið upp salerni við húsið eða bæinn, þrem mánuðum frá því er þessi samþykt öðlast gildi.

Vinnuveitendur skulu skyldir til þess að reisa salerni, til afnota fyrir þá, sem eru í vinnu hjá þeim, meðan á vinnutíma stendur.

VI. *Um iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður.*

23. gr.

Í kaupstaðnum má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðslu og sútun, nema heilbrigðisnefndin veiti leyfi til.

Skal allur slíkur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar, og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir bæði utan húss og innan.

VII. *Um matvæli.*

24. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skaðleg er fyrir heilsu manna.

99 Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og öðrum sölustöðum, fyrir
4. ágúst gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að skemd sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Komi það í ljós við rannsókn læknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er skemd og skaðleg til manneldis, skal lóga vörunni eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega fyrir heilsu manna, á kostnað þess, sem vöruna hefir á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum, og hætt er við, að salan greiði sjúkdóminum götu.

Um mjólkursölu.

25. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur heilbrigðisnefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef þar gengur næmur sjúkdómur eða ef ástæða er til að ætla, eða vissa er fyrir, að kýrnar sjeu veikar. Heilbrigðisnefndin getur og bannað mjólkursölu, ef óþriflega er farið með mjólkina, eða ef hirðing kúnna er í slæmu standi.

Um slátrun og kjötsölu.

26. gr.

Meðan ekki eru komin upp í kaupstaðnum regluleg slátrunarhús, skal heilbrigðisnefndin hafa eftirlit með slátrun og kjötsölu. Slátrun skal fara fram á hreinlegum stað.

Slátrarar skulu vera á hreinum fötum með ermar brettar upp fyrir olnboga. Þeir skulu ávalt vera hreinir um hendurnar Menn, sem hafa útbrot á höndum, ganga með næman sjúkdóm, mega ekki vera slátrarar. Hundar mega ekki vera nálægt slátrun.

Sullum skal safna í sjerstakt ílát, og brennast eða grafast niður í jörðu. Kjöt af sjálfdauðum skepnum eða veikum má ekki selja til manneldis. Kjötbúðir skulu vera hreinar og loftgóðar. Í þeim má ekki hafa aðrar vörur en kjöt eða slátur. Kjötbúðirnar skal hreinsa á hverjum degi.

Um brauðgerðarhús.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum og eru bakarar skyldir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir.

Framvegis má enginn reisa braugerðarhús fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hjer segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott. Loft og veggir skulu kalkaðir eða steinlímdir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt. 99 4. ágúst

28. gr.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í brauðgerðarhúsum. Enginn má sofa í stofum er hafðar eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yzt klæða hvítar yfirhafnir, er ávalt sjeu hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, og ekki mega þeir þvo sjer í vinnustofunni.

Deig má ekki hnoða með fótum. Þeir menn mega ekki vinna að brauðagerð, sem lungnatæring hafa, eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

VIII. Um íbúðarhús.

29. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd, að herbergi í íbúðarhúsi sje svo fult af óþverra, að sjúkdómshætta stafi af því, getur heilbrigðisnefndin heimtað af leigjanda eða eiganda, að þau sjeu ræstuð.

30. gr.

Bannað er að taka steinhús og kjallara til íbúðar án samþykkis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir dimmir eða þröngir.

IX. Um skóla.

31. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús og skólastofur að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu tíu börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna það heilbrigðisnefndinni, hvar hann ætlar að kenna.

32. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að níutíu rúmfet komi á hvert barn.

Sama gildir og um aðra skóla. Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal

99 4. ágúst

þvo á degi hverjum, en ekki sópa. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu hvað húsrúmið snertir.

33. gr.

Ef skólakennari eða nemandi hefir berklaveiki eða annan næman sjúkdóm, og læknir álítur að um sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að kennarinn eða nemandinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Holdsveikur nemandi má ekki vera í skóla, og holdsveikir menn ekki fást við kenslu.

X. *Um næma sjúkdóma.*

34. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp í kaupstaðnum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XI. *Um kirkjugarða.*

35. gr.

Þá er gera skal kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er raklent, svo að vatn komi ekki upp í grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi hundrað álnum.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XII. *Ákvæði um stundarsakir.*

36. gr.

Þangað til vatnsveitumálefni bæjarins kemst í betra horf, er öllum stranglega bannað að bera nokkur óhreinindi í lækinn fyrir ofan stíflugarð trjesmíðaverksmiðju Jóhannesar Reykdals, einnig er bannað að hella í hann skolpi, þvo fatnað eða hafast nokkuð það að, sem óhreinkar vatnið í læknum fyrir ofan stíflu, öll umferð um stífluna er einnig bönnuð.

Meðan þessi ákvæði eru í gildi, gilda fyrir þau hin sömu sektarákvæði, 99
sem fyrir brot á heilbrigðissamþykt þessari. 4. ágúst

XIII. Um sektir o. fl.

37. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð.

Ef heilbrigðisnefndin kýs heldur að vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, og síðan taka hann lögtaki hjá þeim sem sekur er.

38. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. september 1908.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands 4. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

100
4. ágúst

um

atkvæðagreiðslu um aðflutningsbann gegn áfengi.

Samkvæmt þingsályktun neðri deildar alþingis 1905 um aðflutningsbann gegn áfengi er skipað svo fyrir, að jafnhliða alþingiskosningunum 10. septbr. þ. á. skuli framfara almenn atkvæðagreiðsla alþingiskjósenda um það, hvort lögleiða skuli bann gegn aðflutningi áfengra drykkja. Atkvæðagreiðsla þessi skal fara fram svo, sem hjer segir á eftir:

100 1. Í auglýsing þessari eru »kjörseðlar« (»kjörseðill«) haft um kjörseðla þá,
4. ágúst er hafðir eru við kosningar til alþingis, en »atkvæðisseðlar« (»atkvæðisseðill«) um þá atkvæðisseðla, sem hafa skal við atkvæðagreiðslu þá um bann gegn aðflutningi áfengis, sem fyrirskipuð er í auglýsingunni.

2. Á sama tíma, sem yfirkjörstjórnir við alþingiskosningar senda kjörseðlana — eftir miðjan þennan mánuð —, skulu þær og senda undirkjörstjórnum atkvæðisseðla þá, sem stjórnarráðið hefir gjöra látið til notkunar við atkvæðagreiðsluna um aðflutningsbann gegn áfengi, sendir eru yfirkjörstjórnum og þannig eru útlítandi:

Aðflutningsbann.	
(Þeir, sem vilja að lögleitt verði bann gegn aðflutningi áfengis, geri kross fyrir framan »Já«, en þeir, sem eru ámóti aðflutningsbanni, geri kross fyrir framan »Nei«).	
	Já
	Nei

Skulu yfirkjörstjórnirnar senda undirkjörstjórn hverri jafnmarga atkvæðisseðla sem kjörseðlarnir eru. Atkvæðisseðlar þessir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið. Utaná umbúðunum skal fyrir utan hina venjulegu áritun standa með skýru letri: *Aðflutningsbanns-atkvæðisseðlar.*

3. Um leið og oddviti undirkjörstjórnar leggur fram á kjörfundinum 10. septbr. þ. á. kjörseðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, skal hann einnig leggja fram atkvæðisseðla þá, sem hann hefir fengið frá hinni sömu yfirkjörstjórn með öllum hinum sömu ummerkjum, sem hann tók ímóti, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsigli er heilt eða atkvæðisseðlaböggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn undir. Þvínæst opnar oddviti böggulinn og telur atkvæðisseðlana, en meðkjörstjórar telja einnig; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal fylgja láta hverjum seðlabögli. Þessa skal geta í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar þar undir.

4. Um leið og oddviti kjörstjórnarinnar fær kjósanda hverjum í hendur kjörseðil, skal hann afhenda kjósandanum einn atkvæðisseðil.

5. Kjósandi tekur síðan atkvæðisseðilinn ásamt kjörseðlinum með sjer inn í klefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur og gjörir með blýanti, sem þar er fyrir, kross X í ferhyrninginn fyrir framan »Já« á atkvæðisseðlinum, ef hann vill að lögleitt verði bann gegn aðflutningi áfengis, en fyrir framan »Nei« á seðlinum, ef hann er ámóti aðflutningsbanninu. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn saman, svo að letrið snúi inn, tekur seðilinn aftur með sjer inn að kjörborðinu og stingur honum um leið og kjörseðlinum niður í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. **100** 4. ágúst

6. Meðkjörstjórarnir skulu gjöra sjerstakt merki hver á sitt eftirrit af kjörskránni við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt atkvæðisrjettar sins um aðflutningsbannið.

7. Engin merki má á atkvæðisseðilinn gjöra önnur en krossinn við »Já« eða »Nei«, hvorki rispur nje blýantsstryk eða önnur slík einkenni, er gjört geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.

8. Láti kjósandi sjá hvað á atkvæðisseðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og ef kjósandi setur skakt atkvæðismerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókinni. Skulu þessir kjósendur þvínæst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram uns allir kjósendur, þeir er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, einnig þingmannaefnin, umboðsmenn þeirra og kjörstjórarnir. Þá fyrst skal aftur kalla fram kjósendur þá, er atkvæðisseðlar hafa ónýst fyrir, og fá þeim nýja seðla til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

9. Þegar atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti leggja í sterkt umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið, og í annað sterkt umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir, með utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Á hið fyrnefnda umslag skal auk umgetinnar utanáskriftar rita með skýru letri: *Ógildir atkvæðisseðlar* en á hitt: *Afgangs atkvæðisseðlar.* Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, er í eru, undirskrifaðan af kjörstjórninni. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni. Skýrslu um atkvæðagreiðsuna bæði að þessu og öðru leyti skal bóka í kjörbókina, á öðrum stað en alþingiskosningarathöfnina, og þegar atkvæðagreiðslunni er lokið og alt bókað, skulu kjörstjórarnir undirskrifa kjörbókina.

10. Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin innsigla þau með innsigli sínu, og senda síðan til oddvita yfirkjörstjórnar ásamt atkvæðakassanum og kjörbókinni.

100 11. Stórstúku Templara hjer á landi skal leyft að hafa umboðsmann
4. ágúst viðstaddan, er yfirkjörstjórn opnar atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins Sje umboðsmaður Stórstúku ekki viðstaddur, skal oddviti kjörstjórnar kveðja til tvo valinkunna menn í hans stað.

12. Nú eru allir bæði atkvæðisseðlarnir og kjörseðlarnir komnir úr atkvæðakössum hvers kjördæmis í eitt ílát, og oddviti er farinn að taka þá upp úr því, og skal þá skilja frá atkvæðisseðlana, -- einn og einn eftir því sem upp kemur úr ílátinu, — og láta óskoðaða í annað, tómt, ílát. Skal íláti þessu síðan loka og það varðveita svo að enginn geti í það komist, fyr en tekið er að telja atkvæðisseðlana upp úr því eftir því sem segir hjer á eftir.

13. Þegar alþingiskosningin er um garð gengin, skal kjörstjórnin taka ílát það, er atkvæðisseðlarnir hafa verið látnir í. Tekur oddviti upp einn og einn atkvæðisseðil í einu, les upp atkvæðið (Já eða Nei) og rjettir hann jafnótt umboðsmanni Stórstúkunnar eða þeim mönnum, sem til hafa verið kvaddir, en meðkjörstjórarnir merkja um leið atkvæðin (við Já eða Nei). Komi öllum saman um, kjörstjórn, umboðsmanni Stórstúku eða tilkvöddum mönnum, að einhver seðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur milli kjörstjóra um gildi atkvæðisseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og umboðsmanns Stórstúku eða hinna tilkvöddu manna um það, hvort atkvæðisseðill sje gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir atkvæðisseðlar eru upplesnir, og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanns Stórstúku eða tilkvaddra manna, og lýsir hún því síðan, hvernig atkvæði hafi fallið, hve mörg með og hve mörg móti aðfluttingsbanni.

14. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal þvínæst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar.

15. Yfirkjörstjórn skal bóka í gjörðabók sína það, sem gjörist við atkvæðagreiðsluna, undirskrifar síðan gjörðabókina ásamt umboðsmanni Stórstúku eða tilkvöddum mönnum. Endurrit skal yfirkjörstjórnin svo senda stjórnarráðinu af gjörðabókinni ásamt ágreiningsseðlunum.

Þetta er hjermeð kunnugt gjört öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

101
4. ágúst

um fjallskil í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár.

I. Um afrjetti.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár skiftist í tvö fjallskilafjelög þannig: á milli Jökulsár og Hafralónsár sje eitt fjallskilafjelag; annað fjallskilafjelag sje á svæðinu frá Hafralónsá, að takmörkum Norður-Múlasýslu (Sauðaneshreppur). Hvort fjallskilafjelagið skiftist í deildir eftir því, sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitafjelaga.

2. gr.

Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamálefna í sýslunni samkvæmt sveitastjórnarlögum 10. nóvember 1905; en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd í fjallskilamálum deildanna. Nú tilheyrir ein deild tveimur eða fleiri hreppum og hafa þá hlutaðeigandi hreppar störf þessi sameiginlega á hendi.

3. gr.

Alt land skiftist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrjetti, með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, eg skal rita hana í fjallskilabók hreppsins. Þessar skrár skulu allar sendar sýslunefnd, er sjer um, að þær sjeu allar innfærðar í eina bók.

4. gr.

Hreppsnefndirnar gangast fyrir því, hver í sínum hrepp, að gerð sje sveitarsamþykt um það, hvort nota skuli heimalönd til upprekstrar fyrir geldfje eða lömb; skal í samþyktinni skýrt tekið fram hver þau lönd sje, og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota heimaland sitt til upprekstrar, nema það sje þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykt, samþyktri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártolla grönnum þeim, er lönd eiga að landi hans, og verður sekur að auki sem um gangnarof. — Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gera sameiginlega samþykt um notkun þeirra. Heimalönd þau,

101 sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrjett, að því er
4. ágúst göngur snertir, enda sje þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum.

Allar samþyktir, sem nefndar eru í grein þessari, hvort sem þær eru eldri eða yngri en þessi reglugjörð, skulu sendar sýslunefnd til samþyktar, áður ár er liðið frá því reglugjörðin öðlast gildi.

5. gr.

Alt sauðfje, nema kvíaær þær, sem nytkaðar eru, skal reka á afrjett, eða í þau heimalönd, sem notuð eru fyrir afrjetti (sbr. 4. gr.). Verður hver, sem eigi hlýðnast þessu sekur sem um gangnarof, og gjaldi grönnum sínum skaðabætur að auki eftir óvilhallra manna mati. Alt fullorðið geldfje skal á afrjett komið, þá er 8 vikur eru af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni, en lömb og dilkær viku eptir fráfærur. Reka skal á miðjan afrjett nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðruvísi mælt fyrir.

6. gr.

Nú gengur fje á sumrum úr afrjettum og í búfjárhaga manna. Er þá rjett að búendur þeir, er lönd eiga að afrjetti, kveðji granna sína, þá er næstir búa, til að hreinsa land með sjer, og reka fje aftur í afrjetti. Svo skulu peir haga hreinsun og rekstri, að fjenu verði eigi mein að, ella varðar það sektum, sem fyrir gangnarof, nema meiru varði eftir almennum hegningarlögum.

7. gr.

Nú eiga tveir eða fleiri menn afrjett saman og skiftast þá afrjettartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers eins í afrjett, þótt einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfje má reka á hvern afrjett, sem heyrir undir stjórn hennar. Sje eigandi afrjettar óánægður með ákvörðunina, er honum heimilt að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið. Sú hreppsnefnd, sem telur of margt fje rekið í aðliggjandi utansveitarafrjett, getur og skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðamann afrjettarins.

II. Um fjárrjettir.

9. gr.

Fjárrjettir skiftast í aðalrjettir og aukarjettir; ákveður sýslunefnd, eftir uppástungum hreppsnefndanna, hverjar vera skuli aðalrjettir og hverjar aukarjettir. Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett. Á aukarjettum skal rjetta

fyr en á aðalrjettum, enda gangi úrtíningsfje á aukarjettum til aðalrjetta og dragist þar upp. Sýslunefnd semur skrá yfir allar fjárrjettir í sýslufjelaginu; skal þar framtekið hverja afrjetti og heimalönd ganga skal að hverri rjett, og hverja daga þar skal rjetta. Skrá þessa skal síðar rita í fjallskilabók hvers hrepps. **101** 4. ágúst

10. gr.

Skyldir eru búendur í hverjum hreppi að halda við fjárrjettum og byggja að nýju, ef þörf er. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eftir niðurjöfnun hreppsnefndar þegar um rjettarbygging eða stærri aðgerðir er að ræða, en smá-aðgerðir lætur hreppsnefnd framkvæma, og jafnar þeim kostnaði á hreppsbúa með fjallskilunum. Hver fjáreigandi er skyldur að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi við þá rjett, er hann á sókn að handa öllu því fje, sem hann á á afrjett. Nú á maður sókn að tveim rjettum, og er hann skyldur að eiga dilkrúm á báðum. Hver sem eigi vinnur þá skylduvinnu að fjárrjett, er á hann skiftist, eða vanrækir að hafa þar nægilegt dilkrúm fyrir fje sitt, verður sekur sem um gangnarof. Svo má og hreppsnefnd láta vinna verk það, er honum bar að vinna á hans kostnað. Lokið skal aðgerð rjettar og dilka degi fyrir hinn fyrsta rjettardag haust hvert.

11. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárrjettum, eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum á aðra hentugri, og skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málið undir álit hreppsbúa á næsta vorþingi. Sje um aukarjett að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarúrslita, en um aðalrjett þarf samþykki sýslunefndar til þess ákvörðunin sje gild.

Skyldur er hver að leggja til land undir fjárrjett og hleðsluefni án endurgjalds, valdi það eigi skemdum á túni eða engjum.

12. gr.

Þar sem afrjettir eru víðlendir, og hreppsbúum þykir þörf á, skal á sveitarkostnað byggja gangnakofa á hentugum stöðum, svo að gangnamenn geti notið þar húsaskjóls meðan á göngum stendur, og gengst hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir framkvæmd á því.

III. Um smölun til rúnings og fráfœrna.

13. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorin eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

101
4. ágúst

14. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin til rúnings, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist má hún láta göngur fara fram í afrjettum; hið sama gildir að því er snertir smölun á ám til fráfærna.

IV. Um göngur og rjettun.

15. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðkindur á afrjetti, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, en skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskilin af hendi fyrir heimamenn sína. Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu þótt hann hafi slept geldfje sínu í heimalönd, annaðhvort í óleyfi eða samkvæmt 4. gr.

16. gr.

Skifta skal hreppsnefnd afrjettum þeim, sem hún á fyrir að ráða, í leitir, og kveða á um, hve marga menn þarf í leit hverja, svo og til annara fjárrjetta, er sækja þarf fje að. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabókina.

17. gr.

Á vor-hreppamóti ár hvert skal hreppsnefndin, þá er framtal er tekið, rita upp fjártölu framteljenda og er þeim skylt að skýra nefndinni frá, hvaða afrjett þeir nota það ár. Hreppsnefnd er skylt að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsbúa, er reka á utansveitarafrjett, og senda skýrslu þessa hlutaðeigandi hreppsnefnd eigi síðar en mánuði fyrir göngur.

Hreppsnefnd ákveður, hve míkið hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna, með hliðsjón af fjártölu hvers eins, eftir því sem næst verður komist.

18. gr.

Nú er eigi svo mikill mannafli til, að einhver afrjettur verði hreinsaður til hlítar af þeim, er hann nota, og er þá rjett, að það fjallskilafjelag, sem afrjetturinn liggur í, leggi hæfilegan styrk til fjallskila á þeim afrjetti. Synji hlutaðeigandi um þann styrk, eða verði ágreiningur um, hve mikill hann skuli vera, heyrir það undir úrskurð sýslunefndar.

19. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa skifst, og er honum það sjálfrátt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá eru það gangnarof og varðar 5—20 króna fjebótum. Sje brotið ítrekað tvöfaldast sektirnar í hvert skifti, þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá er brýtur, slíkar skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir van-

rækt. Rjett er og, að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil **101**
í stað þess, sem gangnarof gerði á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður; 4. ágúst
sama gildir og um þann, er lögmæt forföll hefir.

20. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minst helmingur leitarmanna tekur gildan. Nú verður leitarmaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er að kenna, þá skal svo álíta, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og varðar sektum og skaðabótum sem fyrir gangnarof.

21. gr.

Það skal vera aðalregla, að gera þrenn fjallskil haust hvert, þó skal hreppsnefnd heimilt, með samþykki sveitarmanna, að skipa fyrir um fleiri fjallskil eftir því, sem henta þykir á hverjum stað og í hvert skifti. Nú kemur óveður þegar gangnamenn eru á stað komnir og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu gagni eða engu, og er það komið undir hlutaðeigandi hreppsnefnd, hvort hún álítur að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinni.

22. gr.

Fjallskilunum skal haga þannig, að rjettardagur fyrstu fjallskila sje 20. september, annara fjallskila 25. s. m. og hinna þriðju 10. október í fjallskilafjelaginu milli Jökulsár og Hafralónsár. En á svæðinu frá Hafralónsá að takmörkum Norðurmúlasýslu skulu rjettardagar vera: í fyrstu göngum miðvikudagur í 22. viku sumars, í öðrum göngum miðvikudagur í 23. viku sumars, og í þriðju göngum laugardagur í 25. viku sumars.

23. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbrjefi, er berist sem þingboð um hreppinn nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi á að leggja til fjallskilanna; sje þar tekið fram, hvernig göngum skal haga í hvert skifti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárrjettir. Hreppsnefndin hefir umsjón með rjettun fjárins og sundurdrætti. Rjett er og, að hún kveðji sjer til aðstoðar á rjettinni svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Allskonar óhlýðni og þrjóska gegn skipun rjettarstjóra varðar sektum sem fyrir gangnarof.

Störf þau, sem talin eru í þessari grein, má hreppsnefnd fela einum eða fleiri mönnum til framkvæmda.

24. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa svo marga menn á þeirri fjárrjett, er hann á sókn að, sem með þarf til þess, að fje hans verði dregið svo greiðlega, sem rjettarstjóri mælir fyrir. Skal að minsta kosti einn maður vera kom-

101 inn til rjettar, frá hverjum fjáreiganda, þá er rjettað er, og sundurdráttur byrjar,
4. ágúst enda má enginn reka fje frá rjettinni fyrri en honum er lokið, nema rjettarstjóri leyfi.

25. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal hagað í hverri leit. Þeir sjá svo um, sem unt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin sje rekin með reglu til rjettar, og í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til rjettarstjóri tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef útaf er brugðið.

26. gr.

Þyki einhverjum sjer gerð ofmikil fjallskil, er honum rjett að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Engin getur, með því að kæra, skotið sjer undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

V. Um hreinsun heimalanda.

27. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti um leið og fyrstu og þriðju fjallskil fara fram. Skipar hreppsnefnd fyrir um rekstur þess fjár til rjettar, er fyrir kemur í heimalöndum, eða sjer um rjettun þess, sje það rjettað í aukarjettum. Heimilt er og hreppsnefnd að skipa fyrir um hreinsun heimalanda oftar en tvisvar á hausti hverju, þegar henni þykir nauðsyn til bera.

28. gr.

Nú liggja lönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir gera samþykt um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði, er lönd hreppanna ná saman. Sama gildir og um smölun til rúnings og fráfærna. Greini hreppsnefndir á um þetta, skal sýslunefnd skera úr. Óhlýðni gegn skipunum hreppsnefnda um hreinsun heimalanda, og hverskonar vanræksla í því efni, varðar sektum sem fyrir gangnarof.

29. gr.

Hver maður er skyldur að hirða fje það, er finst í heimalöndum, eftir að hinni almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rjetta leið, nema kveld sje komið eða óveður, svo

að eigi sje fært. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, uns fært er að reka. **101**
Hver sem sleppir fjárrekstri verður sekur sem um gangnarof. 4. ágúst

VI. Um eftirleitir.

30. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleitir á afrjetti, annaðhvort fyrir umsamda borgun úr fjallskilasjóði, eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

31. gr.

Nú finnur maður óheimt fje á afrjetti í eftirleit án þess samið hafði verið um borgun fyrir ferðina, og ber honum þá borgun fyrir það þannig:

fyrir lamb hvert	kr.	2,25
— veturgamla kind	—	3,00
— dilká með dilk	—	4,50
— dilká dilklausa eða mylka á . .	—	2,50
— gelda á	—	3,00
— sauð 2 vetra og eldri	—	3,50
— dilká með 2 dilkum	—	6,00
— hrút	—	5,00

Borgun fyrir eftirleitarfje greiðist úr fjallskilasjóði, þar sem hann er, en ella af eigendum fjárins.

Fyrir óheimt fje, sem finst í heimalöndum, eða við smölun fjár, þótt í afrjetti sje, eftir að fjallskilum er lokið er eigi skylt að greiða fundarlaun.

Fyrir heimt fje, er finnst í eftirleit greiðist helmingur gjalds fyrir óheimt fje.

VII. Um fjármörk.

32. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en ef soramarkað er, með brennimarki á hornum eða klaufum. Skrúð og brögð á eyrum eru auðkenni en eigi fjarmörk. Um markrjettindi og sammerkingar fer svo sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna sauðfje sitt á vinstra horni með þessum sveitabrennimörkum:

í Sauðaneshrepp L 1
í Svalbarðshrepp S 2
í Presthólahrepp P 3
í Öxarfjarðarhrepp A 4
í Fjallahrepp F 5

101
4. ágúst

33. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefndin semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álítur að þurfi. Þó eigi sjaldnar en tiunda hvert ár, og útbýta meðal búenda í sýslufjelaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimildarskjala, er fylgja ábýli hans, og skila næsta ábúanda, er hann flytur frá jörðinni.

VIII. Um óskilafje.

34. gr.

Óskilafje, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða, og senda lýsingu af því í næstu sveitir. Það fje, sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð, af hlutaðeigandi hreppstjóra. Því fje, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í prentuðu blaði innan þriggja mánaða.

IX. Almennar ákvarðanir.

35. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók. Skal í hana rita skrár þær, sem um er getið í reglugerð þessari, og allar þær ákvarðanir, er hreppsnefnd gerir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit úr fjallskilabókinni hvenær sem þarf.

36. gr.

Með brot gegn ákvörðunum reglugjörðar þessarar skal fara sem almenn lögreglumál (sbr. lög 22. mars 1890).

37. gr.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 10. september 1908, er úr gildi numin fyrri kafli reglugjörðar um fjallskil og refaeyðing í Norðurþingeyjarsýslu austan Jökulsár frá 14. ágúst 1894.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norðurþingeyjarsýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14 frá 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 10. september 1908.

Í stjórnarráði Íslands, 4. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

102

5. ágúst

fyrir hreppstjóra um umsjón yfir kirkjujörðum.

Samkvæmt 8.—11. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta eru settar svolátandi reglur um umsjón yfir kirkjujörðum.

1. gr.

Hreppstjóri hefir umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrum, sem og ítökum þeim, er presturinn notar sjálfur.

2. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld jarðanna og annara kirkjueigna, er hann hefir umsjón yfir, á rjettum gjalddaga. Láti leiguliði farast fyrir að greiða gjöld sín í gjalddaga, skal hreppstjóri sem allra fyrst, og í síðasta lagi innan 6 vikna eftir gjalddaga gjöra ráðstöfun til þess að þau verði tekin lögtaki, sbr. lög 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar. Að öðrum kosti svarar hreppstjóri sjálfur til þess, sem vangoldið kann að verða. Innheimt gjöld ber hreppstjóra að senda sýslumanni innan þriggja mánaða frá gjalddaga.

Hann skal í lok hvers fardagaárs senda sýslumanni skilagrein fyrir afgjöldum af kirkjueignum í hans hreppi Skilagreinin nær frá fardögum til fardaga.

3. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á kirkjueignum, sem hann hefir umsjón yfir eftir þeim reglum, sem hjer segir:

a. Í hvert sinn, er slík kirkjueign losnar úr ábúð, ber honum að auglýsa það á kirkjufundum og víðar, og skora á þá, sem hafa hug á jörðunni að semja við hann um byggingarskilmála innan tiltekins tíma.

b. Þeim, sem þareftir býður mest eftirgjald eftir jörðina, má hreppstjóri byggja hana, að áskildu samþykki sýslumanns, ef bjóðandi er fullveðja og dugandi maður, ætlar að sitja hana sjálfur, og býðst til að svara þeim leigumála að minsta kosti, sem goldist hefir eftir hana næst áður, enda sje leigumálinn ekki lægri en tíðkast um aðrar jarðir þar í sveit.

c. Nú bjóða tveir eða fleiri dugandi og jafnhæfir menn fult eftirgjald eftir jörðina, og ræður sýslumaður þá hvern velja skal.

d. Nú býðst ekki eftirgjald það, sem áður hefir goldist eftir jörðina og sanngjarnt má telja eftir venjulegum leigumála á jörðum þar í sveit, og ber þá hreppstjóra að skýra sýslumanni frá öllum þeim boðum í jörðina, er komið hafa, og lýsa um leið hæfileikum bjóðanda, en sýslumaður sendir síðan málið til stjórnarráðsins, er þá kveður á um leigumála og ábúð jarðarinnar.

e. Ef bygging er ekki fullráðin fyrir fardaga þá, er jörðin losnar úr byggingu, verður hreppstjóri að byggja hana til bráðabirgða um ekki lengri tíma en 1 ár í senn og á þann hátt, sem haganlegastur er fyrir prestlaunasjóð.

f. Nú er bygging ráðin og semur hreppstjóri þá byggingarbrjef í tvennu lagi, skrifar hann sjálfur og leiguliðinn undir bæði samritin, og sendir þau síðan

102 5. ágúst. sýslumanni, og er byggingarbrjefið eigi gilt, fyr en sýslumaður hefir ritað á það samþykki sitt.

g. Það skal vera aðalregla að byggingarbrjefið heimili leiguliða æfilanga ábúð.

h. Það skal gert að skilyrði í byggingarbrjefum fyrir kirkjujörðum, að leiguliði sje skyldur til að framkvæma árlega án þóknunar eða linunar í landskuldinni tilteknar, hæfilegar jarðabætur, er framkvæmdar verða með þeim fólksafla, er jörðin annars þarfnast.

i. Eftirgjald jarðarinnar alt, bæði landskuld og leigur eftir kúgildi, skal ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert.

f. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel setnar, og skal hann að minsta kosti einu sinni á ári skoða hverja jörð í hreppnum og sjerstaklega athuga það, hvort áskildar jarðabætur sjeu framkvæmdar, sbr. 3. gr. h, og áminna leiguliða að bæta það, sem reynist ábótavant. Hann skal og sjá um að ekkert gangi undan kirkjueignunum af því, sem þeim hefir fylgt og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla, eða hús hrörna; honum ber að annast um að ítök og hlunnindi kirkjujarðanna verði hin arðsömustu.

5. gr.

Þegar leiguliðaskifti verða, skal hreppstjóri láta taka jörðina út á kostnað fráfaranda og viðtakanda og vera þar viðstaddur sjálfur, gæta rjettar landsjóðs (prestlaunasjóðs) í öllum greinum og krefjast álags eða uppbótar á því, er áfátt er í ábúðinni, alt samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884.

Er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

6. gr.

Í umboðslaun og ómakslaun skulu hreppstjórar hafa 6% — sex af hundraði — af öllum þeim tekjum af kirkjueignum, sem þeir heimta saman og greiða til sýslumanns. Andvirði seldra kirkjueigna telst ekki með tekjum, og ber hreppstjóra því ekkert hundraðsgjald af því. Hið sama er um andvirði niðurlagðra eða seldra kúgilda og húsa.

7. gr.

Að öðru leyti ber hreppstjóra í þessu starfi sínu að fara eftir fyrirmælum þeim, er sýslumaður og stjórnarráðið setja þar um.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Í stjórnarráði Íslands, 5. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

103
6. ágúst.

fyrir

bændaskólann à Hólum í Hjaltadal.

I. Tilgangur skólans og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólans er að veita bændaefnum nauðsynlega sjerþekking til undirbúnings stöðu þeirra.

2. gr.

Námstíminn er tveir vetur. Skólaárið telst frá 1. október til 30. apríl næst á eftir. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Kensla fer og ekki fram laugardag næstan fyrir páska og fyrsta sumardag.

II. Stjórn og fyrirkomulag.

3. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans. Hún skipar skólastjóra, og kennara eftir samráði við skólastjórann.

4. gr.

Skólastjórinn hefir umsjón og stjórn skólans á hendi. Hann skal og annast reikningshald skólans og aðra bókfærslu.

Reikningsár skólans er almanaksárið. Skulu reikningar hans sendir stjórnarráðinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Skólastjóri skal árlega semja skýrslu um skólann og senda hana stjórnarráðinu.

5. gr.

Nemendur fá ókeypis í skólanum: kenslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita. Að öðru en þessu kosta nemendur sig sjálfir.

6. gr.

Auk hinnar reglulegu kenslu skal árlega hafa stutt kensluskeið fyrir bændur og bændaefni. Kensluskeið þessi skulu höfð síðari hluta vetrar og ná yfir 7 til 14 daga.

103 Kenslan skal vera fólgin í fyrirlestrum í sambandi við umræðufundi um
6. ágúst. búnaðarmál.

III. Inntaka og inntökuskilyrði.

7. gr.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu send skólastjóra fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og tilkynnir umsækjanda veitinguna.

8. gr.

Til inntöku í skólann útheimtist:

1. Að umsækjandi sje ekki haldinn neinum sjúkdómi eða öðrum þeim líkamskvilla, er orðið geti hinum nemendunum að skaða.
2. Að umsækjandi sje eigi yngri en 18 ára. Frá þessu skilyrði má veita undanþágu eftir ástæðum.
3. Að umsækjandi sje siðsamur og hafi unnið að minsta kosti eitt ár að almennum bústörfum.
4. Að hann hafi gengið að minsta kosti einn vetur í unglingaskóla eða lýðháskóla, nema hann sanni með vottorðum, að hann sje vel læs og vel skrifandi, kunni í reikningi 4 höfuðgreinar í heilum tölum og brotum, riti íslensku stórlýtalaust og skilji auðvelda dönsku.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveim valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum eiga að fylgja inntökubeiðninni, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um, að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólastofnunina. Vottorð læknis um heilbrigðisástand umsækjanda skal einnig fylgja inntökubeiðninni.

Auk þessa eru sjerstök skilyrði fyrir inntöku í eldri deild skólans, (sbr. 16. gr.).

IV. Kenslan.

9. gr.

Kenslan skal fara fram í fyrirlestrum í þessum námsgreinum: sögu, reikningsfærslu, eðlisfræði, efnafræði, grasafræði, dýrafræði, líffærafræði, steina- og jarðfræði, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði og búnaðarhagfræði. Yfirheyrslur skulu fara fram eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Sama gildir og um skrifleg úrlausnarefni, er lögð eru fyrir nemendur.

10. gr.

Til verklegra tilrauna í efnafræði, eðlisfræði, grasafræði, líffærafræði o. fl. skal sjerstök stofa ætluð, þar sem nemendur undir umsjón kennaranna gera ýmsar tilraunir, er sjeu bóklegu kenslunni til skýringar. Ennfremur sje sjerstök stofa ætluð til lestrar. Sje stofa þessi opin fyrir nemendur ákveðnar stundir, svo að þeim gefist tækifæri til að hagnýta sjer bókasafn skólans.

11. gr.

Í skólanum skal kenna auk þess, sem nefnt er í 9. gr: íslensku, stærðfræði, dráttlist, landmælingar, söng, leikfimi og glímur.

12. gr.

Í skólanum skal kenslunni hagað svo sem hjer segir um hverja grein:

1. *Islenska.* Samhliða rjettritunaræfingum skulu nemendur æfðir í að setja hugsanir sínar skipulega fram í ræðu og riti. Þá skulu og helstu atriði málfræðinnar skýrð, einkum að því leyti, sem þau geta veitt stuðning til rjettrar meðferðar málsins.
2. *Saga.* Saga landsins sögð og þá einkum búnaðar- og verslunarsaga og nemendum kent að færa sjer í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Helstu atriði búnaðarsögu Norðurlanda skulu einnig sögð, einkum um samvinnu og fjelagsskap.
3. *Stærðfræði.*
   a. *Reikningur.* Í honum skal kenna: einingareikning, hlutfallareikning, prósentureikning, rentureikning og deilingarreikning; einnig blöndunarreikning og keðjureglu.
   b. *Flata- og rúmmálsfræði.* Skýra skal algengustu flatarmyndir og líkamalaganir og læra að reikna út flatarmál þeirra og teningsmál. Jafnframt skal kenna rótarútdrátt af stærðum í öðru og þriðja veldi.
4. *Reikningsfærsla.* Nemendurnir skulu fá form fyrir búreikningum og læra að nota þau. Skýra skal og lögun einfaldra viðskiftareikninga. Í sambandi við reikningsfærsluna ættu nemendur að fá skýringu á því, hver sjeu hin helstu opinber gjöld hjer á landi og nokkura æfingu í að reikna þau út.
5. *Dráttlist.* Kenslan skal fyrst og fremst miða að því að örfa eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af auðveldum hlutum, sem þeir hafa fyrir sjer. Þeir skulu og læra hringskrift, venjast við notkun teikniáhalda og fá talsverða æfingu í að draga upp myndir af verkfærum og húsum; einnig að gera uppdrætti af landspildum, sem þeir hafa verið að mæla.
6. *Eðlisfræði.* Í henni skal einkum lögð áhersla á hitann og helstu lögmálsgreinir aflfræðinnar. Grundvallaratriði veðurfræðinnar skulu og kend; einnig aðrir kaflar eðlisfræðinnar eftir ástæðum.
7. *Efnafræði.* Nemendurnir skulu fá fræðslu um hin helstu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Aðaláherslan skal lögð á að skýra efnabreytingar þær, er verða í jarðveginum og í dýrum og jurtum.

103 6. ágúst.

8. *Grasafræði.* Í henni skal kent hið helsta um bygging, eðli, vöxt og þroskunarskilyrði plantnanna. Skýra skal einnig skifting plönturikisins, og skulu nemendur læra að þekkja helstu ættir og jurtir, er þýðingu hafa fyrir íslenskan búnað.
9. *Dýrafræði.* Taka skal stutt yfirlit yfir byggingu mannsins, sömuleiðis yfir helstu flokka dýraríkisins, einkum með tilliti til breytilegs skapnaðar dýranna í samræmi við lífsskilyrði þeirra og lifnaðarháttu.
10. *Líffærafræði.* Bygging og eðli búfjár skal skýrt fyrir nemendunum.
11. *Steina- og jarðfræði.* Kenna skal stutt ágrip af steinafræði og jarðfræði. Sjerstök áhersla skal lögð á jarðmyndun Íslands og helstu steina- og bergtegundir hjer á landi og þýðingu þeirra fyrir jarðvegsmyndunina.
12. *Jarðræktarfræði.*
    a. *Jarðyrkjufræði.* Um eðli og samsetning jarðtegunda, um áburð, fram ræslu, vatnsveitingar og grasrækt.
    b. *Garðyrkjufræði.* Um ræktun garðjurta þeirra og runna, sem reynslan hefir sýnt, að geti þrifist hjer á landi.
    c. *Skógræktarfræði.* Um gróðursetning og meðferð þeirra trjátegunda, sem þrifist geta hjer á landi.
    d. *Verkfærafræði.* Lýsing á þeim jarðyrkjuverkfærum, sem komið verður við að nota hjer á landi.
13. *Búfjárfræði.*
    a. Almenn húsdýrafræði, grundvallarskilyrðin fyrir því, hvernig fóðra skal búpening; um kynbætur búpenings, um byggingareinkenni vel nothæfra húsdýra; um uppeldi og aðra meðferð búfjár.
    b. Um helstu heilbrigðisskilyrði búfjár og algengustu sjúkdóma í búfje hjer á landi og meðferð þeirra.
14. *Mjólkurfræði.* Um eðli mjólkur, samsetning hennar og meðferð.
15. *Búnaðarhagfræði.* Skýra skal helstu skilyrði þess, hvernig hægt sje að gera búnaðinn arðvænlegan.
16. *Landmælingar.* Útskýringar á grundvallaratriðum þeim, er verklegar land- og hallamælingar byggjast á.
17. *Söngur* sje talsvert iðkaður; skal einkum syngja íslensk ættjarðarljóð.
18. *Leikfimi.* Nemendurnir skulu hafa reglubundnar líkamsæfingar, er miði að því að gera líkama þeirra hraustan, styrkan og fiman. Þeir skulu einnig æfa glímur.

13. gr.

Til þess að kenslan geti verið í sem nánustu sambandi við hina verklegu framkvæmd í búnaðinum, er kennurunum skylt að sýna nemendunum þær jarða- og húsabætur, sem gerðar hafa verið á skólasetrinu. Einnig skal þeim heimilt að koma í peningshús og skoða búpening svo oft sem þörf gerist vegna kenslunnar, undir umsjón kennara.

14. gr. **103**

A hverju námstímabili skulu kennararnir fara með nemendunum til einhverra fyrirmyndarbúa, eftir ákvæðum skólastjóra, þar sem piltum gefst kostur á að kynna sjer einhverjar framkvæmdir í búnaði. Á ferðum þessum skulu kennararnir einnig skýra það fyrir þeim, sem fyrir augun ber á svæði því, sem farið er um. Greiði handa piltum og kennurum, sem leiðir af þessu ferðalagi, skal borga af fje skólans. Rita skal skýrslur um ferðir þessar í bækur, sem leggist við bókasafn skólans. 6. ágúst.

V. Verkleg kensla.

15. gr.

1. Skólabúið skal rekið þannig, að það geti veitt alt að 10 nemendum kenslu í almennum jarðabótastörfum og hirðingu búfjár.
2. Við skólann skal, eftir því sem fjárveitingarnar til hans leyfa, komið upp gróðrarstöð. Í henni sjeu ræktaðar garðjurtir, grasjurtir og trjáplöntur, sem vissa er fengin fyrir, að þrifist geta hjer á landi. Gætu 2 til 4 nemendur fengið þar kenslu í jurtarækt á ári hverju.
3. Við skólann skulu vera tök á að veita nemendum kenslu í að smíða hestajárn, amboð og önnur einföld búsáhöld og verkfæri.
4. Auk þessa skal skólinn leitast við að útvega nemendum verklega kenslu hjá Ræktunarfjelagi Norðurlands og hjá fyrirmyndarbændum á Norðurlandi.
5. Verklegar æfingar í land- og hallamælingu fari fram á skólasetrinu fyrri fyrri hluta októbermánaðar ár hvert.

Allir þeir, sem stunda verklegt nám á skólanum eða utan hans, skulu skyldir til að færa dagbækur eftir fyrirmyndum þeim, er skólinn setur. Dagbækurnar skulu undirskrifaðar af húsbændum verknema og síðan afhentar skólastjóra, og sjeu þær eign skólans.

Þeir, sem stunda verklegt nám við skólann eða undir umsjón hans, skulu vera látnir sitja fyrir styrk þeim, sem nemendum er veittur.

VI. Próf og vitnisburðir.

16 gr.

Verunni í skólanum fylgir engin prófskylda. En nemendur þeir, sem óska þess, geta fengið að taka próf samkvæmt því, sem hjer segir:

Í byrjun síðara skólaársins sje prófað í þessum greinum: eðlisfræði, efnafræði, grasafræði, steina- og jarðfræði.

Auk nemanda þeirra, sem verið hafa í yngri deild skólans næsta skólaár á undan, geta nýsveinar þeir, er óska að dvelja í eldri deild skólans, fengið að taka prófið. Próf þetta er inntökuskilyrði fyrir þá í deildina.

Einkunnir þær, er nemendur fá við próf þetta, skulu taldar með einkunnum í öðrum greinum, ef þeir taka burtfararpróf.

Í lok síðara skólaárs skal prófað í öðrum bóklegum námsgreinum.

103
6. ágúst.

17. gr.

Próf í íslensku og stærðfræði sje skriflegt. Skulu gefnar sjerstakar einkunnir fyrir hvort um sig reikning og flata- og rúmmálsfræði.

Í jarðræktarfræði og búfjárfræði sje prófið bæði skriflegt og munnlegt. Skulu sérstakar einkunnir gefnar fyrir hvort um sig í hvorri grein.

Í öðrum námsgreinum er prófið munnlegt.

Í dráttlist gefast einkunnir fyrir uppdrætti þá, sem nemendur hafa gert yfir skólatímann.

Gefa skal einkunnirnar ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, er jafngildi tölunum 6, 5, 4, 3, 2, og 1. Má auka eða minka gildi þeirra með + eða ÷ (ágætlega verður þó ekki aukið nje afarilla minkað). Aukning þessi og afdráttur táknast í tölu með brotinu $^1/_3$.

Einkunnirnar reiknast þannig til stiga: ágætlega = 8, ágætlega ÷ = $7^1/_3$, dável + = $6^2/_3$, dável = 6, dável ÷ = $5^1/^3$, vel + = $4^2/_3$, vel = 4, vel ÷ = 3, laklega + = 2, laklega = 1, laklega ÷ = ÷ $1^1/_3$, illa + = ÷ $2^2/_3$, illa = ÷ 4, illa ÷ = ÷ $5^1/_3$, afarilla + = ÷ $6^2/_3$, og afarilla = ÷ 8.

Til fyrstu einkunnar útheimtast 128 stig, til annarrar einkunnar 72 stig, en til þriðju einkunnar 48 stig.

Sá, sem fær lægri aðaleinkunn en 48 stig, hefir eigi staðist prófið.

18. gr.

Nemendur þeir, sem hafa staðist prófið, skulu fá prófskírteini, er sýni einkunnir þeirra í hverri námsgrein og vottorð um hegðun í skólanum.

Nemendur þeir, sem eigi taka burtfararpróf í öllum prófgreinum, geta ekki krafist vitnisburðar fyir annað en ástundun við námið og hegðun í skólanum.

19. gr.

Stjórnarráðið skipar prófdómendur við burtfararprófið.

Það gefur einnig út eyðublöð fyrir prófskírteini og vottorð.

20. gr.

Nemendur þeir, er stundað hafa verklegt nám undir umsjón skólans, eiga að fá vitnisburð fyrir verklega þekkingu og dugnað hjá þeim, sem þeir hafa unnið hjá.

Dagbækur nemandanna skulu yfirlesnar og dæmdar af skólastjóra og kennurum skólans eða af tveim mönnum, er stjórnarráðið skipar til þess. Dagbókarfærslan getur haft áhrif á upphæð styrks þess, er nemendur fá til verknáms.

Í stjórnarráði Íslands, 6. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson

Reglugjörð

104
6. ágúst.

fyrir

bændaskólann à Hvanneyri.

I. Tilgangur skólans og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólans er að veita bændaefnum nauðsynlega sjerþekking til undirbúnings stöðu þeirra.

2. gr.

Námstíminn er tveir vetur. Skólaárið telst frá 15. október til 30. apríl næst á eftir. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Kensla fer og ekki fram laugardag næstan fyrir páska og fyrsta sumardag.

II. Stjórn og fyrirkomulag.

3. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans. Hún skipar skólastjóra, og kennara eftir samráði við skólastjórann.

4. gr.

Skólastjórinn hefir umsjón og stjórn skólans á hendi. Hann skal og annast reikningshald skólans og aðra bókfærslu.

Reikningsár skólans er almanaksárið. Skulu reikningar hans sendir stjórnarráðinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Skólastjóri skal árlega semja skýrslu um skólann og senda hana stjórnarráðinu.

5. gr.

Nemendur fá ókeypis í skólanum: kenslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita. Að öðru en þessu kosta nemendur sig sjálfir.

6. gr.

Auk hinnar reglulegu kenslu skal árlega hafa eitt eða fleiri stutt kensluskeið fyrir bændur og bændaefni. Kensluskeið þessi skulu höfð síðari hluta vetrar og ná yfir 7 til 10 daga.

104 Kenslan skal vera fólgin í fyrirlestrum í sambandi við umræðufundi um
6. ágúst. búnaðarmál.

III. Inntaka og inntökuskilyrði.

7. gr.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu send skólastjóra fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og tilkynnir umsækjanda veitinguna.

8. gr.

Til inntöku í skólann útheimtist:

1. Að umsækjandi sje ekki haldinn neinum sjúkdómi eða öðrum þeim líkamskvilla, er orðið geti hinum nemendunum að skaða.
2. Að umsækjandi sje eigi yngri en 18 ára. Frá þessu skilyrði má veita undanþágu eftir ástæðum.
3. Að umsækjandi sje siðsamur og hafi unnið að minsta kosti eitt ár að almennum bústörfum.
4. Að hann hafi gengið að minsta kosti einn vetur í unglingaskóla eða lýðháskóla, nema hann sanni með vottorðum, að hann sje vel læs og vel skrifandi, kunni í reikningi 4 höfuðgreinar í heilum tölum og brotum, riti íslensku stórlýtalaust og skilji auðvelda dönsku.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveim valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum eiga að fylgja inntökubeiðninni, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um, að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólastofnunina. Vottorð læknis um heilbrigðisástand umsækjanda skal einnig fylgja inntökubeiðninni.

Auk þessa eru sjerstök skilyrði fyrir inntöku í eldri deild skólans, (sbr. 16. gr.).

IV. Kenslan.

9. gr.

Kenslan skal fara fram í fyrirlestrum í þessum námsgreinum: sögu, reikningsfærslu, eðlisfræði, efnafræði, grasafræði, dýrafræði, líffærafræði, steina- og jarðfræði, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði og búnaðarhagfræði. Yfirheyrslur skulu fara fram eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Sama gildir og um skrifleg úrlausnarefni, er lögð eru fyrir nemendur.

10. gr. 104

Til verklegra tilrauna í efnafræði, eðlisfræði, grasafræði, líffærafræði o. fl. skal sjerstök stofa ætluð, þar sem nemendur undir umsjón kennaranna gera ýmsar tilraunir, er sjeu bóklegu kenslunni til skýringar. Stofu þessa má jafnframt nota til lestrarstofu, þar sem nemendum gefst kostur á að hagnýta sjer bókasafn skólans á ákveðnum timum undir umsjón kennaranna. 6. ágúst.

Sjerstök stofa sje ætluð til að geyma í tæki, kensluáhöld og bækur skólans.

11. gr.

Í skólanum skal kenna auk þess, sem nefnt er í 9. gr: íslensku, stærðfræði, dráttlist, landmælingar, söng, leikfimi og glímur.

12. gr.

Í skólanum skal kenslunni hagað svo sem hjer segir um hverja grein:

1. *Móðurmálið.* Markmið kenslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenskt mál áheyrilega og tala það og rita rjett, ljóst og lipurt. Skal í hvívetna reynt að glæða ást nemendanna á íslenskri tungu og bókmentum og vekja þá til umhugsunar um gildi þeirra.
2. *Saga.* Saga landsins sögð og þá einkum búnaðar- og verslunarsaga og nemendum kent að færa sjer í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Helstu atriði búnaðarsögu Norðurlanda skulu einnig sögð, einkum um samvinnu og fjelagsskap.
3. *Stærðfræði.*
   a. *Reikningur.* Í honum skal kenna: einingareikning, hlutfallareikning, prósentureikning, rentureikning og deilingarreikning; einnig blöndunarreikning og keðjureglu.
   b. *Flata- og rúmmálsfræði.* Skýra skal algengustu flatarmyndir og líkamalaganir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og teningsmál. Jafnframt skal kenna rótarútdrátt af stærðum í öðru og þriðja veldi.
4. *Reikningsfærsla.* Nemendurnir skulu fá form fyrir búreikningum og læra að nota þau. Skýra skal og lögun einfaldra viðskiftareikninga. Í sambandi við reikningsfærsluna ættu nemendur að fá skýringu á því, hver sjeu hin helstu opinber gjöld hjer á landi og nokkura æfingu í að reikna þau út.
5. *Dráttlist.* Kenslan skal fyrst og fremst miða að því að örfa eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af auðveldum hlutum, sem þeir hafa fyrir sjer. Þeir skulu og læra hringskrift, venjast við notkun teikniáhalda og fá talsverða æfingu í að draga upp myndir af verkfærum og húsum; einnig að gera uppdrætti af landspildum, sem þeir hafa verið að mæla.
6. *Eðlisfræði.* Í henni skal einkum lögð áhersla á hitann og helstu lögmálsgreinir aflfræðinnar. Grundvallaratriði veðurfræðinnar skulu og kend; einnig aðrir kaflar eðlisfræðinnar eftir ástæðum.
7. *Efnafræði.* Nemendurnir skulu fá fræðslu um hin helstu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Aðaláherslan skal lögð á að skýra efnabreytingar þær, er verða í jarðveginum og í dýrum og jurtum.

104 6. ágúst.

8. *Grasafræði.* Í henni skal kent hið helsta um bygging, eðli, vöxt og þroskunarskilyrði plantnanna. Skýra skal einnig skifting plönturíkisins, og skulu nemendur læra að þekkja helstu ættir og jurtir, er þýðingu hafa fyrir íslenskan búnað.

9. *Dýrafræði.* Taka skal stutt yfirlit yfir byggingu mannsins, sömuleiðis yfir helstu flokka dýraríkisins, einkum með tilliti til breytilegs skapnaðar dýranna í samræmi við lífsskilyrði þeirra og lifnaðarháttu.

10. *Líffærafræði.* Bygging og eðli búfjár skal skýrt fyrir nemendunum.

11. *Steina- og jarðfræði.* Kenna skal stutt ágrip af steinafræði og jarðfræði. Sjerstök áhersla skal lögð á jarðmyndun Íslands og helstu steina- og bergtegundir hjer á landi og þýðingu þeirra fyrir jarðvegsmyndunina.

12. *Jarðræktarfræði.*
   a. *Jarðyrkjufræði.* Um eðli og samsetning jarðtegunda, um áburð, fram ræslu, vatnsveitingar og grasrækt.
   b. *Garðyrkjufræði.* Um ræktun garðjurta þeirra og runna, sem reynslan hefir sýnt, að geti þrifist hjer á landi.
   c. *Skógræktarfræði.* Um gróðursetning og meðferð þeirra trjátegunda, sem þrifist geta hjer á landi.
   d. *Verkfærafræði.* Lýsing á þeim jarðyrkjuverkfærum, sem komið verður við að nota hjer á landi.

13. *Búfjárfræði.*
   a. Um hinar helstu búfjártegundir og kyn þeirra, uppeldi, fóðrun, meðferð, kynbætur, og um byggingareinkenni vel nothæfra húsdýra.
   b. Um helstu heilbrigðisskilyrði búfjár og algengustu sjúkdóma í búfje hjer á landi og meðferð þeirra.

14. *Mjólkurfræði.* Um eðli mjólkur og efnasamsetning, tilbúning smjörs og osta, fitumælingar með »Gerber's« fitumæli.

15. *Búnaðarhagfræði.* Skýra skal helstu skilyrði þess, hvernig hægt sje að gera búnaðinn arðvænlegan.

16. *Landmælingar.* Útskýringar á grundvallaratriðum þeim, er verklegar land- og hallamælingar byggjast á.

17. *Söngur* sje talsvert iðkaður; skal einkum syngja íslensk ættjarðarljóð.

18. *Leikfimi.* Nemendurnir skulu hafa reglubundnar líkamsæfingar, er miði að því að gera líkama þeirra hraustan, styrkan og fiman. Þeir skulu einnig æfa glímur.

13. gr.

Til þess að kenslan geti verið í sem nánustu sambandi við hina verklegu framkvæmd í búnaðinum, er kennurunum skylt að sýna nemendunum þær jarða- og húsabætur, sem gerðar hafa verið á skólasetrinu. Einnig skal þeim heimilt að koma í peningshús og skoða búpening svo oft sem þörf gerist vegna kenslunnar, undir umsjón kennara.

14. gr. **104**

Á hverju námstímabili skulu kennararnir fara með nemendunum eina ferð 6. ágúst.
til einhverra fyrirmyndarbúa, eftir ákvæðum skólastjóra, þar sem piltum gefst kostur á að kynna sjer einhverjar framkvæmdir í búnaði. Á ferðum þessum skulu kennararnir einnig skýra það fyrir þeim, sem fyrir augun ber á svæði því, sem farið er um. Greiða handa piltum og kennurum, sem leiðir af þessu ferðalagi, skal borga af fje skólans. Rita skal skýrslur um ferðir þessar í bækur, sem leggist við bókasafn skólans.

V. Verkleg kensla.

15. gr.

1. Skólabúið skal rekið þannig, að það geti veitt alt að 10 nemendum kenslu í almennum jarðabótastörfum. Sömuleiðis ætti það að geta veitt nemendum, að afloknu námi, kenslu í hirðingu búfjár að vetrinum, ef þeir óska þess.

   Verklega kenslan skiftist í tvö námsskeið; annað að vorinu, er byrjar 12. maí og endar 30. júní, hitt að haustinu, er standi yfir síðari helming septembermánaðar frá 15. degi hans að telja.
2. Við skólann skal, eftir því sem fjárveitingarnar til hans leyfa, komið upp gróðrarstöð. Í henni sjeu ræktaðar garðjurtir, grasjurtir og trjáplöntur, sem vissa er fengin fyrir, að þrifist geta hjer á landi. Gætu 2 til 4 nemendur fengið þar kenslu í jurtarækt á ári hverju.
3. Við skólann skulu vera tök á að veita nemendum kenslu í að smíða hestajárn, amboð og önnur einföld búsáhöld og verkfæri.
4. Auk þessa skal skólinn leitast við að útvega nemendum verklega kenslu hjá væntanlegum gróðarstöðvum og fyrirmyndarbændum.
5. Verklegar æfingar í land- og hallamælingum fari fram á skólasetrinu seinni hluta aprílmánaðar ár hvert.

   Allir þeir, sem stunda verklegt nám á skólanum eða utan hans, skulu skyldir til að færa dagbækur eftir fyrirmyndum þeim, er skólinn setur. Dagbækurnar skulu undirskrifaðar af húsbændum verknema og síðan afhentar skólastjóra, og sjeu þær eign skólans.

   Þeir, sem stunda verklegt nám við skólann eða undir umsjón hans, skulu vera látnir sitja fyrir styrk þeim, sem nemendum er veittur.

VI. Próf og vitnisburðir.

16 gr.

Verunni í skólanum fylgir engin prófskylda. En nemendur þeir, sem óska þess, geta fengið að taka próf samkvæmt því, sem hjer segir:

Í byrjun síðara skólaársins sje prófað í þessum greinum: eðlisfræði, efnafræði, grasafræði, steina- og jarðfræði.

Auk nemanda þeirra, sem verið hafa í yngri deild skólans næsta skólaár á undan, geta nýsveinar þeir, er óska að dvelja í eldri deild skólans, fengið að taka prófið. Próf þetta er inntökuskilyrði fyrir þá í deildina.

104 Einkunnir þær, er nemendur fá við próf þetta, skulu taldar með ein-
6. ágúst. kunnum í öðrum greinum, ef þeir taka burtfararpróf.

Í lok síðara skólaárs skal prófað í öðrum bóklegum námsgreinum.

17. gr.

Próf í íslensku og stærðfræði sje skriflegt. Skulu gefnar sjerstakar einkunnir fyrir hvort um sig reikning og flata- og rúmmálsfræði.

Í jarðræktarfræði og búfjárfræði sje prófið bæði skriflegt og munnlegt. Skulu sérstakar einkunnir gefnar fyrir hvort um sig í hvorri grein.

Í öðrum námsgreinum er prófið munnlegt.

Í dráttlist gefast einkunnir fyrir uppdrætti þá, sem nemendur hafa gert yfir skólatímann.

Gefa skal einkunnirnar ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, er jafngildi tölunum 6, 5, 4, 3, 2, og 1. Má auka eða minka gildi þeirra með + eða ÷ (ágætlega verður þó ekki aukið nje afarilla minkað). Aukning þessi og afdráttur táknast í tölu með brotinu $^1/_3$.

Einkunnirnar reiknast þannig til stiga: ágætlega = 8, ágætlega ÷ = $7^1/_3$, dável + = $6^2/_3$, dável = 6, dável ÷ = $5^1/_3$, vel + = $4^2/_3$, vel = 4, vel ÷ = 3, laklega + = 2, laklega = 1, laklega ÷ = ÷ $1^1/_3$, illa + = ÷ $2^2/_3$, illa = ÷ 4, illa ÷ = ÷ $5^1/_3$, afarilla + = ÷ $6^2/_3$, og afarilla = ÷ 8.

Til fyrstu einkunnar útheimtast 128 stig, til annarrar einkunnar 72 stig, en til þriðju einkunnar 48 stig.

Sá, sem fær lægri aðaleinkunn en 48 stig, hefir eigi staðist prófið.

18. gr.

Nemendur þeir, sem hafa staðist prófið, skulu fá prófskírteini, er sýni einkunnir þeirra í hverri námsgrein og vottorð um hegðun í skólanum.

Nemendur þeir, sem eigi taka burtfararpróf í öllum prófgreinum, geta ekki krafist vitnisburðar fyir annað en ástundun við námið og hegðun í skólanum.

19. gr.

Stjórnarráðið skipar prófdómendur við burtfararprófið.

Það gefur einnig út eyðublöð fyrir prófskírteini og vottorð.

20. gr.

Nemendur þeir, er stundað hafa verklegt nám undir umsjón skólans, eiga að fá vitnisburð fyrir verklega þekkingu og dugnað hjá þeim, sem þeir hafa unnið hjá.

Dagbækur nemandanna skulu yfirlesnar og dæmdar af skólastjóra og kennurum skólans eða af tveim mönnum, er stjórnarráðið skipar til þess. Dagbókarfærslan getur haft áhrif á upphæð styrks þess, er nemendur fá til verknáms.

Í stjórnarráði Íslands, 6. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Hafnarreglugjörð

105
6. ágúst

fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu.

Stjórnarráð Íslands hefir 6. ágúst 1908 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Öll skip, (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, fyrir innan beina línu úr merkisteini, merktum B, sem er á takmörkum Búðahrepps norðan fjarðar, yfir fjörðinn í næsta gil innan við bæinn Sævarborg sunnan fjarðar, hvort sem þau kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald, sem hjer segir:

a. Útlend veiðiskip, síldveiðaskip, hvalveiðaskip og flutningsskip (þar með talin skip, er mestmegnis eða eingöngu flytja hverskonar sjáfarafla sem er milli landa), skulu gjalda 5 aura af hverri smálest alls farrúmsins í fyrsta sinn á ári hverju, er þau leggjast á höfninni, hvort sem þau koma beint frá útlöndum eða frá einhverri annari höfn á Íslandi. Komi slíkt skip oftar beint frá útlöndum á því sama ári, skal það í hvert skifti greiða hið sama gjald, en komi það oftar frá útlöndum á sama árinu, en komi þó fyrst á einhverja aðra höfn á Íslandi og þaðan til Fáskrúðsfjarðar, skal það í hvert sinn, að undanteknu fyrsta skiftinu, að eins greiða 3 aura af hverri smálest sem hafnargjald í Fáskrúðsfirði.

b. Utlend strandferðaskip, er ganga í milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, gjalda í hafnargjald 5 aura af hverri smálest, en ekkert frekara, þó þau leggist þar oftar á sama ári.

Þau útlend skip, sem liggja á Fáskrúðsfjarðarhöfn yfir veturinn, skulu greiða 10 kr. fyrir það í hafnarsjóð.

II. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin greiðslu hafnargjalds á Fáskrúðsfirði eru öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru, svo og mælingarskip og spítalaskip. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið borinn á land, ef þau flytja burt farminn og ekki annað.

105
6. ágúst

III. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeigenda eða umráðamanna, og greiðist borgun eftir samkomulagi.

IV. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hjer á undan, skulu renna í hafnarsjóð Búðakauptúns og skal honum varið til þess að gjöra umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til ljóskera til leiðbeiningar við innsiglingar á fjörðinn og höfnina.

Hreppsnefnd Búðahrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til þess að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögu hafnarnefndar og ákveður, hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

V. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. október 1908 og skal endurskoðast fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands 6. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglur

106
25. ágúst

um skoðun við afhending kirkjujarða í hendur hreppstjórum.

1.

Þá er hreppstjóri tekur við kirkjujörðum samkvæmt því, sem segir í lögum um laun sóknarpresta 16. nóvbr. 1907, skal hann svo fljótt sem því verður við komið fara heim á hverja kirkjujörð, sem hann á við að taka, að tilkvöddum þeim presti, er jörðunni skilar, eða manni fyrir prestsins hönd eða bús hans.

2.

Hreppstjóri skal hafa bók, er honum verður fengin í hendur og útveguð er á kostnað landsjóðs, og skal hann rita í hana alla skoðunargjörðina og álit um það, hvernig jörðin er setin. Þá er skoðun er lokið á hverri jörð, skal hreppstjóri og prestur eða umboðsmaður prests eða bús hans undirskrifa skoðunargjörðina.

3.

Í skoðunargjörðinni skal getið nafns jarðarinnar og dýrleika, nafns ábúanda, eða nafna, ef fleirbýli er, að því tilgreindu, hvernig jörðunni er þá skift þeirra á milli. Svo skal og sagt, hve lengi ábúandinn hafi setið á jörðunni.

4.

Þá skal athugaður leigumáli, hver sje landskuld, og hverjar leigur, í hverju goldið, hver jarðabótakvöð eða önnur kvöð hvíli á ábúanda, og skal jafnframt rannsaka, hvort ábúandi er líklegur til að hirða vel jörðina framvegis, standa í skilum með afgjald hennar og halda við innstæðukúgildum. Loks skal getið dagsetningar byggingarbrjefs.

5.

Skoða skal jarðarhús og lýsa; sama er um önnur mannvirki, er jörðunni fylgja, svo sem túngarða, vörslugarða, matjurtagarða, fjenaðarrjettir, heygarða, stíflugarða og annað þesskonar, rannsaka skal, hvort innstæðukúgildi eru til, og ef ástæða þykir til, skoða tún, engi, haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Skal bera saman mannvirki og meðferð jarðar við það, sem um þetta er sagt við síðustu úttekt og láta þess getið, ef breyting hefir á orðið síðan.

6.

Nú verður hreppstjóri og afhendandi eigi ásáttir um skoðunargjörðina, og er þá hvorum um sig rjett að gera í skoðanabókina þær athugasemdir við skoðunargjörð, sem honum þykir við eiga.

106
25. ágúst

7.

Ef hreppstjóri kemst við skoðunina að þeirri niðurstöðu, að ábúanda sje eigi trúandi fyrir jörðunni framvegis, þá skal hann tafarlaust skýra sýslumanni frá því, er svo kveður á um það, hvort byggja skuli ábúanda út af jörðunni.

8.

Rjett á afhendandi á að taka eða láta taka endurrit af skoðunargjörð hverri, en hreppstjóri skal senda sýslumanni áleiðis til stjórnarráðsins endurrit af öllum skoðunargjörðunum.

Þetta tilkynnist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 25. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

107
27. ágúst

Reglugjörð

fyrir lagaskólann.

1. gr.

Tilgangur lagaskólans er sá að fræða svo þá, sem skólann sækja, að þeir geti gegnt embættum þeim og öðrum störfum, sem lagakunnátta útheimtist til, eftir lögum landsins.

2. gr.

Forstöðumaður lagaskólans hefir á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón stjórnarráðsins.

3. gr.

Þeir, sem komast vilja í lagaskólann, verða að hafa lokið stúdentsprófi í hinum almenna mentaskóla landsins. Þó getur stjórnarráðið heimilað þeim inntöku í skólann, er leyst hafa af hendi burtfararpróf úr öðrum skólum í Danaveldi, er jafngilda mentaskólanum.

Um inntöku í skólann skal sækja brjeflega til forstöðumanns, mánuði á undan skólasetningu.

4. gr.

Stjórnarráðið úthlutar námsstyrk þeim og húsaleigustyrk, sem lagaskólanum er lagður úr landsjóði, að fengnum tillögum forstöðumanns.

5. gr.

Kennarar lagaskólans hafa eftirlit með námi nemendanna og hegðun. Komi umvandanir kennaranna ekki að haldi, getur stjórnarráðið svift hinn brotlega styrk þeim, er hann kann að hafa af almannafje, eða vísað honum burt úr skólanum, hvort heldur um stund eða fyrir fult og alt.

6. gr.

Lagaskólaárið byrjar 1. október og endar 30. júní. Skólaárið skiftist í 2 skólamissiri, og nær hið fyrra fram í miðjan febrúar, en hið síðara til júníloka.

7. gr.

Á lagaskólaárinu fá nemendur þessi leyfi: Jólaleyfi frá 23. desember til 3. janúar, páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum og hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til 3. í hvítasunnu. Auk leyfa þessara, sem byrjunar- og lokadagur hvers leyfis telst til, skal sumardagurinn fyrsti og fæðingardagur konungs vera nemendum frjáls.

8. gr.

Eftirfarandi námsgreinir skal kenna á lagaskólanum:

I, 1. borgararjett (ættar-, erfða-, einka- og persónurjett).
II, 2. borgararjett (hluta-, kröfu-, fjelaga- og rithöfundarjett) og aðaldrætti sjórjettar.
III, hegningarrjett.
IV, ríkisrjett og aðaldrætti þjóðarrjettar.
V, rjettarfar (einkamála, þar með talin sáttamál, sakamála, skiftagerða, fógetagerða og uppboðsgerða).
VI, rjettarsögu.

9. gr

Við kensluna skal nota prentaðar bækur, svo sem til vinst, en að öðru leyti fyrirlestra.

Yfirheyrslur og skriflegar og verklegar æfingar skal halda við og við, einkum seinna hluta námstímans.

10. gr.

Próf eru tvenn við lagaskólann, aðalpróf og aukapróf.

Aðalprófið er fyrir þá nemendur, sem stunda lögspeki við lagaskólann að öllu leyti.

Aukaprófið er fyrir þá, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskólann í Kaupmannahöfn, en bæta þurfa við sig þekkingu í íslenskum lögum til að verða embættisgengir hjer á landi.

107 Um aukaprófið verða síðar settar nákvæmari reglur, en um aðalprófið er
27. ágúst skipað fyrir svo sem hjer fer á eftir.

11. gr.

Sá, sem ganga vill undir aðalpróf við lagaskólann, skal segja forstöðumanni til um það með mánaðarfyrirvara, en prófið skal halda síðara hluta júnímánaðar.

Þeir einir mega ganga undir prófið, sem stundað hafa nám við skólann í 4 ár, enda sýni þeir áður vottorð fyrir því, að þeir hafi lokið heimspekisprófi við prestaskólann eða háskólann í Kaupmannahöfn.

12. gr.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í öllum námsgreinum, nema í rjettarsögu, í henni er það eingöngu munnlegt.

Stjórnarráðið setur mann til að gæta nemendanna við hinar skriflegu úrlausnir, en til þeirra, hverrar um sig, hafa nemendur 3—4 klukkustundir, eftir nánari ákvörðun forstöðumanns.

13. gr.

Kennararnir dæma í sameiningu um hina skriflegu og munnlegu úrlausn í námsgrein hverri, ásamt prófdómara, sem stjórnarráðið tilnefnir.

Kennararnir og prófdómarinn velja í sameiningu úrlausnarefni í hverri grein hins skriflega prófs, en munnlegu úrlausnarefnunum ræður sá kennari, sem námsgreinina kennir.

Stjórnarráðið skipar mann til að skrá í þartil gerða bók hið helsta af því, sem fram fer við hið munnlega próf.

14. gr.

Í hinum sjerstöku greinum verða gefnar eftirfarandi einkunnir Ágætlega dável, vel, laklega, illa og afarilla. Einkunnir þessar jafngilda tölunum: 8, 7, 5, 1, ÷ 7 og ÷ 23.

Dæma skal sjer í lagi um hina skriflegu og munnlegu úrlausn í hverri grein, en síðan skal leggja stigafjöldann fyrir hina skriflegu og munnlegu úrlausn saman, og jafngildir þá 16 ágætlega, 14 dável, 10 vel, 2 laklega, ÷ 14 illa og ÷ 46 afarilla, og verður það aðaleinkunn greinarinnar.

Í rjettarsögu er að eins gefin ein einkunn

15. gr.

Prófseinkunnirnar eru fjórar: ágætiseinkunn, 1. einkunn, 2. betri einkunn og 2. lakari einkunn.

Til ágætiseinkunnar þarf 83 stig, til 1. einkunnar 67 stig, til 2. betri einkunnar 57 stig og til 2. lakari einkunnar 35 stig.

Sá, sem nær ekki 35 stigum, stenst ekki prófið, nje heldur sá, sem fær afarilla í einhverri grein. **107** 27. ágúst

Sá, sem stenst ekki prófið, má ganga undir próf af nýju að ári liðnu.

Svo getur og sá, sem staðist hefir prófið, en ekki náð 1. einkunn, gengið undir nýtt próf að ári liðnu.

Forstöðumaður sendir stjórnarráðinu skýrslu um prófið.

16. gr.

Að loknu prófi fá fullnumar prófskírteini með nafni forstöðumanns og innsigli lagaskólans, og eru þá candidati juris.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1908.

Þetta kunngerist hjermeð öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 27. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

108 9. maí.

fyrir Austurbarðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur, að annast um lækning á hundum eins og henni þykir best við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn eftir stærð hreppanna, og skulu allir hlýða undantekningarlaust ákvörðun hreppsnefndarinnar.

2. gr.

Lækning á hundum skulu hreppsnefndir láta framkvæma á einum og sama degi í öllum hreppnum, einu sinni á ári, 15. desember; ef það er helgidagur, þá næsta dag virkan.

3. gr.

Lækningunni skal hagað þannig:

Í hálfan sólarhring skal hafa hundinn inni, og má hann alls engan mat fá eða drykk á meðan. Síðan skal gefa hundinum inn að minsta kosti 5 grömm af arekadufti og eina matskeið af laxerolíu, hrærðu út í graut eða mjólk. Vana-

108 lega fær hundurinn klígju á eftir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir
9. maí. að hann selji upp fyrsta hálfa klukkutímann á eftir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það ekki dugar, gjöra hann sneyptan.

Hafi meðalið ekki verkað eftir 3 klukkustundir, skal gefa hundinum inn 1—2 matskeiðar af laxerolíu.

Þegar eftir að meðalið hefir verkað, skal baða hvern hund úr 3% Lysolvatni, ekki mjög köldu, og bursta vandlega allan skrokkinn á honum upp úr Lysolvatninu, síðan láta hann strax inn í annað hlýtt hús og gefa honum að eta.

Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í úthýsi, þó ekki fjenaðarhúsum.

Það, er gengur niður af hundinum, á að hreinsa vandlega upp og brenna síðan, eða grafa í jörðu 2 álna djúpt.

Skyldur er hundahreinsunarmaður að vera 6 klukkutíma yfir hundunum, frá því þeim er gefið inn.

4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn á þann stað, sem lækningamaður skipar, í ákveðinn tíma. Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi gild forföll, að hundur komi eigi til lækninga, skal eigandi sjá um, að honum sje komið til lækninga tafarlaust.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu brýna fyrir mönnum, að hlýtt sje fyrirmælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22/5 1890 um að slátur það, sem sullmengað er, sje grafið djúpt í jörð niður, eða brent, svo að hundar geti ekki náð í það.

6. gr.

Fyrir lækning og böðun á hverjum hundi skal greiða lækningamanni 50 aura fyrir hvern hund. Allur meðalakostnaður við lækninguna greiðist og úr sýslusjóði.

7. gr.

Lækningamaður sendir hreppsnefnd skýrslu um hve mörgum hundum hann hefir gefið inn, á hve marga meðalið hafi verkað, og úr hve mörgum hafi gengið bandormar o. s. frv., en hreppsnefnd semji aðalskýrslu og sendi sýslunefnd fyrir árslok.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—10 króna sekt, er renni í sýslusjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn samþykt þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Reglugjörð þessi kemur í staðinn fyrir reglugjörð þá, er samþykt var 19. júní 1896. **108** 9. maí.

Framanrituð reglugjörð var samþykt af sýslunefnd Austurbarðastrandarsýslu á aðalfundi hennar 25. apríl 1908.

Skrifstofa Barðastrandarsýslu, 9. maí 1908.

G. Björnsson.

Breyting

109 9. maí

á reglugjörð fyrir Norðurísafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl. 15. mars 1897.

I.

Við 1. gr.: Sýslunefnd kýs menn til að hafa á hendi o. s. frv.

II.

Við 2. gr.: Fyrir »haust hvert í nóvember« komi: á tímabilinu frá 15. október til 15. desember ár hvert.

III.

Við 9. gr.: Aftan við gr. komi nýjar málsgreinir svohljóðandi:

Standi lækningamaður sjerlega vel í stöðu sinni, má hækka þóknun hans alt að helmingi.

Hreppsnefndir annast um, að til sjeu hæfileg hús til hundalækninga og greiðist kostnaður við það úr sýslusjóði.

Breytingu þessa hefir sýslunefnd Norðurísafjarðarsýslu samkv. 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890 gjört og samþykt á aðalfundi sínum 9.—11. f. mán., og öðlast hún gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 9. maí 1908.

Magnús Torfason.

110 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens
8. ágúst hvalveiðamanns frá 1896, útgefið á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslans 8. ágúst 1908.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns frà 1896.

1.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabrjefi Hans Ellefsens hvalveiðamanns til Mosvallahrepps, dagsettu 11. mars 1896, og var upprunaleg upphæð hans 1500 kr.; sjóðurinn heitir »Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896«.

2.

Vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 2500 kr.; þann höfuðstól má ekki síðar skerða.

3.

Þá er höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð, sem til er tekin í 2. tölulið, skal ávalt leggja $^1/_{10}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn, en hinum hluta vaxtanna skal varið til viðhalds vegarkaflanum milli Flateyrar og Breiðadalsár, þannig að vegarkaflanum sje ávalt haldið í góðu standi að öllu leyti með þessum fjárstyrk ásamt því, sem hreppurinn leggur til viðhalds veginum samkvæmt gildandi reglum.

4.

Hreppsnefndin í Mosvallahreppi hefir á hendi stjórn gjafasjóðsins og gjörir reikningsskil fyrir sjóðnum um hvert ár; skal reikningurinn sendur sýslunefndinni í Vesturísafjarðarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar fyrir 1. mars næsta ár á eftir.

5.

Höfuðstól sjóðsins skal ávalt ávaxta í skuldabrjefum, útgefnum eða trygðum af landssjóði Íslands eða íslensku bæjarfjelagi eða í útlendum ríkis- eða sveitarfjelagaskuldabrjefum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbrjefum landsbanka Íslands svo lengi sem þau njóta að minsta kosti sömu hlunninda sem nú hjá landssjóði, að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast við höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggum sparisjóði eða banka.

Öll verðbrjef sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins og bera áritun stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum og ber að útvega konungsstaðfesting á henni. **110** 8. ágúst

St. í Kristjaníu, 19. apríl 1907.

Hans Ellefsen.

Staðfesting konungs á skipulagskrá fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns, útgefin á venjalegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 8. ágúst 1908. **111** 8. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns.

1.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabrjefi Hans Ellefsens hvalveiðamanns til Mosvallahrepps, dagsettu 4. júlí 1903, og var upprunaleg upphæð hans 10000 kr.; sjóðurinn heitir »Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns«.

2.

a. Hinn fyrsti fer frá *Árnesi* 3 dögum fyr en aðalpóstur fer frá Ísafirði um *Reykjarfjörð*, *(Eyjar)*, *(Skarð)*, *Bassastaði*, *(Hrófberg)*, *Hólmavík*, *Kirkjuból*, *Stórafjarðarhorn*, *Óspakseyri*, *Guðlaugsvík*, *(Bæ)*, *Borðeyri* að *Stað* og snýr þaðan aptur sömu leið að *Árnesi*.

b. Annar fer frá *Bæ* í Króksfirði, eptir komu aðalpóstsins frá *Ísafirði* um *(Valshamar)*, *(Tröllatungu)*, *Kirkjuból* að *Hólmavík*, og þaðan aptur sömu leið að *Bæ*.

c. Þriðji fer frá *Bassastöðum*, eptir komu aukapóstsins frá *Stað*, um *Kleifar* og *Selsströnd* að *Kaldrananesi* og sömu leið til baka.

13. HÚNAVATNSSÝSLUPÓSTARNIR eru átta:

a. Hinn fyrsti fer frá *Staðarbakka*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá *Stað*, að *Hvammstanga*. Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara frá *Hvammstanga* að *Staðarbakka*.

b. Hinn annar fer frá *Lækjamóti* þegar eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, um *(Breiðabólstað)*, *(Vesturhópshóla)*, *(Osa)* og *(Vík)* að *Tjörn* á Vatnsnesi. Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara sömu leið að *Lækjamóti*.

c. Þriðji fer frá *Sveinsstöðum*, eptir komu aðalpóstsins þangað að sunnan, að *Asi* í Vatnsdal, og snýr þaðan aptur að *Sveinsstöðum*.

d. Hinn fjórði fer frá *Blönduósi*, eptir komu aðalpóstsins að sunnan, um *(Reyki)* og *Auðkúlu* að *Guðlaugsstöðum*. Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara frá *Auðkúlu* til *Blönduóss*.

e. Hinn fimti fer frá *Blönduósi*, eptir komu aðalpóstsins þangað á norðurleið, um *Hólanes* og *Hof* að *Kálfshamarsvík* og fer aptur sömu leið að *Blönduósi*.

f. Hinn sjötti fer frá *Bólstaðarhlíð*, þegar eptir komu norðanpóstsins þangað á norðurleið, að *Bergsstöðum* og snýr þaðan sömu leið til baka.

g. Sjöundi fer frá *Núpsdalstungu* að *Stað*, svo tímanlega, að hann nái þar aðalpóstum og snýr aptur sömu leið að *Núpsdalstungu*.

h. Áttundi fer frá *Holtastöðum* að *Refsstöðum*, eptir komu aðalpóstsins á norðurleið, og snýr aptur sömu leið að *Holtastöðum*.

14. SKAGAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru sjö:

a. Hinn fyrsti fer frá *Víðimýri*, eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, um *Mælifell* að *Goddölum* og sömu leið aptur að *Víðimýri*.

b. Annar fer frá *Víðimýri* þegar eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, um *Reynistað*, *Sauðárkrók*, *Garð*, *Lón*, *Kólkuós*, *Hofsós*, (Fell), *Haganesvík* og *(Hraun)* til *Siglufjarðar*, og snýr aptur sömu leið eptir 24 stunda dvöl þar í 1.—5. og 13.—15. ferð, en eptir 12 stunda dvöl í 6.—12. ferð.

c. Hinn þriðji fer frá *Sauðárkróki*, eptir komu Siglufjarðarpóstsins frá *Víðimýri*, um *(Veðramót)*, *Hvamm* í Laxárdal að *Selnesi*, og snýr aptur til *Sauðárkróks*.

d. Hinn fjórði fer frá *Lóni*, eptir komu Siglufjarðarpóstsins þangað frá *Víðimýri*, um *Viðvík* að *Hólum* og snýr þaðan aptur að *Lóni*.

e. Hinn fimmti fer frá *Sauðárkróki* svo tímanlega, að hann sje kominn að *Víðimýri* áður en norðanpóstur fer suður um. Eptir komu hans frá Akureyri snýr hann aptur sömu leið til *Sauðárkróks* og kemur við á *Reynistað* í báðum leiðum.

f. Hinn sjötti fer frá *Miklabæ* í Blönduhlíð í 1.—5. og 13.—15. ferð, eptir komu aðalpóstsins á suðurleið, um *Frostastaði* og *Lón* til *Hóla*, og snýr hann aptur sömu leið til *Miklabæjar*. Í 6.—12. ferð fer póstur þessi eptir komu aðalpósts á norðurleið um *Frostastaði* að *Lóni* og sömu leið til baka til *Miklabæjar*.

g. Sjöundi fer frá *Sauðárkróki* til *Víðimýrar* áður en pósturinn frá Stað fer norður um í 1.—5. og 14.—15. ferð, og snýr sömu leið til baka aptur.

123 15. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru fimm:
9. okt.
a. Hinn fyrsti fer frá *Akureyri* eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað í 1.—7. og 12.—15. ferð, um *Möðruvelli*, *(Stærra-Árskóg)*, *Hjalteyri*, *Dalvík*, *Kvíabekk* í Ólafsfirði og *Haganesvík* í Fljótum til *Siglufjarðar* og snýr aptur þaðan sömu leið til *Akureyrar*. I 8.—11. póstferð fer póstur þessi aðeins að *Möðruvöllum*.
b. Annar fer frá *Akureyri*, eptir komu norðanpósts þangað frá Stað, um *(Kropp)* og *(Grund)* að *Saurbæ* í Eyjafirði og fer um *(Munkapverá)* og *(Þverá)* aptur til *Akureyrar*.
c. Hinn þriðji fer frá *Akureyri* eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, um *Garð* að *Grenivík* og þaðan aptur um Laufás til *Akureyrar*.
d. Fjórði fer frá *Dalvík*, eptir komu Siglufjarðarpósts, um *Velli*, *Syðra-Hvarf*, *Tjörn* og *Mela* og snýr aptur sömu leið að *Dalvík*.
e. Fimmti fer frá *Möðruvöllum*, eptir komu fyrsta aukapósts frá Akureyri, um *(Þúfnavelli)* að *(Myrká)* og fer í bakaleið um *Bægisá* aptur til *Möðruvalla*.

16. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru níu:
a. Hinn fyrsti fer frá *Ljósavatni*, eptir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá *Akureyri*, fram Bárðardal austan fljóts, að *Lundarbrekku* og þaðan út dalinn aptur að vestan að *Ljósavatni*.
b. Annar fer frá *Grenjaðarstað* eptir komu aðalpóstsins frá *Akureyri*, um *Halldórsstaði* (Þverá) og (Ljótsstaði) að *Skútustöðum* og þaðan aptur að *Grenjaðarstað*.
c. Hinn þriðji fer frá *Húsavík* að *Grenjaðarstað* fyrir komu Seyðisfjarðarpósts þangað á austurleið. Eptir komu hans frá Akureyri fer hann um *Húsavík*, að *Víkingavatni*, og snýr aptur sömu leið að *Grenjaðarstað* og skal hann ná Seyðisfjarðarpóstinum á leið til *Akureyrar*.
d. Hinn fjórði fer frá *Vopnafirði* tveim dögum áður en Seyðisfjarðarpósturinn á að fara frá *Akureyri*, um *Bakka*, *Þórshöfn*, *Svalbarð* og *Skinnastað* til *Víkingavatns* og mætir þar Grenjaðarstaðarpósti.
e. Hinn fimmti fer frá *Raufarhöfn* um *(Grjótnes)*, *Kópasker*, *Presthóla*, *(Ærlækjarsel)* að *Víkingavatni* svo tímanlega, að hann verði þangað kominn fyrir komu aukapóstsins frá *Grenjaðarstað* og *Vopnafirði*, og snýr aptur til *Raufarhafnar* þegar eptir komu umgetinna aukapósta að *Víkingavatni*.
f. Sjötti fer frá Garði eptir komu Grenivíkurpósts frá Akureyri að *Brettingsstöðum*, og snýr þaðan aptur að *Hálsi* í Fnjóskadal.
g. Hinn sjöundi fer frá *Ljósavatni*, eptir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá *Akureyri*, að *Þóroddsstað* í Kinn, og snýr þaðan aptur sömu leið til baka.
h. Áttundi fer frá *Hálsi*, eptir komu aðalpósts þangað frá Akureyri, að *Illugastöðum* og sömu leið til baka aptur.
i. Níundi fer frá *Þórshöfn* eptir komu fjórða aukapósts þangað frá Víkingavatni, um *Sauðanes*, að *Heiði* og snýr sömu leið til baka.

17. MÚLASÝSLUPOSTARNIR eru sjö:
a. Fyrsti fer milli *Seyðisfjarðar* og *Vopnafjarðar*. Hann fer frá *Seyðisfirði* sama daginn og Eskifjarðarpósturinn á að koma til *Egilsstaða* á austurleið, um *Egilsstaði*, *Hjaltastað*, *Kirkjubæ* í Hróarstungu, *Sleðbrjót*, *(Torfastaði)* á *Vopnafjörð* og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl sömu leið á *Seyðisfjörð*.
b. Annar fer frá *Seyðisfirði*, eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, í 1.—4. og 13.—15. ferð, um *Stakkahlíð*, *(Nes)* og *(Dalland)* að *Bakkagerði* í Borgarfirði og sömu leið aptur til *Seyðisfjarðar*.
c. Þriðji fer frá *Hjaltastað*, eptir komu Vopnafjarðarpósts þangað frá *Seyðisfirði*, um *(Sandbrekku)*, *Unaós* og *Njarðvík* til *Borgarfjarðar* og snýr aptur sömu leið.
d. Fjórði fer frá *Egilsstöðum*, þegar eptir komu aðalpóstanna á austurleið, um (Vallanes), (Hallormsstað) að *Valþjófsstað*, og þaðan aptur vestan Lagarfljóts um (As í Fellum) að *Egilsstöðum*.
e. Fimmti fer frá *Skjöldólfsstöðum*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að *Eiríksstöðum* á Jökuldal og sömu leið aptur að *Skjöldólfsstöðum*.

f. Sjötti fer frá *Höskuldsstöðum*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Borgum í 1.—4. og 13.—15. ferð, um *Breiddalsvík, Stöðvarfjörð, Fáskrúðsfjörð* og *Reyðarfjörð* að *Eskifirði*, og sömu leið aptur að *Höskuldsstöðum*. Í þeim ferðum strandbátsins, þegar hann kemur ekki við á *Stöðvarfirði*, skal senda með póstflutningfrá *Breiddalsvík*, eptir komu hans þangað frá *Reykjavík* til *Stöðvarfjarðar*, ef eigi fæst skipaferð. **123** 9. okt.

g. Sjöundi fer sömuleiðis frá *Eskifirði*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá *Hólum*, í 1.—4. og 13.—15. ferð, um *Norðfjörð, Mjóafjörð* og *(Fjörð)* til Seyðisfjarðar og snýr þaðan aptur á *Eskifjörð*.

18. SKAPTAFELLSSÝSLUPÓSTURINN fer frá *Prestsbakka*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá *Odda*, að *Borgarfelli* í Skaptártungu og snýr þaðan aptur sömu leið að *Prestbakka*.

19. RANGARVALLASÝSLUPÓSTARNIR eru fimm:

a. Hinn fyrsti fer frá *Þjórsárbrú*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá *Reykjavík*, um *(Herru)* og *(Haga)* að *Fellsmúla* á Landi, og snýr þaðan aptur að *Þjórsárbrú*.

b. Annar fer sömuleiðis frá *Þjórsárbrú*, jafnsnemma hinum fyrnefnda, um *(Háf* í Hálshverfi) að *Nýjabæ* í Þykkvabæ og snýr aptur sömu leið að *Þjórsárbrú*.

c. Hinn þriðji fer frá *Odda*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um *(Stórólfshvol)* að *Teigi* í Fljótshlíð, og þaðan aptur sömu leið að *Odda*.

d. Fjórði fer frá *Odda* að *Hrauk* í Landeyjum, daginn eptir komu aðalpóstanna, og snýr þegar aptur að *Odda*.

e. Fimti fer frá *Odda* um *(Kirkjubæ)*, *(Reyðarvatn)*, að *(Keldum)* daginn eptir komu aðalpósta og fer aptur um Kirkjubæ að *Odda*.

20. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru níu:

a. Hinn fyrsti fer frá *Kotströnd*, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um *Villingavatn* að *Þingvöllum*, og snýr þaðan aptur að *Kotströnd*.

b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um *Arnarbæli* í Grímsnesi, *Brjánsstaði, Mosfell* og *Torfastaði*, að (Brekku) og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.

c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um *(Olafsvelli)* og *Reyki* á Skeiðum að *Stóranúpi* og þaðan aptur að *Hraungerði*.

d. Hinn fjórði fer frá *Reykjum*, eptir komu Hraungerðispósts þangað, um *(Birtingaholt)* að *Hruna* og heldur sömu leið til baka aptur.

e. Hinn fimti fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um *Hróarsholt* að *Gaulverjabæ*, og snýr þaðan aptur um *Villingaholt* að *Hraungerði*.

f. Sjötti fer frá *Mosfelli*, eptir komu annars aukapósts, að *Laugardalshólum*, og snýr aptur sömu leið.

g. Sjöundi fer frá *Torfastöðum*, eptir komu annars aukapósts þangað, að (Króki), og snýr þegar aptur að *Torfastöðum*.

h. Attundi fer frá *Selfossi*, eptir komu aðalpósts þangað frá Reykjavík, um *Stokkseyri* og *(Stóra-Hraun)* til *Eyrarbakka* og kemur við í *(Kaldaðarnesi)* á leið sinni, er því verður við komið.

i. Níundi fer frá *Eyrarbakka* um *(Stóra-Hraun)* og *Stokkseyri* til *Selfoss*, svo tímanlega, að hann nái þar aðalpósti á bakaleið.

Fardagar póstanna frá endastöðvum póstleiðanna er fast ákveðinn þá daga, sem hér eru nefndir, þannig, að við böggul- og peninga-sendingum er ekki tekið lengur en til kl. 7 síðd. daginn áður.

I stjórnarráði Íslands, 9. október 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

124

Skýrsla

um

skifti á búi amtsráðs Vesturamtsins.

Tekjur:

1.	Tekjuafgangur samkvæmt jafnaðarsjóðsreikningnum 1907 . .			kr.	1583 15
2.	— — búnaðarsjóðsreikningnum 1907 . .			—	10100 13
3.	— — búnaðarskólasjóðsreikningnum 1907 .			—	11107 47
4.	Uppboðsandvirði seldra bóka m. m.			—	449 05
5.	Verð fyrir part í smásjá, er seld var stjórnarráðinu			—	120 00
6.	Vextir:				
	a. af viðskiftabók jafnaðarsjóðs við Landsbankann	kr.	0 90		
	b. af viðskiftabók búnaðarsjóðs við Landsbankann	—	144 89		
	c. af viðskiftabók búnaðarskólasjóðs við Landsbankann	—	373 81		
	d. af skuldabrjefi Indriða Indriðasonar, dagvextir	—	5 33		
	e. endurgreitt af Landsbankanum	—	220 80		
				—	745 73
				kr.	24105 53

Gjöld:

1.	Innleyst skuldabrjef amtsráðsins $^{14}/_{11}$ 1896 . .		kr. 5400 00		
2.	— — — $^{30}/_{7}$ 1900 . .		— 1500 00		
3.	Ómakslaun forseta við skiftin		— 300 00		
4.	Flutningur á bókum Ólafsdalsskóla		— 42 40		
5.	Uppboðskostnaður:				
	a. húsaleiga	kr. 25 00			
	b. aðstoð	— 15 00			
	c. uppboðshaldið	— 33 76			
			— 73 76		
				—	7316 16
			Afgangur	kr.	16789 37

stendur á eftirfarandi stöðum:

Í viðskiftabók búnaðarskólasjóðs við Landsbankann	kr.	11757 60
Flyt . . .	kr.	11757 60

Fluttar . . .	kr.	11757 60	
Í viðskiftabók búnaðarsjóðs við Landsbankann	—	4348 30	
Ógoldið jafnaðarsjóðsgjald Strandasýslu 1907 .	—	217 18	
Innstæða hjá bæjarfógetanum í Reykjavík . .	—	449 05	
Peningar	—	17 24	
			kr. 16789 37

124

Samkvæmt 14. lið fundargjörða amtsráðs Vesturamtsins 1907, Stjórnartíðindi 1907 B. bls. 146, ber að skifta afgangi eignaupphæðar ráðsins milli sýslnanna eftir meðaltali fasteignar- og lausafjárhundraða og verkfærra manna í sýslufjelagi hverju árin 1902—1906.

Þetta árabil var fasteignarhundraðatala og lausafjár annars vegar og verkfærra manna tala hins vegar í sýslum hins forna amts á þessa leið:

Strandasýsla.

Ár	Fasteignarhundruð	Lausafjárhundruð	Verkfærir menn
1902	1554,2	1076,0	305
1903	1554,2	1196,5	313
1904	1554,2	1147,0	305
1905	1554,2	1109,0	315
1906	1554,2	1170,0	286
5)	7771,0	5698,5	1524
	1554,2	1139,7	304,8

Norðurísafjarðarsýsla.

Ár	Fasteignarhundruð	Lausafjár hundruð	Verkfærir menn
1902	2016,0	1733,5	670
1903	2016,0	1868,5	683
1904	2016,0	1919,5	695
1905	2016,0	1616,0	705
1906	2016,0	1528,0	716
5)	10080,0	8665,5	3469
	2016,0	1733,1	693,8

Vesturísafjarðarsýsla.

Ár	Fasteignarhundrað	Lausafjárhundruð	Verkfærir menn
1902	1752,7	1093,0	461
1903	1752,7	1177,0	471
1904	1752,7	1156,5	463
1905	1748,3	1152,0	457
1906	1748,3	1185,5	454
5)	8754,7	5764,0	2306
	1750,9	1152,8	461,2

Vesturbarðastrandarsýsla.

Ar	Fasteignarhundruð	Lausafjárhundruð	Verkfærir menn
1902	1678,3	977,5	388
1903	1678,3	1035,0	422
1904	1678,3	1106,0	420
1905	1678,3	1158,5	442
1906	1678,3	1196,5	466
5)	8391,5	5473,5	2138
	1678,3	1094,7	427,6

124

Austurbarðastrandarsýsla.

Ár	Fasteignarhundruð	Lausafjárhundruð	Verkfærir menn
1902	2198,9	516,0	192
1903	2198,9	537,0	190
1904	2198,9	533,5	179
1905	2198,9	564,5	174
1906	2198,9	645,0	171
5)	10994,5	2796,0	906
	2198,9	559,2	181,2

Dalasýsla.

Ár	Fasteignarhundruð	Lausafjárhundruð	Verkfærir menn
1902	3692,6	1501,5	400
1903	3692,6	1609,5	383
1904	3692,6	1636,0	395
1905	3692,6	1883.5	394
1906	3692,6	2170,0	394
5)	18463,0	8800,5	1966
	3692,6	1760,1	393,2

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Ár	Fasteignarhundruð	Lausafjárhundruð	Verkfærir menn
1902	4261,7	1528,5	629
1903	4261,7	1589,5	634
1904	4261,7	1682,5	639
1905	4261,7	1909,0	644
1906	4261,7	2163,5	648
5)	21308,5	8873,0	3194
	4261,7	1774,6	638,8

Mýrasýsla.

Ár	Fasteignarhundruð	Lausafjárhundruð	Verkfærir menn
1902	3286,2	1715,5	354
1903	3286,2	1699,5	330
1904	3286,2	1727,5	322
1905	3286,2	1932,5	306
1906	3286,2	2206,0	328
5)	16431,0	9281,0	1640
	3286,2	1856,2	328

Meðaltala

fasteignar- og lausafjárhundraða og verkfærra manna í sýslufjelögum Vesturamtsins 1902—1906.

	Fasteignarhundruð	Lausafjárhundruð	Samtals hundruð	Verkfærir menn
Strandasýsla	1554,2	1139,7	2693,9	304,8
Norðurísafjarðarsýsla	2016,0	1733,1	3749,1	693,8
Vesturísafjarðarsýsla	1750,9	1152,8	2903,7	461,2
Vesturbarðastrandarsýsla	1678,3	1094,7	2773,0	427,6
Austurbarðastrandarsýsla	2198,9	559,2	2758,1	181,2
Dalasýsla	3692,6	1760,1	5452.7	393,2
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla . .	4261,7	1774,6	6036,3	638,8
Mýrasýsla	3286,2	1856,2	5142,4	328,0
Samtals . . .	20438,8	11070,4	31509,2	3428,6

124

	kr.	a.
Tekjuafgangurinn	16789	37

skiftist þannig milli sýslnanna:

	A fasteignar- og lausafjárhundruð		Á verkfæra menn		Alls			
	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.		
Strandasýsla	956	95	497	52	1454	47		
Norðurísafjarðarsýsla	1331	78	1132	48	2464	26		
Vesturísafjarðarsýsla	1031	47	752	81	1784	28		
Vesturbarðastrandarsýsla . . .	985	04	697	97	1683	01		
Austurbarðastrandarsýsla . . .	979	75	295	77	1275	52		
Dalasýsla	1936	95	641	82	2578	77		
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	2144	26	1042	70	3186	96		
Mýrasýsla	1826	71	535	39	2362	10	16789	37
Alls . . .	11192	91	5596	46				

Fyrir hönd hins fyrverandi amtsráðs Vesturamtsins.

Reykjavík, 30. sept. 1908.

Lárus H. Bjarnason.

Reikningur

125

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1907.

Tekjur:

1. Jafnaðarsjóðsgjald 1907	kr.	4000	00
2. Lán tekið á árinu	—	1000	00
3. Af styrk til Hólaskóla	—	641	32
	kr.	5641	32

125 Gjöld:

1.	Skuld frá f. á.	kr.	96 41
2.	Kostnaður við amtsráðið	—	670 00
3.	Til kvennaskóla Eyfirðinga	—	600 00
4.	— — á Blönduósi	—	400 09
5.	Tillag til Búnaðarfjelags Íslands	—	400 00
6.	Til sýslubókasafna	—	200 00
7.	Borgað lán og vextir til búnaðarsjóðs	—	2592 22
8.	Ýmisleg gjöld	—	55 90
9.	Endurgreitt jafnaðarsjóðsgjald	—	626 79
		kr.	5641 32

Forseti amtsráðs Norðuramtsins, 27. ágúst 1908.

Guðl. Guðmundsson.

126

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins 1907.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins frá f. á.:				
	a. Í skuldabrjefum	kr.	2700 00		
	b. Í sparisjóði	—	2 36		
	c. I peningum	—	108 00		
				kr.	2810 36
2.	Vextir 1907 af verðbrjefum			—	108 00
				kr.	2918 36

Gjöld:

1.	Styrkur veittur á árinu:				
	a. 2 nemendum gagnfræðaskóla Akureyrar	kr.	54 00		
	b. 2 námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirðinga	—	54 00		
				kr.	108 00
2.	Eftirstöðvar til næsta árs:				
	a. Í veðskuldabrjefum	kr.	2700 00		
	b. Í sparisjóði	—	2 36		
	c. Í peningum	—	102 00		
	d. Ógreiddir vextir	—	6 00		
				—	2810 36
				kr.	2918 36

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 31. desbr. 1907.

Guðl. Guðmundsson.

Reikningur 127

yfir tekjur og gjöld þúsund ára afmælissjóðs Eyjafjarðarsýslu árið 1907.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins frá f. á.:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	1200 00		
b. Sparisjóðsinnstæða	—	227 75		
			kr.	1127 75
2. Vextir 1907:				
a. Af veðskuldabrjefum	kr.	48 00		
b. Af sparisjóðsinnstæðu	—	9 19		
			—	57 19
			kr.	1484 94

Gjöld:

1. Eign sjóðsins 31. des. 1907:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	1200 00		
b. Sparisjóðsinnstæða	—	284 94		
			kr.	1484 94
			kr.	1484 94

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 31. desbr. 1907.

Guðl. Guðmundsson.

Reikningur 128

yfir tekjur og gjöld legatssjóð Jóns Sigurðssonar 1907.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá f. á.:				
a. Fasteign	kr.	12490 00		
b. Veðskuldabrjef.	—	31020 46		
c. Sparisjóðsinnstæða	—	2239 35		
			kr.	45749 81
2. Vextir 1907:				
a. Af veðskuldabrjefum	kr.	1236 51		
b. Af sparisjóðsfje	—	89 04		
			—	1325 55
		Flyt . . .	kr.	47075 36

128

	Fluttar . . .		kr.	47075 36
3. Afgjald af jörðum 1907:				
a. Landskuld 1195$^1/_5$ ál. 0,57	kr.	681 44		
b. Leigur 415 ál. 0,57	—	236 55		
c. Lóðargjöld	—	15 00		
			—	932 99
4. Endurborguð lán			—	518 07
			kr.	48526 42

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu			kr.	25 00
2. Umboðslaun af jarðargjöldum			—	155 50
3. Vextir af Kristnessláni 1906 og 1907			—	64 00
4. Ýmisleg gjöld			—	15 73
5. Eign sjóðsins 31. desbr. 1907:				
a. Fasteignir	kr.	12490 00		
b. Veðskuldabrjef	—	30502 39		
c. Sparisjóðsinnstæða	—	2290 57		
d. Peningar í sjóði	—	2465 16		
			—	47748 12
6. Til jafnaðar við tekjulið 5			—	518 07
			kr.	48526 42

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 31. desbr. 1907.

Guðl. Guðmundsson.

129

Reikningur

yfir tekjur og gjöld »Bókasafns Norðuramtsins« á Akureyri árið 1907.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.			kr.	64 49
2. Styrkur til bókasafnsins:				
a. Úr landsjóði	kr.	500 00		
b. Úr bæjarsjóði Akureyrar	—	500 00		
			—	1000 00
		Flyt . . .	kr.	1064 49

	Fluttar . . .		kr.	1064 49
3. Styrkur til lestrarsalsins:				
a. Úr landsjóði	kr.	150 00		
b. Úr bæjarsjóði	—	150 00		
c. Úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu . . .	—	100 00		
			—	400 00
4. Tekjur sýslubókasafns Eyjafjarðarsýslu			—	300 00
5. Leiga af stofu í ráðhúsinu			—	24 00
6. Skuld við gjaldkera			—	308 04
			kr.	2096 53

Gjöld:

1. Laun bókavarðar 1907	kr.	400 00
2. Húsaleiga 1907	—	350 00
3. Ábyrgðargjald fyrir safnið	—	67 50
4. Keyptar bækur og áhöld	—	746 12
5. Borgað bókband	—	335 90
6. Eldiviður, ljós og ræsting	—	171 61
7. Ýmisleg gjöld	—	25 40
	kr.	2096 53

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 31. janúar 1908.

Guðl. Guðmundsson.

Reikningur 130

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu árið 1907.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun:				
Í Söfnunarsjóði			kr.	3100 12
2. Tekjur á árinu 1907:				
a. Leigur af Bjarteyjarsandi 1907 40 pd. smjörs á 0,65	kr.	26 00		
b. Landsskuld af sömu jörðu 1906/07 .	—	25 00		
c. Vextir í Söfnunarsjóði	—	120 29		
			—	171 29
			kr.	3271 41

130 Gjöld:

1. Úthlutað á árinu 1907:

Ekkju Guðríði Hákonardóttur	kr.	25 00	
— Vilborgu Oddsdóttur	—	25 00	
— Sigríði Sigurðardóttur	—	50 00	
		kr.	100 00

2. Sjóður við árslok:

Í Söfnunarsjóði	—	3171 41
	kr.	3271 41

Í stjórn Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu,
Skipaskaga 27. ágúst 1908.

Sigurður Þórðarson. Jón Sveinsson. Jóhann Björnsson.
Oddg. Ottesen. Böðvar Þorvaldsson.

Styrkur úr landsjóði.

14. gr. A. b. 2.

26. septbr. veitti stjórnarráðið af bráðabirgðaruppbót þeirri, sem veitt er með 14. gr. A. b. 2. fjárlaganna, eftirnefndum prestaköllum þessar upphæðir:

1.	Hólmum í Reyðarfirði	kr.	300 00
2.	Stöð í Stöðvarfirði	—	200 00
3.	Stafafelli í Lóni	—	250 00
4.	Bjarnanesi	—	150 00
5.	Kálfafellsstað	—	350 00
6.	Stóra Núpi	—	250 00
7.	Ólafsvöllum á Skeiðum	—	350 00
8.	Torfastöðum í Biskupstungum	—	350 00
9.	Selvogsþingum	—	200 00
10.	Stað í Grindavík	—	150 00
11.	Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd	—	150 00
12.	Mosfell í Mosfellssveit	—	100 00
13.	Hestþingum í Borgarfirði	—	100 00
14.	Lundi í Lundarreykjadal	—	200 00
15.	Hvammi í Norðurárdal	—	150 00
16.	Miklaholti í Miklaholtshreppi	—	100 00
17.	Hjarðarholti í Laxárdal	—	100 00
	Flyt . . .	kr.	3450 00

	Fluttar . . .	kr.	3450 00
18.	Söndum í Dýrafirði...	—	100 00
19.	Dýrafjarðarþingum	—	100 00
20.	Reynistað í Skagafirði	—	300 00
21.	Tjörn í Svarfaðardal	—	200 00
22.	Bægisá	—	200 00
23.	Möðruvöllum í Hörgárdal	—	150 00
24.	Saurbæ í Eyjafirði	—	150 00
25.	Presthólum	—	150 00
26.	Svalbarði í Þistilfirði	—	200 00
		kr.	5000 00

14. gr. B. VII. b. 1.

5. oktbr. skifti stjórnarráðið styrk þeim, sem veittur er fyrir árið 1908 **með fjárlaganna** 14. gr. B. VII. b. 1. til barnaskóla, milli eftirnefndra barnaskóla svo sem hjer **segir:**

1.	Skólinn á Eystri Sólheimum	kr.	180 00
2.	— á Deildará	—	210 00
3.	— í Reynishverfi	—	220 00
4.	— í Vík	—	203 00
5.	— í Vestmanneyjum	—	430 00
6.	— á Stokkseyri	—	250 00
7.	— á Eyrarbakka	—	390 00
8.	— í Grindavík	—	175 00
9.	— í Höfnum	—	175 00
10.	— á Miðnesi	—	290 00
11.	— á Útskálum	—	260 00
12.	— í Keflavík	—	300 00
13.	— í Njarðvík	—	100 00
14.	— í Suðurkoti	—	251 00
15.	— í Norðurkoti		
16.	— í Hafnarfirði	—	700 00
17.	— í Bessastaðahreppi	—	250 00
18.	— á Seltjarnarnesi	—	300 00
19.	— Skipaskaga	—	410 00
20.	— í Ólafsvík	—	400 00
21.	— á Hellissandi	—	280 00
22.	— í Stykkishólmi	—	320 00
23.	— á Geirseyri	—	270 00
24.	— á Bíldudal	—	270 00
25.	— á Þingeyri	—	250 00
	Flyt . . .	kr.	6884 00

	Fluttar . . .	kr.	6884 00
26.	Skólinn á Núpi	—	190 00
27.	— á Flateyri	—	190 00
28.	— í Bolungarvík	—	345 00
29.	— í Hnífsdal	—	280 00
30.	— í Súðavíkurhreppi	—	200 00
31.	— á Látrum	—	240 00
32.	— á Hesteyri	—	200 00
33.	— á Sauðárkróki	—	250 00
34.	— í Óslandshlíð	—	150 00
35.	— í Ólafsfirði	—	280 00
36	— í Siglufirði	—	270 00
37.	— á Húsavík	—	390 00
38.	— í Vopnafirði	—	310 00
39.	— í Bakkagerði	—	250 00
40.	— í Brekkuþorpi	—	210 00
41.	— í Búðaþorpi	—	250 00
42.	— í Hrísey	—	150 00
43.	— í Grunnavík	—	246 00
44.	— í Flatey á Skjálfanda	—	150 00
45.	— á Blönduósi	—	100 00
46.	— í Litla Hvammi	—	145 00
47.	— á Eskifirði	—	320 00
		kr.	12000 00

14. gr. VII. b. 2.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909, 14. gr. B. V. VII. b. 2. var með brjefi stjórnarráðsins, dagsettu 4. nóvbr. 1908, veittur þessi styrkur sveitakennurum fyrir s. á.:

I. Norðurmúlasýsla.

1.	Guðrúnu Jörgensdóttur, Hofsprestakalli	60 kr.	
2.	Þórarni Stefánssyni, sama prestakalli	60 —	
3.	Jónínu Óladóttur, Hjaltastaðarsókn	65 —	
4.	Jóni G. Snædal, Valþjófsstaðarsókn	55 —	
5.	Kristjáni Benediktssyni, sömu sókn	35 —	
6.	Einari Hávarðssyni, sömu sókn	60 —	
7.	Runólfi Sigurðssyni, Hjaltastaðarsókn	60 —	
8.	Jens Guðmundssyni, Dvergasteinsprestakalli	40 —	
			435 kr.
		Flyt	435 kr.

Fluttar 435 kr.

II. Suðurmúlasýsla.

1.	Tryggva Ólafssyni, Vailahreppi	45 kr.	
2.	Birni Antonssyni, Skriðdalshreppi	40 —	
3.	Eiríki Bech, Reyðarfjarðarhreppi	45 —	
4.	Birni Daníelssyni, Stöðvarhreppi	35 —	
5.	Ófeigi Snjólfssyni, Heydalaprestakalli	75 —	
6.	Erlendi Einarssyni, Fáskrúðsfjarðarhreppi	25 —	
7.	Steini Jónssyni, Mjóafjarðarhreppi	45 —	
8.	Eyjólfi Ólafssyni, Fáskrúðsfjarðarhreppi	55 —	
9.	Halldóri Pálssyni, sama hreppi	35 —	
10.	Aðalheiði Gísladóttur, Geithellahreppi	60 —	
11.	Sigríði Sigfúsdóttur, Ássókn	60 —	
12.	Kristrúnu Jónsdóttur, Fáskrúðsfjarðarhreppi	35 —	
			555 kr.

III. Skaptafellssýsla.

1.	Sigurði Sigurðssyni, Kálfafellstaðarprestakalli	65 kr.	
2.	Jóni Jónssyni, Mýrahreppi	65 —	
3.	Jörundi Brynjólfssyni, Nesjahreppi	60 —	
4.	Sigurði Arngrímssyni, sama hreppi	45 —	
5.	Eyjólfi Eyjólfssyni, Langholtssókn	60 —	
6.	Stefáni Jónssyni, Bæjarhreppi	40 —	
7.	Sigurði Þorsteinssyni, Hofshreppi	70 —	
8.	Þorláki Vigfússyni, Hörgslandshreppi	80 —	
9.	Ólafi Eiríkssyni, Austureyjafjallahreppi	65 —	
10.	Vigfúsi Þórarinssyni, Mýrdalsþingaprestakalli	60 —	
11.	Jóhanni M. Oddsyni, Reynissókn	35 —	
			645 kr.

IV. Rangárvallasýsla.

1.	Guðrúnu Jónsdóttur, Skeiðahreppi	75 kr.	
2.	Guðjóni Sigurðssyni, Breiðabólsstaðarsókn	25 —	
3.	Nikulási Þórðarsyni, Hlíðarendasókn	45 —	
4.	Páli Sigurðssyni, Fljótshlíðarhreppi	35 —	
5.	Sæmundi Friðrikssyni, Oddaprestakalli	50 —	
6.	Kristmundi Jónssyni, Austurlandeyjahreppi	60 —	
7.	Elínu Hjartardóttur, Rangárvallahreppi	65 —	
8.	Sigurgeir Sigurðssyni, Holtahreppi	80 —	
9.	Jóhannesi Friðlaugssyni, Stórólfshvolshreppi	70 —	
10.	Guðnýju Jónsdóttur, Landmannahreppi	70 —	
11.	Birni Guðmundssyni, Ásahreppi	75 —	
12.	Þorsteini Þorsteinssyni, sama hreppi	75 —	
13.	Ólafi Ólafssyni, sama hreppi	40 —	
			765 kr.
		Flyt	2400 kr.

Fluttar 2400 kr.

V. Árnesssýsla.

1.	Jarþrúði Nikulásdóttur, Hrunamannahreppi	45 kr.	
2.	Gísla Guðmundssyni, sama hreppi	65 —	
3.	Sigríði Runólfsdóttur, ssma hreppi	60 —	
4.	Magnúsi Þórarinssyni, Gnúpverjahreppi	60 —	
5.	Margrjetu Eiríksdóttur, Hrepphólasókn	65 —	
6.	Guðrúnu Jónsdóttur, Skeiðahreppi	70 —	
7	Páli Bjarnasyni, Grímsneshreppi	65 —	
8.	Ívari Ívarssyni, Hraungerðishreppi	35 —	
9.	Þorsteini Finnbogasyni, Biskupstungnahreppi	65 —	
10.	Viktoríu Guðmundsdóttur, Bræðratungusókn	75 —	
11.	Friðriki Bjarnasyni, Gaulverjabæjarhreppi	75 —	
			680 kr.

VI. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1.	Jóni Leví Guðmundssyni, Leiru	30 kr.	
2.	Ólafi Guðmundssyni, Kjalarneshreppi	25 —	
3.	Ásmundi G. Þórðarsyni, Kjósarhreppi	60 —	
4.	Guðjóni Helgasyni, Lágafellssókn	30 —	
			145 kr.

VII. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1.	Halldóru Bergþórsdóttur, Borgarprestakalli	45 kr.	
2.	Jóhönnu Guðmundsdóttur, Hvammsprestakalli	70 —	
3.	Ingibjörgu Sigurðardóttur, Stafholtsprestakalli	45 —	
4.	Kristínu Ingileifsdóttur, Borgarhreppi	45 —	
5.	Lárusi Bjarnasyni, Hjarðarholtssókn	65 —	
6.	Ástríði Sigurðardóttur, Reykholtssókn	65 —	
7.	Guðríði Jónasdóttur, Borgarsókn	45 —	
			380 kr.

VIII. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1.	Guðrúnu Bjarnadóttur, Innra Neshreppi	55 kr.	
2.	Guðmundi Gíslasyni, Staðastaðarsókn	65 —	
3.	Klemens Samúelssyni, Skógarstrandarhreppi	60 —	
4.	Önnu Thorlacius, Stykkishólmshreppi	40 —	
5.	Helga Guðmundssyni, Breiðavíkurhreppi	65 —	
6.	Gísla Jónssyni, Miklaholtshreppi	80 —	
			365 kr.

Flyt 3970 kr.

Fluttar 3970 kr.

IX. Dalasýsla.

1.	Jóhönnu Jensdóttur, Hvammshreppi	60 kr.	
2.	Guðmundi Jónassyni, Laxárdalshreppi	60 —	
3.	Þorgilsi Friðrikssyni, Hvammssókn	45 —	
4.	Aðalsteini Brynjólfssyni, Staðarfellssókn	40 —	
5.	Elísabetu Ásmundsdóttur, Miðdalahreppi	60 —	
6.	Guðmundi Jónssyni, sama hreppi	70 —	
7.	Jóhannesi Ólafssyni, sama hreppi	65 —	
8.	Jóni J. Þorleifssyni, Hjarðarholtsprestakalli	45 —	
9.	Ólafi Ó. Skagfjörð, Staðarhólssókn	40 —	
			485 kr.

X. Barðastrandarsýsla.

1.	Steinunni Kristjánsdóttur, Reykhólahreppi	55 —	
2.	Pjetri Guðmundssyni, Tálknafjarðarhreppi	40 —	
3.	Sigurgarði Sturlusyni, sama hreppi	35 —	
4.	Þórði Thorlacius, Sauðlauksdalsprestakalli	50 —	
5.	Pjetri Jónssyni, Saurbæjarsókn	30 —	
6.	Hirti Clausen, Stóru-Laugardalssókn	25 —	
7.	Ólafi Jónssyni, Rauðasandshreppi	55 —	
8.	Kristmundi S. Guðmundssyni, Barðastrandarhreppi	25 —	
9.	Andrjesi Sigurðssyni, Flateyjarhreppi	45 —	
10.	Guðmundi E. Geirdal, Garpsdalssókn	55 —	
11.	Gísla Gíslasyni, Saurbæjarsókn	50 —	
12.	Guðmundi Bjarnarsyni, Tálknafjarðarhreppi	45 —	
			510 kr.

XI. Ísafjarðarsýsla.

1.	Elísabetu Friðriksdóttur, Snæfjallahreppi	55 kr.	
2.	Ólafi Ólafssyni, Sandasókn	45 —	
3.	Guðnýju Jónsdóttur, Auðkúluhreppi	45 —	
4.	Olgeir Jóhannessyni, Mosvallahreppi	80 —	
5.	Sigrúnu Eiríksdóttur, Þingeyrarhreppi	65 —	
6.	Friðriki S. Hjartarsyni, Suðureyrarhreppi	50 —	
			340 kr.

XII. Strandasýsla.

1.	Elísabet Guðmundsdóttur, Árneshreppi	45 kr.	
2.	Kristmundi Jónssyni, Bæjarhreppi	70 —	
3.	Sigurjóni Jónssyni, Prestsbakkaprestakalli	55 —	
4.	Ingibjörgu Finnsdóttur, sama prestakalli	45 —	
5.	Oddnýju Finnsdóttur, sama prestakalli	50 —	
6.	Elínborgu Guðmundsdóttur, sama prestakalli	40 —	
	Flyt	305 kr.	5305 kr.

	Fluttar	305 kr.	5305 kr.
7.	Guðjóni Kristmundssyni, Staðarprestakalli	25 —	
8.	Sigurði Sveinssyni, Kaldrananessókn	30 —	
			360 kr.

XIII. Húnavatnssýsla.

1.	Guðfinnu Stefánsdóttur, Efranúpssókn	30 kr.	
2.	Benedikt Fr. Magnússyni, Spákonufellssókn	60 —	
3.	Birni Sigurðssyni, Sveinsstaðahreppi	40 —	
4.	Sigríði Friðriksdóttur, Þorkelshólshreppi	40 —	
5.	Kristjáni Magnússyni, Undirfellssókn	60 —	
6.	Eggert Helgasyni, Melssókn	50 —	
7.	Magnúsi Magnússyni, Þverárhreppi	45 —	
8.	Elínborgu Björnsdóttur, Breiðabólsstaðarsókn	65 —	
9.	Konráði Sigurðssyni, Víðidalstungusókn	65 —	
10.	Birni Árnasyni, Höskuldsstaðasókn	30 —	
11.	Margrjetu Eiríksdóttur, Staðarbakkasókn	60 —	
12.	Jónasi Ólafssyni, Melstaðarprestakalli	60 —	
13.	Þorvaldi Guðmundssyni, Svínavatnshreppi	42 —	
14.	Frímanni Finnssyni, Hofssókn	48 —	
15.	Kristófer Kristóferssyni, Torfalækjarhreppi	30 —	
16.	Birni Hermanni Jónssyni, Víðidalstungusókn	45 —	
17.	Valdimar Fr. Baldvinssyni, Kirkjuhvammshreppi	25 —	
			795 kr.

XIV. Skagafjarðarsýsla.

1.	Ástvaldi Björnssyni, Hofssókn	25 kr.	
2.	Stefáni Þ. Björnssyni, Skarðshreppi	55 —	
3.	Sigurjóni Benjamínssyni, Viðvíkurprestakalli	30 —	
4.	Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, Svínavatnshreppi	40 —	
5.	Benedikt Þorkelssyni, Holtshreppi	45 —	
6.	Steingrími Stefánssyni, Miklabæjarsókn	50 —	
7.	Tómasi Jónssyni, Fellssókn	50 —	
8.	Ásgrími Einarssyni, Rípur og Fellssókn	30 —	
9.	Birni Jónssyni, Viðvíkurprestakalli	50 —	
10.	Benedikt Guðmundssyni, Barðssókn	60 —	
11.	Jóhanni Pjetri Pjeturssyni, Haganeshreppi	60 —	
12.	Konráði Arngrímssyni, Hofsstaðasókn	55 —	
13.	Jóni Kr. Árnasyni, Mælifellsprestakalli	45 —	
14.	Rannveigu Hansdóttur, Miklabæjarprestakalli	55 —	
15.	Bjarna Jóhannessyni, Lýtingsstaðahreppi	65 —	
16.	Þorsteini Jóhannssyni, Reynistaðarsókn	55 —	
17.	Guðrúnu Gunnarsdóttur, Skefilsstaðahreppi	50 —	
18.	Dýrólínu Jónsdóttur, Goðdalasókn	55 —	
	Flyt	875 kr.	6460 kr.

	Fluttar	875 kr.	6460 kr.
19.	Sveini Eiríkssyni, Silfrastaðasókn	55 —	
20.	Ingigerði Magnúsdóttur, Goðdalasókn	55 —	
21.	Jónínu Sigurðardóttur, Víðimýrarsókn	45 —	
22.	Jóhannesi Björnssyni, Hofsstaðasókn	40 —	
23.	Steini Stefánssyni, Viðvíkurprestakalli	65 —	
24.	Guðjóni J. Þórarinssyni, Hofssókn	60 —	
25.	Guðmundi Jónssyni, Viðvíkursókn	55 —	
26.	Eiríki Einarssyni, Hofs- og Fellssókn	45 —	
			1295 kr.

XV. Eyjafjarðarsýsla.

1.	Páli Arnasyni, Kvíabekkjarprestakalli	40 kr.	
2.	Sigurvini Edílonssyni, Arnarneshreppi	55 —	
3.	Þorsteini G. Sigurðssyni, Möðruvallasókn	60 —	
4.	Jóni Siggeirssyni, Munkaþverársókn	30 —	
5.	Sigrúnu Sigurhjartardóttur, Svarfaðardalshreppi	45 —	
6.	Hannesi Ó. Magnússyni, Möðruvallaklausturssókn	50 —	
7.	Valdimar Árnasyni, Saurbæjarhreppi	30 —	
8.	Jakob Jóhannessyni, sama hreppi	30 —	
9.	Guðmundi Bíldahl, Stærra Árskógarsókn	60 —	
10.	Helga Eiríkssyni, Öngulstaðahreppi	35 —	
11.	Guðrúnu Stefánsdóttur, Möðruvallaklausturssókn	40 —	
12.	Ólafi Tryggvasyni, Skriðuhreppi	25 —	
13.	Kristjáni Sigurðssyni, Möðruvallaprestakalli	35 —	
14.	Pálma J. Þórðarsyni, Möðruvallasókn	55 —	
15.	Þórhalli Ásgrímssyni, sömu sókn	15 —	
16.	Sigurjóni Rögnvaldssyni, Tjarnarprestakalli	60 —	
17.	Gísla Gestssyni, sama prestakalli	40 —	
18.	Baldvini Þorsteinssyni, Vallaprestakalli	40 —	
19.	Ólafi Þorsteinssyni, sama prestakalli	40 —	
20.	Magnúsi Jóhannssyni, sama prestakalli	20 —	
21.	Árna Jóhannssyni, Valla- og Tjarnarprestakalli	55 —	
22.	Jóni Kristjánssyni, Möðruvallaprestakalli	30 —	
23.	Stefáni Marzsyni, Möðruvallaprestakalli	40 —	
24.	Þórdísi Árnadóttur, Saurbæjarhreppi	55 —	
25.	Gísla Bjarnasyni, Möðruvallaklausturssókn	45 —	
26.	Valdimar Palssyni, Hólasókn	40 —	
27.	Pálma Gíslasyni, Glæsibæjarsókn	25 —	
28.	Halldóri Kr. Jónssyni, Grenivíkurprestakalli	55 —	
29.	Guðmundi Ólafssyni, sama prestakalli	50 —	
30.	Ólafi Jónssyni, sama prestakalli	40 —	
31.	Magnúsi Benediktssyni, Bægisár- og Svalbarðssókn	55 —	
32.	Guðmundi Benediktssyni, Möðruvallasókn	20 —	
33.	Kristjáni Sigurðssyn, Tjarnarprestakalli	30 —	
34.	Ingibjörgu R. Jóhannesardóttur, Lögmannshlíðarókn	40 —	
			1385 kr.
		Flyt	9140 kr.

Fluttar 9140 kr.

XVI. Þingeyjarsýsla.

1.	Svövu Þorleifsdóttur, Skinnastaðaprestakalli	55 kr.	
2.	Gunnari Jóhannssyni, Sauðanessókn	60 —	
3.	Elínu Sigurðardóttur, sömu sókn	45 —	
4.	Jóhanni Einarssyni, Grýtubakkahreppi	50 —	
5.	Þorsteini Jónssyni, Presthólahreppi	60 —	
6.	Sigríði Þorláksdóttur, Svalbarðshreppi	70 —	
7.	Guðnýju Jónsdóttur, Grenjaðarstaðar- og Húsavíkur prestakalli	45 —	
8.	Jóhannesi Árnasyni, Laufásprestakalli	25 —	
9.	Pjetri Jónssyni, Skútustaðahreppi	35 —	
10.	Páli Jóakimssyni, Grenjaðarstaðarprestakalli	60 —	
11.	Sigríði Sigurðardóttur, sama prestakalli	25 —	
13.	Konráði Vilhjálmssyni, í sama prestakalli	50 —	
13.	Ester Guðlaugsdóttur, Þóroddstaðarprestakalli	50 —	
14.	Birni Jóhannssyni, Laufássókn	15 —	
15.	Jóni Péturssyni, Skútustaðaprestakalli	25 —	
16.	Sigurði Tómassyni, Lundarbrekkusókn	60 —	
17.	Olgeir Benediktssyni, Ljósavatnssókn	55 —	
18.	Sigrúnu Guðnadóttur, Einarsstaðasókn	45 —	
19.	Hannesi Friðrikssyni, Draflastaðasókn	30 —	
			860 kr.
		Samtals	10000 kr.

14. gr. B. VII. c.

Með brjefi stjórnarráðsins, dagsettu 31. okt. 1908, var eftirneindum unglingaskólum styrkur sem hjer segir af fje því, sem ætlað er slíkum skólum í 14. gr. B. VII. c. fjárlaganna:

1.	Unglingaskólanum á Húsavík	kr.	400 00
2.	—— á Ljósavatni	—	250 00
3.	—— á Heydalsá	—	350 00
4.	—— á Ísafirði	—	500 00
5.	—— á Seyðisfirði	—	450 00
6.	—— á Núpi í Dýrafirði	—	450 00
7.	—— á Grund í Eyjafirði	—	475 00
		kr.	2875 00

16. gr. 5.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 16. gr. 5 var með brjefi stjórnarráðsins, dags. 23. oktbr. 1908, veittur þessi styrkur fyrir s. á. til búnaðarfjelaga.

I. Skaftafellssýsla.

		Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag Bæjarhrepps	412	80	86
2.	—— Skaftártunguhrepps	779	152	90
3.	—— Hvammshrepps	1801	353	48
4.	—— Dyrhólahrepps	1612	316	39
5.	—— Hörgslands- og Kirkjubæjarhr.	2201	431	99
6.	—— Álftavershrepps	172	33	76
7.	Framfarafjelag Leiðvallahrepps	795	156	04
8.	Búnaðarfjelag Nesjamanna	1182	231	99
	Samtals...	8954	1757	41

II. Rangárvallasýsla.

		Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag Merkurbæja	652	127	97
2.	—— Austureyjafjalla	1499	294	21
3.	—— Vesturlandeyja	405	79	49
4.	—— Fljótshlíðarhrepps	1660	325	81
5.	—— Holtamanna	1569	307	95
6.	—— Austurlandeyja	801	157	21
7.	—— Asólfsskála	421	82	63
8.	—— Hvolhrepps	535	105	00
9.	—— Rangvellinga	1141	223	95
10.	Framfarafjelag Landmannahrepps	1745	342	50
	Samtals...	10428	2046	72

III. Árnessýsla.

		Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag Skeiðahrepps	749	147	01
2.	—— Gnúpverjahrepps	1447	283	99
3.	—— Sandvíkurhrepps	736	144	45
4.	—— Eyrarbakkahrepps	1186	232	78
5.	—— Stokkseyrarhrepps	1656	325	03
6.	—— Grímsneshrepps	1793	351	92
7.	—— Biskupstungnahrepps	1471	288	72
8.	—— Villingaholtshrepps	658	129	15
9.	—— Ölfushrepps	397	77	92
10.	—— Hraungerðishrepps	1657	325	22
11.	—— Hrunamannahrepps	1294	253	97
	Flyt...	13044	2560	16

		Dagsverk	Kr.	a.
	Fluttar...	13044	2560	14
12.	Búnaðarfjelag Gaulverjabæjarhrepps	684	134	25
13.	—— Grafningshrepps.....	449	88	13
14.	—— Laugardalshrepps	550	107	95
15.	Jarðabótafjelag Ölfushrepps	1075	210	99
	Samtals...	15802	3101	48

IV. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

		Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag Seltjarnarneshrepps	425	83	41
2.	—— Mosfellinga	1042	204	51
3.	—— Kjalnesinga	1064	208	83
4.	—— Kjósarhrepps	915	179	59
5.	—— Vatnsleysustrandarhrepps.....	1184	232	38
6.	—— Garðahrepps	459	90	09
7.	Jarðabótafjelag Bessastaðahrepps	240	47	11
	Samtals...	5329	1045	92

V. Reykjavík.

	Dagsverk	Kr.	a.
Jarðræktarfjelag Reykjavíkur	2356	462	41

VI. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.

		Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag Leirár- og Melahrepps	453	88	91
2.	—— Hvalfjarðarstrandarhrepps	440	86	36
3.	—— Skorradalshrepps	460	90	29
4.	—— Andakílshrepps	492	96	57
5.	—— Skilmannahrepps	178	34	94
6.	—— Innra Akraneshrepps.....	296	58	10
7,	—— Reykdæla	1471	288	72
8.	—— Hálsahrepps	434	85	18
9.	—— Lundareykjadalshrepps	584	114	62
10.	—— Þverárhlíðarhrepps	367	72	03
11.	—— Stafholtstungnahrepps	756	148	38
12.	—— Álftaneshrepps	769	150	93
13.	—— Borgarhrepps	1095	214	92
14.	—— Norðurárdalshrepps	439	86	16
15.	—— Hvítársíðuhrepps	346	67	91
16.	—— Hraunhrepps	228	44	75
	Samtals...	8808	1728	77

VII. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Neshrepps innan Ennis	323	63	40
2.	——	Neshrepps utan Ennis	211	41	41
3.	——	Helgafellssveitar	416	81	65
4.	——	Skógarstrandarhrepps	521	102	26
5.	——	Eyrarsveitar	474	93	03
6.	——	Eyjahrepps	202	39	65
7.	——	Breiðavíkurhrepps	326	63	98
8.	——	Staðarsveitar	263	51	62
9.	——	Miklaholtshrepps	197	38	67
10.	——	Kolbeinsstaðahrepps	242	47	50
		Samtals...	3175	623	17

VIII. Dalasýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Laxárdalshrepps	621	121	88
2.	——	Miðdalshrepps	1662	326	20
3.	——	Fellsstrandarhrepps	332	65	16
4.	——	Hvammshrepps	526	103	24
5.	——	Haukadalshrepps	482	94	60
6.	——	Saurbæjarhrepps	349	68	50
7.	——	Hörðudalshrepps	897	176	06
		Samtals...	4869	955	64

IX. Barðastrandarsýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Ketildalahrepps	551	108	14
2.	——	Geiradalshrepps	464	91	07
3.	——	Suðurfjarðarhrepps	411	80	67
4.	——	Gufudalshrepps	256	50	25
5.	——	Reykhólahrepps	350	68	69
6.	Búnaðarfjelagið »Örlygur« í Rauðasands- og Patrekshreppum		714	140	14
		Samtals...	2746	538	96

X. Ísafjarðarsýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Eyrarhrepps	680	133	46
2.	——	Ögurhrepps	247	48	48
3.	——	Langstrendinga	1110	217	86
4.	——	Auðkúluhrepps	233	45	73
5.	——	Mosvallahrepps	310	60	84
6.	——	Mýrahrepps	307	60	26
7.	——	Þingeyrarhrepps	834	163	69
		Samtals...	3721	730	32

XI. Strandasýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Bæjarhrepps	1099	215	70
2.	——	Óspakseyrarhrepps	211	41	41
2.	——	Kirkjubóls- og Fellshreppa	622	122	08
4.	——	Hróffsbergshrepps	232	45	53
5.	——	Kaldrananeshrepps	178	34	94
		Samtals...	2342	459	66

XII. Húnavatnssýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Bólstaðarhlíðarhrepps	596	116	98
2.	——	Þverárhrepps	519	101	86
3.	——	Áshrepps	462	90	68
4.	——	Kirkjuhvammshrepps	400	78	51
5.	——	Sveinsstaðahrepps	835	163	89
6.	——	Engihlíðarhrepps	407	79	88
7.	——	Svínavatnshrepps	276	54	17
8.	——	Vindhælishrepps	830	162	90
9.	——	Fremri Torfustaðahrepps	468	91	85
10.	——	Ytri Torfustaðahrepps	453	88	91
11.	——	Þorkelshólshrepps	324	63	59
12.	——	Staðarhrepps	242	47	50
		Samtals...	5812	1140	72

XIII. Skagafjarðarsýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Akrahrepps	1431	280	86
2.	——	Fljótamanna	613	120	31
3.	——	Seiluhrepps	2106	413	35
4.	——	Hofshrepps	812	159	37
5.	——	Staðarhrepps	222	43	57
6.	——	Viðvíkurhrepps	1249	245	14
7.	——	Hólahrepps	709	139	16
8.	——	Lýtingsstaðahrepps	1939	380	57
9.	——	Sauðárhrepps	274	53	78
10.	——	Rípurhrepps	339	66	54
11.	Jarðabótafjelag	Óslandshlíðar	439	86	16
		Samtals...	10133	1988	81

XIV. Eyjafjarðarsýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Framfarafjelag	Öngulsstaðahrepps	1169	229	44
2.	——	Arnarnesshrepps	1135	222	77
		Flyt...	2304	452	21

			Dagsverk	Kr.	a.
		Fluttar...	2304	452	21
3.	Framfarafjelag	Hrafnagilshrepps	3004	589	60
4.	——	Öxndælinga	146	28	65
5.	——	Glæsibæjarhrepps	2218	435	33
6.	Búnaðarfjelag	Svarfdæla	2491	488	91
7.	——	Saurbæjarbrepps	1390	272	82
8.	——	Ólafsfjarðar og Þóroddsstaðahr.	514	100	88
		Samtals...	12067	2368	40

XV. Akureyri.

		Dagsverk	Kr.	a.
Jarðræktarfjelag	Akureyrar	2264	444	35

XVI. Þingeyjarsýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Hálshrepps.....	367	72	03
2.	——	Ljósavatnshrepps	687	134	84
3.	——	Svalbarðsstrandar	477	93	62
4.	——	Þórshafnar	374	73	40
5.	——	Axfirðinga og Núpsveitunga	306	60	06
6.	——	Bárðdœlahrepps.....	1080	211	97
7.	Framfarafjelag	Grýtubakkahrepps	754	147	99
8.	——	Flateyjarhrepps.....	411	80	67
9.	Jarðabótafjelag	Skútustaðahrepps.....	691	135	62
10.	——	Húsvíkinga	435	85	38
11.	——	Aðaldæla	1453	285	18
12.	——	Reykdæla	792	155	45
13.	——	Tjörnnesinga.....	503	98	72
14.	——	Suður-Fnjóskdæla.....	276	54	17
15.	Jarðræktarfjelagið »Ófeigur« í Reykjahverfi		1657	325	22
		Samtals...	10263	2014	32

XVII. Norðurmúlasýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Borgarfjarðar... ..—.....	148	29	05
2.	——	Vopnafjarðarhrepps	775	152	11
3.	——	Skeggjastaðahrepps	306	60	06
4.	——	Fellahrepps	862	169	19
5.	——	Fljótsdæla	312	61	24
6.	——	Tunguhrepps.....	168	32	97
7.	——	Hjaltastaðarhrepps	299	58	68
8.	——	Seyðisfjarðarhrepps	520	102	06
		Samtals...	3390	665	36

XVIII. Seyðisfjörður.

		Dagsverk	Kr.	a.
1.	Jarðræktarfjelag Seyðisfjarðar	475	93	23

XIX. Suðurmúlasýsla.

			Dagsverk	Kr.	a.
1.	Búnaðarfjelag	Geithellahrepps	572	112	27
2.	——	Breiðdæla	398	78	11
3.	——	Eiðaþinghár	497	97	55
4.	——	Fáskrúðsfjarðar	577	113	25
5.	——	Vallahrepps	875	171	74
6.	——	Skriðdæla	389	76	35
7.	——	Mjóafjarðar	635	124	63
8.	——	Stöðvarfjarðar	308	60	45
		Samtals...	4251	834	35

Alls 156 fjelög, dagsverkið á 19,627 a.

Embættaskipun, lausn og veiting m. m.

a. Lausn.

19. septbr. var biskupi yfir Íslandi, herra Hallgrími Sveinssyni, Komm. af Dbr. og Dbrm., allramildilegast veitt lausn í náð frá 1. oktbr. að telja, með eftirlaunum eftir eftirlaunalögunum.

b. Veiting.

10. ágúst var læknaskólakandídat Sigurmundur Sigurðsson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Reykdælahjeraði.

10. septbr. var annar kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, Stefán Stefánsson, allramildilegast skipaður forstöðumaður skólans.

19. s. m. var forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík, prófessor Þórhallur Bjarnarson, R. af Dbr. og Dbrm., allramildilegast skipaður biskup yfir Íslandi.

26. s. m. skipaði ráðherrann fyrv. gagnfræðaskólakennara Halldór Briem síðari aðstoðarbókavörð við Landsbókasafnið.

30. s. m. setti ráðherrann fyrra kennara við prestaskólann Jón Helgason, R. af Dbr., til þess fyrst um sinn frá 1. oktbr. að gegna forstöðumannsembætti við skólann.

S. d. setti ráðherrann cand. theol. Harald Níelsson til þess fyrst um sinn frá 1. oktbr. að telja að gegna fyrra kennaraembættinu við prestaskólann.

30. septbr. setti ráðherrann hjeraðslækni í Fljótsdalshjeraði Jónas Kristjánsson til þess fyrst um sinn frá 1. oktbr. að telja að gegna hjeraðslæknisembættinu í Hróarstunguhjeraði ásamt sínu eigin embætti.

6. oktbr. setti ráðherrann cand. mag. Þorkel Þorkelsson til þess fyrst um sinn frá 1. s. m. að telja að gegna fyrra kennaraembættinu við gagnfræðaskólann á Akureyri.

S. d. setti ráðherrann præp. hon. Jónas Jónasson til þess fyrst um sinn frá 1. oktbr. að telja að gegna öðru kennaraembættinu við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Heiðursmerki.

11. septbr. var sóknarprestur í Eydalaprestakalli síra Þorsteinn Þórarinsson allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

S. d. var deildaringeniör H. P. Halvorsen í Kristjaníu allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

19. septbr. var fyrv. biskup yfir Íslandi herra Hallgrímur Sveinsson, komm. af Dbr. 2. st. og Dbrm., allramildilegast sæmdur kommandörkrossi Dannebrogsorðunnar, fyrsta stigs.

Leyfi til að bera utanríkisheiðursmerki.

8. júlí var sænskum vicekonsúl á Ísafirði H. S. Bjarnarson allramildilegast leyft að bera heiðursmerki riddara af Vasaorðunni 1. st., sem hans hátign konungur Svía hefir sæmt hann.

29. septbr. var ráðherra Íslands H. Hafstein, komm. af Dbr. og Dbrm., allramildilegast leyft að bera heiðursmerki stórofficera hinnar frakknesku heiðursfylkingar, er forseti hins frakkneska lýðveldis hefir sæmt hann.

Heiðursgjafir.

Af vöxtum af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. fyrir árið 1907 veitti ráðherrann þeim Halldóri Jónssyni í Vík í Skaftafellssýslu og Ólafi Finnsyni á Fellsenda í Dalasýslu heiðursgjafir, 140 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í byggingum, jarðabótum og öðru, er að búnaði lýtur.

Laus embætti.

a. er konungur veitir.

Yfirdómaraembætti í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

Árslaun 3500 kr.

Sá sem skipaður verður í embætti þetta, verður að taka að sjer auk annara embættisstarfa, eftir nánari ákvörðun, sem um það verður gjörð, annaðhvort dómsmálaritarastörfin eða þýðingar úr íslensku á dönsku á dómsgjörðum í opinberum málum og gjafsóknarmálum, er skotið verður til hæstarjettar.

Auglýst laust 1. oktbr. 1908.

Umsóknarfrestur til 6. nóvbr. 1908.

Forstöðumannsembættið við prestaskólann.
Árslaun 4000 kr.
Auglýst laust 1. oktbr. 1908.
Umsóknarfrestur til 6. nóvbr. 1908.

Annað kennaraembættið við gagnfræðaskólann á Akureyri.
Árslaun 1600 kr.
Auglýst laust 6. oktbr. 1908.
Umsóknarfrestur til 15. desbr. 1908.

b. er ráðherrann veitir.

Staðarhóll í Dalasýsluprófastsdæmi (Staðarhóls, Skarðs og Garpsdalssóknir, samkvæmt lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla).
Veitist frá fardögum 1909.
Umsóknarfrestur til 15. desbr. 1908.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1908.

Reglugjörð fyrir landsbankann um útgáfu bankaskuldabrjefa samkvæmt lögum nr. 82, 22. nóvbr. 1907, undirskrifuð af ráðherra 20. júli 1908 (A nr. 10, bls. 44—47).

Auglýsing um að ný lyfjaskrá skuli í lög leidd á Islandi, undirskrifuð af ráðherra 21. septbr. 1908 (A nr. 11, bls 48—49).

Opið brjef, 131

17. des.

er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 15. febr. 1909.

Vjer Friðrik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 3. gr. stjórnarskipunarlaga 3. október 1903 um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, sbr. 2. gr. laga nr. 41, 20. október 1905, allramildilegast höfum ákveðið að láta alþingi á voru landi Íslandi koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1909.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amaliuborg, 17. desember 1908.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.
(L. S.)

H. Hafstein.

Brjef stjórnarráðsins *til biskups* **um skipun tveggja prestakalla eftir lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45.** 132

21. júli.

Í brjefum, dagsettum 14. mars þ. á. og 14. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, meðal annars skýrt frá því, að presturinn að Mýrum í Álftaveri, Bjarni prófastur Einarsson, hafi tjáð sig fúsan til að ganga að sameiningu Meðallandsþinga og Ásaprestakalls við núverandi prestakall hans Þykkvabæjarklaustursþing, þó svo að hann nú skorist undan að ganga undir hin nýju prestlaunalög, þótt hann hafi áður lýst því að hann vildi gangast undir þau. Sömuleiðis hafið þjer í áðurnefndu brjefi 14. mars tjáð stjórnarráðinu, að presturinn að Holti undir Eyjafjöllum, Kjartan prófastur Einarsson, hafi lýst því, að hann gangi að sam-

132 einingu Eyvindarhólaprestakalls við Holtsprestakall, þó svo að hann taki laun
21. júlí. eftir hinum eldri launalögum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið felst á, að framangreindar brauðasameiningar komi í framkvæmd á þann hátt, að hinir núverandi prestar í Þykkvabæjarklausturprestakalli og Holtsprestakalli undir Eyjafjöllum taki laun sín eftir hinum eldri launalögum.

133 **Brjef stjórnarráðsins** *til biskups* **um sameining tveggja prestakalla og skipun samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45.**
14. ág.

Með brjefi, dagsettu 11. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, meðal annars skýrt frá því, að presturinn í Hofsprestakalli í Álftafirði, síra Jón Finnsson, gangi að sameiningunni við Berufjarðarprestakall að því tilskildu, að prestsetrið verði ákveðið að Djúpavogi, sem þjer teljið hjerumbil sjálfsagt. Svo leggur hlutaðeigandi prófastur til, að í stað bújarðar sje prestsetrinu látnar fylgja, prestinum til afnota, varphólmarnir í Búlandseyjum, sem fylgja Berufirði, og Þvotteyjar, sem fylgja Hofi, gegn hæfilegu eftirgjaldi fyrir fjárbeit og æðarvarp, sem í eyjunum er, og teljið þjer ekkert þessu til fyrirstöðu. Enn skýrið þjer frá því í nefndu brjefi, að presturinn að Mælifelli hafi gengið að sameiningu við Goðdalaprestakall og gengið undir nýju launalögin í þeirri von, að hinu nýja Mælifellsprestakalli verði veitt annaðhvort erfiðleikauppbót eða bráðabirgðauppbót sökum stórvægilegra örðugleika á þjónustu Ábæjarsóknar. Leggið þjer til, að báðar þessar brauðasameiningar verði samþyktar.

Útaf þessu skal yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að stjórnarráðið felst á það, að Hofsprestakall og Berufjarðarprestakall sameinist, þannig að prestsetur hins sameinaða prestakalls, Hofsprestakalls, sje ákveðið að Djúpavogi, og að því fylgi áðurnefndar eyjar gegn hæfilegu eftirgjaldi, sem þjer eruð umbeðinn að hlutast til um að ákveðið verði með matsgjörð dómkvaddra manna. Stjórnarráðið samþykkir einnig sameining hins núverandi Mælifellsprestakalls og Goðdalaprestakalls, en að því leyti sem síra Sigfús Jónsson hefir látið uppi þá von, að hinu sameinaða Mælifellsprestakalli væri veitt annaðhvort erfiðleikauppbót eða bráðabirgðauppbót sökum stórvægilegra örðugleika á þjónustu Ábæjarsóknar, þá skal þess getið, að eigi er heimild til þess að veita bráðabirgðauppbót neinum þeim presti, sem tekur laun eftir hinum nýju prestlaunalögum, en erfiðleikauppbót væri því aðeins heimilt að veita þessu brauði, ef losnaði einhver erfiðleikauppbóta þeirra, sem taldar eru í 2. gr. nefndra laga, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í niðurlagi greinarinnar.

134 **Brjef stjórnarráðsins** *til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu* **um veitingu hlunninda handa sparisjóði Glæsibæjarhrepps.**
12. nóv.

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá hreppsnefndaroddvita Glæsibæjarhrepps, vill stjórnarráðið hjermeð veita væntanlegum sparisjóði Glæsibæjarhrepps

um næstu 5 ár frá 1. jan. 1909 að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, *að* eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverja eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins. **134** 12. nóv.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Brjef stjórnarráðsins *til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu* **um endurgjald à hluta af barnsmeðlagi.** **135** 20. nóv.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir með brjefi, dagsettu 25. maí þ. á., skotið undir úrskurð stjórnarráðsins ágreiningi milli sín og yðar, herra sýslumaður, um endurgjald á hluta af meðlagi með barni Jóns Gunnlaugssonar og Jakobínu Halldórsdóttur.

Barnsfaðirinn, sem sveitfastur er í Seyðisfjarðarhreppi hinum forna, en dvelur í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, hefir með úrskurði amtmanns Norður- og Austuramtsins, dags. 28. febr. 1901, verið skyldaður til að greiða 36 kr. á ári sem meðlag með barni sínu og nefndrar stúlku, en meðlag þetta hefir hann eigi greitt og hefir barnsmóðirin því samkvæmt 9. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 fengið meðlagið fyrir árið 1907 greitt hjá dvalarsveit sinni, Svarfaðardalshreppi, en dvalarsveitin hefir aftur krafið Seyðisfjarðarhrepp hinn forna um greinda ársmeðgjöf 36 kr. Af þessari upphæð hefir síðastnefndur hreppur greitt $^2/_3$ eða 24 kr., en neitað að greiða $^1/_3$ eða 12 kr. með tilvísun til 63. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.

Þessi undanfærsla Seyðisfjarðarhrepps hins forna virðist eigi vera á rökum bygð, því að dvalarsveit barnsmóður öðlast, með því að greiða barnsmeðlagið, rjett barnsmóður til greiðslu alls meðlagsins. Tilvísunin til 63. gr. nefndra laga er eigi rjett, því að sú grein ræðir um endurgjald frá dvalarsveit þurfalings, en þurfalingur í þessu máli er eigi barnsmóðir heldur barnsfaðir, og dvalarsveit hans, Arnarneshreppur, hefir engan styrk lagt fram og auk þess virðast ástæðurnar fyrir þessari grein benda á, að hún eigi alls eigi við styrk, sem er fastákveðinn fyrirfram, og að því bresti heimild til að draga nefndan $^1/_3$ hluta frá barnsmeðlaginu.

Samkvæmt framangreindu úrskurðast:

Seyðisfjarðarhreppi hinum forna ber að greiða Svarfaðardalshreppi hinar umþrættu 12 kr.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hins forna, að því viðbættu, að yður ber að sjá um, að nefnd upphæð verði greidd Svarfaðardalshreppi án tafar.

136 3. des. **Brjef stjórnarráðsins** *til landlæknis* **viðvíkjandi eftirliti hjeraðslækna með yfirsetukvennaverkfærum.**

Í brjefi, dagsettu 20. f. m., hafið þjer, herra landlæknir, látið þess getið, að þjer hafið orðið þess var, að verkfæri yfirsetukvenna endist illa; þær fari margar illa með verkfæri sín, skemmi þau og týni þeim, svo að ný verkfæri sjeu oft glötuð eða lítt nýtileg eftir fá ár, og þá heimtuð ný verkfæri — eða yfirsetukonur sitji árum saman með ónýt áhöld; verkfæri sin hafi yfirsetukonur hingaðtil fengið hjá sýslumönnum eftir ráðstöfun stjórnarráðsins, en yður virðist haganlegra, að læknar annist þetta, taki við verkfærum þeirra yfirsetukvenna, sem frá fari, og útvegi ný verkfæri þar sem þess þarf. Til þess nú að yfirsetukonur hafi jafnan nýtileg verkfæri og fari vel með þau, teljið þjer nauðsynlegt, *að* hjeraðslæknir skoði verkfærin einu sinni á ári, og *að* yfirsetukonum sje gjört að skyldu að halda við verkfærunum, kaupa ný áhöld í stað þeirra, sem þær glati eða ónýti, sbr. niðurlag 4. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1874.

Með því að stjórnarráðið verður að fallast á framangreint álit yðar, er yður samkvæmt tillögum yðar hjermeð falið:

1) að leggja fyrir yfirsetukonur landsins að halda við verkfærum sínum, sýna þau hjeraðslækni hvenær sem hann krefst þess, og afhenda honum þau, er þær láta af yfirsetustarfinu í því umdæmi, er þær hafa verið í skipaðar;
2) að taka ný verkfæri hjá lyfsalanum í Reykjavík, — sem undanfarið hefir útvegað þessi verkfæri, — í ný umdæmi og í þau umdæmi, þar er hjeraðslæknar finna ónýt verkfæri eða úrelt, og
3) að leggja fyrir hjeraðslækna landsins að skoða öll yfirsetukvennaverkfæri, hver í sínu hjeraði á hverju ári, og að öðru leyti hafa það eftirlit með þeim, sem þjer teljið nauðsynlegt.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og eftirbreytni.

137 30. nóv

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykt fyrir Geithellahrepp í Suðurmúlasýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæja- og sveitafjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykt fyrir Geithellahrepp í Suðurmúlasýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin hefir gildi fyrir Geithellahrepp.

2. gr. **137**

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefnd- 30. nóv.
inni tveir menn, annar kosinn af hreppsnefnd Geithellahrepps, en hinn af sýslunefnd Suðurmúlasýslu; kosningin gildir til þriggja ára.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marsmánuði, í júnímánuði, í októbermánuði; hann ákveður fundartíma, en nefndin öll fundarstað, stjórnar fundum, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðunum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett; formaður skal boða þeim fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýst af brjefaskriftum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er umræðir í þessari samþykt, eða mikla þýðing hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþyktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþyktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um frárœslu.

6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsum saurgist; skal veita öllu

137 skolpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt sem heilbrigðis-
30. nóv. heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gjörður í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgerð.

7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gjöra skolpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið og skulu þau ræsi ekki lakari að gjörð en göturæsið.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll opinber vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau hvorki fatnað nje fisk, nje ull, eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því, þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gjöra nýjan brunn eða breyta gömlum brunni, øg skal hann tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er greftri eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því að brunnurinn sje gjörður á þann hátt, sem hjer segir:

Ef brunnur er boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess, að samskeytin milli leggjanna sjeu vatnsþjett.

Ef brunnur er grafinn, þá skal hlaða hann upp innan úr höggnu grjóti eða hörðum mársteini og líma stein við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gjörð svo langt að neðan sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einhverskonar límkendan leir og skal það lag vera 1 alin á þykt. Hleðslan skal ná $^1/_4$ alin eða meira upp úr jörðinni, og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga og skal hann vera $1^1/_2$ alin á breidd að minsta kosti og halla út frá brunnopinu.

Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur og skal taka vatn úr brunninum með dælu, er gangi gegnum miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo að loft komist að vatninu. **137** 30. nóv

Þar sem strjálbygt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefnd leyfa að brunnar sjeu gjörðir úr grjóti án steinlíms og vatnið halað upp í fötu. Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sje að minsta lagi $1^1/_2$ alin að hæð.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt og ekki er unt að gjöra við brunninn, svo að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka otan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr,

Stórgripi og sauðfje má ekki hafa í mannahúsum nema með sjerstöku leyfi og eftirliti heilbrigðisnefndar.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for, eða haugstæði, eða haughús, þá skal hann gjöra helbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; fjós má ekki setja nær alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera eða hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $^1/_4$ álnir eða meir upp úr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlími eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns; sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis og þvínæst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

137
30. nóv.

V. *Um salerni.*

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu, en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólfið í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, gólfið steinsteypt og tvö ílát undir setunni, annað fyrir saur en hitt fyrir þvag.

Ef vatnsheld for er gjörð hjá húsinu, má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salerni yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í forina.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurílátin skal tæma áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til um hvar láta megi saurindi úr salernum.

16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykt, eða þau ein, sem ílla eru gjörð og mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. gr.

VI. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu alt sorpið að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burtu áður en ílátin fyllast.

18. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn, svo að út taki, ef því ekki er safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir, eða á annan hátt notað. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast í kringum hús manna, svo að fýluloft eða daunilt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa,

þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda eða þeim, er óþrifnaðinum veldur, 137
að flytja burtu óhreinindin tafarlaust. 30. nóv.

VII. Um slátrun sauðfjár o. fl.

20. gr.

Í kauptúnum og annarstaðar, þar sem tekið er á móti sláturfje til sölu, er heilbrigðisnefnd heimilt að skipa svo fyrir, að slátrun sauðfjár fari fram á vissum tilteknum stöðum, er sjeu útbúnir á þann hátt, er hjer segir:

Slátrunarsvæðið skal umgirt með þiljaðri girðingu, er sje að minsta kosti $1^1/_2$ alin á hæð. Grunnurinn skal vera steinsteyptur flötur, eða úr hefluðum, plægðum borðum, svo að auðvelt sje að halda honum hreinum. Utanum grunninn skulu vera rennur með hæfilegum halla til að taka á móti öllu skolpi og leiða það burtu, annaðhvort í sjóinn eða þar til gjörða for, er vera skal vatnsheld. Allar kindur skulu flegnar í gálga eða á þar til gjörðum bekkjum.

21. gr.

Þegar slátrunarstörfum er lokið að kveldi, skal daglega hreinsa blóðvöllinn, fleygja öllu gori í sjóinn, sje því ekki safnað í for eða borið á tún jafnóðum.

22. gr.

Öllum sullum og meinum úr sláturfje skal safna í tunnur jafnóðum og þau eru tekin úr skepnunum og skal heilbrigðisnefnd sjá um að þeir verði eyðilagðir á þann hátt, sem lög mæla fyrir.

23. gr.

Móttökumaður sláturfjár ber ábyrgð á, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um slátrun sje hlýtt.

24. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

VIII. Um bökunarstofur.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum bökunarstofum í hreppnum og og skipa bakara að þvo gólf, loft og veggi hvenær sem óhreint er.

137 30. nóv. Þeir mega ekki vinna að brauðgjörð, sem lungnatæring hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár, eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofu og enginn má sofa í stofunni.

IX. Um matvöru.

26. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er, eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna.

Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að svikin sje eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er svikin eða skemd og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má ekki selja til manneldis nema hjeraðslæknir eða dýralæknir leyfi.

X. Um íbúðarhús.

27. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint að nefndin álítur húsbúum hættu búna.

28. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

29. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, eða dimmir, eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gjörða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um skóla.

30. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

31. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

32. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt og læknir álítur, að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til er sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Holdsveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakenslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

33. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, er samþyktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

137
30. nóv.

XIII. *Um kirkjugarða.*

34. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef þar er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi 100 álnum.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. *Um sektir o. fl.*

35. gr.

Allan kostnað, sem af nefndarstörfum heilbrigðisnefndar leiðir, skal borga úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefnd samþykkir. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af slíkum reikningum, sker sýslumaður úr.

36. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabyrgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim er sekur er.

37. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1909.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 30. nóvember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

138
30. nóv.

Reglugjörð

fyrir

eldvarna- og slökkvilið à Akureyri.

1. gr.

Yfirstjórn eldvarnarmála í kaupstaðnum skal falin 5 manna nefnd og eiga sæti i henni bæjarfógeti sem formaður, slökkviliðstjóri og 3 menn, er bæjarstjórnin kýs til 3 ára í senn.

2. gr.

Eldvarnarnefndin skal hafa eftirlit með, að hlýtt sje fyrirmælum laganna um varnir gegn eldsvoða, að eldsvarnaáhöld sjeu útveguð og þeim haldið við í góðu standi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum, reykháfum, um hreinsun reykháfa og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

3. gr.

Eldvarna- og slökkviliðið skiftist í þessa flokka.

I. Slökkvilið, er skiftist í
   A. Slökkvivjelalið.
   B. Vatnsburðarlið.
II. Húsrifs- og bjarglið.
III. Lögreglulið.

Fyrir hvern flokk um sig skipar eldvarnarnefndin yfirmann, undirforingja, varamenn og aðstoðarmenn eftir þörfum. Hún ákveður tölu liðsmanna í hverjum flokki og skipar fyrir um einkennisbúninga og merkiskildi.

4. gr.

Þegar brunakall er hafið, er slökkvivjelaliðið skyldugt til, svo fljótt sem mögulegt er, að mæta við slökkvivjelahúsið og það skal neyta allra krafta til að koma slökkvivjelunum að eldstöðvunum sem allra hraðast. Allir aðrir eru skyldir að mæta þegar við eldstöðvarnar.

5. gr.

Það er skylda slökkviliðsins að vinna að því af fremsta megni að slökkva eld, er upp kann að koma í kaupstaðnum, þannig að eigi standi hætta af að sinni og takmarka útbreiðslu eldsins svo sem mögulegt er.

Enginn slökkviliðsmaður má fara burtu frá eldstöðvum fyrri en yfirmaður slökkviliðsins gefur til þess merki.

138 30. nóv. Slökkviliðið er gegn hæfilegri þóknun, er slökkviliðsstjóri og bæjarfógeti í hvert sinn ákveða, skyldugt til að kæfa eld í rústum og ryðja þær, ef þess er óskað.

6. gr.

Það er skylda bjargliðsins að bjarga úr eldsvoða mönnum og skepnum og verðmætum munum. Húsgirðingar og annað, er aukið getur eldinn eða hindrað slökkvivjelarnar, skulu þeir rífa niður að því leyti sem það er nauðsynlegt, eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra með ráði bæjarfógeta. Þegar eigi þarf á neínu slíku starfi að halda eru þeir skyldir til að aðstoða slökkvivjelaliðið.

7. gr.

Það er skylda lögregluliðsins að halda á reglu við eldsvoða og við æfingar slökkviliðsins, varna óviðkomandi mönnum að koma nærri eldstöðvunum, og má banna alla umferð um götur, þar sem þess þarf. Lögregluliðið skal gæta þess, að mannþyrpingar ekki hindri eða tefji slökkvivjelarnar eða aðrar liðsdeildir. Það sjer um, að inn í hús, sem í eldhættu eru, fari enginn maður, nema húsbúar sjálfir og bjargliðið. Það sjer um vörslu á björguðu góssi, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er fyrir slysum verða, vísar burtu eður tekur tasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

8. gr.

Hinar nánari starfsreglur fyrir hvern liðsflokk um sig semur slökkviliðsstjóri með ráði eldvarnarnefndar og skulu yfirmenn flokkanna birta þær liðsmönnum sínum sem fyrirskipanir.

9. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir á hendi allar framkvæmdir, er að eldvörnum lúta, og stjórnar slökkviliðinu í heild sinni við eldsvoða og við æfingar. Hann hefir eftirlit með slökkviáhöldum kaupstaðarins, heldur skrá yfir þau og sjer um, að þau sjeu í reglu og ætíð til taks.

Hann hefir eftirlit með því að yfirmaður hvers flokks færi nákvæma nafnaskrá yfir undirforingja, varamenn, aðstoðarmenn og liðsmenn í flokknum. Hann skal við störf sín bera einkennishúfu eða hjálm og hefir rjett á að bera einkennisbúning eftir ákvæði eldvarnarnefndar.

10. gr.

Bæjarstjórnin skipar slökkviliðsstjóra aðstoðarmann, er að öllu leyti gengur í hans stað, þegar hann eigi er við staddur.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri má eigi fara burtu úr bænum, nema hann tilkynni það lögrelgustjóra og setji, auk aðstoðarmannsins, annan í sinn stað til vara.

Sama regla gildir og fyrir yfirmenn flokkanna.

12. gr.

Æfingar eldvarna- og slökkviliðsins ákveður slökkviliðsstjóri í samráði við bæjarfógeta og skal kvatt til þeirra með venjulegu brunakalli, en eldvarnarnefndin ákveður og auglýsir, hvernig brunnakalli skuli hagað.

13. gr.

Allir karlmenn á verkfærum aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum læknum, sóknarpresti, lyfsala og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sjeu ófærir til vinnu, eru skyldir til að taka þátt í störfum eldvarna- og slökkviliðsins.

Hver sá, er eigi mætir tafarlaust á vettvangi, þegar er brunakall er hafið, eða sýnir óhlýðni eða mótþróa gegn fyrirskipun yfirmanns, skal sæta sektum eftir þessari reglugjörð. Við æfingar skal þó að jafnaði eigi beita hærri sektum en 25 kr., nema brot sje ítrekað eða sjerstakar ástæður sjeu til.

14. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða sektum alt að 50 kr., þar sem eigi er öðruvísi ákveðið. Sektirnar renni í bæjarsjóð. Verði stofnaður styrktar- og verðlaunasjóður fyrir eldvarna- og slökkvilið kaupstaðarins, skal úr bæjarsjóði greiða tillag í þann sjóð, er samsvari upphæð sektanna.

15. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þann 1. jan. 1909 og skal endurskoðuð þann 1. jan. 1911.

16. gr.

Reglugjörð þessa skal sjerprenta á kostnað bæjarsjóðs og útbýta henni til allra húsráðenda í kaupstaðnum og allra, er í slökkviliðinu eru.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er og samþykt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 42 frá 20. október 1905 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 30. nóv. 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

139
10. dés.

Samþykt

um

kynbætur nautgripa í Fljótsdalshjeraði.

Sýslunefndirnar í Suðurmúlasýslu og Norðurmúlasýslu hafa samkvæmt lögum 20. október 1905 um samþyktir um kynbætur nautgripa, gert eftirfylgjandi

samþykt

um kynbætur nautgripa í Fljótsdalshjeraði (Skriðdals-, Valla-, og Eiðahreppum í Suðurmúlasýslu og Hjaltastaðar-, Tungu-, Fella-, og Fljótsdalshreppum í Norðurmúlasýslu).

1. gr.

Á Fljótsdalshjeraði skulu allir skyldir til að geyma öll graðneyti 5 mánaða og eldri annaðhvort í girðing, öruggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf eða á annan þann hátt, sem stjórnir nautgriparæktunarfjelaga, eða, þar sem ekkert slíkt fjelag er, hlutaðeigandi hreppsnefnd, telur jafntryggan. Það skal vera jafnóheimilt að láta graðneyti ganga laus í eigin landi sem annara.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á graðneyti samkvæmt framangreindu og graðneyti finst í annars manns landi, er þá ábúanda heimilt að aftra því, að það geri skaða, t. d. með því að hýsa það, tjóðra eða þvíumlíkt, og skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun þess innan tveggja sólarhringa.

3. gr.

Nú hefir graðneyti sloppið í annars manns land og gert skaða á kúm, áður en það varð hindrað samkvæmt 2. gr., og er eigandi skyldur að bæta honum þann skaða að fullu.

Ákvæði þetta gildir um öll graðneyti, sem hittast á samþyktarsvæðinu, eins þótt eigandi sje búsettur utan samþyktarsvæðisins.

4. gr.

Kostnaður og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. gr. greiðist eftir mati tveggja óvilhallra manna, og útnefna málsaðilar sinn hvorn. Komi matsmenn sjer ekki saman um kostnað og skaðabætur, kjósa þeir sér oddamann. Er mat

þeirra gildandi og skal birt hlutaðeiganda tafarlaust. Kostnaður og skaðabætur falla í gjalddaga þann dag, sem úrskurður matsmanna er birtur hlutaðeiganda. 139 10. des.

5. gr.

Enginn á samþyktarsvæðinu má nota önnur naut til undaneldis en þau, sem valin eru þar til af nautgriparæktunarfjelögum á staðnum, eða, þar sem ekkert slíkt fjelag er til, af hlutaðeigandi hreppsnefnd. Skulu fjelögin eða hreppsnefndirnar skyld til að sjá um, að ávalt sjeu til hæfilega mörg graðneiti til undaneldis og að þau sjeu geymd á hentugum stöðum, enda hafa vald til að ákveða bolatoll.

6. gr.

Graðneyti, sem valin eru til undaneldis skulu vera hraust og þroskamikil og af því besta kyni, sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan.

Fóðrun og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis (kynbótagripir), skal vanda sem allra best. Leita skulu fjelög og hreppsnefndir álits fagmanna, ef til eru, um val undaneldisnauta.

Skyldur skal hver kýreigandi á samþyktarsvæðinu að láta fala tarfkálfa til undaneldis, ef óskað er, gegn skaðlausu endurgjaldi.

7 gr.

Hreppsnefndirnar á samþyktarsvæðinu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að fyrirmælum samþyktar þessarar sje hlýtt. Þó geta hreppsnefndir falið eftirlitið nautgriparæktunarfjelögum, ef til eru, og þau vilja takast það á hendur.

Kostnaður sá, sem af því leiðir, greiðist úr hlutaðeigandi hreppasjóðum.

8. gr.

Brot gegn 1. gr. og 5. gr. varða sektum frá 5—50 krónum, er renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

9. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1909 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 10. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

140
7. des.

Reglur
um barnapróf.

Samkvæmt 16. gr. laga 22. nóvember 1907 um fræðslu barna skal halda árlegt próf um kunnáttu 10—14 ára barna í hverju skólahjeraði og fræðsluhjeraði, og eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um það, hvernig haga skuli prófum þessum.

1. gr.

Próf skal halda að vorinu á þeim tíma, sem prófdómari ákveður með ráði fræðslunefndar eða skólanefndar.

Til prófs koma öll börn 10—14 ára, eins þau, sem notið hafa heimafræðslu.

2. gr.

Próf 10—13 ára barna er *árspróf*; en próf 14 ára barna eða eldri er *fullnaðarpróf*.

3. gr.

A. Arsprófi skal í hverri námsgrein haga sem hjer segir:

I. Móðurmál.

Nemandinn skal látinn lesa stuttan kafla í hæfilega auðveldu máli, og skal síðan reynt að hve miklu leyti hann hefir tileinkað sjer efni þess, sem hann las, með því að láta hann segja frá því utanbókar.

Nemendur skulu og, eftir því sem þeir hafa fengið aldur og þroska til, reyndir í því að gera skriflega grein fyrir efni, sem þeim er vel kunnugt.

Ennfremur skal grenslast eftir því, hvað nemendurnir hafa lært af kvæðum, og hvort þeir geta sagt frá efni þeirra.

II. Kristin fræði.

Nemendur skulu reyndir í því, sem þeim hefir undanfarinn vetur verið kent í kristnum fræðum, og skal við prófið lögð áhersla á það, að þeir geti sagt bibliusögurnar og gert grein fyrir efni lærdómsbókarinnar með *eigin* orðum.

III. Reikningur.

Nemendurnir skulu eftir aldri og þroska reyndir í því að reikna í huganum með hæfilega lágum tölum, og leysa úr auðveldum skriflegum dæmum;

skulu dæmin aðallega lögð fyrir nemendurna í orðum eða setningum, en þeir sjálfir látnir skrifa þau upp og reikna. 140 7. des.

IV. Landafræði.

Próf þeirra barna, sem ekki hafa gengið í fastan skóla, skal aðallega fólgið í því, að láta þau gera grein fyrir notkun landabrjefa og því, hvernig álfur og úthöf liggja. Svo skal og grenslast eftir því, hvað þeim er kunnugt um náttúru Íslands og atvinnuvegi.

En þau börn, sem gengið hafa í fastan skóla, skulu látin gera nánari grein fyrir legu hinna einstöku landa á jarðarhnettinum og því, sem þeim hefir verið kent um þau.

Prófið styðst við uppdrætti landa eða myndir eða önnur áhöld við landafræðiskenslu.

V. Saga.

Þau börn, sem ekki hafa gengið í fastan skóla, skulu reynd í því, hvað þeim er kunnugt um merkustu Íslendinga, einkum þá, sem lifað hafa á síðustu öldum. En þau börn, sem gengið hafa í fastan skóla, skulu látin segja kafla í samhengi og svara spurningum úr því, sem þeim hefir verið kent.

VI. Skrift.

Leggja skal fram skrifbækur nemendanna, þær sem þeir hafa skrifað í seinustu viku, og skulu þær lagðar til grundvallar fyrir dómi um leikni þeirra í skrift.

VII. Söngur.

Nemendurnir eru látnir sýna leikni sína í söng með því að syngja fleiri eða færri af þeim lögum, sem þeim hafa verið kend.

B. Fullnaðarprófi skal haga á sama hátt og ársprófi í hinum einstöku greinum, þó þannig að haft er tillit til frekari þroska og meiri þekkingar nemandanna, og skal sjerstaklega haft fyrir augum, að nemendurnir eiga að sýna með prófinu, að þeir hafi náð því fræðslumarki, sem 2. og 3. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907 áskilja.

4. gr.

Þar sem er kend *teiknun, hannyrðir, náttúrufræði* og *leikfimi*, skal og fara fram prófun í þessum námsgreinum. Teikningar og hannyrðir nemandanna skulu lagðar fram til dóms, og sýna skal leikni nemandanna í líkamsæfingum. Í nátt-

140 úrufræði skal áhersla lögð á það, að nemendurnir geti lýst rjett náttúrugripum
7. des. eða myndum af þeim, og geti gert grein fyrir líffærum og störfum þeirra. Við próf í eðlisfræði skal styðjast við myndir og önnur kensluáhöld.

5. gr.

Við próf skal gefa einkunnir fyrir frammistöðu í öllum námsgreinum, nema *söng* og *leikfimi*, og skulu einkunnirnar og tölugildi þeirra vera sem hjer segir: ágætlega = 8, ágætlega ÷ = 7, dável = 6, dável ÷ = 5, vel = 4, vel ÷ = 3, laklega = 2, illa = 1.

Ef kennari og prófdómari gefa sína einkunnina hvor, skal taka meðaltal, og verður það þá einkunn barnsins í þeirri námsgrein.

Ef mánaðareinkunnir hafa verið gefnar, skal taka meðaltal þeirra í hverri grein og leggja það við prófeinkunnina, og deila því, sem út kemur, með 2; sú tala, sem þá kemur út, sýnir einkunn barnsins í hverri námsgrein.

Meðaltal einkunnanna í hinum einstöku námsgreinum er **aðaleinkunn** nemandans við *árspróf* og *fullnaðarpróf*. $^1/_2$ og öllum smærri brotum er slept, en stærri brot en $^1/_2$ skal hækka upp í einn heilan.

6. gr.

Til þess að nemandi standist *fullnaðarpróf* verður hann að hafa í *aðaleinkunn* að minsta kosti *4*.

7. gr.

Einkunnir nemanda í hinum einstöku námsgreinum og aðaleinkunn skulu færðar inn í prófbók, og ritar kennari og prófdómari nafn sitt undir hana í hvert sinn.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. desember 1908.

Í fjærveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

141
8. des.

Hafnarreglugjörð

fyrir

Vestmannaeyjakauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 8. des. 1908 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakauptún samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, er taka seglfestu, vatn, vörur eða aðrar nauðsynjar í Vestmannaeyjum, eða leggja þar eitthvað á land, er þau hafa meðferðis, skal greiða hafnargjald 10 aura af hverri smálest alls farmrúmsins, þá er þau í fyrsta sinni á árinu leita hafnar þar og leggjast fyrir akkerum fyrir innan beinu línu milli Klattsnefs og Sigurðar-Rönku. Fermi skip eigi nje affermi vörur eða afla, skal þó aðeins greitt hálft gjald þetta, og hafni skip sig oftar en einu sinni á árinu, greiðist í hvert sinn aðeins 5 aurar af hverri smálest farmrúmsins. Af þilskipum og vjelarbátum, sem að nokkru eða öllu leyti eru eign utanhjeraðsmanna og dvelja í Vestmannaeyjum til flutninga eða aflabragða nokkurn hluta vertíðar, minst 14 daga, skal greiða í hafnargjald ár hvert 3 kr fyrir hverja smálest, en fyrir skemri dvöl en 14 daga 10 aura af smálest hverri fyrir hvern sólarhring, þó ekkert gjald fyrir fyrsta sólarhringinn.

Hafnargjöldin og önnur gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, renna í hafnarsjóð Vestmannaeyjakauptúns.

Undanþegin hafnargjaldi eru öll herskip, hverrar þjóðar sem eru, svo og póst- og vöruflutningaskip, er hafna sig þar samkvæmt fastákveðinni ferðaáætlun, einnig mælingar- og spítalaskip, skip sem leita hafnar vegna sjóskemda og loks öll innlend þilskip og vjelarbátar, er leita hafnar vegna storms og hvorki ferma nje afferma vörur eða afla.

II. Hafnarfestar og gjald fyrir afnot þeirra.

Hafnarfestum þeim, sem lagðar eru á höfnina á kostnað lendingarsjóðs, skal haldið við á kostnað hafnarsjóðs, sem hefir umráð yfir þeim, til afnota fyrir vjelarbáta og önnur smáskip, er stunda fiskiveiðar í Vestmannaeyjum. Þangað til 1. febrúar ár hvert hafa Vestmannaeyingar forgangsrjett til að fá á leigu hafnar-

141 festar hjá hafnarnefnd, til afnota fyrir báta, sem eru eign þeirra að öllu leyti.
8. des. Hafnarfestar þær, sem eigi eru leigðar Vestmannaeyingum 1. febrúar ár hvert, skal hafnarnefnd lána eða leigja til afnota fyrir báta án tillits til hverjir eru eigendur þeirra, um eitt ár eða skemri tíma, og gengur sá fyrir, er fyr beiðist láns eða leigu. Fyrir afnot hafnarfesta greiða bátar þeir, er ræðir um í I. kafla eigi sjerstakt gjald. Hver sá, sem leigt hefir hafnarfesti, hefir um leigutímann full umráð yfir henni, og skal um notkun festarinnar fara eftir fyrirmælum 4. gr. laga nr. 3, 13. mars 1901. Í byrjun leigutímans, sem eigi má vera lengri en 1 ár, skal hafnarnefnd sjá um, að hin leigða hafnarfesti sje í góðu lagi.

Hafnarnefndinni er skylt að sjá um, að jafnan sjeu nógar hafnarfestar fyrir báta Vestmannaeyinga, og ennfremur nokkrar handa öðrum bátum, svo framarlega sem rúm hafnarinnar leyfir það.

Enginn bátur má liggja á höfninni fyrir akkerum eða öðrum festum en einhverri hafnarfestanna, nema þær sjeu allar leigðar, og má bátur þá eigi liggja á öðrum stað, en þar sem hafnarnefnd vísar til.

Af hverjum bát, sem að fullu er eign Vestmannaeyinga og mældur er til lestatals og gengur til fiskjar eða flutninga minst 14 daga af árinu, skal greiða í festargjald 2 kr. af hverri smálest árlega. Fyrir styttri leigutíma en ár greiðist lægra gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

III. Seglfesta o. fl.

Enginn má kasta út seglfestu eða grjóti á innri hafnarlegunni, eigi heldur má taka seglfestu nje leggja hana á land á öðrum stað en þeim, er hafnarnefnd ákveður. Öll óþörf akkeri skulu tekin af höfninni svo og skipsflök og hvað eina skipum hættulegt, er liggja kann á henni eða í sandinum vestur af henni. Skal þetta gjört á kostnað hlutaðeiganda, ef þeir gjöra það eigi sjálfir eftir skipun hafnarnefndar.

IV. Leiðarljós og merki.

Til leiðbeiningar við inn- og útsigling af höfninni skulu, þegar dimt er af nóttu og bátar úr Vestmannaeyjum eru á sjó, vera ljós á þeim stöðum, sem hafnarnefnd tiltekur. Veifur um daga en ljós á nóttum skal vera til taks á Gjábakka og Eiðinu, er gefi bendingu um, að Leiðin sje ófær. Aldrei mega vjelarbátar fara með fullri ferð á innri hafnarlegunni eða Leiðinni, þegar fleiri bátar eru þar á ferð. Á höfninni má eigi blása í þokuhorn eða lúður nema hjálpar þurfi.

V. Hafnarnefnd, hafnarvörður, hafnarsjóður.

I hafnarnefnd skulu vera 3 menn; af þeim kýs sýslunefnd einn, hreppsnefnd annan, en hinn þriðja kýs Bátaábyrgðarfjelag Vestmannaeyja, en líði það fjelag undir lok, kýs sýslunefnd 2. Kosningin gildir til 3 ára. Hafnarnefndarmenn fá engin laun fyrir starf sitt. Sýslunefndin skipar, eftir tillögu hafnarnefndar, hafnarvörð, sem fyrir hönd hafnarnefndar hefir alla daglega umsjón með höfninni; hann sjer um að hafnarreglugjörðinni sje fylgt og að alt fari reglulega fram á höfninni; hann hefir og umsjón með og segir fyrir um afnot allra opinberra bryggna; hann kveikir og slekkur á leiðarljósunum á ákveðnum tíma og sjer um, að hafnarmerki og hafnarfestar sjeu í góðu lagi. Hann skal ráða bót á öllum skemdum sem fyrst og haganlegast og hefir hafnarnefnd í ráðum ef þörf þykir, og hann ber ábyrgð á því fyrir hafnarnefndinni, að alt sje í reglu. Sýslunefndin ákveður þóknun handa honum, sem greiðist úr hafnarsjóði.

Lögreglustjóri innheimtir tekjur hafnarsjóðs gegn 4% innheimtulaunum og gjörir árlega reikning fyrir tekjum hans og gjöldum. Reikningarnir skulu fylgja sýslusjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Sýslunefndin ákveður, hvernig fje hafnarsjóðs skuli ávaxtað, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum sýslufjelagsins.

VI. Hegningarákvæði o. fl.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1909 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 8. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

142
8. des.

Hafnarreglugjörð

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 8. desember 1908 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

1. Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, 8 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru hlaðin vörum, með seglfestu eða eru tóm, skal greiða hafnargjald af öllu farmrúminu í hvert sinn, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar, fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Balakletti í Hvaleyrarhöfða, eftir að þau hafa komið frá útlöndum eða ef um skip ræðir, er fara að eins hafna í milli innanlands, þá er þau hið fyrsta skifti á árinu leita inn á höfnina, þannig:
   a. af skipum, sem eiga heima í Hafnarfirði, 3 aura af hverri smálest.
   b. af öðrum skipum 5 aura af hverri smálest.

   Þá er skip flytur á land vörur, eða tekur úr landi vörur eða farþega, geldur það ennfremur 2 aura af hverri smálest, hvort heldur það er innan- eða utanbæjar, innan- eða utanríkiseign.

   Hafnargjöldin og önnur gjöld þau, er ræðir um í reglugjörð þessari, renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar.
2. Hafni skip sig oftar en einu sinni á árinu á Hafnarfjarðarhöfn, greiðast gjöldin eigi að fullu nema í fyrsta skiftið, en að eins með helmingi hin önnur skiftin.
3. Af þiljubátum minni en 8 smálesta greiðist ekki hafnargjald, hvort heldur eru seglbátar, mótorbátar eða gufubátar.

II. Aukagjöld.

Skip þau öll, sem lagt er á Hafnarfjarðarhöfn í vetrarlegu, eða liggja þar um lengri tíma á öðrum tíma árs (að minsta kosti 1 mánuð), hvort heldur eru útlend eða innlend, skulu greiða í legugjald 20 aura fyrir smálest hverja. Skip, sem eiga heima i Hafnarfirði, greiða þó gjald þetta að eins hálft.

Skip, sem liggja 6 mánuði eða alt að árlangt á höfninni samkvæmt III. kafla, greiði í legugjald 30 aura fyrir smálest hverja. 142 8. des.

III. Geymsluskrokkar.

Skipum, sem eru notuð til geymslu, er að eins leyfilegt að leggja á höfnina utanverða, minst 100 föðmum fyrir framan línu, er hugsast dregin milli Fiskakletts og Skiphóls. Skip þessi skulu liggja fyrir traustum grunnfærum, 3 festum og akkerum, er sje tengd saman í sigurnagla, og úr honum 2 festar inn í skipið. Í skipinu á hentugum stað, helst á þilfarinu, skal liggja svo mikil keðja, að auðvelt sje hvenær sem með þarf, að gefa út 20 faðma.

Hafnarnefnd kveður að öðru leyti nánar á um hvar slíkum skipum skal lagt, og samþykkir gildleika festa og lengd, þyngd akkera þeirra, er lagt er fyrir o. s. frv.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir sjeu af hafnarnefnd, að skip hans sje svo þjett, að ekki stafi nein hætta af hvað leka snertir, þó að það sje mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu án þess að menn sjeu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipunum. Í skipum þessum sjeu á öðrum tímum árs að minsta kosti tveir menn, er haldi vörð, er hafnarnefnd tekur gilda.

Ljós skal tendra í skipum þessum og hljóðbendingar skulu gjörðar eftir reglum þeim, er getur um í alþjóðar-sjóferðareglunum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

IV.

Heimilt skal að leggja yfir veturinn mannlausum skipum, svo lengi sem rúm á höfninni endist, að dómi hafnarnefndar. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, ganga fyrir skipum, er eiga heimilisfang utan Hafnarfjarðar.

Um leyfi til þess ber að sækja til hafnarnefndar, sem vísar á stað, þar sem leggja skal; og skal öllum skipum lagt undir umsjón manns, er hafnarnefnd felur það starf, og til þess er álitinn vel hæfur. Skipum, sem lagt er mannlausum vetrarlangt eða um skemri tíma, má ekki leggja fyrir utan línu, er hugsast dregin milli Fiskakletts og Skiphóls.

Engu skipi má leggja mannlausu án leyfis hafnarnefndar, eða án umsjónar þess manns, sem hafnarnefnd til þess kýs.

Skipum, sem lagt er mannlausum, hvort heldur til vetrarlegu eða um skemri tíma, skal leggja fyrir traustum grunnfærum, er hafnarnefnd tekur gild, eða umsjónarmaður í hennar umboði. Þeim skal leggja þannig, að í sína átt liggi hver festi og skulu akkeri vera 3, með ekki skemri festi við hvert þeirra, en 30 föðmum, er liggja við botn. Skal þeim síðan tengt saman í einn traustan sigurnagla, og liggi aftur keðjur úr honum upp í skipið, ekki styttri en 15 faðm-

142 ar hvoru megin. Öll laus trje skulu tekin niður eða færð inn í skipið, svo sem
8. des. stengur, rár og klýverbómur. Þegar skip liggur þannig mannlaust, skal ekki sjaldnar en einu sinni á hverjum mánuði farið út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri hafa haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Frá reglum þessa kafla gefst engin undanþága, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar og eftir meðmælum umsjónarmanns þess, sem skipaður er til að hafa eftirlitið á hendi. Nánari reglur um lagningu slíkra skipa, sem hjer er um að ræða, gefur hafnarnefnd í hvert skifti eða felur umsjónarmanni skipanna. Umsjónarmaður sá, er hafnarnefnd ræður til að leggja skipunum og hafa umsjón með þeim að vetrinum, skal hafa í þóknun 4 kr. af hverju skipi, og greiða útgerðarmenn skipanna gjald þetta.

V. Undanþágur frá hafnargjaldi.

1. Öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru, eru undanþegin hafnargjaldi.
2. Öll skip danskra þegna, sem eru að fiskiveiðum við strendur landsins, eru undanþegin hafnargjaldi, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er veiðar þeirra og útbúnað snertir. Þó skulu þau greiða aukagjald það, er um ræðir í II. kafla. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið fluttur á land, ef þau flytja hann allan á burt aftur og ekki annað.

VI. Notkun hafnarinnar.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma eigi eða afferma, eða fermslu eða affermslu er lokið við, eða ekki byrjað á, skulu eftir nánara ákvæði hafnarnefndar liggja svo á höfninni, að þau ekki tálmi fermslu eða affermslu verslunarskipa eða annara skipa, sem þurfa að flytja farm frá landi eða á land.

VII. Almenn ákvæði.

Seglfestu, ösku, kolum frá gufuskipum, eða öðru, sem valdið getur skemdum á höfninni, má ekki kasta útbyrðis, og heldur ekki flytja á land annarsstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Skip, sem liggja á höfninni til að taka á móti nýjum fiski, mega ekki kasta fiskiúrgangi útbyrðis á höfninni fyrir innan línu, er hugsast dregin frá

Fiskakletti í Skiphól, hvort heldur er innýfli, hausar eða hryggir úr fiski, heldur skal þeim skylt að flytja slíkan úrgang út fyrir umgetna línu, ef hann ekki er hagnýttur á annan hátt. 142 8. des.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1909 og skal endurskoðað fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 8. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

143 10. des.

um útflutning hrossa.

1. grein.

Öll skip, sem flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu fullnægja þeim fyrirmælum um umbúnað hrossanna, sem sett eru með reglugjörð þessari.

Sje um önnur skip að ræða en þau, sem ganga eftir fastri áætlun milli Íslands og útlanda, skal skipstjóri skýra lögreglustjóra skriflega frá, til hvers skipið hafi áður verið notað, og hafi það verið notað til hrossaflutnings annarsstaðar en frá Íslandi, skal sótthreinsa það á kostnað skipseiganda, ef þörf þykir. Ekki má flytja á sama skipi samtímis hesta frá öðrum höfnum en á Íslandi.

2. grein.

Hross má ekki flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

3. grein.

Hrossin skal hafa í stíum svo traustgjörðum, að ekki bili, þótt þeir hestar, sem í eru, kastist í sjógangi á veggina. Breidd stíanna sje lítið eitt meiri en hestlengdin og jötubreidd til samans; lengdin sje 6 álnir. Í hverri stíu mega ekki vera fleiri en 6 hross og skal hvert um sig bundið traustlega með múlbandi.

143 Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal negla lista eða strá
10. des. hálmi eða sandi eða öðru efni, er gjörir gólfin ósleip.

Milli hverra tveggja raða af hestum og framan við hverja einstaka röð skal vera gangur, er að minsta kosti sje 18 þuml. á breidd, og má þann gang aldrei teppa. Þeim megin í stíunum, sem að ganginum veit, skulu útbúnar jötur fyrir hrossin og skal eitt fast vatnsílát vera milli hverra tveggja hrossa. Við útbúnað stíanna skal gæta þess, að hvergi sjeu útstandandi naglar eða annað, sem valdið geti meiðslum á hrossunum.

4. grein.

Þegar hross eru flutt undir þilfari skal sjá fyrir góðri loftræsing, þannig, að auðvelt sje að hleypa vondu lofti út og góðu lofti inn eftir þörfum. Birta skal og vera svo góð, sem ástæður frekast leyfa.

5. grein.

Á hverju skipi, sem flytur hross til útlanda, skal vera nægur mannafli til að gæta hrossanna, gefa þeim og vatna. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni og má fóður ekki vera minna en 10 pund af góðu heyi á dag fyrir hvert hross, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar af öðru fóðri. Hverju hrossi skulu ætlaðir 10 pottar af góðu vatni á dag.

6. grein.

Eftir hverja ferð með hrossafarm til útlanda skal sá, sem sendir, eða umboðsmaður hans hjerlendur, skýra stjórnarráðinu frá, hvort nokkuð af hrossunum hefir misfarist á leiðinni, og ef svo er, þá að svo miklu leyti sem hægt er, af hverjum orsökum.

7. grein.

Brot út af reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 1000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

Framanskráð reglugjörð er hjer með útgefið samkvæmt 4. gr. laga nr. 73 frá 22. nóvember 1907 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 10. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

144
14. desbr.

um

lögreglusamþykt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum 3. janúar 1890 nr. 1 um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina hefir stjórnarráðið samþykt og staðfest eftirritaða lögreglusamþykt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, er bæjarstjórnin þar hefir samið.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Uppþot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, má ekki eiga sjer stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða svæðum, sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og dyr annara samkomuhúsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir fyrirmælum lögreglu-valdsins til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Mætist menn á almannafæri, hvort sem þeir eru gangandi, ríðandi eða akandi, þá skulu þeir ávalt víkja til vinstri handar.

4. gr.

Á alfaravegi, stræti eða svæði má ekki fljúgast á, blístra, æpa, kalla, syngja eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáða þá, sem um fara eða nálægt búa.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á eða yfir götur, sem almenningur fer um, má ekki skjóta með byssum, skammbyssum, lyklabyssum, handbogum, lásbogum eða öðrum skotvopnum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkurskonar sprengiefnum öðrum, og ekki kasta frá sjer steinum, glerbrotum, snjókögglum, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara.

144 Ennfremur er bannað að renna sjer á sleðum, skautum eða skíðum, leika
14. desbr. knattleiki eða aðra leiki, hverju nafni sem nefnast, á almannafæri, svo sem götum eða gangstjettum, torgum eða öðrum svæðum, þar sem hætta er á því, að það tálmi umferð eða valdi öðrum óþægindum.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu.

Einnig er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannafæri, t. a. m. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

Menn, sem eru ósjálfbjarga sökum drykkjuskapar á götu, svæði eða annarstaðar á almannafæri, skulu heftir, þangað til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir ennfremur sæta sektum eftir samþykt þessari fyrir þá röskun á allsherjarreglu eða allsherjarfriði, er þeir kunna að valda með drykkjuskap sínum.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarstaðar svo nálægt landi, að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til þess að segja til nafns síns, þegar lögregluvaldið krefst þess.

10 gr.

Heimilt skal lögregluvaldinu að krefja sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óspektum og annarri óreglu á almannafæri og hefta þá, er slíku valda, og ber öllum að hlýða því boði.

II. kafli.

Ákvarðanir, er lúta að því að gjöra umferð greiða og afstýra farartálma og hættu fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og verði slíkt leyfi veitt, þá einungis á þeim stað og tíma, sem í leyfinu er tiltekið.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða lóðareiganda má enginn láta fyrir- 144
berast á umgirtum garðsvæðum eða á öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í 14. desbr.
hús eða garða.

13. gr.

Stjettir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar fyrir gangandi menn; þar má eigi fara með sleða, hjólbörur, vagna nje önnur aktól, nema barnavagna, og þar má eigi bera, draga, velta eða á annan hátt færa með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey, hrís eða annað, sem gjörir umferðina ógreiða. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal varlega með þá fara.

14. gr.

Á götum, strætum, stjettum, svæðum eða annarstaðar á almannafæri má ekki leggja, hengja upp eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni, hvort heldur eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað, og ekki geta lagt það frá sjer á eigin lóð, leggja þessa hluti frá sjer á svæðum og götum, meðan á flutningnum stendur, en ávalt skal þess gætt, að það sje gjört þannig, að það valdi sem minstum farartálma. Vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða strætum lengur en nauðsyn krefur til þess að fylla þá og tæma, en aldrei mega þeir standa á stjettum, sem eingöngu eru ætlaðar gangandi mönnum.

15. gr.

Á götum, strætum eða svæðum, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, er tálmar umferð manna eða gjörir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða þviumlíkt. Á götum eða strætum má eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja föt til þerris eða annað þesskonar.

16. gr.

Á meðan lestamenn eða aðrir ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína utan við götubrautina, þar sem engin umferð er.

17. gr.

Þeir sem ríða eða aka um göturnar, skulu viðhafa tilhlýðilega aðgæslu, og er stranglega bannað að ríða nema fót fyrir fót fyrir götuhorn eða út úr portum eða garðshliðum. Annars er bannað að ríða harðara á götum bæjarins en hægt brokk, og eru þeir, sem ríða eða aka, skyldir að gjöra þeim, sem eru fótgangandi á undan þeim, viðvart í tæka tíð.

18. gr.

Hjólreiðamenn skulu fara hægt og gætilega um götur bæjarins; skulu þeir ávalt hafa klukkur á hjólum sínum og gæta þess að hringja í tæka tíð. Þeir skulu og skyldugir til þess að tendra luktir sínar undireins og fer að skyggja.

144
14. desbr.

19. gr.

Bannað er að reka hesta ógætilega um götur bæjarins.

Bæjarmenn mega ekki láta hesta sína ganga lausa á götum bæjarins frekar en nauðsynlegt er til að hleypa þeim í fjöru eða til vatns; fælnir og slægir hestar mega alls eigi ganga lausir, nje heldur þeir hestar, er leika sjer eða fara á hlaupum um göturnar.

Það er á ábyrgð sauðfjáreigenda að sauðfjenaður þeirra gjöri engan usla eða óskunda í bænum, hvorki skemmi fisk, nje fari inn á umgirt svæði eða í jarðepla- eða skrautgarða bæjarbúa.

Auk sekta þeirra, er renna í bæjarsjóð, varða brot gegn þessu skaðabótum fyrir ágang og skemdir.

Nautgripir mega ekki ganga lausir á götum bæjarins nema þegar þeir eru reknir í eða úr haga.

Eigendur alifugla skulu skyldir að hafa þá á afgirtum svæðum frá 1. maí til 31. júlí eða á annan hátt sjá um, að þeir ekki valdi skemdum á annara eigum.

20. gr.

Naut, sem farið er með um kaupstaðinn, skulu ávalt leidd í bandi nægilega traustu og 2 fullorðnir karlmenn að minsta kosti fylgja hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæslulaus.

21. gr.

Um hrossarekstra eða sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins, getur lögreglustjóri gjört þær ráðstafsnir, sem honum þykja nauðsynlegar, til þess að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

22. gr.

Hundar, sem áreita menn eða ráðast á skepnur, skulu vera mýldir.

23. gr.

Enginn má siga hundi á mann eða láta fyrirfarast að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hundurinn ræðst á menn.

24. gr.

Flækingshunda, en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum kaupstaðarbúa, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandi ekki gefur sig fram innan 3 sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

25. gr.

Grimma varðhunda má einungis hafa að áðurfengnu sjerstöku leyfi lögreglustjóra og gegn því að hlíta þeim nánari ákvæðum, er hann kann að setja í hvert skifti þeim viðvíkjandi.

26. gr.

Enginn má án leyfis lögreglustjórnarinnar hengja vöruskápa, gluggaskýlur nje annað þesskonar utan á hús þeim megin, sem að strætum veit eða torgum, eigi heldur setja eða láta standa í opnum gluggum, sem vita að strætum eða torgum, neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

27. gr.

Lögreglustjóri getur, ef nauðsynlegt þykir, skipað fyrir, hvernig hagað skuli umferðinni meðan stendur á viðgjörð við götur.

28. gr.

Þegar hús eru bygð af nýju, eða eldri hús rifin og bygð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem hann setur til að afstýra farartálma eða hættu eða óþægindum fyrir vegfaranda. Verkfæri og verkefni má eigi leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og skal það eigi látið liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsagjörðinni er svo langt komið, að því verði við komið.

29. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi orðið svo hrörlegt, að hætt er við, að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gjöra þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri gjört aðrar ráðstafanir í þessa átt á kostnað hlutaðeiganda. Sama skal og gilda þegar grjótgörðum, skiðgörðum eða annari girðingu liggur við falli.

30. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúningur, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar smíðar, viðgjörðir á húsum og húsarof, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. Heimilt skal lögreglustjóra að gjöra ráðstafanir hjer að lútandi.

144 Brot gegn ákvæðum þessum eru á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða,
14. desbr. ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns hússins.

31. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

32. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá kjallaraopið vera byrgt með hlemm eða hlera frá því er dimt er á kvöldum uns bjart verður á morgnana, nema opið sje nægilega afgirt með grindum beggja vegna.

33. gr.

Sporbrautir, sem liggja yfir götu eða svæði, sem notuð eru til almenningsþarfa, skal taka upp undireins og dimma tekur, og yfirleitt skal við notkun þeirra viðhöfð sjerstök varúð, og þess gætt, að þær hindri ekki umferð eður gjöri hana hættulega.

34. gr.

Í fjörunni má ekki skilja eftir eða kasta seglfestugrjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, er þar lenda eða leggjast.

III. kafli.

Um friðun almenningseigna.

35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka eignir eða muni kaupstaðarins, stræti, vegi, brýr, vatnsból, byggingar eða annað því um líkt, sem ætlað er til almennings afnota.

IV. kafli.

Um reglu og velsæmi á veitingastöðum, almennar skemtanir o. fl.

36. gr.

Hverjum þeim, sem hefir um hönd veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gjöra það sem í hans valdi stendur til þess að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við góða reglu og velsæmi.

37. gr.

Á almennum veitingastað má enginn sýna af sjer ofsalegt atferli eða hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun.

38. gr.

Unglingum yngri en 16 ára eða ölvuðum mönnum má ekki selja eða veita áfenga drykki.

39. gr.

Veitingahúsum öllum skal lokað kl. 11 á kvöldum, og allir gestir, sem ekki eru nætursakir, skulu vera farnir út ekki seinna en kl. 11½. Samt getur lögreglustjóri veitt fjelögum leyfi til þess að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemtanir á opinberum veitingastöðum, án þess að þau sjeu bundin við áðurnefndan tíma, ef ekki eru aðrir hluttakendur í því en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur samsæti eða dansleikir tiltekinna manna standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

40. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki eða hlutaveltu án leyfis lögreglustjóra.

41. gr.

Enginn má halda opinbera dansleiki eða samsöngva nje heldur sýna dýr eða myndir eða halda aðrar opinberar skemtisamkomur, nema með leyfi lögreglustjóra.

42. gr.

Þegar opinberar skemtanir, hvers konar sem eru, eða leikir eru haldnir að kvöldi dags eða fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu þeir sem standa fyrir slíku, láta tvo menn aðgæta öll eldfæri í húsinu og sjá um að eigi geti eldhætta af neinu stafað, enda hafi næturvörður bæjarins sjerstaklega gætur á því húsi nóttina út.

43. gr.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað, að sá, sem leyfi hefir fengið til þess að halda skemtanir samkvæmt 40. gr. eða 41. gr., noti leyfið á þeirra lóð, svo er og sjerhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, heimilt að fá bannað að almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans að hætta geti af því hlotist.

144
14. desbr.

44. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

45. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar uppfesta skuli auglýsingar frá yfirvaldinu og öðrum stjórnarvöldum, og skal á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem vill með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má eigi festa upp, nema með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda og lögreglustjórnarinnar. Þó eru undanþegnar auglýsingar, er snerta húsið sjálft eða íbúa þess.

46. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

V. kafli.

Um bann gegn samgöngum við skip.

47. gr.

Lögreglustjóra skal heimilt, er hann álítur nauðsynlegt til tryggingar reglu og velsæmi á götum bæjarins að gefa út fyrirskipanir og bönn gegn samgöngum við útlend skip, eða þau skip, er koma frá útlöndum. En skyldur skal hann til þegar í stað að skýra stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

VI. kafli.

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

48. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem lýtur að almennum þrifnaði í bænum, eftir þeim ákvæðum, sem þar um eru gefin í heibrigðissamþykt kaupstaðarins.

49. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gjört á húsabaki eða innan grinda eða á lokuðu svæði, þar sem aðrar skepnur geta ekki sjeð blóðvöllinn. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er.

50. gr.

Stampa, opnar tunnur eða föt með lifur eða grút má ekki hafa á almannafæri eða við götur eða stræti kaupstaðarins, eða nokkuð annað, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar.

51. gr.

Ekkert hús eða herbergi i húsi má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hætta búin. En hvort svo sje, ákveður heilbrigðisnefnd.

VII. kafli.

Um sótara og hreinsun reykháfa.

52. gr.

Kaupstaðarbúar skulu tvisvar á ári láta hreinsa reykháfa eða skorsteina á húsum sínum fyrir miðjan apríl og miðjan október ár hvert. Hreinsunina framkvæma sótarar, sem bæjarstjórnin skipar, gegn ákveðnu gjaldi.

VIII. kafli.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

53. gr.

Samþykt þessari skal því aðeins beitt á kaupstaðarsvæðinu, sem liggur utan svæðisins frá Krosseyrarmölum suður að Skiphól, að það þyki við eiga eða því verði við komið.

54. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 100 krónum. Börn, drengir eldri en 10 ára og alt að 15 árum, og stúlkubörn eldri en 10 ára og alt að 12 árum, skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður, eftir að þau voru orðin fullra 10 ára, gjört sig seka í brotum á samþykt þessari, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó ekki fleiri vandarhöggum en 15 eða sæta einföldu fangelsi alt að 8 dögum.

144 Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra
14. desbr. eða annara, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

55. gr.

Ef einhver lætur ógjört það, sem er skylda hans samkvæmt samþykt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gjöra það. Kostnaður við þetta og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykt þessari, greiðist af þeim, sem brýtur, og má taka þann kostnað lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Ef hlutaðeigandi við lögtakið reynist ekki fær um að borga kostnaðinn, greiðist hann úr bæjarsjóði.

56. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþykt, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

57. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum á samþykt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

58. gr.

Samþykt þessi skal birt í B-deild Stjórartíðindanna og auk þess prentuð sjerstaklega á kostnað kaupstaðarins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í kaupstaðnum.

59. gr.

Breytingar á samþykt þessari og viðauka við hana skal gjöra á sama hátt og samþyktina sjálfa.

60. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. desbr. 1908.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

145
22. des.

Erindisbrjef

fyrir

umsjónarmenn með útflutningi hrossa.

1. gr.

Þeir, sem falin er umsjón með útflutningi hrossa, skulu, áður en þeir taka til starfa, hafa aflað sjer nauðsynlegrar þekkingar og æfingar í að dæma aldur, galla og gæði hrossa hjá lögskipuðum dýralækni eða á annan hátt, sem stjórnarráðið tekur gildan.

2. gr.

Umsjónarmennirnir skulu hver í sinu umdæmi skoða nákvæmlega öll þau hross, sem flytja á á útlendan markað, og gæta þess, að ekki sjeu flutt út mögur hross og illa útlítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt eða með öðrum verulegum lýtum og göllum, en veruleg eru lýti og gallar, þegar þau spilla að mun útliti hrossins eða rýra brúkunar og notagildi þess. Fylfullar merar, sem líkindi eru til að kasti á leiðinni, skulu kyrsettar.

Þeir skulu gæta þess, að út sjeu ekki flutt hross yngri en 4 vetra og eldri en 10 vetra; þó mega þeir leyfa útflutning á 3 vetra hrossum, sjeu þau stór og falleg útlits.

Þeir skulu sjá um, að útflutt hross sjeu tamin eða að minsta kosti bandvön.

3. gr.

Þeir, sem senda ætla hross til sölu á útlendum markaði, skulu tilkynna það umsjónarmanni með að minsta kosti dags fyrirvara, og sjeu hrossin mörg, sem flytja á út í einu, getur umsjónarmaður krafist þess að fá þau til skoðunar einum eða tveim dögum áður en þeim skal skipað út. Útflytjandi er skyldur að láta umsjónarmanni í tje næga aðstoð við skoðunina.

4. gr.

Umsjónarmennirnir skulu hafa eftirlit með útskipun hrossanna, að hún fari svo úr hendi, að hrossin verði ekki fyrir óþarflega slæmri meðferð. Þeir skulu sjá um, að útbúnaður skipsins, vatns- og fóðurbirgðir, fullnægi fyrirmælum

145 laganna og reglugerðar þeirrar, sem þar um er sett, og skulu þeir rita á skips-
22. des. skjölin vottorð um það.

5. gr.

Umsjónarmennirnir skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs skýrslu um tölu útfluttra hrossa og hvenær og með hvaða skipum þau hafa verið flutt. Þeir skulu einnig senda skýrslu um tölu kyrsettra hrossa og skýra frá kyrsetningarsök hvers fyrir sig.

6. gr.

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn þóknun úr landssjóði, sem veitt er á fjárlögunum, en fyrst um sinn er ákveðin 25 aurar fyrir hvert hross, sem þeir meta til útflutnings, hvort sem það er flutt út eða kyrsett; þó skal þóknunin aldrei fara fram úr 400 krónum á ári.

Umsjónarmönnunum er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá eigendum eða útflytjendum hrossanna, frá skipstjórum eða öðrum, sem við skip það eru riðnir, sem þau eru flutt út á.

7 gr.

Umsjónarmennirnir mega ekki hafa umsjón eða eftirlit af hálfu hins opinbera við útflutning hrossa, sem þeir sjálfir eiga eða láta flytja út; þeir mega ekki heldur vera í þjónustu hrossakaupamanna eða annara, sem hafa útflutning hrossa með höndum.

8. gr.

Nú á að flytja hross út frá kauptúni, þar sem ekki hefir verið skipaður umsjónarmaður, samkvæmt lögum nr. 73 frá 22. nóv. 1907, og er þá umsjónarmaður sá, sem næst býr, skyldur að skoða hrossin og hafa umsjón og eftirlit með útflutningi þeirra. Þegar svona stendur á, fær umsjónarmaður úr landssjóði, auk venjulegrar þóknunar, sanngjarnan ferðakostnað og fæðispeninga, 2 kr. á dag, meðan hann hefir þurft að vera að heiman í þessum erindum.

9. gr.

Umsjónarmennirnir teljast sýslunarmenn og fer því um brot á skyldum þeirra sem um brot annara sýslunarmanna.

3. gr.

145
22. des.

Umsjónarmennirnir verða að sætta sig þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 22. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

146
24. des.

Auglýsing

um samþykt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.

Samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, sbr. lög nr. 17, 13. september 1901 og lög nr. 86, 22. nóvember 1907, hefir stjórnarráðið staðfest eftirfarandi samþykt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefir samið og samþykt:

I.

Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 15 kjörnum fulltrúum, auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

2. gr.

Sjerstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kýs. Þessar nefndir eru:

1) Fjárhagsnefnd.
2) Fasteignanefnd.
3) Fátækranefnd.
4) Byggingarnefnd.
5) Veganefnd.
6) Brunamálanefnd.
7) Hafnarnefnd.
8) Vatnsnefnd.

Ennfremur kýs bæjarstjórnin 5 menn í skólanefnd, 2 menn í skattanefnd, 1 mann í heilbrigðisnefnd og 1 mann í stjórn Fiskimannasjóðsins.

Þeir, sem kosnir eru í nefndirnar, fara frá annað hvort ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, en þó má endurkjósa þá. Kosning skólanefndarmanna gildir um 3 ár.

146 Fái einhver hinna kosnu nefndarmanna þau forföll, að hann geti eigi
24. des. gegnt starfi sínu, kýs bæjarstjórnin annan í hans stað, ef henni þykir þess þurfa, og gegnir sá starfi hins, uns kjörtíminn er á enda.

Bæjarstjórnin getur tekið sjerhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið sje fastri nefnd, og er það mál þá gengið úr höndum þeirrar nefndar. Svo getur bæjarstjórnin og skipað sjerstakar nefndir fyrir einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einum úr sínum flokki framkvæmd þeirra.

3. gr.

Í fjárhagsnefndinni er borgarstjóri formaður, en auk hans eiga í henni sæti 2 af bæjarfulltrúunum. Nefnd þessi veitir forstöðu fjárhag bæjarins, býr undir áætlun, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, sjer um stjórn fjehirðis á bæjarsjóði, að hann hegði sjer eftir erindisbrjefi sinu, riti rjett og reglulega bækur sínar, byrji skattakröfur allar og ljúki þeim á rjettum tíma, svo sem fyrir er skipað. Hún hefir eftirlit með því, að tekjurnar sjeu goldnar á rjettum tíma og að gengið sje eftir óloknum gjöldum, og það fje sett á vöxtu, er um fram kann að vera gjöldunum. Nefndin hlutast til um að samin sje skrá yfir gjöld þau, er greiða skal af föstum lögboðnum tekjustofnum, t. d. lóðargjöldum, og skal skrá þessi vera bæjarbúum til sýnis ásamt niðurjöfnunarskránni.

Nefndin skipar fyrir um, hversu reikningsbækur gjaldkera eða annara, er hafa kunna umráð yfir fje bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim er hlut eiga að máli í því efni, og gætir þess, að reglum þeim sje hlýtt, sem um það efni eru settar. Svo ber og nefndinni að hafa eftirlit á öllum fjárbirgðum hjá gjaldkera og hverjum öðrum, er hafa kunna fje bæjarins undir höndum.

Alla reikninga til bæjarsjóðs skal senda borgarstjóra. Rannsakar hann þá, sjer um, að þeir sjeu nægilega vottaðir, að rjettir sjeu, hafi áætlunarheimild eða gilt atkvæði bæjarstjórnar við að styðjast og ávísar þá síðan til greiðslu.

Í ávísunarbók skal rita alt það, sem ávísað er, og skulu í bók þessari vera greindir allir aðaldálkar og liðir áætlunarinnar, hver sjer. Á ávísanirnar skal ávalt rita, til hvers dálks og liðar gjaldið skuli telja.

Gjaldkeri má ekki greiða neitt fje úr bæjarsjóði nema löglega ávísað sje.

4. gr.

Fasteignanefnd er skipuð borgarstjóra, sem er formaður hennar, og 2 bæjarfulltrúum. Nefndin hefir á hendi umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem húsum og jörðum, túnum, veiðiafnotum, slægjum, mótaki, grjótnámi o. s. frv., að svo miklu leyti sem það er ekki öðrum sjerstaklega á hendur falið.

5. gr.

Borgarstjóri er formaður fátækranefndarinnar, en auk hans eiga sæti í henni 4 bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla stjórn fátækramála. Hún sjer fyrir öllum sveitarómögum, annast greftrun þeirra og lögflutning, allar brjefaskriftir um fátækramálefni og viðskifti við önnur sveitarfjelög. Nefndin ráðstafar fje því, sem veitt er til ómaga og þurfamanna. Hún semur um meðgjafir með ómögum og önnur útgjöld til fátækra. 146 24. des.

Nefndin ráðstafar styrk þeim, sem veittur verður fátækum börnum úr Thorkilliisjóði, og semur skýrslur allar, er að því lúta. Þegar rætt er eða þegar ákvörðun er gjörð um þessi mál, hefir dómkirkjupresturinn sæti og atkvæði á fundum nefndarinnar.

Til aðstoðar nefndinni má bæjarstjórnin kjósa fátækrastjóra (fátækrafulltrúa) svo marga sem þurfa þykir, og eiga þeir meðal annars að hafa sjerstaklega umsjón með sveitarómögum og þurfamönnum, einkum hver í sínu hverfi, hafa nákvæmar gætur á högum þeirra, heimilisástæðum og háttalagi, og stuðla að því að þurfamenn noti efni sín með sparnaði og forsjá, leiti sjer atvinnu eftir megni og kosti kapps um að bjarga sjer og sínum sem mest af rammleik sjálfs sín. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi til greina tekin, nema fátækrastjórinn í hans hverfi styðji hana, og má ávísa honum styrknum til ráðstöfunar fyrir þurfamanninn, ef ástæða þykir til. Fátækrastjórarnir skulu gjöra sjer far um að afla sjer nákvæmra skýrslna um aðkomna þurfamenn, er orðið hafa öðrum sveitum til þyngsla, eða hætt er við, að eigi geti haft ofan af fyrir sjer í kaupstaðnum

Fátækrastjórarnir koma á fund fátækranefndarinnar svo oft sem hún óskar þess, og skulu þeir ávalt vera á fundi, þá er sveitarómagar eru skrifaðir upp, eða rætt um að koma þeim fyrir, en eigi ber þeim atkvæði.

6. gr.

Borgarstjóri er formaður byggingarnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni slökkviliðsstjóri og 4 menn, er bæjarstjórnin kýs, og skulu að minsta kosti tveir þeirra vera úr tölu bæjarfulltrúa. Slökkviliðsstjóri hefir atkvæði á fundum nefndarinnar.

Nefnd þessi annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í byggingarlögum og byggingarsamþykt bæjarins.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn úr sínum flokki í veganefnd auk borgarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Veganefndin hefir á hendi alla umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu, alt eftir ákvæðum bæjarstjórnarinnar.

Áður en frumvarp til fjárhagsáætlunar er samið, sendir veganefnd fjárhagsnefnd tillögur um, hve miklu fje skuli verja til vegabóta næsta ár, og hvernig því skuli varið.

146
24. des.

8. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: borgarstjóra, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóranum og 3 bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin til þess kýs. Hún skal fylgja reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugjörðum um brunamál og slökkvilið kaupstaðarins, og fullnægja öllum þeim skyldum, sem henni eru þar á herðar lagðar.

9. gr.

Borgarstjóri er formaður hafnarnefndar og auk hans eiga sæti í nefndinni 2 menn, er bæjarstjórnin kýs. Skal að minsta kosti annar þeirra vera eiuhver bæjarfulltrúanna. Nefndin hefir umsjón og stjórn hafnarmálefna samkvæmt lögum og hafnarreglugjörð kaupstaðarins. Gjaldkeri bæjarins skal og vera gjaldkeri hafnarsjóðs.

10. gr.

Vatnsnefndin er skipuð borgarstjóra, sem er formaður, og tveimur bæjarfulltrúum. Hún hefir umsjón með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins, jafnar niður vatnsskatti, alt ettir reglum þeim, sem þar um eru og verða settar með lögum og reglugjörð.

Nefnd þessi skal kosin í fyrsta sinn, þegar fullgjör er vatnsveita bæjarins. Þangað til annast veganefndin vatnsbólin sem hingað til.

11. gr.

Skólanefndin hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum kaupstaðarins og sjerstaklega með kenslunni í barnaskóla kaupstaðarins og öllu því, sem barnaskólann varðar, alt samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um fræðslu barna og reglugjörðum þeim, er kenslumálastjórnin setur.

12. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt eiga sæti í skattanefndinni: borgarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, og 2 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

13. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að heilbrigðissamþykt bæjarins sje fylgt.

14. gr.

Borgarstjóri annast framkvæmd á málefnum þeim og ráðstöfunum bæjarstjórnarinnar, sem eru eigi falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar brjefaskriftir bæjarstjórnarinnar og nefnda þeirra, sem hann er formaður í.

II.

Um starfa niðurjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda.

15. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er skipuð 11, 13 eða 15 mönnum, eftir því sem bæjarstjórnin ákveður. Kjósa þeir sjálfir formann sinn.

16. gr.

Nefndin semur skrá yfir alla þá, er greiða eiga bæjargjöld eftir efnum og ástæðum á árinu og tilgreinir heimili þeirra. Þess skal getið í sjerstökum dálki, ef gjaldandi hefir jafnframt fasta dvöl annarstaðar.

17. gr.

Niðurjöfnun bæjargjalda skal lokið eigi síðar en innan loka febrúarmánaðar ár hvert. Við niðurjöfnun gjaldanna ber nefndinni sjerstaklega að gæta þess, hverjar tekjur hver greiðandi hafi til að framfæra sig og sína, og aðra er hann vinnur fyrir til munaðar eða gróða eftir öllum efnahag hans og atvinnu. Hún skal og taka til greina, hversu tekjurnar eru á sig komnar og allar heimilisástæður og ómagaþunga af vandamönnum. Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Nefndinni er skylt að halda þessum upplýsingum leyndum.

Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full, og rýrist ekki við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust fjárnám o. s. frv., ber nefndinni ávalt að jafna niður 5—10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

18. gr.

Reglur þær, sem settar eru um aðalniðurjöfnunina, gilda og um aukaniðurjöfnun, en hún á fram að fara í síðari hluta septembermánaðar.

19. gr.

Öll bæjargjöld, hvort heldur er af lögboðnum tekjustofnum eða eftir efnum og ástæðum, falli í gjalddaga ár hvert 1. dag apríl mánaðar og 1. dag októbermánaðar, að helmingi í hvort skifti, og ber gjaldkera þá að innheimta þau. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

20. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir innan febrúarmánaðarloka og því næst liggja til sýnis bæjarmönnum 14 daga. Þá skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endurskoðunarmönnum, og skulu þeir hafa lokið

146 endurskoðuninni fyrir 1. júlí. Athugasemdum endurskoðunarmanna skal gjald-
24. des. keri hafa svarað fyrir 1. ágúst Því næst semur fjárhagsnefndin ásamt endurskoðunarmönnunum tillögur til úrskurðar um reikninginn, og skal því starfi lokið innan loka ágústmánaðar. Að svo búnu leggur bæjarstjórnin úrskurð á reikninn til lögboðinnar afgreiðslu.

III.

Um starfsmenn kaupstaðarins.

21. gr.

Starfsmenn bæjarins eru:

1) Bæjargjaldkeri.
2) Bæjarverkfræðingur (Byggingarfulltrúi).
3) Heilbrigðisfulltrúi.
4) Slökkviliðsstjóri.
5) Lögregluþjónar.
6) Næturverðir.
7) Sótarar.

Gjaldkeri annast innheimtu allra gjalda til bæjarsjóðs og hafnarsjóðs og allar greiðslur úr þeim sjóðum. Hann semur reikninga þessara sjóða og brunabótasjóðs eftir reglum þeim, sem honum eru settar um það efni.

Starfsmönnum bæjarins ber í einu sem öllu að fara eftir erindisbrjefum þeirra.

Starfsmönnum öllum skal launað eftir ákvæðum bæjarstjórnar.

Að hve miklu leyti starfsmenn bæjarins fá eftirlaun, er þeir afsala sjer starfi því, sem þeim er falið, er komið undir ákvæðum bæjarstjórnarinnar í hvert skifti.

Með samþykt þessari er úr gildi numin endurskoðuð samþykt um stjórn

bæjarmálefna í Reykjavík, staðfest 1. ágúst 1902 og breytingar á henni 28. des. 1903 og 17. des. 1906. **146** 24. des.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Þetta er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 24. des. 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Álasundsbæjar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 30. nóvbr. 1908. **147** 30. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktar- og verðlaunasjóð eldvarnarliðsins í Akureyrarkaupstað, er nefnist Gjafasjóður Alasundsbæjar.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er gjöf frá bænum Álasundi í Norvegi. Upphæð stofnfjársins er 2600 krónur.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Við höfuðstól sjóðsins skal árlega leggja $^1/_5$ hlut vaxtanna til þess er höfuðstóll hans er orðinn 10,000 krónur og eftir það $^1/_{10}$ hlut vaxtanna árlega.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í innlendum bankavaxtabrjefum eða á annan hátt, jafntryggilegan og lög mæla fyrir um ómyndugrafje.

147
30. nóv.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, tillag úr bæjarsjóði Akureyrar og óvissar tekjur. Af tekjum sjóðsins öðrum en vöxtum, cfr. 2. gr., skal leggja $^1/_5$ hlut árlega við höfuðstólinn til þess, er hann er orðinn 10,000 krónur og eftir það $^1/_{10}$ hlut árlega.

5. gr.

Þær tekjur sjóðsins, er eigi leggjast við höfuðstól, renna í sjerstakan sjóð, er verja skal til að veita styrk og bæta þeim tjón, er fyrir slysum verða við skylduverk sín í þjónustu eldvarna og slökkviliðsins í kaupstaðnum svo og til styrktar ekkjum og börnum þeirra, er fyrir líftjóni kunna að verða við þessi störf sín eða út af þeim. Af tekjum sjóðsins má og veita verðlaun þeim, er sýnt hafa frábæran dugnað við eldsvoða eða á einhvern slíkan hátt starfað framar öðrum að dugnaði.

6. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefir á hendi stjórn sjóðsins og varðveitir eignir hans.

Bæjarstjórn Akureyrar tekur ályktun um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnu áliti eldvarnarnefndar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skal árlega semja reikning sjóðsins, er skal endurskoðaður og úrskurðaður jafnhliða reikningum kaudstaðarins.

Í bæjarstjórn Akureyrar, 27. okt. 1908.

Guðl. Guðmundsson. *V. Knudsen.* *Guðm. Ólafsson.* *Stefán Stefánsson.*

Fr. Kristjánsson. *M. J. Kristjánsson.* *Jón Þ. Kristjánsson.* *Otto Tulinius.*

Sigurður Hjörleifsson. *Sigv. Þorsteinsson.* *Sveinn Sigurjónsson.*

Reikningur 148

yfir tekjur og gjöld Lífsábyrgðarsjóðs fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum 1907.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	16000 00		
b. Í sparisjóði Landsbankans	—	5400 48		
c. Í sjóði hjá fjehirði	—	170 78		
			kr.	21571 26
2. Lífsábyrgðargjöld			—	9432 15
3. Vextir:				
a. Af bankavaxtabrjefum 2. jan. 1907 .	kr.	360 00		
— —— 1. júlí 1907 .	—	360 00		
b. Í sparisjóði (viðskiftab. nr. 9640) . .	—	34 66		
- — (— — 9966) . .	—	80 22		
			—	834 88
4. Selt bankavaxtabrjef Ltra A. nr. 1317 fyrir kr. 995,00				
+ rentu $^1/_7$—$^{13}/_{12}$ '07 kr. 20,25			—	1015 25
			kr.	32853 54

Gjöld:

1. Greiddar vátryggingarupphæðir 1907			kr.	14500 00
2. Kostnaður			—	355 60
3. Til jafnaðar móti hinu selda bankavaxtabrjefi, tekjul. 4 .			—	1000 00
4. Í sjóði við reikningslok:				
a. Bankavaxtabrjef, sömu sem áður, nema Ltr. A. nr. 1317	kr.	15000 00		
b. Í sparisjóði Landsbankans	—	89 42		
c. Útistandandi af lífsábyrgðargjöldum .	—	1616 63		
d. Í sjóði hjá fjehirði	—	291 89		
			—	16997 94
			kr.	32853 54

Reykjavík, 26. mars 1908.

Eiríkur Briem.

149

Reikningur

Minningarsjóðs lektors theologiæ Sigurðar Melsteds árið 1907.

1. I útborgunardeild Söfnunarsjóðsins í árslok 1906 (Stj.tíð 1907 B. bls. 66)	kr.	585 85
2. Ársvextir 1907	—	23 43
A vöxtum í Söfnunarsjóði í árslok 1907	kr.	609 28

Í stjórnarráði Íslands, 9. desbr. 1908.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

150

Reikningur

styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar frá 1. sept. 1907 til 31. ágúst 1908.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins í byrjun reikningsársins (Stj.tíð 1907 B bls. 191):				
a. Bankavaxtabrjef Landsb. með $4^1/_2$% vöxtum	kr.	15400 00		
b. Í sparisjóði	—	101 50		
c. Hjá reikningshaldara	—	4 13		
			kr.	15505 63
2. Vextir af bankavaxtabrjefum 2. janúar og 1. júlí 1908	kr.	693 00		
Vextir af sparisjóðseign 1907	—	14 32		
			—	707 32
3. Skul við reikningshaldara			—	1 45
			kr.	16214 40

Gjöld:

1. Styrkur veittur 9 ekkjum fiskimanna	kr.	450 00		
og 7 börnum fiskimanna	—	210 00		
			kr.	660 00
2. Ýmislegur kostnaður			—	8 50
		fiyt	kr.	668 50

	Fluttar	kr. 668 50	150
3. Eign sjóðsins 31. ágúst 1908:			
a. Bankavaxtabrjef Landsbankans	— 15400 00		
b. Í sparisjóði og á hlaupareikningi	— 145 90		
		— 15545 90	
		kr. 16214 40	

Reykjavík 30. septbr. 1908.

Hallgr. Sveinsson. *Eiríkur Briem.* *Kristján Jónsson.*

Athugasemd:

Gjaldliður 2 er fólginn í:

a. Auglýsing í 2 blöðum um styrksumsóknir . . . . . kr. 7 50

b. Burðargjald undir styrksbrjefin . . . . . — 1 00

Framanritaður reikningur staðfestist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands, 4. desbr. 1908.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Styrkur

úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

Árið 1908 hafa hlotið styrk úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar þessar ekkjur fiskimanna:

1. Þórunn Arnoddsdóttir, Stóradal, Skaftafellssýslu . . .	50 kr.	
2. Diðrikka Jónsdóttir, Hvíld, Árnessýslu	50 —	
3. Sigríður Sigurðardóttir, Hellum, sömu sýslu	50 —	
4. Guðrún Jóhannesdóttir, Galtastöðum. sömu sýslu . . .	50 —	
5. Theodóra Helgadóttir, Keflavík	50 —	
6. Guðrún Sigurðardóttir, Hópi, Gullbringusýslu	50 —	
7. Ingveldur Magnúsdóttir, Bildsey, Snæfellsnesýslu . . .	50 —	
8. Ingunn Jóhannsdóttir, Ísafirði	50 —	
9. Þórunn Þórðardóttir, Ísafirði	50 —	
		kr. 450 00

Og þessi börn drukknaðra fiskimanna:

1. Margrjet Torfhildur Jónsdóttir, Eskifirði	30 kr.	
2. Jóhanna Margr. Guðjónsd., Vetleifsholtsparti, Rangárvs.	30 —	
flyt	60 kr.	kr. 450 00

150

	Fluttar	60 kr.	kr. 450 00
3. Elín G. V. Jónsdóttir, Laugaveg 65, Reykjavik . . .		30 —	
4. Hjörtur Nielsson, Bíldsey, Snæfellsnessýslu		30 —	
5. Sigurbjörn Valdimarsson, Fagraskógi, Eyjafjarðars. . .		30 —	
6. Þórdís Finnsdóttir, Akureyri		30 —	
7. Laufey Valdimarsdóttir, Fagraskógi, Eyjafjarðarsýslu .		30 —	
		—	210 00
	Samtals	kr.	660 00

151

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Ræktunarsjóðs Islands 1907

Tekjur:

1. Höfuðstóll 31. desbr. 1906:				
4 % þjóðjarðasölulán		kr.	43099 09	
— önnur lán		—	35119 16	
3½ % tóvjelalán		—	11160 08	
3 % lán til hreppa		—	23409 95	
— — — bænda		—	34210 00	
4 % — — prestakalla		—	300 00	
Ógoldnir vextir fyrir 1904 og 1905:				
4 % þjóðjarðasölulán	kr. 82 14			
Ógoldnir vextir fyrir 1906:				
4 % þjóðjarðasölulán	— 88 37			
4 % önnur lán	— 34 70			
3 % lán til hreppa.	— 65 41			
3 % — — bænda.	— 51 00			
		kr.	321 62	
Í Landsbankanum		—	16671 72	
			kr.	164291 62
2. Vextir goldnir 1907:				
4 % þjóðjarðasölulán		kr.	1613 96	
— önnur lán		—	1136 39	
3½ % tóvjelalán		—	390 62	
3 % lán til hreppa		—	588 94	
— — — bænda		—	818 92	
4 % — — prestakalla		—	» »	
Sparisjóðsvextir		kr.	860 47	
			—	5409 30
			flyt kr.	169700 92

			Fluttar	kr.	169700 92
3. Ógoldnir vextir 1907:					
4 % þjóðjarðasölulán		kr.	109 96		
— önnur lán		—	267 52		
3 % lán til hreppa		—	65 41		
— — — bænda		—	175 50		
4 % lán til prestakalla		—	12 00		
				kr.	630 39
4. Afborganir lána.					
4 % þjóðjarðasölulán		kr.	1716 47		
— önnur lán		—	1435 31		
3½ % tóvjelalán		—	548 56		
3 % lán til hreppa		—	1627 64		
— — — bænda		—	416 19		
4 % — — prestakalla		—	» »		
				kr.	5744 17
5. Andvirði seldra þjóðjarða				—	103795 00
				kr.	279870 48

Gjöld:

1. Verðlaun						kr.	2500 00
2. Styrkur til lífsábyrgðarkaupa						—	375 00
3. Eyðublöð $^{40}/_{45}$. Burðareyrir $^{6}/_{70}$						—	47 15
4. Laun gjaldkera						—	200 00
5. Til jafnaðar tekjulið 4 færast						—	5744 17
6. Höfuðstóll 31. desbr. 1907,							
4 % þjóðjarðasölulán				kr.	130088 62		
— önnur lán				—	33683 85		
3½ % tóvjelalán				—	10611 52		
3 % lán til hreppa				—	21782 31		
— — — bænda				—	33793 81		
4 % — — prestakalla				—	300 00		
— — — bænda				—	13000 00		
— — — jarðakaupalán				—	1800 00		
Ógoldnir vextir fyrir 1904—1906:							
4 % þjóðjarðasölulán		kr.	170 50				
3 % lán til hreppa		—	65 41				
Ógoldnir vextir fyrir 1907:							
4 % þjóðjarðasölulán		—	109 96				
— önnur lán		—	267 52				
	flyt	kr.	613 39	kr.	245060 11	kr.	8866 32

151

Fluttar	kr. 613 39	kr. 245060 11	kr. 8866 32		
3 % lán til hreppa . . .	— 65 41				
— — — bænda . . .	— 175 50				
4 % — — prestakalla . .	— 12 00				
		kr. 866 31			
Í Landsbankanum		— 10546 21			
Í Íslandsbanka		— 10348 97			
Í sjóði hjá gjaldkera		— 4182 56			
			kr. 271004 16		
			kr. 279870 48		

Reykjavík, 8. maí 1908.

Jón Hermannsson.

152

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Fiskiveiðasjóðs Íslands 1907.

Tekjur:

1. Höfuðstóll 30. nóvbr. 1906:			
a. útistandandi lán	kr. 93789 75		
b. útistandandi ógreiddir vextir	— 194 40		
c. í peningum	— 6015 85		
		kr. 100000 00	
2. Vextir:			
a. af lánum	kr. 3551 82		
b. af inneign í bönkum	— 458 78		
		kr. 4010 60	
3. Afborganir lána		kr. 17254 81	
4. Tillag til sjóðsins úr landssjóði		— 6000 00	
5. Hluti fiskiveiðasjóðsins af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi 1906		kr. 3557 05	
		kr. 130822 46	

Gjöld:

1. Veittur styrkur:		
a. til útgáfu tímaritsins Ægir	kr. 200 00	
b. ferðastyrkur 2 manna til að fara á mótorsýningu í Björgvin	— 1100 00	
Flyt	kr. 1300 00	

152

	Fluttar kr.	1300 00		
c. styrkur til manns til að kynna sjer snúruvaðsveiðar	—	200 00		
			kr.	1500 00
2. Laun gjaldkera sjóðsins			—	200 00
3. Ýmislegur kostnaður			—	37 99
4. Til jafnaðar á móti tekjulið 1 b.			—	194 40
5. — — — — — 3			—	17254 81
6. Höfuðstóll 31. desbr. 1907:				
a. útistandandi í lánum	kr.	81234 94		
b. innistandandi í Íslandsbanka	—	28416 85		
c. í vörslum gjaldkera	—	1983 47		
			kr.	111635 26
			kr.	130822 46

Reykjavík, 10. maí 1908.

Eggert Briem.

Sjóðir prestaskólans.

153

I. Prestaskólasjóðurinn.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1906:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	600 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	3100 00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	1474 65		
d. Innstæða í Landsbanka	—	81 58		
e. Hjá reikningshaldara	—	0 25		
			kr.	5256 48
1. Vextir á árinu:				
a. Af veðskuldabrjefi	kr.	24 00		
b. Af bankavaxtabrjefum	kr.	139 50		
c. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	58 99		
d. Af innstæðu í Landsbanka	—	3 01		
			kr.	225 50
			kr.	5481 98

153

Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum			kr.	90 00
2. Eftirstöðvar við árslok 1907:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	600 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	3200 00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	1533 64		
d. — — Landsbanka	—	58 34		
			—	5391 98
			kr.	5481 98

II. Gjöf Halldórs Andrjessonar.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1906:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	1600 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	1800 00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	296 73		
d. Innstæða í Landsbanka	—	46 17		
e. Hjá reikningshaldara	—	56 25		
			kr.	3799 15
2 Vextir á árinu 1907:				
a. Af veðskuldabrjefum	kr.	64 00		
b. Af bankavaxtabrjefum	—	81 00		
c. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	11 87		
d. Af innstæðu í Landsbanka	—	2 95		
			—	159 82
			kr.	3958 97

Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum			kr.	75 00
2. Eftirstöðvar við árslok 1907:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	1600 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	1900 00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	308 60		
d. Innstæða í Landsbanka	—	75 37		
			—	3883 97
			kr.	3958 97

III. Minningarsjóður lektors Helga Hálfdanarsonar. **153**

Tekjur:

1.	Eftirstöðvar við árslok 1906:		
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	712 30
2.	Vextir á árinu	—	28 49
3.	Skuld við reikningshaldara	—	19 64
		kr.	760 43

Gjöld:

1.	Verðlaunabækur gefnar 2 stúdentum:		
	Guðbrandi Björnssyni og Þorsteini Briem , ...	kr.	41 00
2.	Eftirstöðvar í árslok 1907:		
	Innstæða í Söfnunarsjóði	—	719 43
		kr.	760 43

Reykjavík 30. september 1908.

Þórh. Bjarnarson.

Reikningur **154**

Minningarsjóðs Sigríðar Thoroddsen 1907.

Tekjur:

1.	Eign við ársbyrjun:				
	I. Stofnfje:				
	a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	3000 00		
	b. Í sparisjóði	—	51 44		
	II. Til úthlutunar	—	154 03		
				kr.	3205 47
2.	Vextir:				
	I. Af bankavaxtabrjefum 1907 . . .	kr.	135 00		
	II. Í sparisjóði	—	9 66		
	III. Vaxtauppbót af bankavaxtabrjefum 1906 og 1907	—	» 50		
				—	145 16
				kr.	3350 63

154

Gjöld:

1. Auglýsingar			kr.	6 65
2. Úthlutað:				
a. Til Guðrúnar Árnadóttur	kr.	27 41		
b. Til Guðrúnar Sigurðardóttur	—	50 00		
			—	77 41
3. Eign í ársbyrjun 1908:				
I. Stofnfje:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	3000 00		
b. Í sparisjóði	—	87 73		
			—	3087 73
II. Til úthlutunar:				
a. Hjá Þ. Jónassen	—	95 00		
b. Í sparisjóði	—	83 84		
			—	178 84
			kr.	3350 63

Reykjavík, 6. jan. 1908.

Þórunn Jónassen.

155

Ársreikningur

fyrir styrktarsjóð lyfsala E. Tvede frá mars 1907—mars 1908.

Tekjur:

1. Höfuðstóll í Söfnunarsjóði	kr.	1007 51
2. Vextir 1907	—	40 30
	kr.	1047 81

Gjöld:

1. Útborgað Hugborgu Bjarnadóttur	kr.	39 29
2. Höfuðstóll	—	1008 52
	kr.	1047 81

Reykjavík þ. 30. mars 1908.

Michael Lund.

Reikningur

156

yfir tekjur og gjöld Hins íslenzka bibliufjelags 1907.

Tekjur:

1.	Sjóður frá f. á.:				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	8351 00		
	b. Á vöxtum í Landsbankanum . . .	—	2003 08		
	c. Í sjóði hjá fjehirði	—	148 81		
				kr.	10502 89
2.	Tillög goldin			—	25 00
3.	Styrkur úr landssjóði 1907			—	1000 00
4.	Vextir tilfallnir 1907			—	389 88
5.	Borguð lán			—	454 00
				kr.	12371 77

Gjöld:

1.	Til biblíuþýðingar:				
	a. Til cand. Haraldar Níelssonar . . .	kr.	2800 00		
	b. — biskups H. Sveinssonar	—	200 00		
	c. — prófessors Þórh. Bjarnarsonar . .	—	100 00		
	d. — rektors Stgr. Thorsteinssonar . .	—	200 00		
				kr.	3300 00
2.	Ýmislegt			—	36 62
3.	Til jafnaðar móti tekjulið 5			—	454 00
4.	Eftirstöðvar við reikningslok 1907:				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	7897 00		
	b. Á vöxtum í Landsbankanum . . .	—	212 58		
	c. Í sjóði hjá fjehirði	—	471 57		
				—	8581 15
				kr.	12371 77

Reykjavík, 25. júní 1908.

Eiríkur Briem.

157

Reikningur

yfir tekjur og gjöld hins almenna kirkjusjóðs árið 1907.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:				
	a. Í lánum	kr.	46786 90		
	b. Á vöxtum í bönkunum	—	18342 88		
	c. Ógreiddir vextir	—	28 00		
	d. Í peningum	—	73 56		
				kr.	65231 34
2.	Innborgað kirknafje			—	5314 39
3.	Vextir tilfallnir á árinu:				
	a. Af skuldabrjefum	kr.	1977 91		
	b. Af bankainnlögum	—	705 72		
	c. Vextir frá árinu 1906	—	28 00		
				—	2711 63
4.	Endurborgun lána			—	4671 33
5.	Til jafnaðar móti gjaldlið 2			—	10150 00
				kr.	88078 69

Gjöld:

1.	Útborgað af innieign kirkna	kr.	777 00
2.	Lánað út	—	10150 00
3.	Ýmislegur kostnaður	—	25 00
4.	Til jafnaðar gegn tekjulið 4	—	4671 33
5.	Tekjuliður 3 c færðar til jafnaðar	—	28 00
6.	Sjóður við árslok 1907:		
	a. Lán	kr. 54065 57	
	b. Á vöxtum í bönkunum	— 18342 84	
	c. Í peningum	— 18 95	
		—	72427 36
		kr.	88078 69

Íslands biskupsdæmi, Reykjavík í október 1908.

Hallgr. Sveinsson.

Skýrsla

